Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

7

AUGLÝSING

10. jan.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vantsskatts í Reykjavík,
nr. 213 23. des. 1947.

1. gr.

1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

2. gr. 2. málsg. orðist svo:

Aukavatnsskatt skv. 1. málsg. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 10. jan. 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar, 8 þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 10. jan. 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhanns Ellertssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á jarðarfarardegi Jóhanns Ellertssonar, þann 13. nóvember 1952, með 1000.00 króna framlagi frá U. M. F. Æskan í Staðarhreppi og kr. 1965.00 frá öðrum vinum hins látna, samtals krónum 2965.00, og er fé þetta ávaxtað í Sparisjóði Sauðárkróks.

3. gr.

Afla skal sjóðnum tekna með frjálsum samskotum, merkjasölu, eða öðru því, sem stjórn hans þykir tiltækilegt á hverjum tíma.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Sauðárkróks eða annarri tryggri peningastofnun. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að lána úr honum einstaklingum eða félagsamtökum í Staðarhreppi gegn öruggu veði fyrir greiðslu vaxta og höfuðstóls og þannig, að sjóðurinn geti aldrei hlotið tjón af.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar hann er orðinn kr. 10000.00 má úr því verja árlega $\frac{1}{4}$ hluta vaxtatekna hans til fátæks barns eða gamalmennis í Staðarhreppi. Þá úthlutun skulu annast formaður U. M. F. Æskunnar, hreppstjóri Staðarhrepps og sóknarprestur Reynistaðarsóknar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera hin sama og U. M. F. Æskunnar. Skal hún árlega leggja reikning sjóðsins fyrir aðalfund félagsins, endurskoðaðan af endurskoðendum þess. Hætti U. M. F. Æskan störfum, skal það ungmennafélag, sem síðar er stofnað í Staðarhreppi, annast rekstur sjóðsins á sama hátt.

Ef ekkert ungmennafélag starfar í Staðarhreppi, skal stjórn sjóðsins skipuð hreppstjóra Staðarhrepps, sóknarpresti Reynistaðarsóknar og einum manni tilnefnd-

8 um af hreppsnefnd Staðarhrepps, og skulu þeir annast rekstur sjóðsins á þann hátt, 10. jan. sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

9

14. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 11.00 á ári af hverjum fermetra (m²) gólfplatnar, er lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi skv. reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 275.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 45 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 42.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt skal að miða fastagjald við gólfplöt, og skal þá greiða kr. 5.00 á ári af hverjum fermetra.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst. ársnotkun	130 aura hver kwst.
— næstu	2000 — — —	120 — — —
— —	4000 — — —	105 — — —
— —	8000 — — —	85 — — —
— —	15000 — — —	65 — — —
— —	30000 — — —	50 — — —
— umfram	60000 — — —	30 — — —

2. Um mæla þannig reiknað, enda sé vélaafli minnst 20 kw:

300 kr. árskw. fyrir	fyrstu	50 kw.
250 — — —	næstu	50 —
200 — — —	umfram	100 —

Auk þess greiðist kwst.gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	200 000 kwst. á 15 aura hver kwst.
Umfram	200 000 — — 11 — — —

3. Um einn kwst.mæli á 80 aura hver kwst. fyrstu notkunar, en á 50 aura hver kwst. af notkun umfram 1000 kwst. á ári á hvert kw. vélaafli. Minnsta greiðsla samkvæmt þessum lið skal þó vera 800 kr. á ári fyrir hvert kw. vélaafli.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sérmæli fyrir hitalögnina:

- a. Á 35 aura hver kwst. 9
- b. Á 20 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í eina klst. um hádegið. 14. jan.
- c. Á 16 aura hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en eina og hálfu klst. í senn.
- d. Á 8 aura hver kwst. næturnotkunar, er fram fer frá kl. 22 til kl. 8, enda sé notuð eingöngu, eða því nær eingöngu næturraforka til upphitunar hússins. Þar, sem því verður viðkomið, má rafveitustjóri takmarka næturnotkun við allt að 8 klst.

Tilgreint verð á D 1 má miða við útsöluverð á kolum kr. 450.00 hvert tonn og oliu (gasolíu) 70 aura hver lítri (heimflutt), og er heimilt að halda þessu hlutfalli milli D 1 annars vegar og kola og oliu hins vegar, með breyttu verðlagi á hinu síðarnefnda. Skal þá reikna verð á D 1 við hvert eldsneytið fyrir sig og taka síðan meðaltal. Standi verðið þannig á hluta úr eyri, má hækka eða lækka í hálfan eða heilan eyri, eftir því sem nær er.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

1. Að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
 2. Að notandi kosti sjálfvirkan segulrofa fyrir hitalögnina, enda leigi rafveitan sérstaka skiptiklukku fyrir hann samkv. mælagjaldskrá.
 3. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
 4. Að húsin fullnægi þeim minnstu kröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
2. Til hitunar í handiðn, iðnaði eða atvinnurekstri um tviðgjaldsmæli á 13 aura hver kwst. frá kl. 22 til kl. 8 og á 65 aura hver kwst. frá kl. 8 til 22.

E. Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.40 hver kwst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af meðalverði hverrar tegundar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

Fyrir jarðlínuheimtaug:

Grunngjald kr. 780.00 og auk þess

0.8% af brunabótamati upp að	200 þús. kr.
og 0.2% — — — — —	umfram 200 — —

Fyrir loftlínuheimtaug

greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

9 Þar, sem brunabótamat er gamalt, skal heimtaugargjaldið miðast við um-
14. jan. reiknað brunabótamat eftir vísitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir.

Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjald af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Ef breytt er um heimtaug úr loftlínu í jarðlínu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á loftlínu- og jarðlínuheimtaug, eins og sá mismunur er í gjaldskrá, sem í gildi er, þegar breytingin fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða rask, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við slíka breytingu, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði stofntaugarinnar.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 25 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2 apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 18 8. febrúar 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-
tryggingasjóðs bátaútvegsins.

10

17. jan.

1. gr.

26. og 34. liður í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík, 1. apríl til 15. desember.

34. svæði: Fáskrúðsfjörður, 1. febrúar til 31. maí, 1. júní til 30. nóvember.

2. gr.

Aftan við o-lið 3. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

10. svæði: Hornafjörður, 1. marz til 11. maí.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um
hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga.

11

18. jan.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hagakot	12 ½ eining
Strandsel	12 ½ —
Blámýri	12 ½ —
Hrafnabjörg	12 ½ —
Birnustaðir	12 ½ —
Laugarból	12 ½ —
Eiríksstaðir	12 ½ —
Efstidalur	12 ½ —

Alls 100 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941 til að
öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

12
22. jan.

AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (IV) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952 og auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

13
1. febr.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Búnaðarfélagið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu að þeim undanskildum, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluáðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 2. lið.

4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert **13** með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrir- 1. febr. sögn héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verk svið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps fer með öll mál, er varða ræktunar- samþykkt þessa og framkvæmdir á grundvelli hennar, samkvæmt þeim lögum og reglum, sem gilda fyrir búnaðarfélagið um verkaskiptingu innan stjórnarinnar og framkvæmdir á vegum félagsins.

4. gr.

Stjórn búnaðarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við véla- nefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn og daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnu- flokka.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarfé- lagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuld- bindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélagið, er að samþykkt stendur, án þess að það hafi verið sérstaklega undir það borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarfélagsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórn búnaðarfélagsins fyrir janúarlök ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig varð- andi vinnu þá, er þeir biðja um.

13

1. febr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn búnaðarfélagins í samráði við framkvæmdastjóra að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

10. gr.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt að dómi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur. greiðist af verkkaupanda þeim, er um getur í 9. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn búnaðarfélagins að láta greiðslur fara fram eftir áætludum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á kostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktakar séu miðaðir við tímaeiningu.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslukostnaður, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er búnaðarfélagsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

14. gr.

Aðalfundur búnaðarfélagins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarfélagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

16. gr.

13

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 15. gr., skal leggjast í stofnsjóð búnaðarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr. 1. febr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

17. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 230 þús. kr.

1. Búnaðarfélagið leggur fram $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins sem óafturkræft framlag.
2. Búnaðarfélagið tekur að láni $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins með tryggingum í eignum félagsins eða með öðrum þeim tryggingum, er lánsstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur styrkurinn í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarfélagsins greiðist til stjórnar félagsins þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

19. gr.

Komi í ljós síðar að álitni framkvæmdastjórnar að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu. Sé stofnfjárukningin samþykkt af aðalfundi er hún bindandi fyrir búnaðarfélagið.

20. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla jarðræktarlaga.

21. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar $\frac{3}{4}$ af áætlunðu kostnaðarverði að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. marz ár hvert og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram fyrir þann tíma. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

13

1. febr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

24. gr.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá búnaðarfélaginu eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund búnaðarfélagins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með a. m. k. $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn búnaðarfélagins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarfélagins samþykki það með a. m. k. $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsaðgerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

14

2. febr.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um upprekstur og vorsmölun.

1. gr.

Öllum fjáreigendum í hreppnum er heimilt að reka fénað sinn til afréttar á sumrum. Þó er mönnum skylt að reka til afréttar, ef fénaður þeirra veldur ágangi á lönd annarra. Skal sá, er fyrir slíkum ágangi verður, gera kröfu á hendur fjáreiganda, að hann reki fé sitt til afréttar eða taki það í örugga vörzlu. Þver kallist fjáreigandi við slíkri kröfu, sker hreppsnefnd úr um réttmæti hennar. Sé krafan

réttmæt að dómi hreppsnefndar, skal hún láta reka féð til afréttar á kostnað fjáreiganda.

14
2. febr.

Að öðru leyti vísast til IV. kafla lögreglusamþykktar Árnassýslu.

2. gr.

Ef fé er ekki rekið til afréttar, eða fé úr rekstri er skilið eftir í heimahögum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefndinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er, að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtir hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

3. gr.

Þegar saman liggja afréttarlönd tveggja hreppa eða fleiri, og einn þeirra eða fleiri verða fyrir sérstökum ágangi á heimalönd sín eða afrétti frá hinum, þá skal sá hreppurinn eða þeir, er fyrir ágangi verða, eiga kröfurétt um, að fram fari mat þriggja óvilhallra manna, skipaðra af sýslumanni, á bótum fyrir ágang, ef ekki tekst samkomulag.

Skal matsmönnum greidd þóknun úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

4. gr.

Eigi má hreppsnefnd eða einstaklingar taka utanhreppsfé né hross til göngu í afréttarland hreppsins nema fyrir liggja skjalfest samþykki þess eða þeirra hreppa, er aðliggjandi afréttarlönd eiga, ásamt skjalfestu samþykki þeirra bænda, sem heimalönd eiga að afrétti. Hið sama gildir um heimalönd, sem notast sem afréttur.

Enginn má taka utansveitarfé í heimalönd sín nema girt sé öruggri, sauðheldri girðingu eða með samþykki allra nágrannabænda og hreppsnefndar. Þó ber sá, sem slíkan fénað tekur, fulla ábyrgð á, ef sá fénaður veldur ágangi eða skemmdum á annarra löndum.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rétt til að afstýra yfirgangi af utansýslugripum, sauðfé, nautpeningi og hrossum, sem heimildarlaust eru á afréttinn komnir, og hefur hún í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði á afrétti og heimalöndum, þegar henni þykir þurfa.

6. gr.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, er honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt, og ber ábyrgð á því.

Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrinum sé haganlega dreift og ær látnar taka lömb sín.

7. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarhluta hafa, er búfjárhagar fylgja, skulu smala þá á vorum, þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross á afrétt, allt eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að, og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu, nema hann leyfi.

Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

14

2. febr.

8. gr.

Nú finnast sauðkindur, sem sloppið hafa úr heimahögum, eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb. Er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eiganda, ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti rýja þær, ef tími er til þess kominn, og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefur rúið eða markað. Geti finnandi eigi með vissu vitað, hver er eigandi slíkra kinda, ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í sínum hreppi. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Í ómakslaun færi finnandi allt að 5 kr. fyrir að rýja kind og 10 kr. fyrir að marka lamb, ef eigi umsemst öðruvísi.

II. KAFLI

Um fjallskil.

9. gr.

Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir, sem hafa sauðfé og stóðhross undir höndum, eru skyldir til að inna af höndum fjallskil eftir fyrirmælum hreppsnefnda. Fjallskil skal leggja á sauðfé og stóðhross eftir tölu við fóðurskoðun, þar sem það er fóðrað að vetrinum, nema það sé rekið á annan afrétt og fjallskil gerð af því þar. Við niðurjöfnun fjallskila jafngildir 1 stóðhross 5 sauðkindum. Heimilt er hreppsnefnd að gefa eftir allt að $\frac{1}{4}$ af fjallskilum af því fé, sem heima gengur í öruggri sauðheldri girðingu. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að helmingi alls fjallskilakostnaðar á landverð jarða eftir gildandi fasteignamati. Við niðurjöfnun skal þó fráskilja landverð, sem stafar af hlunnindum.

Nú hefur fjáreigandi ekki lögbyli til afnota, skal þá leggja á féð allt fjallskilagjaldið.

10. gr.

Hreppsnefnd hver skal sjá um, að fullkomin smölun á afrétti hreppsins fari fram á hverju hausti til fjallsafns og skilarétta. Hefur hreppsnefndin vald til að gefa um þetta efni þær reglur og fyrirskipanir, er hún telur hagkvæmar og nauðsynlegar til tryggingar vandlegri smölun. Sá, sem órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og síðan sýslunefnd, en engu að síður er honum skylt að inna fjallskilin af höndum, þótt hann bíði úrskurðar í máli sínu. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgjalda honum fjallskilin samkvæmt úrskurðinum. Hverjum þeim, sem ekki innir fjallskil af höndum samkvæmt fyrirlagi hreppsnefndar, skal skylt að greiða sem nemur hálfum öðrum fjallskilum hans sjálfs í fjallskilasjóð. Eindagi fjallskila skal vera 30. nóvember.

11. gr.

Hreppsnefnd boðar með fjallseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað og hverjir fari í utansveitarréttir. Að afloknu fyrsta fjallsafni, skal réttað í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars, Laugardalshreppi þriðjudaginn, Grímsneshreppi, Selvogshreppi, Grafningshreppi og Biskupstungnahreppi miðvikudaginn í sömu viku, í Ölfushreppi fimmtudaginn í 23. viku sumars.

12. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða leitarstjóra, einn eða fleiri, við afréttarsmölun. Hefur hann, eða þeir, öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir og ræður sérhverju öðru, er smöluninni viðvikur, allt þangað til safnið er komið til almenningsréttta, og er leitarmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitir gangi ekki inn á annarra afrétti.

13. gr.

14

2. febr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri heilsu og fær um að gegna starfi sínu að álitu leitarstjóra og tveggja manna, sem hann kveður með sér, og vel útbúinn að hestum, matvælum, fatnaði, skóklæðum og tjaldrúmi. Hann hafi einnig duglegan fjárhund, ef þess er kostur. Skal haga svo til, að hinir markglöggvustu, sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

Ef leitarstjóri með 2 tilkvöddum mönnum, sem bezt eru til fallnir, gerir einhvern fjallmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en skjóta má hann úrskurði leitarstjóra til hreppsnefndar til endanlegra úrslita.

14. gr.

Haga skal fjallgöngum svo, þar sem því verður við komið, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvornig því verði við komið. Einnig skulu leitarstjórar sjá um, að fé sé ekki látið að óþörfu of fljótt inn í gerði eða réttir.

15. gr.

Fjallskilasjóður skal vera í hverjum hreppi. Í hann skal renna andvirði óskilafjár, sem selt er í hreppnum, og allt það gjald, sem hreppsnefnd leggur á sauðfé, stóðhross og jarðarhundruð. Skal það gjald jafnan vera svo hátt, að nægi til afreittarsmölunar, réttaviðhalds og hirðingar fjár úr utansveitarréttum o. fl.

Reikningur fjallskilasjóðs skal fylgja hreppsreikningi til sýslunefndar ár hvert og vera endurskoðaður sem hreppsreikningurinn.

III. KAFLI

Um almenningsréttir.

16. gr.

Hreppsnefndin sér um, að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið, og heyri þar til eigi aðeins, að allir veggir þeirra séu stæðilegir um réttartímann og nægilega háir, heldur einnig, að sauðheld grind sé í hverjum dilkdyrum og almenningsréttinni svo hagað, að eigi standi í henni vatn til óhægðar við fénaðarhirðingu. Við sérhverjar almenningsréttir skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja sér dilk fyrir fé sitt. Nægilegt rúm þarf að vera í hverjum dilk til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en að afstöðnum réttum eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í hennar umboði stjórnar réttahaldi, leyfir. Bygging á almenningsréttum og safngerðum, þar sem þau eru til, hvílir á öllum gjaldendum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefnd skipar ekki öðruvísi fyrir, vera fullger næsta kvöld fyrir réttadag, og skal hreppsnefndin tafarlaust láta vinna verkið á þeirra kostnað, sem þá hafa ekki lokið skyldu sinni. Drátt skal byrja þegar markljóst er. Skyllt er hreppsnefnd að senda svo marga menn í útréttir, að eigi þurfi að koma meir en 200 fjár á hvern mann til dráttar og rekstrar.

17. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að hafa réttir til sundurdráttar sauðfjár á þeim stöðum, sem þykir bezt henta.

18. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um innrekstur og réttahöld, ákveður hvenær réttum sé lokið, og gætir þess vandlega, að allt fari þar fram í sem beztri röð og reglu.

14

2. febr.

Vilji hreppsnefnd breyta til um réttastaði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta búenda.

19. gr.

IV. KAFLI

Um skilaréttir og eftirleitir.

20. gr.

Eftirleitir og byggðasöfn skulu fara fram svo tímanlega, að skilarétt verði haldin fyrir Selvogshrepp: 1. fimmtudaginn í 25. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Ölfushrepp: 1. föstudaginn í 25. viku sumars, 2. föstudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Grafningshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 1. viku vetrar. Fyrir Grímsneshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. viku sumars. Fyrir Laugardalshrepp: 1. miðvikudaginn í 23. viku sumars, 2. miðvikudaginn í 25. viku sumars. Fyrir Biskupstungnahrepp: 1. föstudaginn í 24. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars, 3. föstudaginn í 26. viku sumars. Til fyrstu skilaréttar skal auk sauðfjár smala nautum og hrossum og reka til rétta bæði úr afrétti og heimalöndum.

21. gr.

Fari einhverjir í eftirleit á afrétti viðkomandi hreppa að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndir láta gera samkvæmt þessari reglugerð, fær finnandi í þóknun 20% af andvirði þess fjár, er hann finnur. Greiðist upphæðin úr fjallskilaskjóði nema þegar um utanhreppsfénað er að ræða. Eftir seinustu skilarétt má enginn hafa óskil í fé sínu 14 dögum lengur. Skal hann hafa fært þau hreppstjóra innan þess tíma.

22. gr.

Byggðasöfnin skulu fara fram deginum á undan skilarétt og endranær, þegar hreppsnefnd ákveður. Hver og einn skal þá skyldur að smala heimaland sitt og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, er miða til tryggingar því, að vel sé smalað, og skal síðan allt óskilafé byrgt inni næstu nótt og rekið til almennsrettta daginn eftir í tækan tíma.

Verði einhver uppvis að því að smala heimaland sitt slælega í byggðasöfnum, hefur hreppsnefndin vald til að setja umsjónarmenn við smölun hans eða láta aðra framkvæma hana, hvort tveggja á kostnað hins seka.

V. KAFLI

Um mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

23. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og þau hross, sem á afrétt ganga, með glöggu marki á eyrum. Soramarkað sauðfé skal vera hornamarkað, ef það er hyrnt.

Brennimörk og hrossamörk hreppanna eru þessi:

Hreppar:	Brennimörk:	Hrossamörk:
Selvogshreppur	A 1	Standfjöður framan
Ölfushreppur	A 2	Tvö stig aftan
Hveragerðishreppur	A 17	Vaglskora framan
Grafningshreppur	A 3	Lögg framan
Þingvallahreppur	A 4	Lögg aftan

Hreppar:	Brennimörk:	Hrossamörk:	14
Grímsneshreppur	A 5	Biti framan	2. febr.
Biskupstungnahreppur	A 6	Biti aftan	
Laugardalshreppur	A 16	Tveir bitar framan	

Allt sauðfé skal brennimerkt með hrepps-brennimarki á vinstra horni og hross á vinstra hóf, ef því verður við komið.

Hrossamörk hreppanna eru á vinstra eyra.

24. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Úr öllum ágreiningi, sem rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er eyrnmarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnmarksins krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Kind, sem hefur eyrnmark eins, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á, þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast hana.

25. gr.

Enginn má taka upp mikil særingamörk og mörk, sem vandi er að marka svo að auðþekkilig séu. Þessi mörk eru: Afeyrt, netnál, hvathamrað, rifa í hálfan stúf, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, blaðstúfrifað, geirrifað, geirstúfrifað, miðhlutað í sneitt, sýlriafað, tíglað. Mörk þau, er bann er lagt við að taka upp, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu fleiri mörk en hér eru talin, sem sýslunefnd kynni að vilja banna, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

26. gr.

Sýslunefnd sér um að láta prenta markaskrá sýslunnar a. m. k. 8. hvert ár. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, það sem sýslunefnd ákveður, en hver markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppstjóra í þeim sýslum, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, sem sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka og útgáfu markaskrárinnar. Ef afgangur verður, þegar allur kostnaður er greiddur, skal hann borgast í sýslusjóð.

27. gr.

Sýslunefnd kys einn mann til 8 ára í senn til þess að hafa umsjón með upp-töku marka og búa markaskrána undir prentun.

Markaumsjónarmaður skal sjá um að mörk, sem tekin eru upp, séu hvorki eins né of lík þeim mörkum, sem til eru í sýslunni, eða í gildandi markaskráum nærliggjandi sýslna, sem fjársamgöngur eiga við Árnassýslu.

Vilji einhver taka upp nýtt mark á milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það umsjónarmanni og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar.

28. gr.

Þeir, sem nota mörk á sauðfé eða hross, sem ekki eru prentuð í markaskrá sýslunnar, svo og þeir, sem hafa flutt inn í sýsluna eftir að markaskrá var prentuð, skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum eftir að þeir eru fluttir inn

- 14 í hreppinn. Skal þá hreppsnefnd skrifa þau upp og sjá um, að þau verði bréflega tilkynnt hreppstjórum í nálægum hreppum, bæði utan sýslu og innan, þar sem von getur verið fjár eða hrossa. Sé þetta vanrækt af markeiganda eða marknotanda, getur hann ekki krafizt bóta úr fjallskilasjóði, þótt fé hans og hross verði eftir í útréttum og falli á það kostnaður.

29. gr.

Sýslunefnd Árnassýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu um ráðstafanir til þess af afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

VI. KAFLI

Um meðferð á óskilafénaði.

30. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga skal sérhver reka til almenningsréttá, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dilk sér. Haldi einhver slíku fé frá réttum eða dragi sér það og marki án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofríki, hefur hann eigi aðeins fyrirgert hinni sömu kind, þótt móðir helgi sér á eftir, heldur skal hann og sæta sektum allt að 50 krónum. Leiða skal ær að dilkum og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. Í öllum hreppum fjallskilasvæðisins skal allt óskilafé, þar með talið allt fé, sem vafi leikur á hver eigi sakir sammerkinga, ómerkingar, kalineyrt og eyrnalaust, sem enginn getur helgað sér, þegar í fyrstu rétt selt við opinbert uppboð, fjallskilasjóði til tekna, og síðan á sama hátt í hverri skilarétt. Um eldri ómerkinga, er koma fyrir í fjallsöfnum, gildir hið sama sem um ómörkuð lömb.

Óskilafénað, sem finnst eða fram kemur eftir réttir, og verður ekki komið til eiganda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fénaðurinn fannst í, og skal hann að því búnu seldur við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

31. gr.

Öll óskilahross, sem fyrir koma í fyrri skilarétt, skal þegar taka í gæzlu og gefa þá þegar út lýsingu á þeim til allra þeirra hreppa, er líkindi kynnu að vera til að þau væru frá, og gæta þeirra til síðari skilaréttar, en selja þá það af þeim, sem enginn getur helgað sér, sem annan óskilafénað. Gæzlukaup fyrir hvert hross er 5 kr. um sólarhringinn, en hálfu minna fyrir folald, er fylgir móður.

32. gr.

Innan janúarmánaðarloka ár hvert skal hreppstjóri semja skýrslu um mörk, lit og önnur einkenni á óskilafénaði, er seldur hefur verið hreppnum á næstliðnu ári og láta birta hana í Lögbirtingablaðinu fyrir lok febrúarmánaðar næsta á eftir.

33. gr.

Til næstu veturnótta á eftir á eigandi aðgang að verði seldra kinda, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, fellur andvirði í fjallskilasjóð þess hrepps, er óskilaféð var selt í. Hross hefur eigandi rétt til að helga sér til fardaga næstu á eftir og fá annaðhvort verð þeirra eða þau sjálf gegn því að borga allan áfallinn kostnað.

34. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé verður eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi 2 eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppstjóri eigi skyldur að afhenda kindina úr vörzlu eða greiða verð hennar eftir sölu, fyrr en einhver þeirra hefur löglega sannað eignarrétt sinn. Farið skal eftir skrásettum eða auglýstum eyrna- og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum og óauglýstum mörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

14

2. febr.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala, ef tveir menn reka allt að 100 fjár. 4 menn allt að 400 fjár, og séu fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en tveir rekstrarmenn, hvað fátt sem rekið er.

36. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

37. gr.

Allt fé í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af, þó að votviðri gangi.

38. gr.

Reka skal fénað hægt og gætilega og eigi hundbeita og hafa áfanga ekki of langa. Á girtum og friðlýstum svæðum má eigi æja, heldur ekki í slæjulöndum fyrir eða um heyannir. Að öðru leyti er áning heimil hvar sem er í byggð eða óbyggð.

39. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að á þeim löndum, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei eftir að dimmt er orðið. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

40. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja af stað aftur með hann, ef í byggð er, fyrr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir. Ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefur ekki verið sjálfum um að kenna.

14

2. febr.

41. gr. Telja skal féð í rekstrunum, hvenær sem viðstaða verður svo, að fé dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það, sem vanta kann. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rétta reksturinn, skilja það frá, sem að er komið, og sjá um að það komizt í áttþaga sína, eigendum að skaðlausu.

42. gr.

Verði einhver sannur að því að hafa tekið annarra fé í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það að auki sektum, 40—200 krónum fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, þó eigi yfir 4000 krónum, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar sem brotið var framið, nema því aðeins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

43. gr.

Um öll þau atriði, sem ekki er á minnzt í reglugerð þessari, en eru samkynja eða skyld að efni, ráða hreppsnefndir því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó þannig, að ekki komi í bág við landslög né reglugerð þessa, né skerði rétt annarra sveitarfélaga. Hreppsnefndir skulu bera undir sveitunga sína atriði, er að þessu líta og almenning varða, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef á rökum eru reistar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Úrskurðum hreppsnefnda má skjóta til sýslunefndar, sem hefur yfirumsjón fjallskilamála í sínum höndum. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni rekast á. Hún getur og leyft, að þessi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráð ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 40—4000 krónum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brotið er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal líta svo á, að brotið sé framið í þeirri sveit, sem á afréttinn. — Ef sveitarstjórn fær rökstuddan grun eða vitneskju um brot á reglugerðinni, kærir hún það tafarlaust fyrir sýslumanni, sem fer með það eins og lög og reglugerð þessi ákveða.

45. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, nr. 83/1941, er úr gildi felld.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

G J A L D S K R Á

15

2. febr.

um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaптúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík og Ólafsvík.

I. Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum kaптúnanna Blönduóss, Dalvíkur, Hellissands, Hólmavíkur og Ólafsvíkur.

Orkuveitusvæði hvers þessara kaптúna telst það svæði, sem staðfestur skipulagsuppráttur kaптúnsins nær yfir á hverjum tíma.

II. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu á orkuveitusvæðinu, sem tengd er við héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við vátryggingarupphæð húsa og mannvirkja á þann hátt, er hér segir:

Grunngjald

af loftlínuheimtaug	1000.00 kr.
af jarðlínuheimtaug	1500.00 —

og auk þess

0.12% af vátryggingarupphæð upp að 500 000.00 kr. og	
0.06% — — — — — umfram 500 000.00 —	

Ef vátryggingarupphæð er augsýnilega of lág eða hús ómetin, getur rafmagnsveitustjóri innheimt heimtaugargjald til bráðabirgða samkvæmt áætluðu mati.

Fyrir ofangreint gjald fæst ein heimtaug, en óski húseigandi fleiri heimtauga, greiðist allur kostnaður af þeim, sem umfram eru, samkvæmt reikningi. Ef lengd jarðlínuheimtaugar er meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Rafmagnsveitustjóri ákveður hvort lögð er loftlínu- eða jarðlínuheimtaug, og sé loftlínuheimtaug breytt í jarðlínu, samkvæmt ákvörðun hans, skal húseigandi greiða mismun grunngjalds, 500 kr.

Nú hefur rafmagnsveitustjóri ákveðið loftlínuheimtaug, en húseigandi óskar eftir jarðlínuheimtaug, og er þá heimilt að verða við þeirri beiðni gegn því, að húseigandi greiði fyrir jarðlínuheimtaugina samkvæmt reikningi héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Heimtaugargjald skal greitt að hálfu áður en lagning heimtaugar er hafin og að fullu áður en straumi er hleypt á heimtaugina.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2 apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. febrúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

16

5. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum,
nr. 233 30. des. 1952.

1. gr.

C-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Í hvert sinn, sem skip, sem flytur vörur og er yfir 100 smálestir að stærð, kemur í höfn til losunar eða lestunar, skal það greiða fastagjald kr. 50.00 og auk þess kr. 0.05 af hverri smálest, sem losuð er úr því eða lestuð í það.

Af losun og lestun vöruflutningaskips, sem er minna en 100 smálestir að stærð, og af losun og lestun fiskiskipa greiðist ekki gjald.

2. gr.

Nýr liður bætist við 1. gr. gjaldskrárinnar, svo hljóðandi:

I. Gasmæling kerja og geyma.

Fyrir hverja gasmælingu kers eða geymis í landi greiðist kr. 75.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 75.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 25.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarúms eða dælurúms greiðist ekki gjald sérstaklega, ef mæling í þeim er framkvæmd samhliða mælingu í geymum, að öðrum kosti greiðist kr. 25.00 af hverju rúmi, sem mælt er.

Sé gasmæling framkvæmd að nóttu eða á helgidegi samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem mælinguna framkvæmir, kr. 200.00 aukalega vegna nætur- eða helgidagavinnu.

3. gr.

2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Þó skoðun fari fram oft en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir öryggiseftirlit ríkisins.

4. gr.

Ný grein, sem verður 3. gr., komi á eftir 2. gr. gjaldskrárinnar, og greinatalan breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt að hækka gjöldin um allt að 25%.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 45. gr. laga nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

17

5. febr.

um breytingu á starfsreglum fyrir öryggiseftirlit ríkisins, nr. 21 18. febr. 1953.

1. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðist þannig:

Að lokinni fyrstu skoðun fyrirtækis ár hvert, gefur öryggiseftirlitið út reikning fyrir eftirlitsgjaldi fyrirtækisins og afhendir hann viðkomandi lögreglustjóra (tollstjóranum í Reykjavík) til innheimtu.

b. Innstæða í Landsbanka Íslands	kr. 8616.30		
		<hr/>	kr. 9816.30
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 60.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 433.05		
		<hr/>	— 493.05
			<hr/>
			Kr. 10309.35

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1200.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 9109.35		
		<hr/>	
			Kr. 10309.35

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

35

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna fyrir árið 1954.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 55741.73		
2. Vextir	— 2885.60		
		<hr/>	
			Kr. 58627.33

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr. 1000.00		
2. Eign í árslok:			
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 57627.33		
		<hr/>	
			Kr. 58627.33

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

36

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar
1. september 1953 til 31. ágúst 1954.

Tekjur:

1. Eign 1. sept. 1953:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 637	—	24275.35	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	69.82	
			kr. 29345.17
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	225.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands nr. 637	—	1250.77	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	3.62	
			— 1479.39
			kr. 30824.56

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu	kr.	800.00	
2. Eign í lok reikningsárs:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 637	—	25951.12	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	73.44	
			— 30024.56
			kr. 30824.56

Reykjavík, 18. október 1954.

Í stjórn sjóðsins:

Ásmundur Guðmundsson.

Páll Einarsson. Björn Magnússon.

37

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1954.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr.	233574.44	
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	605.00	
b. — veðskuldabréfum	—	337.50	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	6682.69	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	3138.81	
			— 10764.00

3. Gjafir	kr.	2385.00	37
4. Til jafnaðar við gjaldlið 2	—	45000.00	

Kr. 291723.44

Gjöld:

1. Úthlutað	kr.	4900.00	
2. Keypt verðbréf og skuldabréf	—	45000.00	
3. Eign í árslok:			
a. Verðbréf	kr.	27100.00	
b. Skuldabréf	—	42000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	135191.75	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	37531.69	

— 241823.44

Kr. 291723.44

Biskup Íslands, Reykjavík, 21. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

38

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1954.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	5230.75	
			kr. 6230.75
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	50.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	263.37	

— 313.37

Kr. 6544.12

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Verðbréf	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	5544.12	

Kr. 6544.12

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

39

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur
og Sigríðar Kristjánsdóttur fyrir árið 1954.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 45546.10		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 489.53		
		<hr/>	kr. 46035.63
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr. 2368.39		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 24.45		
		<hr/>	— 2392.84
			<hr/>
			Kr. 48428.47

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 47914.49		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 513.98		
		<hr/>	
			Kr. 48428.47

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

40

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thoru Melsted árið 1954.

Tekjur:

1. Frá fyrra ári: Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 2458.81	
2. Vextir	— 127.85	
		<hr/>
		Kr. 2586.66

Gjöld:

Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 2586.66	
		<hr/>
		Kr. 2586.66

Biskup Íslands, Reykjavík, 30. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1955.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1955, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1955, nr. 1.

Lög um að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar, undirskrifuð af forsetanum 21. febrúar 1955, nr. 2.

Lög um skógrækt, undirskrifuð af forsetanum 6. marz 1955, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1955, nr. 4.

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 5.

Auglýsing um viðbótarsamning við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953, milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. marz 1955, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1955, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

Lög um Brunabótafélag Íslands, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1955, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 10.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 24. janúar 1955, nr. 11.

Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1955, nr. 12.

Lög um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1955, nr. 13.

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 4. apríl 1955, nr. 14.

Lög um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1955, nr. 15.

Læknaskipunarlög, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1955, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Fjáraulög fyrir árið 1952, undirskrifuð af forsetanum 12. apríl 1955, nr. 18.

Lög um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1955, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1955, nr. 20.

Lög um lækningaferðir, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1955, nr. 21.

Lög um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940, undirskrifuð af forsetanum 3. maí 1955, nr. 22.

Lög um landshöfn í Keflavíkarkaupstað og Njarðvíkurhreppi, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1955, nr. 23.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952, undirskrifuð af forsetanum 7. maí 1955, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1955, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1955, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1955, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnunum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1955, nr. 32.

Lög um samræmingu á mati fasteigna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunar-kvenna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Lög um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1955, nr. 39.

Lög um Fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 17. maí 1955, nr. 41.

Lög um almenningsbókasöfn, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1955, nr. 42.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Heilsuverndarlög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um iðnskóla, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1955, nr. 45.

Lög um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1955, nr. 46.

Lög um breyting á lögum nr. 43/1954, um Kirkjubýggingasjóð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

Lög um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1955, nr. 48.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfssdóttur, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1955, nr. 49.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Lög um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1955, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Disastaði i Breiðdal, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 11. maí 1955, nr. 54.

Lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heiluspillandi íbúða, undirskrifað af forsetanum 20. maí 1955, nr. 55.

Auglýsing um meðferð forsetavalds i fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. maí 1955, nr. 56.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Borgarfjarðar- sýslu, um breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðar- strandarhreppa.

41
22. marz

Samkvæmt beiðni frá Jóni og Þorsteini Böðvarssonum, bændum í Grafardal, og meðmælum hreppsnefnda Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt ákvæðum 3. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir um breyting á hreppamörkum Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps:

1. Jörðin Grafardalur tilheyrir framvegis Hvalfjarðarstrandarhreppi. Hreppamörk Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps breytist í samræmi við það.
2. Ofangreind breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa skal miðast við 1. apríl 1955.

Samkomulag hefur náðst milli sveitarstjórna nefndra hreppa um greiðslu bóta vegna flutnings jarðarinnar Grafardals úr Skorradalshreppi í Hvalfjarðarstrandarhrepp.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar.

REGLUGERÐ

42
10. marz

um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Siglufjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 4. febr. 1952 af fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,8%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar 2,5%.
- c. Af óbyggðum lóðum 4%.
- d. Af verksmiðjum, sildarsöltunarstöðvum, frystihúsum og öllum öðrum fasteignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, 3,5%.

42

10. marz

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100.00 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigendi fasteignar greiðir skattinn, nema íum leigujarðir, leigulóðir eða um önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandinn skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal vera 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1955. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum og tíðkast á hverjum tíma.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Siglufjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, svo og aðrar eignir, sem undanþegnar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 67 1945.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29 4. febrúar 1952, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við núgildandi fasteignamat.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað, nr. 72 31. marz 1946, svo og auglýsing nr. 74 31. marz 1952, um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 10. marz 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

43

14. marz

fyrir Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 15. marz kl. 2 f. h., og frá 15. marz til 15. apríl kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 15. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum, nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kvöldi.

Sé róið með línu í ágúst til desember, má ekki róa fyrr en hér segir: Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h., í nóvember kl. 3 f. h., í desember kl. 3 f. h.

Bátar, sem ætla sér að róa á miðin austan Dyrhólaeyjar, mega fara 2 klukku-stundum fyrir tímann, en ekki á tímanum þar á milli.

Bátar þeir, sem fara á þessum tíma, mega alls ekki leggja línu sína vestan Dyrhólaeyjar, þó mega þeir í þeim tilfellum, að veður hamli fiskveiðum austan Dyrhólaeyjar eða vélbilun hafi tafið, leggja vestan Dyrhólaeyjar, en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem róa á venjulegum tíma, og sameinast þeim áður en þeir fara að leggja.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. gr. hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara fyrr en merki er gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láti sæmilega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér á ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgt með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línuna til eftirlits.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana fyrr en ljósmerki hefur verið gefið.

Heimilt er bátum að fara inn fyrir Eiði áður en ljósmerki er gefið í landi, þó mega þeir ekki fara vestar en svo, að aðeins sjáist græna innsiglingarljósið á Friðarhafnar-bryggju, og ekki norðar en merkið: Brekaflái á Bjarnarey í Faxasker að norðan.

Skulu bátarnir halda sig innan þessara merkja, þar til ljósmerki er gefið úr landi.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana

- 43 hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefur lagt.
 14. marz Bátur, sem af sjó kemur, hefur forgangsrétt og fyrir vélbáti gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina, mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að áttundi hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með að fyrir-mælum samþykktar þessarar sé hlýtt.

Skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari, og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki.

Brot á ákvæðum þessarar greinar telst sem tímabrot.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefur með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. gr. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir að tilkynna merki sín áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu ekki hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá, og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

9. gr.

Enginn bátur má leggja net undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg, má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem vegur 35 kg, má mest leggja 12 netum, og aldrei fleiri net í trossu undir Sandi. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær er landi.

10. gr.

Netadufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flögg úr stinnu efni, svo að þau standi jafnan út frá skafti duflsins.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmenn taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi eða málsókn gegn honum falli niður eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafi verið gerðar eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr.

43

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200—5000 krónum. Viðurlög við 14. marz brotum á 2. gr. skulu vera minnst 500 krónur við fyrsta brot, og hækka síðan um 1000 krónur við hvert ítrekað brot upp í hámark. Sektarfé gangi til hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og er þá jafnframt úr gildi felld eldri fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 79 14. marz 1947.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917, og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1955.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

44

31. marz

um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943, um orlof.

1. gr.

Í stað 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Orlofsfé skal standa á heilum krónum þannig, að 50 aurar telst heil króna, en minni upphæð sleppt.

Gerð orlofsmerkja skal vera þessi: Stærð 20.5×24.5 millimetrar, ofantil inn á milli tveggja hringa standi orðið: ORLOF og neðantil orðið: KRÓNUR, en á miðju merkinu innan hringanna standi gildi hvers merkis í tölustöfum. Merkin skulu gefin út í 5 mismunandi verðgildum: 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur. 1, 2 og 5 krónu merkin séu brún, 10 krónu merkin græn og 50 krónu merkin blá.

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. maí 1955. Falla þá úr gildi 10, 20 og 50 aura orlofsmerkin, en þeim fæst skipt á póstafgreiðslum fyrir önnur orlofsmerki fram til 1. júlí 1955.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

45

11. marz

AUGLÝSING

um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skirskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál eru nú í endurskoðun, framlengjast hér með löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðastjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breyting á þeirri reglugerð, til 31. marz 1956.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

46

22. marz

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis“.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá og með 1. okt. til 31. des. skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum. Á tímabilinu frá og með 1. jan. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13 á laugardögum og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til 30. september er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19 á föstudögum.

3. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 76 frá 30. apríl 1953, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 22. marz 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

47

11. marz

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50 1946 um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1955 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 27., 28. og 29. gr. laga nr. 116/1954, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50/1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 755.00
— 2. —	— 605.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 680.00
— 2. —	— 547.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 506.00
— 2. —	— 406.00

2. Iðgjöld þegna þeirra ríkja, sem gagnkvæmissamninga hafa um tryggingar við Ísland:

A. Þegnar Finnlands, Noregs og Svíþjóðar:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 604.00
— 2. —	— 484.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 544.00
— 2. —	— 438.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 405.00
— 2. —	— 325.00

B. Þegnar Danmerkur, aðrir en þeir, sem lög nr. 85 9. okt. 1946 veita sama rétt og íslenskum ríkisborgurum:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 453.00
— 2. —	— 363.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 408.00
— 2. —	— 328.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 304.00
— 2. —	— 244.00

- 47 3. Árið 1955 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru
11. marz ákveðin í 1. og 2. lið hér á undan, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 250.00
Ógiftar konur	— 180.00

4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50/1946, skulu árið 1955 greiða iðgjald sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 250.00
Ókvæntir karlar	— 214.00
Ógiftar konur	— 154.00

Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 196.00
Ókvæntir karlar	— 154.00
Ógiftar konur	— 116.00

5. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 27. gr. laga nr. 116/1954:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.05 á viku.
— 2. —	— 6.80 — —

Til loka febrúarmánaðar 1955 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.00 á viku.
— 2. —	— 6.75 — —

6. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50 1946, sbr. 29. gr. laga nr. 116/1954, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946 skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
7. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 116 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 24 frá 5. marz 1954 og nr. 5 frá 7. janúar 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

48

21. marz

Samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Tveggja ára deild undir fiskimannapróf.
2. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
3. Sérstök deild undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennsludeild starfar með færri en 4 nemendum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

II. KAFLI

Um kennsluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og líkamsæfingar, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur ráðuneytið með prófreglugerð.

III. KAFLI

Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. ágúst. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkvæmt 8. gr.

48

21. marz

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um $\frac{2}{3}$ hluta þess siglingatíma, sem krafizt er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskirteini, sem prófið veitir. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild fiskimannaprófs skal miðað við þann siglingatíma, sem krafizt er til þess að fá hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði skráningarstjóra.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægri meðaleinkunn en 6.

9. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur fiskimanna- eða farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í síðari bekk fiskimannadeildar, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlok ár hvert skulu nemendur í fyrstu bekkjum farmanna- og fiskimannadeildar ganga undir próf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Próf þetta skal haldið af kennurum skólans, og þeir einir, sem það standast, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

Til þess að standast prófið þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði og í íslenzkri ritæfingu, og einkunnina 3 í munnlegri dönsku og munnlegri ensku, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Próf þetta má einnig halda áður en skólinn tekur til starfa að haustinu, og er kennurum skólans auk þess heimilt að halda áður tveggja vikna námskeið við skólann í áðurgreindum námsgreinum og öðrum, sem krafizt er til inntöku í eldri deildir.

Þá skal og halda próf upp úr 2. bekk farmannadeildar í lok marz mánaðar ár hvert. Prófið skal haldið af kennurum skólans, og skal prófað í þessum námsgreinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipagerð.

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.

Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.

Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi

næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undan-
þágu frá þessu prófi.

48
21. marz

IV. KAFLI

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, fjórir kennarar í siglingafræði og tungumála-kennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, og setur ráðuneytið þá samkvæmt tillögum skólastjóra.

11. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

12. gr.

Eftir atvikum má, í samráði við vélskólann, skipta tungumálakennslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor tungumálakennari kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annt um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

14. gr.

Skólastjórinn hefur á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón samgöngumála-ráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræsting o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgi-skjölum yfir það, sem skólinn hefur notað umliðin ár.

Að afloknum burtfararprófum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum sem utan þeirra að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

48

21. marz

17. gr.
Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanir eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir og ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu. Reykingar eru aðeins leyfðar á tilteknum stöðum, eftir tilvísun skólastjóra.

19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

20. gr.

SkylDIR eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

21. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, getur skólastjóri vísað honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 kennslustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mínútur. Skólastjóri semur stundatöflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð ráðuneytisins.

24. gr.

Stundafjöldi námsgreinanna á viku skal vera sem hér segir:

Námsgreinar	Fiskimannaprófsnemendur		Farmannaprófsnemendur			Nemendadeild skipstjóra- efna á varðskipum	48 21. marz
	Fyrri bekkur	Síðari bekkur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur		
Stærðfræði	10	3	12	4	3	} 6	
Siglingafræði	3	11	3	9	11		
Íslenzka	6	4	6	4	3		
Danska	4	3	4	2	2		„
Enska	3	3	4	3	2		3
Þýzka	„	„	„	„	„		5
Sjóréttur	„	2	„	2	1		„
Heilsufræði	1	1	1	1	1		„
Bókhald	„	1	„	1	1		„
Viðskiptafræði	„	„	„	„	1		„
Eðlisfræði	„	1	1	1	1		„
Vélfræði	„	2	„	2	2		„
Landafræði og veðurfræði	„	1	„	1	1		„
Sjómennska	7	6	7	8	9		„
Alþjóðaréttur og skýrslur	„	„	„	„	„		3
Alþjóðamerki	„	„	„	„	„		4
Líkamsæfingar	2	2	2	2	2		3
Samtals á viku	36	40	40	40	40		24

Enn fremur er öllum fiskimannaprófsnemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku tvisvar á mánuði. Nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháaska, eigi sjaldnar en fjórum sinnum á vetri.

Heimilt er skólustjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu, síðari hluta vetrar, en þó eigi fyrir en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hvernar deildar, ef þess er þörf.

25. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skirdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz.

VIII. KAFLI

Um skólalækni o. fl.

26. gr.

Heilsufræðikennari stýrimannaskólans er læknir skólans og hefur hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrir mælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófum skuli hagað, og hvað útheimtis til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

48

21. marz

28. gr.
Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 71 17. apríl 1953, er úr gildi fallin.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1955.

Bjarni Benediktsson.

Páll Pálmason.

49

25. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.04 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.78 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 9.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 46 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði, af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.14 hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 190.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, 46 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw:
 - a. Um kwst.mæli á 34 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.00 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 34 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.00 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 36 aura hver kwst. utan þessa tíma.

4. Um mæli á kr. 600.00 fyrir hvert kwst. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 **49**
 mínútna meðalálag og auk þess 16 aura á notaða kwst. **25. marz**
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 400.00
 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 16 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 23 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra, og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 58 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.14 hver kwst.
 3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 23 aura hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 23 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, og kr. 1.14 hver kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
 4. Til gatnalýsingar á 50 aura hver kwst.
- Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 3.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 9.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 13.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

49

25. marz

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

<i>Rúmmál húsa, teningsmetrar:</i>		<i>Heimtaugargjöld:</i>	
		<i>Loftlína:</i>	<i>Jarðstrengur:</i>
Allt að 99 m ³		800.00	1 200.00
100 til 199 —		1 000.00	1 500.00
200 — 299 —		1 600.00	2 320.00
300 — 399 —		1 700.00	2 465.00
400 — 499 —		1 800.00	2 520.00
500 — 599 —		2 000.00	2 800.00
600 — 699 —		2 200.00	2 970.00
700 — og yfir		2 500.00	3 375.00

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínu heimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 12 4. febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

50

30. marz

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellissands, nr. 2 2. jan. 1953.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt, kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búíð er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- b. Af tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- c. Af kælivatni vegna véla samkv. vatnsmæli kr. 0.90 á tunnu af fyrstu 1000 tn., en kr. 0.50 á tonn eftir það.
- d. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.

Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar, útgefin 51
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. apríl 1955. 6. apríl
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Árna Sveinssonar, og er stofnaður af Árna Sveinssyni frá Mælifellsá, í tilefni af og í minningu um góð kynni hans af Svinvetningum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —, sem gefnar eru af stofnandanum. Hann skal jafnan ávaxtaður í tryggri peningastofnun. Heimilt skal þó að fela Búnaðarfélagi Svinavatnshrepps ávöxtun hans, enda greiði það þá 1% hærri vexti af upphæðinni, en almennir innlánsvextir bankanna eru hverju sinni. Jafnan skal leitast við að vextir séu a. m. k. 6%.

51

6. apríl

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstólnum, svo og framlög, sem Kvenfélag Svínavatnshrepps eða aðrir kunna til hans að leggja.

Allir vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur —. Þegar hann hefur náð þeirri upphæð má úthluta hálfum vöxtunum samkvæmt 4. gr. Hinn helmingurinn skal leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Þá má úthluta $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna, en jafnan skal leggja $\frac{1}{5}$ hluta þeirra við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er hvers konar líknarstarfsemi innan Svínavatnshrepps. En sé að dómi sjóðstjórnarinnar ekki þörf fjárveitingar í því augnamiði eitthvert ár, þá má nota það fé, sem til úthlutunar fellur það ár, til að prýða kirkjur, kirkjugarða, aðalsamkomustað sveitarinnar eða til einhvers annars menningarauka fyrir sveitarfélagið.

5. gr.

Kvenfélag Svínavatnshrepps er eigandi sjóðsins og er félagsstjórnin jafnan stjórn hans. Sér hún um reikningshald hans og úthlutar úr honum samkv. 4. gr.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og í hana skal skrá allar gerðir viðkomandi honum. Í hana skulu og árlega innfærðir reikningar hans. Stjórnin vinni kauplaust, en útlagður kostnaður vegna reikningshaldsins má greiðast af vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga Svínavatnshrepps, og jafnan lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Kvenfélags Svínavatnshrepps til samþykktar.

7. gr.

Verði Kvenfélag Svínavatnshrepps lagt niður eða hætti það störfum, skal kosin stjórn sjóðsins af húsfreyjum í Svínavatnshreppi úr þeirra hópi. Skal sú kosning framkvæmd samhliða sveitarstjórnarkosningum og gilda sama kjörtímabil. Skal kjörstjórn sveitarstjórnarkosninganna sjá um þessa stjórnarkosningu.

Þar til kosning hefur farið fram skal síðasta stjórn kvenfélagsins annast stjórnarstörf sjóðsins.

Rísi síðan upp kvenfélag í Svínavatnshreppi að nýju eða annað hliðstætt félag, tekur stjórn þess félags við störfum sjóðsstjórnarinnar á meðan það félag starfar. En leggist það niður skal kosin stjórn á ný, svo sem fyrir er mælt um í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarvaldanna á skipulagsskrá þessari.

14. janúar 1955.

Árni Sveinsson,
Keflavík.

AUGLÝSING

52

6. apríl

um eftirlitsgjald af fódurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. apríl 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

53

26. jan.

um umferð og umferðarmerki í Reykjavík.

I.

Aðalbrautir.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941, 7. gr., hefur bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkt, að eftirtaldir vegir og götur í Reykjavík skuli teljast aðalbrautir:

- | | |
|--------------------|-------------------|
| 1. Aðalstræti. | 9. Laugavegur. |
| 2. Austurstræti. | 10. Lækjargata. |
| 3. Bankastræti. | 11. Miklabraut. |
| 4. Borgartún. | 12. Skúlagata. |
| 5. Frikirkjuvegur. | 13. Snorrabraut. |
| 6. Hafnarstræti. | 14. Sóleyjargata. |
| 7. Hringbraut. | 15. Túngata. |
| 8. Hverfisgata. | 16. Vesturgata. |

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur sett fyrirmæli um, að eftirtaldir vegkaflar í Reykjavík og nágrenni skuli teljast aðalbrautir:

1. **Suðurlandsbraut** frá vegamótum Laugarnesvegar, að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegar, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. **Mosfellssveitarvegur** frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrirtöldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegar óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. **Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarvegur)** frá Miklatorgi að vegamótum Norðurbrautar, ofan við Hafnarfjörð, að báðum vegamótum meðtöldum.

Aðalbrautir njóta þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, er að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

Eftirtalin gatnamót njóta aðalbrautarréttar:

1. **Gatnamót Túngötu, Bræðraborgarstígs og Holtsgötu**, þannig að umferð um Bræðraborgarstíg beri að víkja fyrir umferð um Túngötu og Holtsgötu.

- 53 2. Gatnamót Austurstrætis og Aðalstrætis, þannig að umferð um Austurstræti beri að víkja fyrir umferð um Aðalstræti.
26. jan. 3. Gatnamót Aðalstrætis, Vesturgötu og Hafnarstrætis, þannig að umferð um Vesturgötu beri að víkja fyrir umferð um Aðalstræti.
4. Gatnamót Borgartúns, Sundlaugavegar og Laugarnesvegjar, þannig að umferð um Laugarnesveg beri að víkja fyrir umferð um Borgartún og Sundlaugaveg.

Hringaksturstorg hafa algeran aðalbrautarrétt, sem helzt óbreyttur, þótt aðalbraut liggja að þeim.

Nöfnin á torgunum eru þessi:

1. Kaplaskjól. Að því liggja Nesvegur og Ægissíða.
2. Hagatorg. Að því liggja Hagamelur, Nesvegur og Birkimelur.
3. Skúlatorg. Að því liggja Skúlagata, Borgartún og Snorrabraut.
4. Miklatorg. Að því liggja Reykjanesbraut, Miklabraut, Flugvallarbraut, Hringbraut og Snorrabraut.
5. Eskitorg. Að því liggja Eskihlíð, Hamrahlið, Litlahlið og Langahlið.
6. Hringteigur. Að honum liggja Laugarnesvegur, Lækjarteigur, Kirkjuteigur og Hofteigur.
7. Melatorg. Að því liggja Suðurgata og Hringbraut.

II.

Einstefnuakstur.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnuakstur um eftirtaldar götur og götukafla:

1. Amtmannsstígur, akstursstefna frá Ingólfsstræti að Skólastræti.
2. Austurstræti, akstursstefna frá Lækjargötu að Aðalstræti.
3. Bankastræti, akstursstefna frá Skólavörðustíg að Lækjargötu.
4. Bergstaðastræti, akstursstefna frá Skólavörðustíg að Laugavegi.
5. Bollagata, akstursstefna frá Rauðarárstíg að Auðarástræti.
6. Brattagata, akstursstefna frá Mjóstræti að Aðalstræti.
7. Fischersund, akstursstefna frá Aðalstræti að Mjóstræti.
8. Grettisgata, akstursstefna frá Vegamótastíg að Rauðarárstíg.
9. Grófin, akstursstefna frá Fischersundi að Vesturgötu.
10. Guðrúnargata, akstursstefna frá Gunnarsbraut að Rauðarárstíg.
11. Haðarástígur, akstursstefna frá Freyjugötu að Nönnugötu.
12. Hafnarstræti, akstursstefna frá Aðalstræti að Kalkofnsvegi.
13. Hátún, akstursstefna frá Höfðatúni að Laugarnesvegi.
14. Hellusund, akstursstefna frá Bergstaðastræti að Grundarstíg.
15. Hrefnugata, akstursstefna frá Gunnarsbraut að Rauðarárstíg.
16. Hverfisgata, akstursstefna frá Ingólfsstræti að Laugavegi (við Hlemmtorg).
17. Ingólfsstræti, akstursstefna frá Bankastræti að Amtmannsstíg.
18. Karlagata, akstursstefna frá Skarphéðingsgötu að Snorrabraut.
19. Kirkjugarðsstígur, akstursstefna frá Suðurgötu að Garðastræti.
20. Kjartansgata, akstursstefna frá Rauðarárstíg að Gunnarsbraut.
21. Klapparstígur, akstursstefna frá Hverfisgötu að Grettisgötu.
22. Laugavegur, akstursstefna frá Þverholti við Hlemmtorg að Skólavörðustíg.
23. Lokastígur, akstursstefna frá Týsgötu að Njarðargötu.
24. Mánagata, akstursstefna frá Skarphéðingsgötu að Snorrabraut.
25. Meðalholt, akstursstefna frá Einholti að Háteigsvegi.
26. Miðtún, akstursstefna frá Laugarnesvegi að Höfðatúni.

27. Mjóstræti, akstursstefna frá Fischersundi að Bröttugötu.
28. Norðurstígur, akstursstefna frá Vesturgötu að Tryggvagötu.
29. Skarphéðinsgata, akstursstefna frá Snorrabraut að Skeggjagötu.
30. Skeggjagata, akstursstefna frá Snorrabraut að Rauðararstíg.
31. Skólastræti, akstursstefna frá Bankastræti að Amtmannsstíg.
32. Smiðjustígur, akstursstefna frá Laugavegi að Lindargötu.
33. Spítalastígur, akstursstefna frá Þingholtsstræti að Ingólfsstræti.
34. Thorvaldsensstræti, akstursstefna frá Vallarstræti að Kirkjustræti.
35. Tjarnargata, akstursstefna frá Kirkjustræti að Vonarstræti.
36. Traðarkotssund, akstursstefna frá Laugavegi að Hverfisgötu.
37. Vallarstræti, akstursstefna frá Pósthússtræti að Thorvaldsensstræti.
38. Vegamótastígur, akstursstefna frá Laugavegi að Grettisgötu.
39. Veghúsastígur, akstursstefna frá Klapparstíg að Vatnsstíg.
40. Vífilsgata, akstursstefna frá Snorrabraut að Skarphéðinsgötu.
41. Þingholtsstræti, akstursstefna frá Amtmannsstíg að Bankastræti.

53

26. jan.

Á tvískiptum götum, þ. e. götum, sem skipt hefur verið í tvær akbrautir, er einstefnuakstur um hvora akbraut fyrir sig, þannig að ökumönnum ber ávallt að aka eftir vinstri götuhelmingi (vinstri akbraut), þannig að tunga sú, er skiptir götunni, verði þeim á hægri hönd.

Tvískiptar götur eru þessar:

- | | |
|----------------|-----------------|
| 1. Hringbraut. | 3. Snorrabraut. |
| 2. Lækjargata. | 4. Miklabraut. |

Ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 26. júní 1940 og 5. september 1940:

Bæjarstjórn ákveður að setja þær umferðarreglur á götum, þar sem einungis er leyfður einstefnuakstur, að þar megi ekki leggja bifreiðum nema hægra megin á akbrautinni; þó megi bifreiðar nema staðar vinstra megin til afgreiðslu þegar í stað, en öll bið sé bönnuð þeim megin á götunni.

Ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 15. ágúst 1940:

Á götum, þar sem fyrirskipaður er einstefnuakstur, má skilja eftir reiðhjól einungis við gangstétt vinstra megin og svo í reiðhjólagrindum, sem settar eru á gangstéttina með samþykki lögreglunnar.

III.

Bifreiðastöður bannaðar.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Aðalstræti.
2. Haðarstíg.
3. Kirkjustræti.
4. Skólastræti.
5. Traðarkotssundi.
6. Ásvallagötu, norðan megin, á 20 m svæði við horn það, er myndast framan við húsið nr. 22.
7. Hafnarstræti, framan við húsið nr. 22.
8. Hverfisgötu, sunnan megin, á þeim stöðum, þar sem gatan hefur ekki fulla breidd.
9. Ingólfsstræti, austan megin, frá Hverfisgötu að Lindargötu.
10. Nýlendugötu, norðan megin á götunni.
11. Skólavörðustíg, við norðausturgangstétt, milli Laugavegar og Vegamótastígs.

- 53** 12. Tryggvagötu, norðan megin, frá Pósthússtræti að Ægisgötu og enn fremur framan við Verkamannaskýlið.
26. jan.
13. Vesturgötu,
a. sunnan megin, frá Vesturgötu 5 að Ægisgötu.
b. norðan megin, frá Aðalstræti að Norðurstíg.
14. Þverholti, milli Stakkholts og Laugavegar.

Bifreiðastæði eru bönnuð með öllu á 20 metra svæði hjá öllum viðkomustöðum strætisvagna, 10 metra hvorum megin við stöðvarmerkin, báðum megin á götunni.

IV.

Bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mín.

Ákveðið hefur verið að takmarka bifreiðastöður við 15 mínútur á tímabilinu kl. 9—19 alla virka daga á eftirtöldum götum:

- | | |
|------------------|--|
| 1. Austurstræti. | 4. Hafnarstræti. |
| 2. Bankastræti. | 5. Skólavörðustíg, frá Bankastræti að Týsgötu. |
| 3. Laugavegi. | |

V.

Umferðarljós.

Eftirfarandi reglur gilda um öll umferðarljósmerki hér í bæ, þ. e.:

1. Grænt ljós merkir: Akið áfram.
2. Gult ljós merkir: Aðvörðun um ljósaskiptingu. (Þau ökutæki, sem komin eru út á krossgötuna (gangbrautina), skulu halda áfram, en önnur nema staðar og halda kyrru fyrir, viðbúin að aka af stað, þegar græna ljósið kemur.)
3. Rautt ljós merkir: Nemið staðar (haldið kyrru fyrir).

Vegfarendum til nánari leiðbeiningar logar stundum gult ljós jafnframt rauðu ljósi rétt áður en ljósaskipti verða og grænt ljós kemur.

VI.

Umferðarmerki.

A. Aðvörðunarmerki.

1. Aðalbrautarmerki standa við hver vegamót, þar sem hliðargötur skera aðalbrautir. Einnig við hringaksturstorg. Merkið táknar forrétt þann, er aðalbrautir njóta. Lýsing: Ferhyrnd málmplata með ávölum hornum, máluð gul í svartri umgerð með svörtum stöfum. Áletrun: Stanz-Aðalbraut-Stop.
2. Akið varlega. Merki með þessari áletrun standa við akbrautir, þar sem sérstök hættu er á ferð, svo sem í nánd við skóla, barnaheimili, leikvelli o. þ. h. Þau tákna, að ökuönnun beri að sýna sérstaka gát í akstri. Þau eru ferhyrnd að lögun, hvítur grunnur og rauðir stafir. Yfir sumum þeirra er rauð, hringlaga plata (skjöldur). Við framangreinda áletrun er bætt orðunum: Barnaheimili eða skóli o. þ. h., eftir því, sem við á.
3. Akið hljóðlega. Sjúkrahús. Merki með þessari áletrun eru í nánd við sjúkrahús. Um þau á að öðru leyti við, það sem sagt er undir 2. lið hér að framan. Sums staðar eru þessi merki sameinuð og er þá áletrunin: Akið varlega og hljóðlega. Barnaheimili. Sjúkrahús.
4. Örvar eru all víða festar upp til að gefa umferðarstefnuna til kynna, svo sem við hringaksturstorg. Skal aka í þá átt, sem örin vísar veginn. Merki þetta er ýmist örvarmynduð málmplata, hvít að lit í rauðri umgerð, eða rauðmáluð ör á hvítum grunni.

5. **Akið til vinstri** (eða hægri). Merki með þessari áletrun ásamt ör, sem vísar til vinstri (hægri), gefa til kynna í hvaða átt aka skal. Merki þetta er hringmynduð málmlata, rauð að lit með hvítri áletrun. 53
26. jan.
6. **Hættumerki (akið varlega)**. Merki þetta, sem víða sést meðfram þjóðvegum úti um land og varar öikumenn við beygjum og annarri hættu á veginum framundan, er einnig að finna hér í bænum. Það er réttur þríhyrningur að lögun, hvítt að lit í rauðri umgerð. Í miðjum þríhyrningnum er merki, sem líkist stafnum Z, skásettum, svart að lit.

B. Bannmerki.

1. **Allur akstur bannaður**. Merki með slíkri áletrun tákna algert bann við akstri, svo sem við gatnamót, þar sem bannað er að aka inn í götu sökum ákvarðana um einstefnuakstur. Merki þetta er hringlaga (eða ferhyrnd) málmlata, rauð að lit, áletruð hvítum stöfum.
2. **Bifreiðastöður bannaðar**. Merki þetta stendur þar, sem bifreiðastæði eru bönnuð. Það er ýmist hringlaga eða ferhyrnt að lögun. Stafir eru svartir á hvítum grunni. Áletrun er sums staðar: Bifreiðastæði bönnuð — eða Bifreiðastöður bannaðar beggja vegna götunnar. Til frekari skýringar eru svartar örvar á sumum þessara merkja, er vísa á bannsvæðið, til annarrar eða beggja hliða eftir aðstæðum.
3. **Bifreiðastöður takmarkaðar**. Á nokkrum götum í bænum hafa bifreiðastöður verið takmarkaðar við 15 mínútur alla virka daga frá kl. 9—19. Merki þetta er hringmyndað, gult að lit í rauðri umgerð, áletrað svörtum stöfum. Áletrun: 15 mín. kl. 9—19.
4. **Hjólreiðar bannaðar**. Merki þannig áletrað tákna bann við hjólreiðum. Það er ferhyrnt að lögun, hvítt að lit, en stafir svartir.
5. **Óviðkomandi akstur bannaður**. Merki með slíkri áletrun tákna bann við akstri annarra farartækja en þeirra, sem sérstaklega eru undanskilin, svo sem sorpbifreiða. Merkið er hringlaga, rautt að lit, áletrað hvítum stöfum.
6. **Bifreiðastæði bönnuð vegna strætisvagna**. Við biðstöðvar (viðkomustaði) strætisvagna eru merki, sem tákna algert bann við bifreiðastöðum báðum megin á götunni á 20 metra svæði. Merkið er ferhyrnt að lögun, blátt að lit með hvítum stöfum. Áletrun: S. V. R. Önnur bifreiðastæði bönnuð beggja vegna götunnar. 20 m (til nánari skýringar eru örvar, er vísa til beggja hliða).
7. **Ökuhraði**. Í samræmi við ákvarðanir um hámarksökuhraða í bænum og nágrenni hans hafa verið sett upp merki við akbrautir, þar sem skylt er að draga úr ferð ökutækja eða heimilt að auka hraðann. Merki þetta er hringlaga, hvítt að lit með rauðum stöfum. Áletrun: 25 km — eða önnur tala, sem segir til um, hversu hratt má aka (þ. e. hve marga kílómetra miðað við klukkustund).

C. Ýmis umferðarmerki.

1. **Bifreiðastæði**. Merki með þessari áletrun eru sums staðar við bifreiðastæði til leiðbeiningar vegfarendum. Þau eru ýmist ferhyrnd eða hringmynduð, hvít að lit með svörtu áletri. Víða eru hin merktu bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eingöngu og er það gefið til kynna með frekari áletrun á merkið, svo sem: Bifreiðastæði slökkvistöðvar, Bifreiðastæði lögreglunnar o. s. frv. Tákna merkið þá jafnframt bann við bifreiðastöðum annarra aðila en þeirra, sem sérstaklega eru tilgreindir. Á bifreiðastæðum, þar sem markaðir hafa verið ákveðnir reitir með gulum strikum, ber að leggja ökutækjum skipulega á hina afmörkuðu reiti innan gulu strikana.

53
26. jan.

2. **Aðeins fyrir strætisvagna.** Merki með slíkri áletrun tákna bann við umferð ökutækja annarra en strætisvagna. Merkið er hringlaga, rautt að lit með hvítum stöfum.
3. **Inn- eða útakstur** er táknaður með örvum eða hringlaga merkjum. Áletrun: Inn, Út, Innkeyrsla o. fl. eftir atvikum.
4. **Bann við bifreiðastöðum.** Bifreiðastöður eru bannaðar á götum, þar sem gangstéttarbrún hefur verið máluð rauð.
5. **Hálfstrikuð, gul lína.** Þar sem hálfstrikuð, gul lína hefur verið mörkuð í götu meðfram gangstétt ber bifreiðarstjórum að gæta þess vandlega að leggja bifreiðum einungis innan umræddrar línu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. janúar 1954.

Sigurjón Sigurðsson.

54
15. apríl

SAMÞYKKT

um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefur hreppsnefnd Flateyrarhrepps samþykkt á fundi sínum 2. apríl 1955, að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupsinsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og fram- lengingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h.f. austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir síldarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

55

16. apríl

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933,
varðandi gjaldskrá ljósmæðra.

Þóknun sú, sem ljósmæðrum ber minnst fyrir störf sín samkvæmt ákvæðum ljósmæðrareglugerðar nr. 103 23. okt. 1933, skal fyrir yfirsetustarf samkvæmt 24. gr. vera 70 krónur fyrir að sitja yfir og 25 krónur fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonu, nema þann dag, er hún tekur á móti barni, en 10 krónur fyrir hverja vitjun í kaupstað eða þéttbýli þar sem ljósmóðir býr; fyrir aukaverk samkvæmt 25. gr. 20 krónur.

Þessi breyting tekur þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 16. apríl 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

GJALDSKRÁ

56

19. apríl

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 90 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10.50 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 5.00 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélnotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.

- 56 2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli
19. apríl á 45 aura hver kwst.
- Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að tveim stundum um há-
degi og einni stund síðdegis.
3. Til fiskiðnaðar og heypurrkunar með fasttengdum vélum um kwst.mæli á 60
aura hver kwst.
4. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 600.00 á ári
fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs afls rafvéla og raftækja.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst.
Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum í sólarhring, en þó mest 1½
stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 11 aura hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 23.
3. Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó
getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra,
og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt
reglum, er gilda um leigu mæla.
 - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum raf-
veitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu,
og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mæli-
tækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.50 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 10.50 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan
vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir
raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera krónur 1500.00 fyrir
jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10 pro mill (tíu af þús-
undi) af brunamótamati hússins upp að kr. 500 000.00, en 5 pro mill af þeim hluta
brunabótaverðs, sem er yfir 500 000.00 kr.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati,
og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heim-
taugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu
heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að
12 mánuðum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur
verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínu heimtaugar meiri en 56 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en $3 \times 70 \text{ mm}^2$, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. 19. apríl

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hefur komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 15.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð aftur fyrir en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 17 7. febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. apríl 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

57

5. maí

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa fimm menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina. Hina nefndarmenn kys bæjarstjórn til eins árs í senn, og sé a. m. k. einn þeirra úr hópi bæjarfulltrúa og annar verkfræðingur í þjónustu bæjarins. Lögreglustjóri er formaður nefndarinnar.

57

5. maí

3. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með starfsemi þeirri og stofnunum, sem samþykkt þessi fjallar um. Hún hefur gát á, að ákvæði samþykktarinnar og ákvæði almennra laga og reglugerða um heilbrigðismálefni sé haldin. Hún hefur enn fremur eftirlit með öllu því, sem varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti á samþykktar-svæðinu.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa eftir tillögu heilbrigðisnefndar og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Hann er starfsmaður heilbrigðisnefndar og tekur laun úr bæjarsjóði.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, venjulega einu sinni í mánuði eða oftar, ef þurfa þykir. Þá skal kveðja nefndina til fundar, þegar héraðslæknir eða tveir nefndarmenn óska. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur skrá fundargerðir. Endurrit af þeim skulu send bæjarstjórn.

Nefndin kys fundarritara.

Formaður annast um, að fyrirmælum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir hennar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Ályktun bæjarstjórnar um slík ágreiningsefni má skjóta til heilbrigðismálaráðuneytisins.

6. gr.

Rétt er, að kvartanir, kærur og önnur erindi til heilbrigðisnefndar séu send heilbrigðisfulltrúa.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannaferi eða hjá einstaklingum, utan-húss eða innan.

Ályktanir og fyrirmæli nefndarinnar skulu að jafnaði tilkynnt skriflega þeim, sem þau varða, enda sé þar greinilega mælt fyrir um umbætur eða ráðstafanir, sem krafizt er.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlegar einhverjar þrifnaðar- eða heilbrigðis-ráðstafanir, sem kosta fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn. Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem ekki þola bið, en leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um heilbrigðismálefni má skjóta til heilbrigðismálaráðuneytisins.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttáð, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim. Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þriflegum, þ. á m. rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni eftir þörfum. 57

5. maí

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsum utan dyra í kaupstaðnum. Skal lóðareigendum þá skylt að annast á sinn kostnað, eftir fyrir-mælum nefndarinnar, þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfi-legs frests, er nefndin setur.

10. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, hræjum, fiskúrgangi, matarleifum, slori, rusli eða öðru því, er valdið getur óheilnæmi, óþef, óþrifnaði eða órþrýði, á lóð annars manns, í höfnina, í fjöruna eða annars staðar á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engu fleygja, er valdið geti stíflu.

Hver, sem brýtur ákvæði þessi, er skyldur að bæta tafarlaust úr á sinn kostnað.

11. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúið, að það geti eigi runnið niður, hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slíkt slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutning, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

12. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskiföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Á tún eða í garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Ákvæði þetta tekur þó ekki til hrossataðs, sauðataðs eða kúamykju. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað því um líkt skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefndur þykir þurfa.

Bæjarstjórn lætur koma fyrir kórform eða kössum undir rusl á torgum, götum eða öðrum þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

13. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzzl vatn úr vatnsveitu bæjarins, eftir því sem staðhættir leyfa.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins um hollustuháttu. Hún lætur rannsaka neyzzl vatnið, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim, ef henni þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Þar sem holræsi er í götu, skal húseigandi leggja nægilega víð og hallandi holræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skolp og regnvatn frá húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsum á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

57

16. gr.

5. maí Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsum, samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

17. gr.

Þar, sem við verður komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Heilbrigðisnefnd hefur ihlutunarrétt um, hvar skolpræsi eru lögð til sjávar.

18. gr.

Eigi má tengja holræsi frá húsum við holræsakerfi bæjarins nema bæjarverkfræðingur eða trúnaðarmenn hans hafi eftirlit með tengingunni og fyrirsögn þeirra sé hlýtt.

IV. KAFLI

Um salerni, sorphlát o. fl.

19. gr.

Á samþykktarsvæðinu skulu eingöngu notuð vantssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Ákvæði þetta tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útvinnu, enda megi þau eða önnur utanhússalerni ekki vera nær vatnsbóli en 15 m.

Almenningssalerni skulu gerð eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar og háð eftirliti hennar.

20. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorphlát úr málm. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið stærð þeirra og gerð. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorphlát þessi skal láta allt sorph, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ílátin tæmd a. m. k. vikulega. Bæjarstjórn lætur annast tæmingu og brottflutning sorpsins. Við hann skulu notaðir lokaðir vagnar. Bæjarstjórn getur og ákveðið að láta flytja sorphlátin sjálf á tæmingarstað, án þess að úr þeim sé steypt í vagna, ef hún telur það hentugra. Bæjarstjórn getur og ákveðið að leggja til sorphlát, enda má þá aðeins nota þau ílát. Greiðir húseigandi þá árlegt gjald fyrir hvert ílát eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn semur og ráðherra staðfestir.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, í samráði við bæjarráð, hvert flytja skuli sorph. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti óþrifnaður borizt þaðan til manabyggða.

V. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

22. gr.

Um stærð og loftrými íbúðarherbergja fer eftir ákvæðum byggingarsamþykktar.

23. gr.

Hverri íbúð skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni eða aðgangur að því í húsinu.
3. Baðklefi með baðtækjum, a. m. k. fyrir steypið.
4. Þvottahús eða aðgangur að því í húsinu.

24. gr.

57

Um íbúðir eða íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, svo og eftir ákvæðum byggingarsamþykktar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallara-herbergja til íbúðar.

25. gr.

Heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafizt viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er, og hannað þau hífýli, sem hún telur óhæf til íbúðar að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hvernar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miðað við 14. maí eða 1. október næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

26. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum, og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

VI. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisfulltrúa, ef vart verður veggjalúsar, kakalaka eða annarra þess háttar óprifa í húsum þeirra eða hífýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi, þar sem slíkra óprifa verður vart, fyrr en óprifunum hefur verið eytt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar hífýlum og í önnur, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óprifin berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óprifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað aðila, einnig sæti hann sektum samkv. 118. gr.

Rottu- og músagang í húsum, eða á lóðum, skal ætíð tilkynna heilbrigðisfulltrúa, og gerir hann þá ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem fõng eru á.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

28. gr.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala eða öðrum, sem tekur notaðan fatnað, rúm- fatnað eða þess háttar varning til sölu, að láta dauðhreinsa hann á þann hátt, er heilbrigðisfulltrúi mælir fyrir um.

57

5. maí

VII. KAFLI

Um gripahús, áburðargeymslu og geymslu húsdýra.

29. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram meiri háttar viðgerð á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

30. gr.

Búpening má ekki hafa í íbúðarhúsi. Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús á býlum utan við bæinn, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu að dómi heilbrigðisnefndar.

Þau skulu vera rúmgóð, hjört og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau. Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

Ekkert peninghús má reisa nær vatnsbóli en 15 m, enda halli ekki að því frá peningshúsinu.

31. gr.

Bann er lagt við opnum forum og áburðarhaugum á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum. Skal þannig um húsið, að ekki geti borizt frá þeim ódaunn eða óhreinindi og þau séu hættulaus mönnum og skepnum.

32. gr.

Ef annar búpeningur en kýr er hafður í fjósi, skal hver tegund gripa vandlega afkróuð.

Alifugla og svín má ekki hafa í fjósi, en skulu höfð á afgirtum svæðum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

Ekki má hafa loðdýrabú á samþykktarsvæðinu, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til.

33. gr.

Búfé má ekki ganga laust á götum bæjarins, nema gæzlumaður fylgi.

34. gr.

Hundahald er bannað, að undanteknum þarfahundum í sambandi við kvikfjárrækt.

VIII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks.

35. gr.

Um vinnustöðvar iðnaðar og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamanna-skýli o. þ. u. l., og tilhögun á þeim um þrífnað og heilbrigðis- og hollustuhætti, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um þau efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt 12. gr. þeirra laga). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 36. og 37. gr.

36. gr.

Þeir, sem hafa með höndum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, iðju eða iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðum, sem um ræðir í 35. gr., skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta jafnframt í té nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur heilbrigðisnefnd

krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að fyrirskipuðum reglum sé fullnægt, og veitir til þess hæfilegan frest.

57
5. maí

Enginn má taka húsnæði til iðju- eða iðnrekstrar, nema heilbrigðisnefnd samþykki.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skrá allar vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks á samþykktarsvæðinu og annast um, að skoðun á þeim fari fram, þegar henni þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári á hverri stöð.

Heilbrigðisfulltrúi skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann gerir aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og öðrum vinnustöðvum í umdæminu, og árita skoðunargerðina ásamt honum.

IX. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

38. gr.

Ekkert húsnæði má nota fyrir skrifstofu, lesstofu, afgreiðslustofu eða verzlunarbúð, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 rúmmetra loftrúm.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið meira loftrými, þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks.

Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu, hita og birtu.

Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en $\frac{1}{8}$ gólfplatar. Þegar unnið er við annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomulag og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega mikla og holla birtu.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, sem telja má jafnauðvelt að halda hreinu. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Purrka skal iðulega af öllum húgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhillum og þess konar og ryksjúga áklæði, vefnaðarvörustranga o. þ. u. l.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

X. KAFLI

Um geymslu söluvarnings.

39. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neyzluvörum, og um húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymuhúsi og kveðið á um meðferð vörunnar.

40. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrifalega umgengnar.

41. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða í vörum vart einhverra lifandi óþrifa, og skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisfulltrúa, sem gerir ráðstafanir til að eyða þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæðið, þangað til svo hefur verið gert.

Vanræksla tilkynninga varðar sektum samkv. 118. gr.

XI. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

42. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 1946 um fræðslu barna, og reglur, sem settar kunna að verða samkvæmt þeirri grein, og 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 31. des. 1939). Enn fremur skal gætt fyrir-mæla 43. og 44. gr.

43. gr.

Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

44. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema heilbrigðis-nefnd leyfi, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu eftir á.

XII. KAFLI

Um kirkjur og almenn samkomuhús.

45. gr.

Kirkjur og almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloft haldist sem hreinast. Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

46. gr.

Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum. Salerni fyrir karla og konur skulu aðgreind.

XIII. KAFLI

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru.

A. Almenn ákvæði.

47. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerð nr. 49. 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu-og nauðsynjavörum).

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

48. gr.

Um meðferð mjólkurvara fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr. og reglugerð nr. 157 4. sept. 1953 um mjólk og mjólkurvörur og reglugerð nr. 57 12. marz 1941 um framleiðslu og sölu á rjómais). Enn fremur skal gæta fyrirmæla 49. gr.

49. gr.

57

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd viður- 5. maí kennir.

Í mjólkurbúðum má aðeins hafa á boðstólum og fara með gerilsneydda mjólk. Hins vegar má heilbrigðisnefnd leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk milliliðalaust frá framleiðendum til neytenda á samþykktarsvæðinu, enda uppfylli framleiðandi öll skilyrði, sem sett eru í lögum og reglum, sbr. 48. gr. Aldrei má mjólk sú, sem á þennan hátt er seld, vera sambland mjólkur frá tveim eða fleirum framleiðendum (heimilum). Einnig er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur í matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Á slíkum stöðum má þó aðeins selja gerilsneydda mjólk.

Eigi má selja mjólk eða mjólkurvörur á götum úti nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

50. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr.), umfram það, sem hér verður greint.

51. gr.

Brauðgerðarhús, hökunarofnar og önnur tæki til brauðgerðar skulu að gerð og fyrirkomulagi háð samþykki heilbrigðisnefndar.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Í vinnustofum er öll tóbaksneyzla óheimil.

Brauðgerðarmenn skulu við vinnu sína bera hvítar, hreinar yfirhafnir og hvítar húfur og gæta ýtrasta hreinlætis í hvívetna.

Fólk, sem haldið er næmum sjúkdómum, eða er frá heimilum, þar sem næmir sjúkdómar eru, má ekki starfa við brauðgerð eða í brauðbúðum. Starfsfólk brauðgerðarhúsa eða brauðbúða skal hafa heilt og ósjúkt hörund. Því er skylt að sýna heilbrigðiseftirlitsmönnum heilbrigðisvottorð, þegar þess er krafizt.

Gólf skal hreinsa daglega, og veggj og loft skal mála eða kalka einu sinni á ári.

52. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðalaus vöru, nema í luktum skápum. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappir eða öðrum þvítikum umbúðum.

Afgreiðslufólk í brauðbúðum skal forðast að handfjatla vöruna, enda skal nota við afgreiðslu á kökum og öðru þess háttar þar til gerða spaða eða tengur. Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum.

Hillur, skápar og borð skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu hillur vera eigi minna en 1 cm frá vegg.

53. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsnaði sé sérstaklega til þess gert og annar útbúnaður við hæfi, enda komi þá sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til.

54. gr.

Heimabakaðar brauðvörur má því aðeins selja, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess, enda sé fyrirmælum hennar hlýtt um húsakynni, þrifnað og annað, er hún telur máli skipta.

57

5. maí

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni.

55. gr.

D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

56. gr.

Um slátrun og meðferð og sölu kjötvöru og sláturs fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr., svo og lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti og reglug. nr. 155 8. sept. 1949 um kjötmat o. fl.). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 57. og 58. gr.

57. gr.

Kjötþúðir skulu þannig gerðar, að ljósflötur glugga sé ekki minni en tíundi hluti gólfplatnar. Séð skal fyrir sérstakri loftræstingu auk glugga á hjörum. Gólf skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildu efni, að dómi heilbrigðisnefndar. Rás skal vera úr gólfi niður í skolpræsi. Veggir skulu lagðir flisum eða glerjaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað. Flisar eða glerjun skal ná a. m. k. 1.8 m frá gólfi. Inngangur skal vera í búðina beint frá götu.

Um hillur og skápa fer eftir 52. gr. Búðarborð skulu þannig gerð, að botn þeirra sé a. m. k. 15 cm frá gólfi. Þau skulu lögð gleri, marmara eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilt.

Ekki má geyma umbúðarlausar vörur á afgreiðsluborði, nema á fremri brún þess sé nægilega há brík úr gleri eða öðru efni til varnar því, að við vörunni sé snert eða andað á hana. Kjötþúðir skulu vera óupphitaðar.

Krókar eða stengur, sem ætlaðar eru til að hengja kjöt á, skulu vera úr gljáðum málmum eða hreinlegu efni og ekki nær vegg en svo, að kjöt það, sem þar hangir, snerti ekki vegg. Þar sem ekki eru sérstakar vélar til kjötskurðar, skulu fjalhögg vera úr hörðum viði.

Kjöt skal jafnan haft á hreinum hillum, borðum eða grindum, en aldrei á gólfi. Umbúðalausar vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skulu geymdar í glerskáp.

58. gr.

Hverri kjötþúð skal fylgja nægilega stór geymsluklefi með vatnsleiðslu, kæliklefi og kælikápur.

Geymsluklefinn skal gerður líkt og sölubúðin að öðru leyti en því, að veggir þurfa ekki að vera flísalagðir.

Úr kælrúmi má ekki vera rás niður í skolpræsi. Um starfsfólk kjötþúða gilda ákvæði 51. gr.

Í kjötþúðum má selja nýjan og reyktan lax og silung, síld, fiskfars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, osta, egg, harðfisk, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðrar matvörur, er heilbrigðisnefnd leyfir. Jafnan sé þess gætt, að vöurnar snerti ekki aðrar óvarðar vörur.

E. Um meðferð og sölu fisks.

59. gr.

Um meðferð og sölu fisks fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. 47. gr., svo og auglýsingu nr. 186 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr fiski). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 60.—64. gr.

60. gr.

57

Aldrei má selja til manneðis óslægðan fisk, óhreinan eða á annan hátt 5. maí skemmdan.

Ekki má selja fisk, ef hann hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur var liðinn, frá því að hann veiddist.

Þó er heimilt að selja óslægðar þær fisktegundir, sem venju samkvæmt eru seldar þannig, svo sem hrognkelsi.

61. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Fiskhjalla til þurrkunar á skreið má ekki setja upp nær íbúðarhúsnæði en 500 m, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

62. gr.

Aldrei má leggja fisk á götur, gangstéttir eða bryggjur, nema breitt sé undir hann. Fisk, sem fluttur er landveg til bæjarins, má ekki selja til manneðis, nema hann sé fluttur slægður og í kössum, sem taka mest 50 kg.

Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal það þá í heilu lagi. Breitt skal yfir fisk í flutningi.

63. gr.

Í fiskbúðum má ljósflötur glugga ekki vera minni en $\frac{1}{10}$ gólfafatar. Þar skal vera vatnsleiðsla, góð loftræsting og vatnshelt gólf, en rás úr gólfinu í skolpræsi.

Fiskur, sem hafður er á boðstólum, skal vera í trogum eða kössum. Aldrei má leggja fisk á gólf, og ýtrasta hreinlætis skal gætt í hvívetna.

Í fiskbúðum er einnig heimilt að selja niðursuðuvörur, sjöfugla, hval, sel og harðfisk, svo og aðrar matvörur, sem heilbrigðisnefnd kann að leyfa.

64. gr.

Fisksala undir beru lofti má aðeins fara fram á þeim stöðum, sem bæjarstjórn ákveður, og samkvæmt leyfi, er hún lætur í té. Fiskurinn skal seldur úr hreinlegum vögnum eða ílátum, sem auðvelt er að halda hreinum.

Hver fisksali skal hafa ílát með loki undir slóg og annan úrgang. Hann skal hreinsa sölustað vandlega, að lokinni sölu dag hvern.

XIV. KAFLI

Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

65. gr.

Um hvers konar veitingasölu og gistihúsaðald fer eftir lögum nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu, gistihúsaðald o. fl. með áorðnum breytingum, samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Enn fremur skal gætt fyrir mæla 66.—70. gr.

66. gr.

Sá, er æskir leyfis lögreglustjóra til þess að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar, enda má ekki hefja rekstur slíks veitingastaðar, fyrr en heilbrigðisnefnd telur hann fullnægja þeim kröfum, sem til hans ber að gera.

57

5. maí

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi. Þau mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loft-rúm komi á hvern gest og 3.4 m² gólfhlötur.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru efni, er jafngilt sé að dómi heilbrigðisnefndar. Gólf skulu þvegin a. m. k. einu sinni á dag. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Rúmfatnaður skal vel hirtur og laus við myglulykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjulín a. m. k. vikulega og ávallt, er nýjum gesti er vísað til sængur.

Veitingastofur skulu vera hjartar og loftgóðar og inngangur í þær greiður um anddyri.

68. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að fatageymslum, drykkjarvatni, nægilega mörgum handlaugum með hreinum handklæðum og sápu, salernum og baði, öllu innan húss, eftir því sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

69. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er í matsölu og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum (sbr. 47. gr.).

Eldhús skulu búin fullkomnum tækjum, til matreiðslu og uppþvottar. Bekkir, hillur, uppþvottaker, suðuáhöld, matar- og drykkjarilát og því um líkt skal heilt og þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Matar- og drykkjaráhöld skulu soðin eftir hverja notkun.

70. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

XV. KAFLI

Um baðhús, sundhús og sundstöðvar, íþróttahús og íþróttasvæði.

71. gr.

Baðhús skulu vera björt og rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Gólf og veggir í 1.8 m hæð skulu lagðir flísum eða öðru efni, er sé jafngilt að dómi heilbrigðisnefndar.

Í biðstofum og búningsklefum skal vera vel hjart, nægilega rúmgott og loft-ræsting og hiti í góðu lagi.

Biðstofur og herbergi starfsfólks eru undanþegin ákvæðum um flísalagningu. Baðker skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Um gufubaðstofur setur heilbrigðisnefnd sérstakar reglur.

72. gr.

Sundlaugar allar skulu vera steinsteyptar og vel sléttar innan.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m. Skal svo um búíð, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast fyrir kringum hana.

73. gr.

Sundlaugarvatn skal vera hreint. Skipt skal um vatn og laugarnar hreinsaðar nægilega oft og aðrar ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, gerðar, til þess að verjast miklum gerlafjölda í vatninu.

74. gr.

Hæfilega mörg steypiböð skulu fylgja hverri sundlaug, og hver sundlaugarnotandi sápuþvo sig, áður en hann fer í laugina. Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að a. m. k. 3.5 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1.9 m² á hvert barn.

57

5. maí

75. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, sem gerir viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, á meðan rannsókn eða sótthreinsun fer fram.

76. gr.

Starfsfólk við baðhús og sundlaugar sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Gæta skal það fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

77. gr.

Búnings- og baðklefa, biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta daglega eða oftár, ef þurfa þykir.

78. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skál þess einkum gætt, að ekki sé hætta á, að vatnið (sjórinna) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða þvílíku.

79. gr.

Við hverja sundlaug skulu vera tiltæk björgunartæki, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra, um kunnáttu starfsfólks, um björgun og lífgunartilrunir og um ráðstafanir til að afla skjótrar læknishjálpar.

80. gr.

Íþrótt- og leikfímihús skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k. 1/6 gólf-
flatar), rúmgóð og hæfilega upphituð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu.

Aldrei má nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

81. gr.

Íþróttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrifaleg séu og sem minnst ryk eða önnur óþrif berist frá þeim. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum. Jafnan skulu fylgja þeim búningsklefar og steypiböð.

82. gr.

Útileikvellir barna skulu háðir eftirliti heilbrigðisnefndar, og setur hún um þá sérstakar reglur. Ekki skulu fleiri börn um hvern völl en svo, að 7 m² a. m. k. komi á hvert barn. Af leikvelli skal vera gengt beint á salerni, og séu eigi fleiri en 40 börn um hvert. Á leikvöllum skal vera drykkjarvatn, og skal vatnshanaútbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með munni, þegar drukkið er.

83. gr.

Í öllum þeim stofnunum, sem í þessum kafla getur, eða eru í sambandi við þær, skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og þvottaskálar. Skulu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

XVI. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.

84. gr.

Hver, sem setja vill á stofn fyrirtæki þau, er í kafla þessum greinir, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd og uppfylla þau skilyrði, er hún setur um búnað og hreinlæti.

85. gr.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur skulu vera bjartar og rúm-góðar með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

86. gr.

Starfsfólk skal í hvívetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinni, hvítri yfirhöfn. Það sé ekki haldið næmum sjúkdómi, og skal það láta lækni rannsaka heilsufar sitt a. m. k. einu sinni á ári og fá vottorð hans um.

87. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

88. gr.

Hnífa, skæri, klippur, greiður, bursta og önnur slík áhöld skal vandlega hreinsa eftir hverja notkun. Ætíð skal nota hreina dúka og hrein handklæði við hvern gest, og á höfuðbrík stóla skal jafnan vera pappír, er endurnýist eftir hvern gest.

XVII. KAFLI

Um sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

89. gr.

Um sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir og búnað þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. l. nr. 93 31. desember 1953). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 90.—94. gr.

90. gr.

Sá, er óskar leyfis ráðherra til að setja á stofn eða reka sjúkrahús eða aðra heilbrigðisstofnun, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar, enda má ekki hefja rekstur slíkrar stofnunar, fyrr en heilbrigðisnefnd telur hana fullnægja þeim kröfum, sem til hennar ber að gera.

91. gr.

Heimtaugargjöld til Rafveitu Gerðahrepps skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húsa, teningsmetrar:	Heimtaugargjald:	
	Loftlína:	Jarðstrengur:
Allt að 99 m ³	kr. 1 000.00	1 500.00
100 m ³ til 199 m ³	— 1 200.00	1 800.00
200 m ³ — 299 m ³	— 1 900.00	2 755.00
300 m ³ — 399 m ³	— 2 000.00	2 900.00
400 m ³ — 499 m ³	— 2 200.00	3 080.00
500 m ³ — 599 m ³	— 2 400.00	3 360.00
600 m ³ — 699 m ³	— 2 600.00	3 510.00
700 m ³ og yfir	— 3 000.00	4 050.00

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. — Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

83

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr.20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps, nr. 43 6. marz 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

84

fyrir vatnsveitu Búðakauptúns.

20. maí

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps hefur einkaleyfi til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Búðakauptúni.

2. gr.

Vatnsveitan er eign Búðahrepps, og öll framkvæmdastörf, er hana varða, annast vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd, til fjögurra ára í senn.

3. gr.

Vatnsveitunefnd er skipuð þrem mönnum, auk sveitarstjóra eða oddvita, sem er formaður nefndarinnar. Nefndin annast viðhald og endurbætur á vatnsveitunni, undir yfirstjórn hreppsnefndar, sem hefur úrskurðarvald í öllum málefnum, er veituna varða.

4. gr.

Skrifstofa Búðahrepps sér um innheimtu vatnsskatts og annast fjárreiður og reikningshald veitunnar.

5. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um kauptúnið, svo víða sem fært þykir. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagdir.

84

20. maí

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verks. Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

7. gr.

Vatnsveitunefnd eða manni í umboði hennar, er heimilt að fara um hús og lóðir manna, þar sem vatnsæðar liggja, til að athuga þær og tæki þau, sem í sambandi við þær eru. Þyki honum útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella má láta gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

Loka má fyrir vatn, meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða leiðslum vatnsveitunnar, enda skal það tilkynnt sé þess nokkur kostur.

8. gr.

Af öllum húsum í Búðakauptúni, sem metin eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, skal greiða vatnsskatt. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

9. gr.

Af öllum húsum í Búðahreppi, sem svo er ástatt um, sem getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt að upphæð 2% af fasteignamatsverði og kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fast gjald að auki af einbýlishúsi. Þó skal lágmarksupphæð skatts af hverju íbúðarhúsi vera kr. 150.00 — eitt hundrað og fimm tíu krónur — og hámarksupphæð vera kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —.

Séu tvær íbúðir eða fleiri í sama húsi, greiðist kr. 75.00 — sjötiu og fimm krónur — fyrir hverja íbúð umfram eina.

Tengigjald er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur —.

10. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn til skipa kr. 12.00 af smálest, þó aldrei lægra en kr. 30.00 í senn.
- b. Af hverri smálest af mjöli í verksmiðju kr. 10.00.
- c. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- d. Af kælivatni til véla samkv. vatnsmæli kr. 0.90 á smálest af fyrstu 1000 smálestunum, en kr. 0.50 eftir það, sé notkun meiri.
- e. Af hverri frystri sildartunnu kr. 0.50.
- f. Af hverri saltaðri sildartunnu kr. 0.50.
- g. Af hverri smálest af frystum ís kr. 2.00.
- h. Af hverri smálest af þvegnum saltfiski kr. 1.00.
- i. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi kr. 0.25.
- j. Árgjaldið af bifreið kr. 50.00.
- k. Árgjald af hverjum nautgrip kr. 20.00.

Fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin, greiðist hverju sinni eftir samkomulagi.

11. gr.

84

Gjöld samkvæmt ofanskráðri reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað 20. maí um allt að 50%, ef þurfa þykir, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Vatnsskatt, sem miðaður er við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram.

13. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns.

Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

85

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

9. júní

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10.50 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald, kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

- 85** Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, 9. júní og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli kr. 1.10 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforku til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra, þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Alla raforku, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 3.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.50 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 10.50 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 15.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveitu, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| 1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug | kr. 800.00 |
| 2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug | — 1000.00 |

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 12.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húss og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 23. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur, nr. 84 16. apríl 1952.

Atvinnuáráðuneytið, 9. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Hofsóss.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Hofsóss er fyrirtæki, sem Hofsóshreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign sveitarsjóðs Hofsóshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hofsóss, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Hofsóss aflar raforku til almenningsþarfa á Hofsósi með því að vinna hana í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitusvæði rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hofsóshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsnefnd ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Hofsóss hefur einkarétt til sölu á raforku beint til notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. — Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Hofsóshrepps er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórn skal falin rafveitunefnd, ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Hofsóss hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. — Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarkerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlit ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Hofsóss selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrifasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig

86 með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni.
 10. júní Skál í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skál húseigandi greiða kostaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þáttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Hú sveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Hofsósi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

86

10. júní

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsaveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Hofsóss.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/- 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/- 5\%$, en rafveitan annars.

86
10. júní

Hafi kwst.mælir sýnt $+/\div 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði, að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla

lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum 86 eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í 10. júní húsnaði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

10. júní *Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni eða lögum nr. 12/1946, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og 86 raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar 10. júní í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hofsóss.

87

11. júní

I. RAFORKA

Rafveita Hofsóss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 3.50 kr. hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli, þannig reiknað:

- | | |
|---|---------------------|
| a. Grunngjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 10.00 á mánuði. |
| b. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð | — 10.00 — — |
| c. Orkugjald af allri notkun | — 0.90 — kwst. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst. Minnsta árgjald skal vera kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst., og annast rafveitan þá viðhald lýsingarkerfisins.

E. Önnur notkun.

Þegar sérstaklega stendur á, er stjórn rafveitunnar heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÉIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

87	1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.
11. júní	2. — þrífasa mælum 25 amp. og minni	— 3.00 — —
	3. — þrífasa mælum 25 til 50 amp.	— 5.00 — —
	4. — þrífasa mælum 50 til 70 amp.	— 7.00 — —
	5. — þrífasa mælum 70 amp. og yfir	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Rafveitu Hofsóss, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í teningsmetrum:		Heimtaugargjald:
Frá	0 allt að 100	kr. 500.00
—	100 — — 150	— 575.00
—	150 — — 200	— 650.00
—	200 — — 250	— 725.00
—	250 — — 300	— 800.00
—	300 — — 350	— 900.00
—	350 — — 400	— 1 000.00
—	400 — — 450	— 1 100.00
—	450 — — 500	— 1 200.00
—	500 — — 550	— 1 300.00
—	550 — — 600	— 1 400.00
—	600 — — 650	— 1 500.00
—	650 — — 700	— 1 600.00
—	700 — — 750	— 1 700.00
—	750 — — 800	— 1 800.00
—	800 — — 850	— 1 900.00
—	850 — — 900	— 2 000.00
—	900 — — 1000	— 2 200.00
—	1000 — — 1100	— 2 400.00
—	1100 — — 1200	— 2 600.00
—	1200 — — 1500	— 3 000.00
—	1500 — — 1750	— 3 500.00
—	1750 — — 2000	— 4 000.00
—	2000 — — 2250	— 4 500.00
—	2250 og yfir	— 5 000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 mm² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé strengur ekki gildari en 3×70 mm² eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðarskúr á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðar lögð jarðlína í stað loftlínu, greiði húseigandi það, er á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD

87

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

11. júní

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

88

um fuglaveiði í Grímsey.

13. júní

1. Svartfugl (álku, stuttnefju, langvíu) er heimilt að veiða á snörufleka í Grímsey, á tímabilinu frá 15. maí til 20. júní.
2. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að aldrei séu flekar yfirgefnir næturlangt.
3. Að aldrei sé einstakur fugl (bandingi) notaður til að lokka aðra fugla að flekunum.
4. Að fylgt sé þeirri reglu, sem tíðkæzt hefur, að fara eigi lengra frá flekunum en svo, að til þeirra sjáist, svo að unnt sé að hirða fuglinn jafnóðum og hann festist, að svo miklu leyti sem unnt er.
5. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, samkvæmt 33. gr. fuglafriðunarlaganna, nr. 63 frá 22. apríl 1954.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir til 1. marz 1956.

Menntamálaráðuneytið, 13. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um fuglaveiði í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Í Vestmannaeyjum skal lundi algerlega friðaður, bæði á Heimalandi, þar með-talinn Heimaklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum, nema á tímabilinu frá og með 11. viku sumars og þar til 17 vikur eru af sumri. Engin önnur veiðitæki má nota við lundaveiðar en lundaháf.

2. gr.

Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja og álka, friðaður fyrir öllum öðrum veiðitækjum en háf, og veiði þeirra fugla aðeins leyfileg til jafnlengdar lundaveiðum.

3. gr.

Öll skot eru bönnuð í Vestmannaeyjum á tímabilinu 1. maí til 1. sept. ár hvert, nema til að aflífa búpening og til að eyða kjóa, svartbaki (veiðibjöllu) og hrafni í og við nytjuð fuglabjörg og til annarra brýnna nauðsynja. Einnig eru öll skot bönnuð í Vestmannaeyjum nær nytjuðum fuglabjörgum en 2 km á nefndu tímabili.

4. gr.

Þar, sem legið er við til lundaveiða í Vestmannaeyjum, skulu lundaveiðimenn taka grassvörðinn af a. m. k. 10 nýjum lundaholustæðum, hver maður á þeim stað, er fyrirliði hvers viðlegufélags álitur heppilegastan með tilliti til nývarps.

5. gr.

Hver sameign jarða eða séreign skal í upphafi lundaveiðitímans, í samráði við fuglaveiðimenn og fyrirliðakosningu þeirra innbyrðis, kjósa umsjónarmann, sem sjái um, að veiðisamþykkt þessari og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63 21. apríl 1954, sé framfylgt og hlýtt í hverju veiðimannafélagi.

6. gr.

Með brot gegn fuglaveiðisamþykkt þessari skal farið samkvæmt refsíákvæðum laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63 21. apríl 1954, VI. kafla, er gengu í gildi 1. janúar 1955.

7. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

90

15. júlí

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur eru bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. *Vonarstræti*, frá Tjarnargötu að Suðurgötu.
2. *Suðurgötu*, frá Vonarstræti að Túngötu.
3. *Tryggvagötu*, sunnan megin götunnar frá Kalkofnsvegi að Pósthússtræti.
4. *Vesturgötu*, sunnan megin götunnar frá Aðalstræti að Grófinni.
5. *Naustunum*, austan megin götunnar frá Hafnarstræti að Tryggvagötu.
6. *Á akbrautum hringtorga* í bænum.
7. *Lækjargötu*, við eyjarnar, sem skipta götunni í tvær akbrautir.

Bifreiðastöður eru takmarkaðar við 15 mínútur kl. 9—19 alla virka daga á eftirgreindum stöðum:

Lækjargötu, vestanmegin götunnar frá Vonarstræti að Austurstræti.
Tryggvagötu, sunnan megin götunnar að Ægisgötu.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. júlí 1955.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

91

20. júní

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags	kr. 200.00
2.	— — um skrásetningu firma	— 60.00
3.	— — um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 60.00
4.	— — um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 60.00
5.	— — um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 15.00
6.	— uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 150.00
7.	— fjármark	— 20.00
8.	— auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ...	— 5.00
9.	— innköllun, þrjár birtingar	— 150.00
10.	— auglýsingu um skiptafund	— 60.00

Gjaldskytt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 7 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

91 Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1955. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing 20. júní frá 11. marz 1946, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

92 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjóðhildarsjóð, útgefin á venjulegan 22. júní hátt af dómsmálaráðherra ad mandatum 22. júní 1955.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjóðhildarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þjóðhildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er eftirlátnar eignir Þjóðhildar Þorvaldsdóttur frá Leikskálum, er andaðist 5. júní 1953, en eignum dánarbúsins var öllum komið í peninga og eru við árslok 1954 kr. 11858.12, sem ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu.

3. gr.

Samkvæmt arfleiðsluskrá Þjóðhildar heitinnar verður stjórn sjóðsins þessi: sýslumaðurinn í Dalasýslu, prófasturinn í Dalaprófastsdæmi og héraðslæknirinn í Búðardalshéraði. Sýslumaðurinn er formaður sjóðstjórnar og féhirðir sjóðsins.

4. gr.

Hálfum vöxtum sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 15000.00, og síðan níu tíundu vaxtanna, má verja til styrktar fátækum sjúklingum í Dalasýslu, þeirra, er þurfa að leita sér lækninga á spítulum eða sérlækningastofnunum. Sjúklingar úr Suðurdölum, Hörðudal, Miðdölum og Haukadal, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um styrki þessa og þeir einir hljóta þá, sem ekki eru á sveitarframfæri. Áður en sjóðstjórnin úthlutar styrkjunum, skal hún gefa sóknarpresti Suðurdalapinga kost á að leggja fram til-lögur um skiptingu styrkjanna.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu og skulu ársreikningar hans sendir eftirlitsmönnum opinberra sjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

93

22. júní

um breyting á samþykkt fyrir Vatnafélag Mýrahrepps, Austur-Skaftafellssýslu,
nr. 206 4. des. 1951.

10. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

Auglýsing þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

94

23. júní

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Fjármálaráðuneytið hefur, með hliðsjón af heimild í athugasemdaákvæðunum í upphafi XV. flokks tollskrár, ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindri vöru þannig, að gjöldin af henni verði eins og að neðan greinir, og að hún flokkist þannig:

Tollskrá:

Kaflí Nr.

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
66	11—(1) Túbur úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	1 kg	7	8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 92/1954, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1955.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sigurður Áskelsson.

95
28. júní

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélag Borgarhafnarhrepps.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Borgarhafnarhrepps. Heimili þess og varnarþing er Borgarhafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að varna Steinavötnum og Staðará að ganga á aðliggjandi jarðir að austan og vestan, og að veita þeim að væntanlegum brúarstæðum. Félagið getur aukið starfs svið sitt ef meiri hluti félagsmanna er því samþykkur.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Kálfafells I, II og III, Breiðabólstaðar I, II, III og IV, er liggja að vatnasvæði Steinavatna og Leitis, Kálfafellsstaðar, Jaðars, Brunnavalla og Brunna, er fyrir ágangi verða ýmist eða bæði af Steinavötnum og Staðará. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar atvinnuáráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaganna.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og aðrir 3 í varastjórn, er kosnir skulu til þriggja ára í senn, og gengur einn úr á ári eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar framlagður endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta mætttra atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta mætttra atkvæða. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef þörf krefur, en skylt, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur framangreindra jarða og gildir eitt atkvæði fyrir hverja landeign.

Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitarfunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. Skylt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundargerðir félagsfunda.

6. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni, eftir mati 3 manna, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skipting kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna, og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum. Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi, og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

7. gr.

95

Formaður félagsstjórnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um að gert verði við bilanir svo fljótt, sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutun formanns og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu á vegum félagsins fyrir verkamenn, hesta, bifreiðar og önnur vinnutæki.

8. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki. Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til umbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur, ef ástæður leyfa og fé er fyrir hendi.

10. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða allt að kr. 1500.00 sektum, er renna í félagssjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

96

28. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 7. jan. 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupþún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

Orðin „kol“ og „salt“, í 1. flokki vörugjaldskrár reglugerðarinnar, falli niður. Nýr flokkur, sem verður 16. flokkur, komi í vörugjaldskrána, á eftir 15. flokki, svo hljóðandi:

16. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hver 100 kg:
Kol og salt.

2. gr.

14. flokkur vörugjaldskrár reglugerðarinnar orðist svo:

14. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Lýsi, sundmagi, skreið, fiskroð, niðursoðinn fiskur, hraðfrystur fiskur, reyktur fiskur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

97

28. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Seyðisfjarðar.

Ræktunarsamband Seyðisfjarðar gerir á grundvelli gildandi laga svofellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Samþykktin nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Seyðisfjarðarkaupstaðar og Búnaðarfélags Seyðisfjarðarhrepps innan Búnaðarsambands Austurlands.

2. gr.

Tilgangurinn með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til hvers konar ræktunar eftir því sem nauðsyn krefur.
2. Að framkvæma sléttun túna, sem ekki eru þegar véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðsráðunautar. Tilgangi sínum hyggst sambandið að ná með því að afla sér nauðsynlegra véla og áhalda.

3. gr.

97

Aðalfundur sambandsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Sæti á honum eiga allir meðlimir búnaðarfélaganna. Atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi hafa skuldausir félagsmenn í búnaðarfélagunum, aðrir ekki.

28. júlí

Aðalfundur skal haldinn fyrir apríllok ár hvert.

4. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skal skipuð þremur mönnum kosnum í fyrsta sinn á stofnfundi sambandsins og síðan skal kosinn einn maður í stjórnina árlega á aðalfundi sambandsins. Skal varpa hlutkesti um, hverjir ganga eiga úr fyrstu tvö árin.

Árlega skal kjósa einn mann til vara, sem taki sæti í forföllum einhvers stjórnanda. Stjórnin skiptir með sér verkum sjálf.

5. gr.

Stjórn Ræktunarsambands Seyðisfjarðar annast allar framkvæmdir, um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við Vélaneftnd ríkisins. Skytt er að tryggja vélar og áhöld fyrir kostnaðarverði á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn sambandsins skal sjá um reikningshald þess.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal reikningsskilum það tímanlega lokið, að endurskoðun geti farið fram fyrir aðalfund sambandsins.

7. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðendur sambandsins. Skulu þeir vera tveir og félagsmenn í búnaðarfélagunum. Skulu þeir kosnir í fyrsta sinn á stofnfundi, en síðan á víxl einn á hverjum aðalfundi. Skal hlutkesti ráða í fyrsta sinn hvor gengur úr.

Endurskoðendur skulu sannprófa reikninga sambandsins og bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

8. gr.

Beiðnir um vinnu skulu komnar til stjórnar ræktunarsambandsins það tímanlega, að stjórnin geti skipulagt vinnuáætlun fyrir yfirstandandi ár. Beiðninni skal fylgja greiðsluskuldbinding, sem stjórnin tekur gilda.

9. gr.

Heimilt er stjórn sambandsins að taka að sér verk hjá öðrum aðilum, ef ekki eru nauðsynleg aðkallandi verkefni fyrir hendi hjá meðlimum sambandsins, og að það brýtur ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

10. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 300 000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —.

Stofnsjóður myndist þannig:

1. Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, leggi fram $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins, sjötíu og fimm þúsund krónur, og eru framlög þessi óendurkræf.
2. Fjórtíu hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.
3. Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem sambandið kaupir samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Framlög þessi renna í stofnsjóð jafnóðum og framlög eru greidd til vélakaupa.

- 97 4. Frjáls framlög frá einstaklingum eða öðrum.
28. júlí 5. 5% af árlegum brúttótekjum sambandsins.

11. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla á vinnulaunum, viðhald og geymsla, kostnaður véla, kostnaður við flutning áhaldna og véla milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður. Og að auki 5% af vinnslukostnaðinum.

12. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytingar á samþykkt þessari frá búnaðarfélagunum eða framkvæmdarstjóra, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til búnaðarfélaganna, er að samþykktinni standa, til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmaður aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með a. m. k. $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

14. gr.

Að öðru leyti fer um starfrækslu sambandsins og annað, er því við kemur, eftir gildandi lögum og reglugerðum.

15. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, þegar hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júlí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

98

9. ágúst

fyrir íbúðalán veðdeildar Landsbanka Íslands.

1. gr.

Tilgangur íbúðalána veðdeildar Landsbanka Íslands er að veita löng lán gegn veði í nýjum íbúðum.

2. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf) til handhafa, sem nafnskrá má í bókum hennar. Vaxtabréf þessi skulu vera tvenns konar, þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og venjulegum afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, með föstum vöxtum, en afborganir háðar vísitölu framfærslukostnaðar. Eigi má gefa út meira af A-flokkum en 160 millj. kr. og eigi meira af B-flokkum en 40 millj. kr. Upphæð vaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd og í stærðum, sem stjórn veðdeildarinnar ákveður. Skal stjórn Landsbankans undirrita bréfin. Vaxtabréf þessi og vextir af þeim skulu eigi framtalsskyld, og skulu þau vera skattfrjáls með öllu. Í vaxtabréfunum skal vera útdráttur úr gildandi reglugerð fyrir bréfin.

3. gr.

Veðdeildarflokkar þessir skulu undanþegnir tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo skulu þeir eiga rétt á að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfa sig. Vaxtabréf A-flokka skulu nefnd íbúðalánabréf veðdeildar Landsbanka Íslands, og skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að skipta þeim í flokka eftir því, sem hún telur best henta, og einkenna þá þannig, að 1. flokkur nefnist A-flokkur nr. 1 o. s. frv. í áframhaldandi töluröð.

Af íbúðarlánabréfum skal á ári hverju greiða 7% vexti, og skulu bréfunum fylgja vaxtamiðar til minnst 25 ára. Vaxtabréfin skulu innleyst á 25 árum í hlutfalli við afborganir og endurborganir, sbr. ákvæði 23. gr. hér að aftan.

4. gr.

Vaxtabréf B-flokks skulu nefnd vísitölubréf veðdeildar Landsbanka Íslands, og skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að skipta þeim í flokka, eftir því sem hún telur best henta, og einkenna þá þannig, að 1. flokkur nefnist B-flokkur nr. 1 o. s. frv. í áframhaldandi töluröð.

Af vísitölubréfunum skal árlega greiða 5½% vexti, og skulu bréfunum fylgja vaxtamiðar til minnst 15 ára.

Þegar hafin er útgáfa nýs flokks vísitölubréfa, skal sú vísitala framfærslukostnaðar, sem þá er í gildi, skráð á bréfin sem grunnvísitala þeirra. Bréfin skulu innleyst á 15 árum í hlutfalli við endurgreiðslur og afborganir samsvarandi lána, sbr. 23. gr., og skulu þau innleyst með nafnverði að viðbætti þeirri framfærsluvísitöluhækkun, sem orðið hefur frá grunnvísitölu þeirra til vísitölu næsta októbermánaðar á undan útdrætti. Lækki vísitalan, skal þó aldrei endurgreiða lægri upphæð en nafnverð bréfanna.

5. gr.

Verði breytingar gerðar á grundvelli framfærsluvísitölu kauplagsnefndar, á meðan vísitölubréfin eru útistandandi, skal skipuð þriggja manna nefnd til að úrskurða, hvernig reikna skal milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Einnig skal nefndin úrskurða öll vafaatriði, er rísa kunna vegna breytinga á útreikningi fram-

98 færsluvisitalna. Í nefndinni skulu sitja þrír menn, einn tilnefndur af hæstarétti, annar af Landsbanka Íslands og hagstofustjóri hinn þriðji, sem skal vera formaður nefndarinnar.

6. gr.

Vextir af vaxtabréfum A- og B-flokka skulu greiddast einu sinni á ári, hinn 1. marz, gegn afhendingu tilsvarenda vaxtamiða. Vaxtamiðar, sem gjaldfallnir eru, skulu innleystir í Landsbankanum í Reykjavík og útibúum hans.

Sú vísitöluhækkun, sem greidd kann að verða á vísitölubréf veðdeildarinnar, skal reiknast til skatts eftir sömu reglum og um vexti væri að ræða, hvort heldur um vaxtabréfseiganda eða skuldara er að ræða.

7. gr.

Auk veðskuldabréfa viðkomandi veðdeildarflokka skal trygging fyrir vaxtabréfunum vera:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—2, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan greinir.

8. gr.

Leggja skal í varasjóð hins almenna veðlánakerfis það, sem hér skal greint:

- a. Árlegan tekjuafgang ofangreindra veðdeildarflokka, svo og tekjuafgang af erlendum lánum, sem veðdeildin kann að taka til íbúðarlána.
- b. Afborganir og vexti af lánum, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.
- c. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
- d. Lántökugjald af lánum þeim, er veðdeildin kann að veita samkvæmt lögum nr. 88/1955.
- e. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

Skal varasjóður íbúðalána vera í vörzlum veðdeildarinnar.

9. gr.

Til útlána á vegum greindra veðdeildarflokka kemur:

- a. Fé það, sem aflast með sölu greindra vaxtabréfa.
- b. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánum hennar.
- c. Fé varasjóðs samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar.

10. gr.

Eigi mega veðdeildarflokkar þessir veita A-lán nema eftir úthlutun húsnæðismálastjórnar. Þó skulu sparisjóðir þeir eða lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf deildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarenda lán.

Lánnum í vaxtabréfum má aðeins úthluta með samþykki veðdeildarinnar. Einnig skal veðdeildin hafa fullnaðarákvörðun um það, hverjir fullnægi hinum venjulegu formskilyrðum til lántöku.

11. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána eftirtöldum aðilum:

- a. Byggingarsjóði, þó aðeins á þann hátt, að viðkomandi lán sé tekið í samræmi við 16. gr. laga nr. 35/1946 eða tilsvarenda lagaákvæði, er síðar kunna að vera sett um þetta efni.

- b. Byggingarsjóði verkamanna, þó aðeins á þann hátt, að viðkomandi lán sé tekið 98 í samræmi við 4. tölul. 3. gr. laga nr. 36 frá 1952 eða tilsvarendi lagaákvæði, er síðar kunna að verða sett um þetta efni. 9. ágúst
- c. Öðrum aðilum gegn veði í íbúðarhúsum, einstökum íbúðum og meiri háttar viðbyggingum, enda fylgi þá hverju einstöku veði örugg lóðarréttindi.

Byggingarsjóði og Byggingarsjóði verkamanna skulu veitt A- og B-lán í sömu hlutföllum og öðrum aðilum á sama tíma. Tilskilið er, að veð fyrir láni sé nýbygging, sem ekki var tekin í notkun fyrir 20. maí 1954. Í þessu sambandi skal húsnæði því aðeins talið íbúð, að það geti talizt sjálfstæð íbúð, þ. e. hafi sérstakt eldhús, aðgang að þvottahúsi, salerni o. s. frv., svo og hlutfallsleg afnot og umráð af tilheyrandi lóðarréttindum.

Meiri háttar viðbyggingar skulu í þessu sambandi í fyrsta lagi taldar byggingar, er skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir, enda þótt nokkur hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu, og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um að minnsta kosti 25 m² gólfplöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar og ekki stærri en 80 m².

Ávallt skal það tilskilið, að veðið fullnægi gildandi byggingarsamþykkt viðkomandi sveitarfélags, þar sem hún er fyrir hendi, og sé á stað, þar sem auðvelt er að sækja til almennrar atvinnu.

12. gr.

Samanlögð A- og B-lán mega aldrei nema meira en $\frac{2}{3}$ hlutum af virðingarverði veðsins og þó aldrei meira en sem nemur 100 þús. kr. á hverja íbúð. Verðmæti veðs í þessu sambandi skal aðeins talið nýbyggingin sjálf án lóðar eða eldri byggingar.

Hlutfallið milli upphæðar A-láns og B-láns skal yfirleitt vera 5 á móti 2. Þó skal heimilt að víkja frá þessu hlutfalli, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkar þessir taka að veði, skulu metnar af virðingarmönnum veðdeildarinnar, þar sem þeir eru starfandi. Ella skulu tveir óvilhallir dómkvaddir menn eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra meta, en þó skal veðdeildinni heimilt, er henni finnst ástæða til, að tilnefna menn þessa eða láta matsmenn sína endurskoða mötin. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund hafa í kaupum og sölum, þó aldrei herra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið. Skal hverju einstöku veði lýst nákvæmlega, tilgreina stærð, flatarmál og rúmmál, hversu mörg herbergi, hvað veðinu fylgir og á hvaða tíma það hefur verið tekið til notkunar, svo og stærð lóðar og afnot af henni.

14. gr.

Eigi má veita A-lán nema gegn 1. eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi B-láni, er deildin veitir, en hins vegar skal heimilt að veita B-lán gegn 1. samhliða veðrétti samhliða A-láni úr deildinni eða 2. veðrétti næst á eftir 1. veðréttar láni, sem veitt er á sama hátt og A-lán deildarinnar.

15. gr.

A-lán má veita til allt að 25 ára, og skal það vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% vöxtum. B-lán má veita til allt að 15 ára, og skal það endurgreitt með jöfnum árlegum afborgunum, að viðbætti vísitöluhækkun, en vextir af því skulu vera 5½% af grunnupphæð lánsins.

Tillag til rekstrarkostnaðar og varasjóðs er ¼% á ári af upphæð lánsins, eins og það er fyrir hvern gjalddaga, og skal í þessu efni gilda sama regla um A-lán og B-lán.

98

9. ágúst

Lán þau, er veðdeildarflokkar þessir veita, skulu greidd í peningum á nafnverði, allt að frádregnum gjöldum við lántökuna samkvæmt reglum deildarinnar. Þó skal heimilt að greiða lánin í vaxtabréfum, ef lántaki er því samþykkur.

16. gr.

17. gr.

Deildin skal veita A-lán til nýbyggingar húsnæðis, þegar byggingin er komin svo langt áleiðis, að hún samkvæmt mati geti talizt öruggt veð fyrir láninu.

18. gr.

Til þess að fá lán úr veðdeildarflokkum þessum, verður að fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a. Sé um A-lán að ræða, skriflega úthlutun um lánveitinguna frá húsnæðismálastjórn eða tilnefningu frá sparisjóði eða lifeyrissjóði, er tekur vaxtabréf deildarinnar (sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar).
- b. B-lán skulu þeir hafa rétt til að fá, sem fengið hafa A-lán, sem uppfylla skilyrði þau, sem greint er frá í 19. gr.
- c. Útvega virðingargerð í samráði við veðdeildina, samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.
- d. Leggja fram veðbókarvottorð og lóðarsamning.
- e. Leggja fram byggingarvottorð frá byggingarfulltrúa eða hreppstjóra um, að húsið sé byggt samkvæmt gildandi byggingarreglum á staðnum.
- f. Leggja fram brunabótaskirteini.
- g. Samþykki maka, ef um giftingu aðila er að ræða.
- h. Útvega önnur gögn, sem veðdeildin kann að álíta nauðsynleg hverju sinni.

19. gr.

Til þess að A-lán, veitt af öðrum aðilum en veðdeildinni, verði talið veita rétt til B-láns, skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Skuldabréfið skal vera í sama formi og skuldabréf fyrir A-lánum veðdeildarinnar.
- b. Vextir skulu hinir sömu og af íbúðalánum veðdeildarinnar á sama tíma.
- c. Lánstími skal vera 25 ár. Veðdeildinni skal heimilt, að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar, að viðurkenna A-lán veitt til skemmri tíma, en þó skal lánstími aldrei skemmri en 15 ár.
- d. Lánsupphæð skal ekki lægri en 50 þús. krónur, nema samþykki húsnæðismálastjórnar komi til.
- e. Hámarkslánsupphæð og önnur atriði séu í samræmi við 11. og 12. gr. hér að framan.

20. gr.

Hver lántakandi skal við lántöku greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð veðlánakerfisins. Verði eigandaskipti að veði, sem veðsett er deildinni, fyrstu 3 árin eftir að lán er tekið, skal kaupandi strax og kaup eru gerð tilkynna það húsnæðismálastjórn og leita samþykkis hennar til yfirtöku lánsins, en húsnæðismálastjórnin skal síðan tilkynna veðdeildinni þetta og á hvaða hátt hún hefur tekið ákvörðun um yfirtöku hins nýja eiganda veðsins á láninu.

21. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildarflokkar þessir veita, má veðdeildin eigi segja upp, meðan lántaki gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefur undirgengizt. En hins vegar skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að segja fyrirvaralaust upp láni, verði um

verulegar vanefndir að ræða á lánssamningnum, en í þessu sambandi skal sala á eign, **98** þar sem kaupandi tekur að sér greiðslu lána án samþykkis húsnæðismálastjórnar, 9. ágúst talið til verulegra vanefnda.

22. gr.

Hinn 1.—15. nóvember ár hvert falla vextir, afborganir og tillög til rekstrar-kostnaðar og varasjóðs af lánnum veðdeildarinnar í gjalddaga í einu lagi. Veðdeildin skal, ef óskað er, taka við vöxtum og afborgunum af A-lánnum mánaðarlega næstu 12 mánuði á undan gjalddaga.

Um lán, sem tekin eru á fyrsta misserinu frá gjalddaga, skal gilda sú regla, að af því skal greiða á fyrsta gjalddaga fullt tillag til rekstrarkostnaðar, fulla afborgun og vexti frá lántökudegi, en sé lánið hins vegar tekið á seinna misserinu fyrir gjald-daga, skal greiða lántökuna auk hins venjulega lántökugjalds og vexti fyrir fram frá lántökudegi til 1. nóvember næst á eftir, svo og $\frac{1}{2}$ tillags til rekstrarkostnaðar, en enga afborgun, fyrr en á hinum ákveðna gjalddaga næsta ár á eftir.

Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánnum svo og vaxtabréfum sínum, að fengnu álitu húsnæðismálastjórnar og samþykki ríkis-stjórnar.

23. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standi á 1000 krónum, eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslum þessum má hann lúka með vaxtabréfum tilsvarandi lánaflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef stjórn veðdeildar-innar samþykkir, og þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

24. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. des. greitt árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næstundangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1% fyrir hvern mánuð frá 1. nóv. til greiðsludags, og skal hver byrjaður mán-uður talinn sem heill í þessu sambandi.

25. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf samsvarandi veðdeildarflokka eftir hlutkesti, er notarius publicus framkvæmir. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa tölurnar á vaxtabréfum þeim, sem út hafa verið dregin, með sex vikna fyrir-vara og að þau verði innlest í síðasta lagi 1. marz næstan á eftir. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabréfin í stærri stíl.

26. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim ber að fylgja, fengið þau afgreidd á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum eða visi-töluuppbót frá því.

27. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 4 mánaða fyrirvara með auglýs-ingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á

98 hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða 9. ágúst fer eftir almennum reglum.

28. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra á þann hátt, að þau með því móti verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

29. gr.

Þegar lán er gjaldfallið, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð til fullnustu á láninu, allt án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, sbr. lög um uppboð, nr. 57 frá 1947 og lögum um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunautar til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að ónýta uppboðið eða stöðva það án samþykkis deildarinnar með neins konar dómskoti. Veðdeildin ber aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu því, sem hann hefur skaðazt á uppboðinu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

30. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta að engu fyrri reglugerðum veðdeildarinnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

99

10. ágúst

S A M Þ Y K K T

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu. Heimili þess og varnarþing er í Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. Að stunda laxarékt.
2. Að leigja ána til stangarveiði eða stunda sameiginlega laxveiði fyrir alla félagsmenn á einum eða fleiri stöðum í Laxá, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiða í Laxá frá efri landamerkjum Dragháls að ytri landamerkjum Arkarlækjar og Skipanes, ásamt öllum leirum innan takmarka þeirra jarða, sem land eiga að Laxá á veiðisvæðinu. Jarðir þessar eru Dragháls, Glámustaðir, Kambshóll, Eyri, Hlíðarfótur, Hóll, Tunga, Steinholt, Melkot, Leirá, Vogatunga, Beitistaðir, Lækur, Skipanes, Arkarlækur, Kjalardalur, Litla-Fells-öxl, Fellsaxlarkot, Litli-Lambhagi, Lambhagi, Stóri-Lambhagi, Vestra-Miðfell, Hurðarbak, Svarfhóll, Saurbær, Þórisstaðir og Geitaberg. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndu veiðivatni, eða þeir, er hafa öðlzt veiðirétt fyrir landi sérstakra jarða og félagsfundur samþykkir.

99

10. ágúst

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vatni þessu eða leirum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja veiðirétt á félagssvæðinu eða hluta af honum einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Ef félagið stundar laxveiði við Laxá, og ræður mann til að standa fyrir veiðinni, nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

8. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við veiðimálastjóra. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

9. gr.

Stjórnina skipa 5 menn: Formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, 2 meðstjórnendur eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn. Þriggja manna varastjórn skal og kosin og ganga úr eftir sömu reglum.

10. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur fundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

99 Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum
10. ágúst félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í febrúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundar-
efnis getið í fundarboði.

- b. sé meiri hluti stjórnar mættur á fundinum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

12. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefni.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir fram endurskoðaðir til úrskurðar.

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði eða leigu, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna, eða eftir mati, sem samþykkt er af félagsfundi með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða allra félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal arðskráin haldast óbreytt, ef breytingar fást ekki samþykktar með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða allra félagsmanna.

15. gr.

Arði samkvæmt 14. gr. skal úthlutað til félagsmanna innan fjögurra vikna frá því að leiga eða verð selds fisks er greitt félagsstjórninni. Þó skal hún halda eftir nægu fé til greiðslu alls kostnaðar og afborgana lána, sem til greiðslu geta komið á því tímabili, þar til næsta árs tekjur eru inn komnar, og skal jafna greiðslu niður eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá ákveður.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði gerð upptæk eða andvirði hennar og renni í sýslusjóð.

17. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

18. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það, enda sé félagið þá skuldlaust.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um 99 lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir- 10. ágúst breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

H A F N A R R E G L U G E R ð

100

10. ágúst

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásam á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

100

10. ágúst

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dveljast á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

6. gr.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld og ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Skip, sem hafa meðferðis eldfim efni, skulu á daginn hafa rautt flagg á fram-siglutoppi, en rautt ljós á nóttum.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis fiskúrgangi, kjölfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út á höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. KAFLI

Um hafnsögu.

10. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns. Undanþegin eru öll fiskiskip, er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá, sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp með styrk úr ríkissjóði. Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sóttætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að um borð í skipinu sé fylgt reglum þeim, sem settar eru í lögum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

11. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn á línu, er hugsast dregin úr Arnardal í Velli, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns, og skal hafnsögumaður þá fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Hafnsögumaður má ekki yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrri en 100 það er lagzt við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði meðan 10. ágúst hann dvelst um borð.

12. gr.

Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

V. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

13. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmönnum hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi úr höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

14. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi í höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggjar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

16. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

17. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

VI. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

18. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

19. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

20. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

22. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðvum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

VII. KAFLI

Um notkun bátahafnarinnar.

23. gr.

Bátahöfnin á Ísafirði er fyrst og fremst ætluð til afnota fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda á Ísafirði og leggja þar upp afla sinn, eða eru í stöðugum flutningum milli Ísafjarðar og annarra hafna. Þar næst fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda og leita þar hafnar eða hafa þar viðdvöl, þótt þau leggi upp afla sinn annars staðar um stundarsakir eða að staðaldri. Þar næst fyrir utanbæjarskip og báta, sem gerð eru út frá Ísafirði og leggja þar upp afla sinn. Þar næst fyrir önnur skip, eftir því sem rúm leyfir.

Verði meiri aðsókn fiskiskipa að notkun bátahafnarinnar en rúm leyfir að við verði komið, fer um rétt skipa og báta til afnota af henni í þeirri röð, sem að framansögðu, og skal auka við skrána eða fella úr henni, jafnóðum og tilefni gefst til. Hafnarstjóri og hafnarnefnd skera úr ágreiningi. 10. ágúst

Þó er öllum skipum og bátum heimilt að leita skjóls í bátahöfninni í óveðrum, eftir því sem rúm frekast leyfir.

24. gr.

Hafnargjaldkeri og hafnarvörður skulu halda skrá í fjórum flokkum yfir þau fiskiskip og báta, sem sérstakan rétt hafa til afnota af bátahöfninni samkvæmt framansögðu, og skal auka við skrána eða fella úr henni, jafnóðum og tilefni gefst til. Hafnarstjóri og hafnarnefnd skera úr ágreiningi.

25. gr.

Verði hlé á veiðum einstakra fiskiskipa og báta svo að vikum skiptir, vegna bilana, viðgerða eða af öðrum ástæðum, er eigendum skylt að taka þau úr bátahöfninni til geymslu annars staðar meðan á hléinu stendur, ef hafnarvörður óskar þess.

26. gr.

Önnur afnot af bátahöfninni en þau, er fiskveiðar varða, svo sem ferming og afferming vara, viðlega vegna viðgerða, geymsla skipa, sem ekki eru í notkun um stundarsakir eða til langframa o. s. frv., eru því aðeins heimil, að til komi leyfi hafnarvarðar hverju sinni. Öll slík leyfi gilda aðeins til bráðabirgða, eða þar til hafnarvörður ákveður annað.

27. gr.

Við alla notkun bátahafnarinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrirmælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um legu skipa og báta, tilfærslu þeirra á höfninni og brottflutning úr henni, svo og hvar afli þeirra, veiðarfæri og annað er lagt á land, enn fremur um geymslu á afla, veiðarfærum og öðru á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun bátahafnarinnar, og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreinindi, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á síðastnefndu atriði gilda ákvæði 21. greinar. Á sama hátt gilda um alla notkun bátahafnarinnar öll önnur ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

VIII. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

28. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Nú sannar eigandi geymsluskipis með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu af hvað leka snertir, þótt það sé mannlaut, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu

100 og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður
10. ágúst heimtað ljós á skipum.

Á öðrum árstímum skulu á geymsluskipum vera að minnsta kosti tveir varðmenn, sem hafnarstjóri tekur gilda, skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Ljós skulu tendruð á öðrum skipum, sem liggja í lægi, eftir þeim sjóferðareglum, er um slíkt gilda og enn fremur þegar hafnarstjóri krefst þess.

29. gr.

Meðan skip liggur mannaust í lægi skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipi, sem lagt er í lægi, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á Ísafirði og tekið hefur að sér að hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim verði fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

Eigendum geymsluskipa og annarra skipa, sem lagt er í lægi, skal skylt að flytja skip sín úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

IX. KAFLI

Um hafnargjöld á Ísafirði.

1. Lestagjald.

30. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur vélskip, ferjur og hvers konar fleytur, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða kjölfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

- a. Skip, 12 smálesta brúttó og stærri, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2 krónur fyrir hverja brúttó smálest.

Fari þessi skip millilandaferðir, verða þau gjaldskyld undir c-lið greinarninnar, og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið. Tímann skal reikna frá þeim degi, er skip lætur úr höfn og til þess dags, er það kemur aftur úr ferðinni, — eða úr síðustu ferðinni, ef farnar eru fleiri en ein og óslitið.

- b. Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 60 aura fyrir hverja brúttó smálest, í hvert skipti, er þau koma til hafnar, en eigi skulu þau þó greiða lestagjald þetta oftast en tvisvar í sama mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi), skulu greiða 120 aura lestagjald fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 80 aura lestagjald.

- d. Ef skip, sem siglir eftir fyrir fram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en liðnir eru 7 dagar frá því að það hafnaði sig síðast í höfninni, greiðir það eigi lestagjald í það skipti. **100** 10. ágúst
- e. Hafi skip, gjaldskytt samkvæmt c-lið, legið á höfninni í 14 daga, skal það greiða hálf lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur sá tími, er skip liggja í höfn vegna þess að hafís lokar henni.
- f. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna fyrir sjórétti að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda. Innlend fiskiskip, sem leita hafnar til losunar á afla, greiði hálf lestagjald samkvæmt c-lið.

2. Ljós gjald.

32. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

- Skip, sem um getur í 31. gr. a., greiði 40 krónur á ári fyrir fyrstu 30 brúttó smálestir og 100 aura á hverja brúttó smálest þar fram yfir.
- Skip, sem um getur í 31. gr. b., greiði ljósgjald í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, en þó eigi oftar en tvisvar í mánuði: 10 krónur fyrir fyrstu 30 brúttó smálestir og 20 aura fyrir hverja brúttó smálest þar fram yfir.
- Öll önnur skip greiði 20 aura fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei meira en 90 krónur í hvert skipti.

3. Bryggjugjald og bólvirkjagjald.

33. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- Bátar og skip, 12 smálestir að stærð og þar yfir, sem eru eign manna búsettra á Ísafirði og skrásett þar, greiði 4 krónur af hverri brúttó smálest á ári.
Fari þau skip í millilandasiglingar, greiði þau auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur, reiknað frá þeim degi, er undirbúningur slíkra siglinga hefst.
- Öll aðkomuskip greiði 30 aura af hverri nettó smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 20 krónur í hvert sinn.

Liggi þau skip utan á öðru skipi, greiði þau hálf gjald. Sama máli gegnir, ef þau liggja við bryggjur eða birgðaskip, sem eru eign einstakra manna eða fyrirtækja. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, sem fiskveiðar stunda og gerð eru út frá Ísafirði, eða leita þar hafnar til losunar á afla til sölu eða verkunar á staðnum. Minnsta gjald skal þó ávallt vera 20 krónur í hvert sinn.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

- Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun, vörugeymslu o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila.

Hafnarvörður tilkynni hafnargjaldkera jafnóðum um öll slík afnot.

4. Bátahafnargjald.

34. gr.

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun bátahafnarinnar. Árgjaldið greiða öll þau skip, sem skrásett eru á Ísafirði og fiskveiðar stunda og auk þeirra þau skip önnur, sem unnt er að veita afnotarétt að bátahöfninni, samkvæmt VII. kafla og tekin hafa verið á skrá þá, er um getur í 24. gr. Skip þau, sem ekki hafa verið tekin á nefnda skrá, en nota bátahöfnina, greiða samkvæmt c-lið þessarar greinar. Greiðslur þessar skulu vera þannig:

- a. Skip skrásett á Ísafirði greiði 5 krónur af hverri brúttó smálest árlega, en minnst 25 krónur.

Fari þau skip í millilandasiglingar, má endurgreiða bátahafnargjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, sem þau greiða sama bryggjugjald og aðkomuskip (sjá 33. gr.).

- b. Skip skrásett utan Ísafjarðar greiði 10 krónur af hverri brúttó smálest árlega, en minnst 50 krónur.
- c. Skip, sem ekki hafa verið tekin á skrá þá, sem um getur í 24. gr., skulu, hvort sem þau eru skrásett á Ísafirði eða eigi, greiða fyrir afnot bátahafnarinnar í hvert skipti, sem þau leita þar skjóls, afgreiðslu eða dvalar, sama gjald og krafizt er af utanbæjarskipum fyrir afnot af bryggjum og bólvirkjum.

Gjöld þessi innheimtast á sama hátt og önnur hafnargjöld og renna í hafnarsjóð.

35. gr.

Gjaldskyld til bátahafnarinnar eru öll þau skip, sem tekin hafa verið á skrá þá, er um getur í 24. og 34. gr. Að öðru leyti telst það gjaldskyld notkun bátahafnarinnar, að bátar eða skip leggist við landfestar í höfninni, eða utan á önnur skip, leggi þar upp afla sinn eða flutning, eða taki um borð flutning, veiðarfæri, olíu, beitu c. s. frv. Bátar, er nota höfnina, hafa leyfi til að hafa flutning sinn eða annað það, er þeim tilheyrir, liggjandi á landi hafnarinnar allt að einum sólarhring, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir, þó því aðeins, að hafnarstjóri eða trúnaðarmaður hans telji það eigi til ógreiða fyrir aðra notkun hafnarinnar og banni það þess vegna. Um gjald fyrir notkun bólvirkja og uppfyllingar bátahafnarinnar gildir að öðru leyti sama og um aðrar bryggjur og bólvirki hafnarinnar.

5. Hafnsögugjald.

36. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttó smálestir, skulu, hvort sem þau þá nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á hverju ári, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan hafnarmerkja, sjá 1. gr.

Komi skip oftar á sama ári og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin innan við Kaldáreyri.

Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiferðaskip og skip, sem sérstaklega eru tilgreind í 10. gr., eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

37. gr.

Hafnsögugjald skal greiða samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar 150 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó smálestir og 40 aura fyrir hverja nettó smálest frá 100—3000 smálestir og 10 aura fyrir hverja nettó smálest þar yfir.

- b. Fyrir leiðsögn frá höfninni 150 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó **100** smálestir og 20 aura fyrir hverja nettó smálest frá 100—3000 smálestir og 10. ágúst 5 aura fyrir hverja nettó smálest þar yfir.
- c. Fyrir færslu skipa um höfnina:
150 krónur fyrir skip innan við 100 nettó smálestir, 200 krónur fyrir skip 100—500 nettó smálestir og 300 krónur fyrir skip stærri en 500 nettó smálestir.
- d. Fiskiskip, sem leita hafnar vegna óveðurs, til viðgerðar, vistatöku, vegna slysa eða veikinda, eða til losunar á afla, greiði hálf t Hafnsögugjald.

6. Vörugjald.

38. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

39. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf t Vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert vörugjald.

40. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.
- d. Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför.
- e. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

41. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikninga vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

42. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

43. gr.

Vörugjaldskrá.

- 1. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg:
Saumur alls konar, stál og stálvörur, stálvír.

- 100** 2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
10. ágúst Fiskbein, olía (fuel), sement, kol og koks, salt.
3. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur ísvarinn, saltfiskur óverkaður.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
Beita alls konar, fiskimjöl, fóðurmjöl, freðsild, garðávextir, harðfiskur, hraðfrystur fiskur, kartöflur, kálmeti, korn og mjölvara, saltfiskur verkaður, síldarmjöl, skreið.
5. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Áburður tilbúinn, hey, kjöt alls konar, lýsi, múrhúðunarefni, mör, mór, sykur alls konar, tólg, vikursteinn, þakhellur.
6. flokkur. Gjald 180 aurar fyrir hver 100 kg:
Steinolía, hráolía.
7. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Benzín, fiskilínur, fiskumbúðir, gærur, garnir, gashylki, hvalfeiti, hessian, hampgarn, hrogn, járn alls konar, járnþípur, jurtafeiti, smurningsolíur, reiðingur, smjörlikisolíur, skinn (hörð), strigapokar, tvistur, ull, ullarballar.
8. flokkur. Gjald 450 aurar fyrir hver 100 kg:
Akkeri, bárujárn, blý, brauðvörur, bækur, hevvinnsluvélar, kaðlar, kitti, kalk, korkur, kex, krossviður, linoleum, miðstöðvarkatlar, miðstöðvarofnar, miðstöðvarvarahlutir, menja, málning alls konar, net og nætur, plógar, pappír, smjör, smjörliki, timbur (eftir þyngd), tjara, vír, vírnet, vélar alls konar, varahlutir til véla, þakpappi, önglar, þvottapottar með eldstó.
9. flokkur. Gjald 750 aurar fyrir hver 100 kg:
Eldavélar og tilheyrandi, gólf- og veggflísar, gúmmí, gúmmískófatnaður, herfi, olíufatnaður, veggfóður.
10. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 10 kg:
Grænsápa, járnkeðjur, lakk, lím, leður og leðurvörur (algengar), litarvörur þungar, meðalálýsi, tin, zink, öl og gosdrykkir, ölgerðarvörur.
11. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hver 10 kg:
Ávextir þurrkaðir, ávextir nýir, barnakerrur, blek, blikkvörur, baðlyf, bökunardropar, brýni, hurstavörur, essensar, eldhúsáhöld, fuglar, gips, gerduft, gerefni, gólfklútar, glervörur alg., handkerrur, hestakerrur, hjólbörur, hverfisteinar, iðnaðarvörur smærri, járnvörur smærri (skrár, lamir etc.), krydd alls konar, kaffi og kaffibætir, krít, leirvörur alg., lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, þrjónavélar, rúðugler, rúsínur, sýrur, sóði og aðrar hreinlætisvörur, saumavélar, skilvindur, sveskjur, sundmagi hertur, skó- og gólfáburður, prentsverta, tómatar, verkfæri alls konar.
12. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 10 kg:
Bólstrunarefni, eldspýtur, húsgögn, húsgagnaáburður, jólatré, rafgeymar.
13. flokkur. Gjald 225 aurar fyrir hver 10 kg:
Fatnaður alls konar, glervörur til skrauts, grammófónar, hljóðfæri smærri, hljómplötur, kakaó, leirvörur til skrauts, leðurvörur til skrauts, ljósmynda- vélar, ljósmyndavörur, leikföng, mælar, mjólkurduft, peningaskápar, rafmagns- vörur, rafmagnsáhöld, skrifstofuáhöld, skófatnaður (ekki gúmmí), símaáhöld, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sýnishorn o. þ. h., te, við- tæki og hátalarar, viðtækjaefni, vefnaðarvörur, úr og klukkur.
14. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 10 kg:
Dúnn, fiður, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, spíritus, tóbak og tóbaks- vörur, vínföng, ilmötn.

Ýmislegt.

100

10. ágúst

Dráttarvélar (Tractors), hver	kr.	75.00
Flygel (2.25 hver 10 kg), teningsfet	—	0.75
Húsgögn (1.50 hver 10 kg), teningsfet	—	0.45
Herpinótabátar, hver	—	75.00
Jeppar og fólksbifreiðar, hver	45—	70.00
Kindur, hver	—	3.00
Loðdýr, hvert	—	7.50
Mótorhjól, hvert	—	7.50
Oliugeymar, teningsfet	—	0.45
Orgel og Harmonium (2.25 hver 10 kg), teningsfet	—	0.75
Píanó, teningsfet	—	0.75
Reiðhjól venjuleg, hvert	—	3.00
Stórgripir, hver	—	8.00
Skip (smærri bátar), hvert	25—	40.00
Sild krydduð, söltuð ný, hver tunna	—	1.50
Sild til bræðslu, mál	—	0.75
Vinnuvélar stórvirkar:		
Jarðýtur, skurðgröfur, vegheflar, vélskóflur o. þ. h., hver	—	100—150.00
Vörubifreiðar, hver	—	50—75.00
Timbur, teningsfet	—	0.45
Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.		
Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.		

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

44. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 15 krónur um sólarhringinn.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Ísafirði.

45. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lagt er í lægi á höfninni, samkvæmt 28. gr., greiði eigandi árgjald 75 aura af brúttó smálest.

46. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð sem hér segir: Allt að 5 smálestum 20 krónur, 6—12 smálesta 50 krónur, 13—50 smálesta 100 krónur, stærri skipa 200 krónur.

47. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 50 aura fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn fer eftir samkomulagi.

48. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

Utanbæjarbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiða sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 20 krónur í hvert skipti, sem þeir koma til hafnar, eða 100 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Bátar, sem eiga heima á Ísafirði, greiða 30 kr. árlegt gjald.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisparfa.

Hafnarvörður tilkynni hafnargjaldkera jafnóðum um öll afnot hafnar og hafnarmannvirkja samkvæmt þessum kafla.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, hafn-sögugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, sem skipum ber að greiða.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjald-dagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 47. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Leigu samkvæmt 48. gr. greiðir samningsaðili. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangs-rétt sem opinber gjöld. Enn fremur skulu öll skipagjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í 2 ár fyrir sanningsveðskuldum.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfn- **100**
 inni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af tveimur óvilhöllum, **10. ágúst**
 dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en
 gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfir-
 mat skal fara fram af fjórum óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við
 yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt
 meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti
 greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

56. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-
 gerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann
 setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

57. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglu-
 stjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafn-
 arinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

58. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa
 stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans sam-
 kvæmt 14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skips-
 höfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

59. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þús. kr., nema þyngri
 refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.
 Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

60. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og
 lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á
 þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
 sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðar-
 kaupstað, nr. 64 24. apríl 1946, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum.

1. gr.

Ákvarðanir um A-lán til íbúðabygginga úr veðdeild Landsbanka Íslands skv. lögum nr. 55/1955 taka 2 menn, sem húsnæðismálastjórn velur úr sínum hópi. Þó skulu sparisjóðir og lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarendi lán, svo og sparisjóðir, bankar og aðrir, er veita lán beint til lántakenda samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 55/1955.

2. gr.

Þeir, sem ætla sér að fá lán þau, er húsnæðismálastjórn úthlutar til íbúðabygginga, þurfa að sækja um ákveðna lánsupphæð á þar til gerðum eyðublöðum, er húsnæðismálastjórn lætur í té.

Lánsúmsókn skulu fylgja eftirfarandi skilríki:

- a. Sé um leigulóð að ræða, skal ávallt fylgja lóðarsamningur eða afrit af honum. Ef lóðarsamningur er ekki fyrir hendi, þá skal fylgja yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma.
Sé um eignarlóð að ræða, skulu fyrir því fylgja full sönnunargögn.
- b. Teikning af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu, ef um hana er að ræða. Þegar sótt er um lán til viðbyggingar, skal uppdráttur sýna stærð og gerð þess húss, sem byggt er við. Ef um íbúð í sambyggingu er að ræða, þá skal tilgreina stærð íbúðar í fermetrum og rúmmetrum og hvar hún sé staðsett í hlutaðeigandi sambyggingu. Ávallt skal hver lánsúmsækjandi tryggja sér, að húsnæðismálastjórn berist teikning af sambyggingu þeirri, sem íbúð hans er staðsett í.
- c. Þar sem skipulag er samþykkt, þarf teikning að vera árituð af hlutaðeigandi byggingafulltrúa. En þar sem ekkert skipulag er ákveðið, skal fylgja yfirlýsing frá hlutaðeigandi sveitarstjórn, að húsið sé staðsett með hennar samþykki.
- d. Ef húsið er í byggingu, skal fylgja vottorð um byggingarstig frá hlutaðeigandi byggingafulltrúa, eða oddvita þar sem enginn byggingafulltrúi er starfandi.
- e. Veðbókarvottorð, hafi lán verið tekið út á bygginguna.
- f. Upplýsingar um eigið fé, sem hægt sé að verja til byggingarinnar, svo og lánsmöguleika.
- g. Upplýsingar um fjölskyldustærð og húsnæðisástandur. Tilgreind sé tala barna innan 16 ára aldurs.
- h. Ef lánsúmsækjandi hefur tekið íbúðina eða hluta af henni til íbúðar, þarf hann að senda vottorð hlutaðeigandi manntalsskrifstofu eða sveitarstjórn um það, hvenær hann flutti í íbúðina.

3. gr.

Heimilt er byggingarfélagi eða einstaklingi að sækja um sameiginlegt lán til byggingaframkvæmda fyrir fleiri en eina íbúð. Slíkum úmsóknum skulu fylgja teikningar og kostnaðaráætlun ásamt greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir. Húsnæðismálastjórn getur veitt loforð fyrir slíku sameiginlegu láni, er skiptist síðar á einstakar íbúðir eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Slíkt lán kemur þó ekki til útborgunar fyrr en fyrir liggur, hvaða aðili verði eigandi hverrar einstakar íbúðar, enda sé húsnæðismálastjórn því samþykk.

Húsnæðismálastjórn skal og heimilt að úthluta einstaklingi eða byggingarfélagi láni til byggingar íbúðarhúsa, ef fram hefur farið útboð á byggingu samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 55 frá 20. maí 1955.

4. gr.

Húsnæðismálastjórn er skylt að gæta þess, að útlán hins almenna veðlána-kerfis skiptist sem jafnast um landið og skal við skiptingu lánsfjár milli byggðar-laga fyrst og fremst taka tillit til íbúatölu, sem fyrir er í hlutaðeigandi byggðarlagi, svo og byggingaþörf, á meðan eftirspurn er ekki fullnægt.

5. gr.

Þegar innlánsstofnanir hafa komið á fót sammingsbundnum sparnaði til íbúðar-bygginga eða íbúðarkaupna, sbr. 2. lið 9. gr. laga nr. 55 frá 20. maí 1955, skulu þeir lánaumsækjendur sitja fyrir lánum frá hinu almenna veðlána-kerfi, sem færa sönnur á að þeir hafi safnað á slíkan hátt a. m. k. 20% af áætluðu kostnaðarverði íbúðar þeirrar, er þeir ætla að byggja eða kaupa, enda hafi slík innlög hafizt a. m. k. 4 árum fyrir lánsúmsókn, eftir nánari reglum, er húsnæðismálastjórn setur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 18. ágúst 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

STARFSREGLUR

fyrir flugráð.

1. gr.

Flugráð fer með stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra, en flugmálastjóri annast framkvæmd ályktana ráðsins og daglegan rekstur flugmála.

2. gr.

Flugráð skal bera undir ráðherra öll mál, sem mikilvæg eru eða þannig vaxin, að ráðið telur ástæðu til að ráðherra fjalli um þau. Flugráð ákveður, með sérstakri samþykkt, með hverjum hætti málið er lagt fyrir ráðherra.

3. gr.

Flugráð skal halda reglulega fundi vikulega. Aukafundi heldur ráðið, er þess gerist þörf og ætíð, ef formaður eða tveir flugráðsmenn óska þess.

4. gr.

Formaður flugráðs stýrir flugráðsfundi og leggur fyrir ráðið þau mál, er því ber að fjalla um. Í fjarveru formanns flugráðs stýrir varaformaður þess fundum ráðsins, en sé hann ekki viðstaddur, tilnefnir ráðið fundarstjóra úr sínum hópi.

5. gr.

Löglega boðaðir flugráðsfundir eru lögmatir og ályktunarfærir, ef þrír flugráðsmenn eru mættir hið fæsta. Geti aðalmaður í flugráði ekki mætt á fundi, skal kalla varamann hans til, ef aðalmaður óskar þess. Hafi tveir fundir í röð orðið

102 óályktunarfærir, vegna fjarveru aðalmanna, skal boða varamann á næsta fund, ef 30. ágúst ástæða er til að ætla, að aðalmaður verði þá einnig fjarverandi. Varamaður vikur, ef aðalmaður mætir.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum flugráðs.

6. gr.

Allar gerðir flugráðs skulu færðar í gerðabók. Að afloknum fundi og svo fljótt sem við verður komið, skal flugráðsmönnum sent afrit af fundargerð og dagskrá næsta fundar.

7. gr.

Flugráð semur á hverju ári áætlun um tekjur og gjöld flugmálanna á næsta ári, til afnota fyrir flugmálaráðherra við samningu fjárlaga, og aðstoðar ráðuneytið við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir flugmálin. Ber flugráði að fylgjast með framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar og sjá um, að henni sé fylgt og fé ekki varið umfram áætlun eða til annarra þarfa en áætlunin ákveður, nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins.

8. gr.

Ekki má stofna til neinna nýrra framkvæmda eða skuldbindinga, sem máli skipta, nema samþykki flugráðs sé áður fengið. Skal gera kostnaðaráætlanir um allar framkvæmdir, áður en í þær er ráðizt og þeim haldið innan þess sviðs, sem fjárveitingar fjárlaga marka.

9. gr.

Til þess að auðvelda flugráði starf þess við framkvæmd fjárlaga og eftirlit með meðferð þess fjár, sem veitt er til flugmála á fjárlögum, skal skrá í sérstaka dagbók alla reikninga, er skrifstofu flugmálanna berast og þess sérstaklega getið, frá hverjum reikningurinn er, fyrir hvað, reikningsupphæð, hvenær hann barst og hvenær hann er greiddur. Dagbók þessi, ásamt ógreiddum og ósamþykktum reikningum, skal jafnan liggja frammi á fundum flugráðs, ásamt tillögum flugmálastjóra um afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Fyrir 15. dag hvers mánaðar skal leggja fram á flugráðsfundi, í 5 eintökum, afrit af skilagrein til ráðuneytisins, um rekstur flugmálanna hinn næsta mánuð á undan. Heldur hver flugráðsmanna sínu eintaki. Skilagreininni skulu fylgja, í 5 eintökum, nauðsynleg yfirlit til að sýna, hversu miklu fé hefur verið varið á árinu til einstakra framkvæmda, greitt og áætlað ógreitt svo og sundurliðun á tekjum.

11. gr.

Ársreikningur flugmálanna skal uppgerður og endurskoðaður, innan þess tíma, er ráðuneytið mælir fyrir, og lagður fyrir flugráð, ásamt fylgireikningum, svo snemma að flugráð geti tekið afstöðu til reikningsins, áður en hann er sendur ráðuneytinu.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal leggja fyrir flugráð heildaryfirlit um rekstur flugmálanna á liðnu ári.

12. gr.

Sérstaka dagbók skal halda um öll bréf, er flugráði berast, og bréf um mál, er leggja ber fyrir ráðið. Þá skal og skrá í sömu bók öll bréf, er send eru út á vegum flugráðs og bréf um efni, er flugráð á að fjalla um. Skal skrá, hver sé sendandi bréfs og viðtakandi, dagsetningu, móttökudag og greina, um hvaða málefni bréfið er. Bók þessi skal liggja frammi á fundum flugráðs, ásamt óafgreiddum bréfum og afriti af sendum bréfum, er flugráð hefur ekki séð áður.

13. gr.

102

Allar ráðningar fasts starfsfólks flugmálanna skal leggja undir flugráð, áður en frá ráðningu er gengið, og er óheimilt að greiða því laun, áður en ráðherra hefur staðfest ráðninguna.

30. ágúst

Starfsskiptingu fulltrúa flugmálastjóra skal einnig leggja fyrir flugráð til staðfestingar.

14. gr.

Flugráð ákveður um sendiferðir starfsmanna flugmálanna úr landi á þeirra vegum og ráðstafar störfum þeirra á meðan þeir eru fjarverandi.

Flugráði skal gefin skrifleg skýrsla um þær ferðir, sem ráðið hefur ákveðið.

15. gr.

Um risnu flugráðs fer eftir því, sem ráðið ákveður hverju sinni.

16. gr.

Flugráð skal í starfi sínu hafa sem nánast og bezt samstarf við flugfélögin um öll mál, er þau varða, og gefa trúnaðarmönnum þeirra kost á að tjá sig um og fylgjast með meðferð þeirra mála, er ætla má að flugfélögin telji snerta hagsmuni sína að verulegu leyti eða óska eftir að fylgjast með.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1955.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

BYGGINGARSAMÞYKKT

103

3. sept.

fyrir Árnæssýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast fram-búðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskilin eru þó ákvæðum samþykktarinnar þau kauptún, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji slíkir staðir sér síðar samþykkt, þá eru þeir þar með undanþegnir ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi skal vera formaður byggingarnefnda hinna einstöku hreppa og hefur á hendi eftirlit um, að fyrirmælum byggingarsamþykktta sé fylgt.

103

3. sept.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði að $\frac{1}{2}$ og Byggingarsjóði að $\frac{1}{2}$. Oddviti sýslunnar annast greiðslu launa til fulltrúans, gegn endurgreiðslu frá Byggingarsjóði að hluta sjóðsins.

Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundradshlutum af fasteignamatverði jarða. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5% af fasteignamatinu.

4. gr.

Greiðsla Byggingarsjóðs er háð þessum takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunaraðrir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
 1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
 2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.
 3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
 4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
 5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
 6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnassýsla.
 7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

5. gr.

Hafi samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki náð löglegu samþykki eða verið sett, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr Byggingarsjóði miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

Greiðslur af hendi Byggingarsjóðs eru því skilyrði háðar, að lagðir hafi verið fram kostnaðarreikningar og greiðsluhluti byggingarumdæmanna hafi verið inntur af höndum samkvæmt þeim reikningum.

6. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn. Skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Byggingarfulltrúi, er sýslan ræður samkvæmt 2. gr., á sæti í byggingarnefndum og er hann formaður þeirra.

7. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginga úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.

4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu **103** og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á 3. sept. einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

8. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 35 frá 29. apríl 1946 og reglugerð þeirra laga.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

9. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðahúsabygginga og bygginga þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næs'a nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum. þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

10. gr.

Peir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdráttir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1 : 100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm, í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

11. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver í sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar, sem síðan kallar nefndina saman og úrskurðar nefndin hvort leyfin skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem best byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað, er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

12. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldshættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

13. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintakið afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

103

3. sept.

14. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

15. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreind eru í 9. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggji öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður, á kostnað eigenda, það, sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

16. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og ihlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirstjórn mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

17. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo almenna fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara, og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

18. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

19. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

20. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi. 103
3. sept.

21. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsabyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, eru þær bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

22. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Árnassýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. september 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

104

3. sept.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast til fram-
búðarbygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20 október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og Búnaðarsamband Vestfjarða. Hann skal vera húsameistari eða húsasmiðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er þær taka til meðferðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði og Byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna, sem kunna að ráða sama byggingarfulltrúa, samkv. ákvæðum laga nr. 26 frá 1. apríl 1948.

104

3. sept.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í þeim eiga sæti þrjú menn. Skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Byggingarfulltrúi, er sýslan ræður samkv. 2. gr., á sæti í byggingarnefndum.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginganna úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita Nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 20 frá 31. janúar 1952, og reglugerð þeirra laga.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hana.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér segir:

1. Íbúðarhúsabygginga og bygginga þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðir á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritið uppdráttir af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm, í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver í sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingarfulltrúa, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar. Heldur nefndin síðan fund, að fengnum tillögum byggingarfulltrúa,

og úrskurðar hvort leyfin skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað, er áhrif getur haft á hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni. 104 3. sept.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fái gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflæga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfi skal ritað á hvern uppdrátt, og annað eintak uppdráttarins afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarnefndar.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggji öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður, á kostnað eigenda, það, sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni,
2. eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirstjórn mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur, hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

104

3. sept.

16. gr.
Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

18. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsabyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu og raflagnir, eru þær hindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

20. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. september 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

BYGGINGARSAMÞYKKT

105

3. sept.

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu og Byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna á Vestfjörðum, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita Nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 35 frá 29. apríl 1946 og reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

105

3. sept.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi.

Umsókninni fylgi tvírtaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm, í hægri horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfin skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksts, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáiast gegn eldshættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflaga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsiður hússins sæta sektum

frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rifa 105 niður, á kostnað eigenda, það, sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar. 3. sept.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og ihlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslu, að krefjast þess af sljórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur, hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefndar skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsabyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

105

20. gr.

3. sept. Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. september 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

106

17. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

58. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Olíuverzlunar Íslands h.f. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 6. febrúar 1954.
59. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag vegagerðarmanna. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 18. febrúar 1954.
60. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna H.f. Shell á Íslandi. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 10. maí 1955.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946 (Stj.tíð. B., bls. 174—179).

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

G J A L D S K R Á

107
24. maí

héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veituvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.60 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.85 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 12.00 á m² á ári.
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 3.25 á m² á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa og búrekstrar.

1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
 - a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.):
 - af einfasa mælingu kr. 6.50 á mán.
 - af þrífasa mælingu — 13.00 á mán.
 - b. Orkugjald:
 - af allri notkun — 0.65 á kwst.
 - c. Fastagjald:
 - af hverri gjaldskráreiningu — 6.50 á mán.

Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili:
— ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.
Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.):
— ein eining fyrir hverja 20 m² gólfplatar.
Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um og göngum þeim tilheyrandi.
Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum.
2. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 65 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur heimilisnotkun seld eftir A-lið.
3. Um orkumæli, sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir orkunotkun yfir því ásamt heildarnotkun.
Aflstilling skal vera 500 wött, að viðbættum 300 wöttum fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlið B-1. Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó vól á hærri aflstillingu, þó ekki hærri en tvöfaldri.

107
24. maí

Begar aðstæður leyfa, getur rafmagnsveitustjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir.

Aflstilling skal gilda til eins árs í senn, þó þannig að heimila má hækkun aflstillingar við ársfjórðungamót, ef skrifleg umsókn hefur borizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

a. Aflgjald:

- af lágmarksstillingu kr. 1100 á kw. á ári.
- af stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstillingu — 750 á kw. á ári.
- af stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu .. — 925 á kw. á ári.

b. Orkugjald:

- af allri notkun kr. 0.10 á kwst.
 - af notkun yfir aflstillingu auk þess — 2.00 á kwst.
- Leiga af einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

a. Aflgjald:

- af notuðu afli kr. 750.00 á kw. á ári.

b. Orkugjald:

- af allri notkun — 0.20 á kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fara fram sem næst hverjum mánaðamótum.

Minnsta aflgjald skal vera 1500 krónur á ári.

Eftir þessum gjaldskrárið má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 660.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Raforku til súgþurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 220.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla, og auk þess 20 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt lið C-3, kr. 660.00 á kw. í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spenna og annarra aðstæðna samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Minnsta árgjald skal vera kr. 300.00 á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dísilolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.8 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar

50 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við 107 það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kola- 24. maí tonni og 800 kr. á olíutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að ekki þurfi að auka vélaafl, línur eða spenna vegna hitunarálags.
- Að notandi setji segulrofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar notandinn þá tengingu þeirra.
- Notandi greiði leigu af rofum og rofaklukkum samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Til nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst.
- Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn í 14 klst. á sólarhring á tímanum kl. 8 til 24, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring og kr. 1.30 hverja kwst. í 14 klst. Rafmagnsveitustjóri ákveður roftímann eða stillingu tvígjaldsmælis.
- Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á 85 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 9.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 13.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

107

IV. OPNUNARGJALD

24. maí

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkyningu og enduropnun, allt að 100 kr. samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 50 kr. gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt rafor kulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árness-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur, nr. 47 10. marz 1952, gjaldskrá fyrir Rafveitu Egilsstaða, nr. 130 25. júní 1953, og gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Snæfellsness-, Stranda- og Húnavatnssýslur, nr. 172 21. des. 1954.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

108

REGLUGERÐ

31. maí

um launakjör á símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafrgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum eru sem hér segir:

Kr. 27 000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Akranesi, Keflavík og Selfossi.

4. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum eru sem hér segir:

1. Kr. 25 200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Blönduósi, Borgarnesi, Eskifirði, Húsavík, Neskaupstað, Sauðárkróki og Stykkishólmi. Símsstjórinn Patreksfirði.
2. Kr. 23 400.00: Síma- og póstafrgreiðslumaðurinn Reyðarfirði. Símsstjórinn Höfn.
3. Kr. 21 600.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Dalvík, Egilsstöðum og Ólafsfirði. Póstafrgreiðslumaðurinn Hafnarfirði.

5. gr.

108

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum eru sem hér segir: 31. maí

1. Kr. 19 800.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Bildudal, Bolungavík, Brúarlandi, Búðardal, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hólmavík, Hveragerði, Hvolsvelli, Kirkjubæjarklaustri, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokkseyri, Suðureyri, Þingeyri og Þórshöfn. Símafrgjorar: Hvammstanga og Ólafsvík. Póstafrgreiðslumaðurinn Patreksfirði.

2. Kr. 18 000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Djúfavík, Hjalteyri, Hofsósi, Hrísey, Sandi og Vopnafirði. Símafrgjorar: Flateyri og Vík.

Launin samkvæmt 3., 4. og 5. gr. eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símafrgjorar og póstafrgreiðslumenn hafi sömu réttindi og skyldur sem aðrir opinberir starfsmenn í VIII.—XIII. flokki launalaga. Þeim skal af póst- og símamálastjórninni eigi greitt fyrir aðstoð vegna starfs, sem greitt er fyrir af öðrum sérstaklega, svo sem innheimtustarfa fyrir aðrar stofnanir o. fl. Ef þóknun fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir 2 500.00 kr. á ári, greiðist það stofnuninni, sem umfram er, og gildir það jafnt fyrir alla póstafrgreiðslumenn í 3., 4., 5. og 6. gr.

6. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn á eftirtöldum stöðum hafa árslaun sem hér segir:

1. Kr. 16 200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Drangnesi, Fosshóli, Grafarnesi, Laugarvatni og Svignaskarði. Póstafrgreiðslumenn: Hvammstanga og Ólafsvík.

2. Kr. 14 400.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Eiðum, Kópaskeri, Króksfjarðarnesi, Reykholti, Staðarhóli og Súðavík. Símafrgjorar: Breiðamýri, Djúpavogi, Galtafelli, Háabæ, Krossum og Meiritungu. Póstafrgreiðslumaðurinn Flateyri.

3. Kr. 12 600.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Borgarfirði, Breiðdalsvík, Skógum, Torfastöðum, Varmahlíð (Skag.), og Þykkvabæ. Símafrgjorinn Skútustöðum. Póstafrgreiðslumaður Vík.

4. Kr. 10 800.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arnarstapa (Mýrum), Ásgarði (Dal.), Fossvöllum, Gaulverjabæ, Höfnum, Minniborg, Síðumúla, Skarðshlíð og Stöðvarfirði. Símafrgjorar: Ásgarði (Grímsnesi), Hjarðarfelli, Hvanneyri og Munkaþverá. Póstafrgreiðslumenn: Djúpavogi, Einarstöðum og Haganesvík.

5. Kr. 9 000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arngerðareyri. Ási í Vatnsdal, Ásum í Gnúpverjahreppi, Bakkafirði, Bólstaðarhlíð, Flatey á Breiðaf., Grenivík, Húsatóftum, Seljalandi, Skarði í Lundarreykjadal, Staðarfelli, Stóru-Ökrum og Svalbarðseyri. Símafrgjorar: Bessastöðum, Eyrarkoti, Haganesvík, Hnausum, Miðey, Mælifelli, Varmahlíð undir Eyjafj., Þingvöllum og Þorlákshöfn. Póstafrgreiðslumaðurinn í Mjóafirði.

7. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn, sem taldir eru í 6. gr., fá greitt orlofsfé. Greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í laununum. Þó er póst- og símamálastjórninni heimilt að bæta forstöðumönnum á þessum stöðum, ef sérstök veikindi ber að höndum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símafrgjöva og póstafrgreiðslna.

Á póstafrgreiðslum og símafrgjöfum, þar sem eru ein eða fleiri starfsstúlkur auk forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni, að fengnum tilögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

108

31. maí

8. gr.

Starfsstúlkur á þeim stöðum, sem taldir eru í 3. gr., skulu hafa sömu laun, réttindi og skyldur sem talsímakonur á ritsímastöðvunum.

Byrjunarlaun annarra starfsstúlkna, skulu vera kr. 10 800.00 á ári og hækka um 900.00 kr. á ári í 6 ár í kr. 16 200.00.

9. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna reksturs póstaftgreiðslna og 1. fl. B. og 2. fl. símsstöðva greiðir stofnunin, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamála- stjórnarinnar, og skal yfirséttanefnd í hverju héraði meta þessar greiðslur árlega fyrir byrjun þess árs, sem þær gilda fyrir. Á þeim stöðvum, þar sem símsstjórar og póstaftgreiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það á sama hátt metið af yfirséttanefnd og dregið frá laununum mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

Mati yfirséttanefndar má skjóta til ríkisséttanefndar.

10. gr.

Póknun fyrir rekstur 3. flokks símsstöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:

a. Til stöðva, sem hafa	150—400	útf. afgr.	kr.	360.00
b. — — — —	401—1000	— —	—	720.00
c. — — — —	1001—1800	— —	—	1080.00
d. — — — —	yfir 1800	— —	—	1440.00

miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.

2. 125 aurar fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).
3. Fyrir hvern símnotanda kr. 36.00 á ári.

11. gr.

Þar sem símsstöðvar eru á gisti- og veitingastöðum, getur póst- og símamála- stjórnin krafizt þess, að þær stofnanir taki þátt í kostnaði við rekstur stöðvanna.

12. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðast uppbætur eftir sömu reglum og á laun opinberra starfsmanna.

13. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa.

Ef breyting verður á rekstrarskilyrðum og afgreiðslu símsstöðvar eða póstaft- greiðslu vegna sameiningar pósts og síma eða færslu milli flokka, á milli þess sem endurskoðun fer fram, skal henni um leið skipað í nýjan launaflokk.

Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af BSRB.

Við aukaendurskoðun samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, skal kveðja til þann fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem BSRB hefur tilnefnt.

14. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1955, og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 22. apríl 1952.

Póst- og símamálaráðherrann, 31. maí 1955.

Ingólfur Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

109

29. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 1. töluliðar 3. gr. bætist: Kópavogskaupstaður Y.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1955.

F. h. r.

e. u.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á viðaukaskipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð, útgefin á **110**
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. sept. 1955. **12. sept.**
Viðaukaskipulagsskráin er þannig:

VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landgræðslusjóð.

1. gr.

Viðauki þessi er gerður á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 25. júní 1955, samkvæmt tillögu stjórnar félagsins.

2. gr.

7. gr. skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, nr. 94 18. júní 1946, hljóði þannig:

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánnum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. grein, gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánnum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna, er stjórn hans heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé það, sem rennur í sjóðinn, vegna ákvæða í lögum um álag á vindlinga, má nota á eftirfarandi hátt:

1. Allt að 15% til útvegunar fræs og frækaupa.
2. Allt að 60% sem styrk til gróðrarstöðva í hlutfalli við framleiðslu þeirra, samkvæmt reglum, er stjórn sjóðsins setur.
3. Allt að 10% í tilraunaskyni vegna gróðursetningar ýmissa trjátegunda.

- 110 4. Leggja má allt að 15% við höfuðstól sjóðsins eða geyma til næsta árs, eftir því
12. sept. sem stjórn sjóðsins ákveður.
5. Verja má þeim hluta er getur í 3. og 4. lið á sama hátt og í 2. lið greinir, ef sjóð-
stjórnin telur mikla nauðsyn á.

3. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á viðaukaskipulagsskrá þessari.

111

20. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

8. töluliður í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. svæði: Reykjavík
1. janúar — 15. maí
1. september — 31. desember

2. gr.

8. töluliður í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík
15. febrúar — 11. maí
1. september — 31. desember

3. gr.

27. töluliður í d-lið 3. gr. orðist svo:

27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl — 30. nóvember

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-
tryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. september 1955.

Ólafur Thors.

Dorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

112

29. sept.

um iðnskóla.

I. KAFLI

Markmið skólanna, skipulag og inntökuskilyrði.

1. gr.

Markmið skólanna er að veita þeim nemendum fræðslu, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum nr. 45/1955, um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur geta þeir haldið námsskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr.

Í skólunum eru jafnmargir ársbekkir og námsár eru fyrir iðnina, þ. e. 3 ársbekkir fyrir iðngreinar með 3 námsár, 4 ársbekkir fyrir iðnir með 4 námsár og 5 ársbekkir fyrir iðnir með 5 námsár.

3. gr.

Þar, sem því verður við komið, skal kennslan fara fram í tveggja til þriggja mánaða námsskeiðum að deginum. Í smærri iðnskólum og iðnskóladeildum gagnfræðaskóla mega þessi námsskeið vera lengri, ef tveim ársbekkjum er kennt saman. Þar, sem erfitt er að fá húsnæði eða kennslukrafta að degi til, má kennslan fara fram á kvöldin, þó ekki eftir kl. 22. Þar sem öll kennslan þarf að fara fram á kvöldin, skal skólinn starfa svo margar vikur að fullur kennslustundafjöldi náist í hverri námsgrein, sem kennd er.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir hafa lokið skyldunámi og sýna við inntökupróf, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólars.

II. KAFLI

Um kennslu og námsefni.

5. gr.

Í skólunum skal kenna: Íslenzku, eitt erlent tungumál, reikning, eðlisfræði, efnafræði, bókhald, teikningu (flatarteikningu, rúmteikningu, frihendisteikningu, iðn-teikningu), skrift (almenna skrift og teiknskift), efnisfræði, rafmagnsfræði og aðrar sérgreinar eftir því, sem við á.

6. gr.

Lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum, hvar sem er á landinu, skulu vera sem hér segir:

- I. Íslenzka. Nemandi skal geta ritað íslenzku sæmilega, að því er varðar framsetningu, stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Hann skal hafa lesið beyg-

112
29. sept.

ingafraeði og setninga- og greinarmerkjafræði og kunna nokkur skil á íslenskum bókmenntum.

- II. **Reikningur.** Nemandi skal kunna: Samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og nefndum tölum. Enn fremur einföld og samsett hlutföll (þriliðu), prósentu- og rentureikning og allar helztu mælieiningar lengdar, flatar, rúmmáls, þyngdar og tíma, sem eru löggiltar hér á landi. Auk þess skulu nemendur í húsgagnabólstrun, járníðnaði, myndagerð, klæða- og feldskurði, leirkerasmíði, málun, múr- og stein-smíði, netagerð, prentiðn, rafmagnsiðn, reiðtygja- og aktygjasmíði, reiða- og seglasaum, sútun, trésmíði, úrsmíði, vagnasmíði og skriftvélavirkjun kunna að leysa uppsettar jöfnur með einum og tveimur óþekktum stærðum, og kunna frumatriði flatar- og rúmmálsreiknings.
- III. **Efna- og eðlisfræði.** Nemandi skal kunna undirstöðuatriðin í eðlis- og efnafræði og enn fremur kunna skil á þeim efnum og áhöldum, sem óhjákvæmlega eru til iðnaðarstarfsins.
- IV. **Bókhald.** Nemandi skal kunna að gera kostnaðaráætlanir um efni og vinnu, halda frumbók, vinnubók, efnisbók, dagbók með tvöföldu dálkakerfi og höfuðbók, enn fremur jafnaðar- og efnahagsreikning.
- V. **Erlent tungumál.** Nemandi skal hafa lesið vandlega sem svarar 100 bls. í 8 blaða broti. Ræður skólanefnd á hverjum stað, hvaða erlent tungumál skuli kennt.
- VI. **Teikning:**
1. **Almenn frihendisteikning.** Hver nemandi skal hafa teiknað a. m. k. 15 flatarmyndir og 16 klossamyndir. Auk þess skal hann sýna með prófi, að hann geti teiknað einfalda hluti nokkurn veginn rétt. Allir nemendur skulu taka þátt í frihendisteikningu.
 2. **Flatarteikning.** Nemendur skulu kunna að mynda horn, hringa, sporbauga, þríhyrninga og aðra marghyrninga, skipta línunum, bogum og hornum og innrita og umrita hringa. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna flatarteikningu: Brauðgerð, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, kjötvinnslu, kvenhattasaumi, matreiðslu, mjólkurvinnslu og sútun.
 3. **Rúmteikning.** Nemendur skulu kunna að gera fallmyndir á tvo fleti af punktum, línunum, strendingum, strýtum, keilum, keflum og kúlum og sýna skurðarfleti í þeim. Einnig skulu þeir kunna að nota hjálparflöt og finna sanna stærð flatar og rissa frihendis fallmyndir af hlutum. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna rúmteikningu: Brauðgerð, kökugerð, bókbandi, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, hattasaumi, kjötiðnaði, klæðskurði, kjólasaumi, kvennaklæðskurði, feldskurði, leturgreftri, matreiðslu, mjólkuriðnaði, prentun, rakstri, skósmíði, sútun og veggfóðrun.
 4. **Iðnteikning:**
 - a. Öllum nemendum, sem iðnteikningu læra, skal kennd teikniskrift, og skal hún notuð við alla teiknikennslu.
 - b. Kökugerðarmenn skulu teikna kökur og kransa, tertur og skraut á þær.
 - c. Bata- og skipasmíðir skulu gera línuteikningu af bát eða skipi, er sýni lag skipsins og stærð, útfærsluteikningu, er sýni, hvernig línuteikningin er færð út á flöt og hvernig smíðað er eftir henni, miðbandsteikningu og vinnuteikningu, er sýni langskurð skips, þilfarsflöt og lestarop, og seglateikningu, er sýni lengd og gildleika siglu og reiða.
 - d. Beykjar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af helztu hlutum, sem þeim ber að geta smíðað.
 - e. Bókbindarar skulu gera teikningar af skreytingum á spjöld bókar og kjöl.

- f. Bifreiðasmiðir, bifvélavirkjar, blikksmiðir, eirsmiðir, flugvélavirkjar, ketil- og plötusmiðir, málmsteypumenn, vélvirkjar, járn- og rennismiðir, pípu- og gaslagningarmenn og skriftvélavirkjar, skulu gera frihendis frumdrátt að minni háttar hlutum, sem til iðnar þeirrar teljast. Eftir þeim frumdráttum skulu þeir gera útlits- og vinnuteikningar með öllum nauðsynlegum málum.
- g. Gull- og silfursmiðir, leirkerasmiðir, leturgrafarar, ljósprentarar, myndagerðarmenn, glerslíparar og speglagerðarmenn, myndskerar, prentarar og veggfóðrarar teikni frihendis stafi og skreytingar og hluti hver úr sinni iðn.
- h. Hárgreiðslukonur geri teikningar af hárgreiðslu, er hæfi mismunandi andlitsfalli og höfuðlagi.
- i. Húsasmiðir skulu gera vinnuteikningar af hurðum, gluggum, stigum, þökum, bítalögum, handriðum og skápum í eldhús og víðar, með öllum nauðsynlegum málum. Enn fremur skulu þeir teikna einföld hús, bæði grunnmyndir, þverskurði og útlitsteikningar.
- j. Húsgagnabólstrarar geri frihendis teikningar af fjaðrahúsgögnum og dýnum, svo og vinnuteikningar af greindum og fjaðrasetningu.
- k. Húsgagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af nokkrum algengum húsgögnum.
- l. Klæðskerar og feldskerar, kjólasaumarar, kvennaklæðskerar, netjarar, seglasaumarar og skósmiðir geri myndir af hlutum þeim, er varða iðn þeirra, og sýni mál og snið á efnispörtum í hlutina.
- m. Hattasaumarar teikni skreytingu á hatta og húfur.
- n. Málaraar teikni frihendis stafi, skreytingar og hluti. Einkum skulu þeir æfðir í skuggateikningum.
- o. Múrarar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af hlöðnum múrbogum, múrbindingum, dregnum listum, tröppum, handriðum o. fl., er að iðn þeirra lýtur. Þeir skulu og kunna skil á járn-teikningum í járn-benta steinsteypu og geta gert grein fyrir, hvernig járn verði lögð í steypu eftir uppdraetti, er prófnefnd leggur fram, enn fremur kunna skil á einföldum húsateikningum.
- p. Steinsmiðir skulu teikna stólpa, legsteina og minnismerki svo og skreytingar á þau.
- q. Rafvirkjar skulu fá skurðar- og grunnmyndir af 3—4 húsum til mismunandi nota, teikna raflagnir í þau og gera verklýsingu. Skulu teikningar valdar þannig, að þær sýni algengar raflagnir í íbúðarhús, verkstæði og iðjuver. Enn fremur skulu rafvirkjar gera tengimyndir af ýmsum tækjum og búnaði, er við kemur iðn þeirra.
- r. Rafvélavirkjar teikni vélar og tækjahluti, er varða iðn þeirra, svo og vinnuteikningar að einfaldri rafstöð eða háspennustöð.
- s. Reiðlygja- og aktygjasmíðir, tágaraar (körfugerðarmenn), mótasmiðir og vagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af þeim hlutum, sem þeim ber að kunna að smíða.
- t. Úrsmiðir teikni ganga og hjól í úr.
- u. Útvarpsvirkjar teikni mismunandi viðtækjahluti ásamt tengingum þeirra.

VII. Sérgreinar. Hárgreiðlukonur og hárskerar kunni lífeðlisfræði hársins og hirðingu þess. — Rafvirkjar og rafvélavirkjar kunni undirstöðuatriði í rafmagnsfræði. — Matsveinar, bakarar, kökugerðarmenn, kjötiðnaðarmenn og mjólk-uriðnaðarmenn kunni undirstöðuatriðin í almennri efnafræði og helztu efna-

112
29. sept.

samböndum fæðutegunda. — Leirkerasmiðir, málara og prentara skulu kunna undirstöðuatriði almennrar litafraði og samsetningu lita.

7. gr.

Kennslustundafjöldi námsgreina yfir allan námstímann skal vera sem næst því sem hér segir:

	3 ára nám	4 ára nám	5 ára nám
Íslenzka	160	190	200
Erlent mál	160	190	250
Reikningur	160	190	250
Eðlisfræði	12	12	12
Efnafræði	12	12	12
Skrift	48	48	48
Bókhald	72	72	72
Flatarteikning	72	72	72
Rúmteikning	72	72	72
Frihendisteikning	144	144	144
Iðnteikning	0—120	264	400
Sérgreinar	0—24	0—26	100
	984	1302	1632
Meðaltal á ári um	338	325	326 kennslustundir

8. gr.

Heimilt er að hafa námsefni í hverri námsgrein mismunandi eftir iðngreinum eftir nánara samkomulagi við iðnfræðsluráð og Landssamband iðnaðarmanna.

9. gr.

Utan kennslustunda má flytja erindi um ýmis efni, nemendum til fróðleiks og hollrar skemmtunar.

Til þess má fá fyrirlesara í skólunum og utan þeirra, og er heimilt að greiða kostnað við það af óvissum útgjöldum skólanna.

10. gr.

Á námsskeiðum til undirbúnings iðnnámi skal, auk verklegrar kennslu, kenna íslenzku og reikning til inntökuprófs þeim nemendum, er þess þurfa. Einnig má kenna þeim byrjunaratriði undirbúningsteikninga. Námsskeiðin standi 3—9 mánuði eftir ástæðum.

11. gr.

Námsskeið til undirbúnings iðnnámi heita forskólar, og er tilgangur þeirra sá, að gefa unglingum, sem orðnir eru 14 ára að aldri, tækifæri til þess að kynnast verk-efnum, efni og vinnuháttum í tilteknum iðn- og iðju-greinum, svo að nokkur reynsla fái um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær iðngreinar sem æfistarf.

Vinnutími forskólanna skal vera 36 stundir á viku að meðtöldum bóklegum kennslustundum.

Nú fær nemandi námssamning í sömu iðn og hann hefur stundað í forskóla, og má þá draga tíma hans í forskólanum frá námstíma námssamningsins. Sama gildir um vinnutíma í verknámsskólum, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

12. gr.

112

Námsskeið fyrir starfsfólk í verksmiðjum og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi skulu vera bókleg og haldin í samráði við stjórn hlutaðeigandi starfsgreinar, enda útvegi þær kennara í þeim greinum, sem kennarar skólans geta ekki kennt. 29. sept.

13. gr.

Framhaldskennsla fer eftir IV. kafla laga um iðnskóla.

III. KAFLI

Um stofnun iðnskóla og fjármál.

14. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
 2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
 3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.
- Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.
- Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

15. gr.

Til iðnskólahalds samkv. lögum nr. 45/1955, má stofna með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

16. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

17. gr.

Tala fastra kennara fer eftir starfsmannafjölda skólanna, kennslustundafjölda á viku og nemendafjölda, og skal í þeim efnum miða við hliðstæð atriði í skólum gagnfræðastigsins.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara, svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum. Sé eigi aðstaða til þess að ráða fasta kennara, skal greiða stundakennslu úr ríkissjóði eftir því, sem starfstími skólans og nemendafjöldi leyfir.

112 Ráðherra ákveður skólagjöld að fengnum tillögum skólanefndar. Gjöld þessi, svo
29. sept. og hreinar tekjur af skólavinnustofum, koma til frádráttar rekstrarkostnaði áður en honum er skipt.

18. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélags. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI

Um próf.

19. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi í öllum neðri bekkjum og burtfararpróf að loknu námi í efsta bekk hverrar iðngreinar.

Lokapróf í þeim námsgreinum, sem ekki eru kenndar í efsta bekk hverrar iðngreinar, teljast til burtfararprófs, þar með próf í undirbúningsteikningum og teikniskrift.

Fullnaðareinkunnir:

5.00— 5.99	teljast þriðja einkunn
6.00— 7.24	— önnur —
7.25— 8.99	— fyrsta —
9.00—10.00	— ágætis —

20. gr.

Öll próf skulu vera skrifleg, nema í erlendum málum skulu þau að jafnaði vera munnleg.

21. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0—10 og tugabrotum úr þeim, með einum aukastaf og tveimur í fullnaðareinkunn. Til þess að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 3 hið lægsta, en í öllum teikningum og sérgreinum og aðal-einkunn 5 hið lægsta.

Kennarar skólanna skulu gefa nemendum einkunnir í lok kennslunnar ár hvert, hver í sinni grein. Nefnast þær árseinkunnir og eru úrslitadómur kennara um kunnáttu nemanda, framfarir og afköst.

22. gr.

Fullnaðareinkunn í hverri námsgrein er árseinkunn $+ 2 \times$ prófeinkunn deilt með 3.

Kennarafundur getur samþykkt að flytja nemendur með háa árseinkunn í einni námsgrein eða fleirum próflaust upp úr bekk í þeirri eða þeim námsgreinum. Þetta gildir þó ekki um teikningar og blökkskrift (teikniskrift) og ekki um burtfararpróf.

23. gr.

Nú vill nemandi þreyta próf í tveimur eða fleiri bekkjum samtímis, og skal hann þá, áður en til prófs kemur, færa sönnur á, að hann hafi lært allt það, er hann óskar að þreyta próf í, og gera grein fyrir hverrar kennslu hann hafi notið. Á teikningum og öðrum verklegum æfingum skal ekki krafizt síðri frágangs en af öðrum skólanemendum.

Prófunum skal svo fyrir komið, að nemandinn þreyti próf fyrst í hinum lægsta bekk og síðast í hinum efsta. Ná hann ekki einkunninni 7 í hverri námsgrein í hinum lægri bekkjarprófum, skal honum óheimilt að þreyta próf í efri bekk.

24. gr.

Nú nær nemandi ekki prófi í helming námsgreina á ársprófi eða burtfararprófi, og skal hann þá taka allt prófið aftur. Nái hann prófi í helming námsgreina eða meira, en ekki í öllum, má hann taka það, sem á vantar, eða einstakar greinar þess, þegar þau próf eru haldin við skólann síðar.

112

29. sept.

25. gr.

Ekki má flytja nemanda úr lægri bekk í efri fyrr en hann hefur lokið upptöku-prófi í efri bekkinn, nema kennarafundur samþykki, og teljast þá árseinkunnir í þeim námsgreinum, sem próf er fellt niður í, með í prófinu.

Nú mætir nemandi til burtfararprófs og hefur próf frá öðrum skóla, er sýni eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri prófgreinum en heimtaðar eru til prófsins og er þá heimilt að sleppa honum við próf í þeim greinum og telja einkunnir hans í hinu fyrra og meira prófi til burtfararprófsins, en leggja skal hann fram skilríki fyrir kunnáttu sinni.

26. gr.

Nú vill nemandi þreyta próf í skólanum án þess að hafa stundað þar nám (utan skóla) og gilda þá um hann ákvæði 23., 24. og 25. greinar hér að framan.

Utanskólanemendur og þeir sem hlaupa yfir bekk skulu greiða prófgjöld, sem skólastjóri og skólanefnd ákveða. Renna þau í sérsjóði skólanna (styrktarsjóði), eftir ákvörðun skólastjóra og skólanefndar.

27. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, sem skólastjóri leyfir.

Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða hafa rangt við á prófum, hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði áður en skrifleg próf hefjast.

28. gr.

Í hverjum iðnskóla skal vera prófbók eða spjaldskrá og skal rita í hana allar einkunnir við árspróf og burtfararpróf, meðaltölu þeirra og fullnaðareinkunn, og einkunn fyrir ástundun og hegðun.

29. gr.

Við burtfararpróf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar um úrlausnir. Skal vera einn prófdómari í hverri grein, skipaður af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Prófdómarar velja verkefni prófanna í samráði við kennara og afhenda þau skólastjóra í tæka tíð.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Ef ágreiningur verður um einkunn, hvort heldur er fyrir munnlega eða skriflega úrlausn, skal taka meðtalt af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

30. gr.

Að loknu burtfararprófi skal afhenda nemendum þeim, sem staðizt hafa prófið, brottfararskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Prófskirteini skal einnig láta nemendum í té með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein í ársprófum. Getur það verið sérstakt skirteini eða áritun í viðverubók.

112

29. sept.

31. gr.

Í byrjun hvers ársnáms skal afhenda hverjum nemanda viðverubók og skal vikulega skrá í hana, hve oft nemandann hefur vantað í skólann seinastliðna viku og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint. Skal nemandinn síðan sýna heimilisföður sínum (eða móður) og meistara bókina og fá áritun þeirra.

Bók þessa má svo nota sem prófskírteini milli bekkja og við ákvörðun um einkunn fyrir ástundun og hegðun.

V. KAFLI

Um stjórn skólanna og starfsmenn.

32. gr.

Skytt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

Iðnfræðsluráð skal árlega senda skólunum skrá yfir þá námssamninga, sem staðfestir hafa verið á skólasvæðinu.

Í byrjun hvers skólaárs skulu skólarnir senda iðnfræðsluráði tilkynningu um þá nemendur, sem á skrá eru, en hafa ekki mætt til náms í skólanum.

Í lok hvers skólaárs skulu skólarnir á sama hátt senda Iðnfræðsluráði yfirlit um þá nemendur, sem vanrækt hafa nám sitt á skólaárinu. Enn fremur skal tilkynna því, ef nemandi er vikið úr skóla að fullu.

Iðnskólum, sem fleiri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 5 mannskólanefnd. Þar sem kaupstaður stendur einn að slíkum skóla, sýsla eða hreppur, kys bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 4 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef fleiri en einn kaupstaður, sýsla eða hreppur stendur að skólanum, skal svo fljótt, sem því verður við komið, kjósa skólanefndina á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að minnsta kosti helmingur þeirra, er kjósa skal í skólanefnd, skulu vera iðnaðarmenn.

Iðnskólum, sem færri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 3 manna skólanefnd; skulu 2 þeirra kosnir á sama hátt og að framan greinir.

Ráðherra skipar formenn skólanefndanna til sama tíma.

33. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu, svo og menntun kennara í almennum greinum, gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt.

34. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn hvers skóla, umsjón með kennslu, aga, umgengni og framkomu og sér um eignir skólans. Fastir kennarar skulu vera honum til aðstoðar í starfi hans eftir því sem ástæður leyfa og hann kveður þá til. Þar sem 300 nemendur eða fleiri stunda nám í skóla, getur ráðherra skipað yfirkennara skólastjóra til aðstoðar.

Í skólum, sem hafa fjölþætta starfsemi, t. d. forskóla, framhaldsskóla og námskeið, auk iðnfræðslu iðnnema, getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hvern þátt skólastarfsins.

Með samþykki ráðherra má annað hvort ákveða yfirkennurum aukabóknun eða færri kennslustundir. 112
29. sept.

35. gr.

Í lok hvers skólaárs ber skólastjóra að senda fullnægjandi skýrslu um skólahaldið til skrifstofu fræðslumálastjóra.

36. gr.

Nú verður hlé á kennslu frá prófi og þar til næsta námsskeið byrjar eða af öðrum ástæðum, og eiga þá hvorki stundakennarar né fastakennarar kröfu á kaupi fyrir stundakennslu fyrir þann tíma.

37. gr.

Hver kennslustund skal að jafnaði vera 50 mínútur.

38. gr.

Fela má fastakennurum aukastörf í þágu skólans, eftir nánara samkomulagi við skólastjóra, svo sem umsjón með söfnum skólans, eftirlit með nemendum í frímínútum og á samkomum nemenda og aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum. Heimilt er skólastjóra að fækka skyldustundum kennara ef slík aukastörf verða mikil og koma misjafnt niður.

39. gr.

Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

40. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI

Um aga og reglu.

41. gr.

Agi skólanna skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi, hófsemi og þrúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

42. gr.

Nemendur skulu í skólanum gæta fyllstu reglusemi í hvivetna. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjótí nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að vikja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hibiylum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

112

29. sept.

43. gr.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls og skal þá kennarafundur og skólanefnd hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara nemanda áður um brotið.

VII. KAFLI

Um listiðnaðardeildir.

44. gr.

Verði notuð heimild síðustu málsgr. 7. gr. laga nr. 45/1955 varðandi listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík, skulu þær hlíta sömu reglum um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar og iðnskóladeildir í gagnfræðaskólum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 45/1955, um iðnskóla, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. september 1955.

Ingólfur Jónsson.

Birgir Thorlacius.

113

REIKNINGUR

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1954.

Tekjur:

Í sjóði frá fyrra ári		kr. 25419.23
Tillög vitavarða	kr. 9052.79	
Gestafé	— 3730.36	
Vextir	— 7296.21	
Ríkissjóðsstyrkur	— 3000.00	
		— 23079.36
Útdr. vaxtabréf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins	kr. 2000.00	
— skuldabréf vatnsv. Hafnarfjarðar	— 15000.00	
— Sogsvirkjunarlán	— 1000.00	
— skuldabr. Byggingarsamvinnufél. starfsm. ríkisins	— 1000.00	
		— 19000.00

Kr. 67498.59

Gjöld:

Sjúkrastyrkur	kr. 2000.00
Inneign í sparisjóði Landsbanka Íslands	— 65498.59

Kr. 67498.59

Eignir:

10. fl. bankavaxtabréf Landsbanka Íslands	kr. 5000.00
4% Sogsvirkjunarlán 1943	— 2000.00
4% verðbréf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins	— 17000.00

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	kr.	25.00	113
5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags Stykkishólms	—	3000.00	
6% skuldabréf vatnsveitu Hafnarfjarðar 1950	—	25000.00	
6% skuldabréf Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisins	—	13000.00	
7% víxillán	—	60000.00	
Inneign í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	65498.59	

 Kr. 190523.59

VITAMÁLASTJÓRINN

Emil Jónsson.

YFIRLIT

114

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1955.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	29 012 508.65	
b. Veðdeild	—	8 401 720.94	
c. Ræktunarsjóður	—	82 159 073.69	
d. Byggingarsjóður	—	62 471 706.36	
e. Smábýladeild	—	22 104.94	
f. Nýbýlasjóður	—	614 405.36	
		<hr/>	kr. 182 681 519.94
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	23 180 603.87	
b. Veðdeild	—	62 750.00	
c. Ræktunarsjóður	—	2 513 127.74	
d. Byggingarsjóður	—	1 615 372.52	
		<hr/>	— 27 371 854.13
3. Vixlar	—	73 027 258.28	
4. Lán í hlaupareikningi	—	53 154 089.51	
5. Ýmsir skuldunautar:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 570 076.20	
b. Ræktunarsjóður	—	17 000.00	
		<hr/>	— 1 587 076.20
6. Óinnheimtar tekjur: Ræktunarsjóður	—	475 949.25	
7. Teiknistofa	—	229 991.33	
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	2 456 543.57	
9. Innanstokksmunir	—	771 862.00	
10. Sameiginlegur kostnaður	—	2 146 784.87	
11. Fasteignir	—	1 600 000.00	
12. Innheimtur	—	2 466 641.46	
13. Framkvæmdabanki Íslands	—	3 900 000.00	
14. Bankainnstöðja og peningar í sjóði	—	8 166 959.10	
		<hr/>	— 360 036 529.64

Kr. 360 036 529.64

114

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði og á skirteinum		kr. 133 091 351.47
2. Innstæða í hlaupareikningi		— 28 495 443.01
3. Innstæða í reikningslánnum		— 66 753.13
4. Ýmsir kröfuhafar:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 2 988 106.90	
b. Nýbýlasjóður	— 120 000.00	
		— 3 108 106.90
5. Ríkissjóður:		
a. Veðdeild	kr. 4 000 000.00	
b. Ræktunarsjóður	— 28 450 693.75	
c. Byggingarsjóður	— 10 774 942.01	
		— 43 225 635.76
6. Framkvæmdabanki Íslands:		
a. Ræktunarsjóður	kr. 20 888 360.00	
b. Byggingarsjóður	— 11 975 309.00	
		— 32 863 669.00
7. Ábyrgðir		— 2 456 543.57
8. Vextir og aðrar tekjur:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 5 680 297.91	
b. Veðdeild	— 68 968.80	
c. Byggingarsjóður	— 2 312 055.83	
d. Nýbýlasjóður	— 6 169.08	
e. Smábýladeild	— 222.19	
		— 8 067 713.81
9. Fóðurlánasjóður		— 384 872.17
10. Útibú á Akureyri		— 451 118.06
11. Austurbæjarútibú		— 14 152 861.62
12. Afskriftareikningur		— 1 500 000.00
13. Landsbanki Íslands:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 12 589 591.64	
b. Ræktunarsjóður	— 5 000 000.00	
		— 17 589 591.64
14. Skuldlaus eign:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 9 383 206.73	
b. Veðdeild	— 2 560 173.11	
c. Ræktunarsjóður	— 24 694 980.39	
d. Byggingarsjóður	— 37 123 797.35	
e. Nýbýlasjóður	— 509 414.26	
f. Smábýladeild	— 311 297.66	
		— 74 582 869.50

Kr. 360 036 529.64

Reykjavík, 30. júní 1955.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Bréf fjármálaráðuneytisins til vélaverkstæðisins Foss, um toll- 115
flokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða. 24. okt.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, dags. 7. þ. m., varðandi tollflokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða, og úrskurðar af því tilefni að umræddar brýningarvélar skuli flokka sem vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu og eiga þær samkvæmt því að teljast í 72. kafla 21 tollskrár.

REGLUR

116

13. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1955.

1. gr.

Árið 1955 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 20. ágúst til septemberloka. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur	150 hreindýr
(2) Jökuldalshreppur	130 —
(3) Fellahreppur	80 —
(4) Tunguhreppur	75 —
(5) Hlíðarhreppur	30 —
(6) Hjaltastaðahreppur	15 —
(7) Skriðdalshreppur	43 —
(8) Vallahreppur	25 —
(9) Egilsstaðahreppur	7 —
(10) Eiðahreppur	15 —
(11) Beruneshreppur	15 —
(12) Geithellnahreppur	15 —

Samtals 600 hreindýr

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu

116 undæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitolönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanninum. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfishafi skal bera leyfið á sér þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múlasýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagrænjust, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr. Skal greiða honum 40.00 krónur fyrir hvert dýr, sem leyft er að veiða, og gengur gjaldið til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlitið.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 10 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

117

15. sept.

um breyting á reglugerð nr. 14 frá 28. jan. 1953, um breytingu á reglugerð nr. 34 frá 26. febr. 1952, um íslenzkar getraunir.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fái einn eða fleiri þátttakendur 12 rétt úrslit á seðli, skal hann eða þeir, auk vinningshluta síns, fá aukavinning úr áðurnefndum sjóði. Aukavinningur þessi skal vera það sem er í sjóðnum hverju sinni, þó aldrei yfir kr. 5000.00 alls.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. september 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

118

24. sept.

um fasteignaskatt í Miðneshreppi.

1. gr.

Til sveitarsjóðs Miðneshrepps skal greiða fasteignaskatt skv. lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 frá 4. febrúar 1952 af fasteignum í Miðneshreppi, eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum, lóðum til atvinnureksturs og þeim lóðum og lendum innan takmarka Sandgerðiskauptúns, sem eru stærri en sem nemur einni byggingarlóð, skv. skipulagsuppdrætti 9%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs og öðrum hliðstæðum mannvirkjum 4%.
3. Af jörðum 1½%.
4. Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúðar og lóðum, sem þær standa á, greiðist enginn skattur.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppt, og nái fasteignamatsvirðing ekki kr. 100.00, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir, eða um önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

118

24. sept.

Gjalddagi fasteignaskatts skv. reglugerð þessari skal vera í fyrsta skipti 1. okt. 1955, en síðan 1. apríl ár hvert.

5. gr.

6. gr.
Af fasteignaskatti, sem greiddur er tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum á hverjum tíma.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti skv. reglugerð þessari eru allar fasteignir Miðnes-hrepps, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana. Skólahús, barnahæli, sjúkrahús svo og aðrar, sem undanþegnar eru skv. 4. gr. laga nr. 67 frá 1945.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1955.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. september 1955.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

119

1. okt.

AUGLÝSING

um breytingar á lyfjaverði.

Frá og með 1. október 1955, og þar til öðruvísi verður ákveðið, hækkar verð á lyfjum og vinnu við lyfjagerð um 10% og verður 15% — fimmtán af hundraði — hærri en greinir í lyfsöluskrá frá 1. marz 1954.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. október 1955.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

120

12. okt.

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti álögdum utan Reykjavíkur, vera til 1. nóvember 1955.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

Fjármálaráðuneytið, 12. október 1955.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

REGLUR

121

14. okt.

um félagsheimilið Skjólbrekku.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Skjólbrekka í Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu. Lóðin er lögð til af eigendum Skútustaða, sem er þingstaður hreppsins. Lóðarstærð er um 5000 fermetrar. Eigendur félagsheimilisins eru Skútustaðahreppur að þrem fjórðu hlutum og U. M. F. Mývetningur að einum fjórða hluta.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Skal hún skipuð á þann hátt, er hér greinir: Tólf manna fulltrúaráð skipað 5 mönnum frá hreppsnefnd Skútustaðahrepps, þremur frá stjórn U. M. F. Mývetnings og fjórum mönnum kjörnum á almennum hreppsfundi til sama tíma og kjörtímabil hreppsnevndar nær, kys á árlegum aðalfundi 5 menn í húsnefnd. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimili hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi þegar þurfa þykir. Skyld er henni að halda fund, ef 2 nefndarmanna æskja þess.

Aðalfundur fulltrúaráðs eigenda skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara allir, sem sæti eiga í fulltrúaráði, og varamenn í forföllum. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram reksturs- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæmt sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs. Gildir þetta jafnt um rekstursgjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal

121 senda stjórn félagsheimilaskjóðs. Félagshimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun 14. okt. með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráða húsverð, þegar þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt; leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- h. að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu, eins og aðrir, greiða fyrir afnot hússins. Skyllt er að heimila félögum innansveitar, þeim er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947, um félagsheimili, afnot af húsinu, gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer eigi í bága við þörf eigendanna. Verði ágreiningur um það, hvort slíkt félag eigi rétt til afnota af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há að nægilegt fé fáist til að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt að húseign, áhöld og annað lausafé sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsverður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingar, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loka loks vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsverður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. e. a. s. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur og búningsherbergi ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni hreinlegri, og skal húsverður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri girðingu, er haldið sé vel við. Bifreiðastæði skal halda hreinlega og vel við.

11. gr.

Fánastöng skal vera við húsið; hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveimur hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt, að nota eingöngu fána með réttum litum og hlutföllum.

121

14. okt.

12. gr.

Árlega skal athuga alla húseignina vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak og þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósataeki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir kosta, er spjöllunum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu um tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 frá 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 14. október 1955.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

AUGLÝSING

um virðingar til brunatryggingar á húseignum samkvæmt lögum
nr. 59 24. apríl 1954.

122

19. okt.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji matsmenn — tvo aðalmenn og tvo til vara — til þess að framkvæma virðingar til brunatryggingar á húseignum þeim, sem lög nr. 59 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, ná til.

2. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna váttryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram. Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja slíkt hús.

122

19. okt.

3. gr.
Pegar um endurmat á eldri húsum er að ræða, skal draga frá nýbyggingarupphæð hússins hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur þess og í samræmi við meðferð og viðhald á því.

4. gr.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur eða réttinda, er því fylgja.

5. gr.

Rita skal allar virðingar í sérstaka virðingabók, sem stjórnarráðið löggildir, og skal hver virðing undirrituð af virðingarmönnum og umboðsmanni viðkomandi tryggingarfélag.

6. gr.

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal váttryggði greiða sem hér segir:

a. Fyrir hús, sem virt eru á allt að kr. 20 000.00	kr. 36.00
b. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 20 000.00 til kr. 50 000.00	— 72.00
c. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 50 000.00 til kr. 200 000.00 ...	— 120.00
d. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 200 000.00 til kr. 500 000.00 ..	— 180.00
e. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 500 000.00 til kr. 1 000 000.00 .	— 240.00
f. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 1 000 000.00 til kr. 2 000 000.00 —	300.00
g. Fyrir hús, sem virt eru á allt frá kr. 2 000 000.00 til kr. 3 000 000.00 —	450.00
h. Fyrir hús, sem virt eru á kr. 3 000 000.00 og yfir	— 750.00

Ef virðingargerð stendur lengur en 1 dag telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingardag. Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er framkvæmdastjóra viðkomandi váttryggingarfélag heimilt að ákveða herra gjald fyrir hana en hér segir. Virðingargjaldið skiptist jafnt milli umboðsmanna félaganna og virðingarmanna, að $\frac{1}{3}$ til hvers. Fyrir yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

123

19. okt.

ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélagið Blanda í Húnavatnssýslu.

<i>Bæjanöfn:</i>	<i>Arður:</i>	<i>Bæjanöfn:</i>	<i>Arður:</i>
1. Auðkúluheiði	15 ein.	10. Kárastaðir	30 ein.
2. Þröm	5 —	11. Ásar	27 —
3. Eldjárnsstaðir	15 —	12. Hamar	31 —
4. Eiðsstaðir	16 —	13. Gunnfríðarstaðir	11 —
5. Guðlaugsstaðir	19 —	14. Kagaðarhóll	22 —
6. Höllustaðir	13 —	15. Smyrlaberg	16 —
7. Syðri-Löngumýri	10 —	16. Kaldakinn	43 —
8. Ytri-Löngumýri	10 —	17. Blönduóshreppur og	
9. Tungunes	36 —	Hnúkar	1517 —

<i>Bæjanöfn:</i>	<i>Arður:</i>	<i>Bæjanöfn:</i>	<i>Arður:</i>	123
18. Enni	466 ein.	48. Brattahlíð	43 ein.	19. okt.
19. Breiðavað	18 —	49. Brún	78 —	
20. Björnólfsstaðir	11 —	50. Eiríksstaðir	93 —	
21. Yzta-Gil	7 —	51. Torfustaðir	53 —	
22. Mið-Gil	9 —	52. Barkarstaðir	71 —	
23. Fremsta-Gil	13 —	53. Bergsstaðir	94 —	
24. Engihlíð	10 —	54. Leifsstaðir	12 —	
25. Glaumbær	8 —	55. Steinárgerði	5 —	
26. Geitaskarð	29 —	56. Steiná	8 —	
27. Holtastaðir	22 —	57. Hóll	10 —	
28. Fagranes	5 —	58. Skottastaðir	10 —	
29. Hvammur	12 —	59. Hvammur (Svartárdal)	16 —	
30. Móberg	15 —	60. Kúfustaðir	12 —	
31. Strjúgsstaðir	10 —	61. Stafn	40 —	
32. Gunnsteinsstaðir	30 —	62. Teigakot	29 —	
33. Auðólfstaðir	19 —	63. Fossar	5 —	
34. Gautsdalur	5 —	64. Eyvindarstaðaheiði	10 —	
35. Æsustaðir	34 —	65. Bollastaðir	37 —	
36. Mörk	5 —	66. Rugludalur	5 —	
37. Hvammur	5 —	67. Eyvindarstaðir	14 —	
38. Mjóidalur	5 —	68. Austurhlíð	6 —	
39. Þverárdalur	5 —	69. Brandsstaðir	11 —	
40. Kálfárdalur	5 —	70. Blöndudalshólar	11 —	
41. Bólstaðarhlíð	103 —	71. Brúarhlíð	5 —	
42. Hlíðarpartur	16 —	72. Finnstunga og Ártún	108 —	
43. Botnastaðir	16 —	73. Mælifell	5 —	
44. Botnastaðamór	43 —	74. Holtastaðareitur	15 —	
45. Gil	28 —			
46. Fjósar	53 —			
47. Skeggjastaðir	177 —			

Samtals 3826 ein.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir fiskræktarfélagið Blanda, nr. 14 5. marz 1930, með þeim breytingum, sem síðar hafa verið á henni gerðar.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

STARFSREGLUR

fyrir öryggisráð.

1. gr.

Öryggisráð er ráðgefandi milli vinnuveitenda, verkamanna og öryggiseftirlitsins í öllu því, sem varðar hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það gerir tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og athugar reglur, sem öryggismálastjóri semur, áður en þær eru sendar ráðuneytinu til staðfestingar.

Öryggisráði ber að láta ráðherra og öryggismálastjóra í té, ef þess er óskað, yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum ná til.

2. gr.

Öryggisráð gerir tillögur um framkvæmd einstakra atriða öryggiseftirlitsins og lætur álit sitt í ljós um ágreiningsatriði, sem rísa kunna milli vinnuveitenda og/eða verkamanna annars vegar og öryggismálastjóra hins vegar, út af skilningi einstakra ákvæða laga og reglugerða varðandi öryggi og hollustuhætti á vinnustað.

3. gr.

Öryggisráð kemur saman til funda svo oft, sem tilefni gefst til, og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.

4. gr.

Formaður ráðsins boðar til funda og skal í fundarboði geta þeirra mála, sem lögð verða fyrir fundinn. Hafi einhver af meðlimum ráðsins eða öryggismálastjóri mál með höndum, sem hann telur aðkallandi að tekið sé til umræðu í ráðinu, getur hann óskað þess, að formaður kalli ráðið saman til fundar, en hann boðar þá til fundar svo fljótt, sem verða má.

5. gr.

Verði ágreiningur innan ráðsins um afgreiðslu máls, sem það hefur fengið til meðferðar, ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

6. gr.

Öryggismálastjóri situr fundi öryggisráðs, og er ritari þess. Tekur hann þátt í umræðum um mál, sem tekin eru til meðferðar, en hefur ekki atkvæðisrétt í ákvörðunum ráðsins. Skulu allir viðstaddir meðlimir ráðsins undirrita það, sem bókað er á fundi.

7. gr.

Skrifstofa öryggiseftirlitsins annast skrifstofustörf fyrir ráðið og telst aukakostnaður við það til kostnaðar af störfum ráðsins.

8. gr.

Í lok hvers árs lætur öryggisráð ráðherra í té skýrslu um störf ráðsins á árinu.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 52 20. maí 1955, um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

125

25. okt.

fyrir Rafveitu Raufarhafnar.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Raufarhafnar er fyrirtæki, sem Raufarhafnarhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Raufarhafnarkauptún og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Raufarhafnarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Raufarhafnar, og skal hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Raufarhafnar aflar raforku til almenningsþarfa á Raufarhöfn með því að vinna hana í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Raufarhafnarkauptún.

Rafveita Raufarhafnar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu. Heimilt er þó Sildarverksmiðjum ríkisins að framleiða sjálfar rafmagn til eigin nota.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Raufarhafnar er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnsseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála Raufarhafnar.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

125

25. okt.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Raufarhafnar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins, og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Raufarhafnar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar, sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 60 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

125

Umsókn um heimtaug.

25. okt.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á Raufarhöfn, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni, vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

125 Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða láta gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirduleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Raufarhafnar.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Notandi leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Rafveitunni er þó að sjálfsgöðu heimilt að hafa eftirlit með tækjum þessum hverju sinni, og þarf samþykki hennar til þess að skipt sé um tæki, eða ný sett, enda reiknað með því að rafveitan annist útvegum mælitækja fyrir notendur.

Gerist hins vegar rafveitan eigandi mælitækjanna, færist endurnýjunar- og viðhaldsskyldan yfir á hana. Verði þá mælitæki notanda fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess og endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda, miðað við fyrri notkun, og þeim upplýsing-

um, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tíma- **125**
 bil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða. **25. okt.**

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skylt til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvist, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímunn, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- 125 a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörðun, sem að framan greinir, 25. okt. hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
 b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
 c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.
 Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júni, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{1000}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur

rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega **125**
stendur á. 25. okt.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með minnst mánaðar fyrirvara, er ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

126
26. okt.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Raufarhafnar.

I. RAFORKA

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.

B. Önnur raforkunotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst.

II. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Raufarhafnar, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.metrum:

Heimtaugargjald:

Frá	0 allt að	100	kr.	500.00
—	100	— —	150	—	575.00
—	150	— —	200	—	650.00
—	200	— —	250	—	725.00
—	250	— —	300	—	800.00
—	300	— —	350	—	900.00
—	350	— —	400	—	1000.00
—	400	— —	450	—	1100.00
—	450	— —	500	—	1200.00
—	500	— —	550	—	1300.00
—	550	— —	600	—	1400.00
—	600	— —	650	—	1500.00
—	650	— —	700	—	1600.00
—	700	— —	750	—	1700.00
—	750	— —	800	—	1800.00
—	800	— —	850	—	1900.00
—	850	— —	900	—	2000.00
—	900	— —	1000	—	2200.00
—	1000	— —	1100	—	2400.00
—	1100	— —	1200	—	2600.00
—	1200	— —	1500	—	3000.00
—	1500	— —	1750	—	3500.00
—	1750	— —	2000	—	4000.00
—	2000	— —	2250	—	4500.00
—	2250	og yfir	—	5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 m² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% herra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3×50 m² eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðarskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga eftir að lokið er lagningu heimtaugar. 126
26. okt.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 30%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 26. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

127
27. okt.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs bæjarstjórn úr sínum hópi.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir, og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskja þess.

127

27. okt.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, er nefndinni berast. Senda skal bæjarstjórn eftirrit af hverri fundargerð.

5. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, einn eða fleiri, eftir tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er nefndin setur þeim. Þeir skulu sitja nefndarfundi.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er nefndin getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda. Að öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu hætti á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustu háttum lýtur, utan húss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.

Nefndin getur krafizt lagfæringa og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.

- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum og lætur taka af vatninu sýnishorn til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum og vatns- og sorprenum, ef hún telur þess þörf.

- c. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.

Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi íbúa. 127
27. okt.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XXI. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.
- Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar svo fljótt sem auðið er.
- j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XIX. og XXI. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsa- kynnum eða rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits, að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilegs hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytluvörubúðum skulu hafa hreina kappu á höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm- góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

127 27. okt. Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfduík eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla, 80.—84. og 91. gr.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar, sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. a. og 17.—22. gr., að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í lækinn, höfnina innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað bygg-ingarefni né neins konar rusl eða úrgang.

19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Áburð og annað, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um bæinn á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

20. gr.

127

Fatnað, ábreiður eða annað þess konar má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra. 27. okt.

21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar má ekki vera á samþykktarsvæðinu. Bannað er að bera salernisáburð í garða.

22. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

23. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. b. og 24.—29. gr., að því er varðar vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

24. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa.

Einnig skulu skip taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari, og er hannað að nota til þess sjó úr höfninni.

25. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd til ráða, ef vatnsveita er lögð eða vatnsveitu breytt. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun annarra vatnsbóla.

26. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

27. gr.

Þar, sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

29. gr.

Þar sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, skal veita skolpi út fyrir hafnargarða.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

30. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

127 Almenningsسالarni skulu reist, þar sem þurfa þykir, og ber að hlíta fyrir mælum
27. okt. heilbrigðisnefndar um gerð þeirra og notkun.

31. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

32. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Sorpstæði skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða. Við sorpflutning má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

V. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottu og önnur meindýr.

33. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

34. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. d.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

35. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllumurum), svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. e. og 36.—38. gr.

36. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við.

37. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

38. gr.

127

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Báru- 27. okt.
járns skal mála svo oft, sem þurfa þykir.

VII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

39. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verka-
mannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma
gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöð-
um, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um
eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð
nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt
ákvæða 10. gr. f., 11. og 40. gr.

40. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar
samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og
láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta
sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

41. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal
vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m³. Vélknúin loftræst-
ingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla
með ryksæla vöru.

42. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með
ryksugu.

43. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

IX. KAFLI

Um vöruskemmur.

44. gr.

Vöruskemmur skulu vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

45. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 15. gr.

X. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

46. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar, 9. gr. berklavarnarlaga, nr. 66 30. des. 1939, og 11. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.—15. og 47.—55. gr.

47. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m². Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. $\frac{1}{6}$ gólf-flatar, og gluggar mega ekki vita móti norðri. Birta skal falla á vinstri hönd. Hiti í kennlustofum skal vera a. m. k. 18° C. Hitamælir skal vera í hverri stofu.

48. gr.

Kennsluborð og sæti skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

49. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennlustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

50. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

51. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

52. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþrótt- og leikiðkana.

53. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

54. gr.

Allir skólar, sem fleiri en 20 nemendur sækja, skulu hafa skólalækni. Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrífum nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólanum fyrirmælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

55. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrífum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

XI. KAFLI

127

Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

27. okt.

56. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög, nr. 93 31. des. 1953, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XII. KAFLI

Um dagvistarheimili barna.

57. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fata-geymslu.

58. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

59. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

60. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

61. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XIII. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

62. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

63. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m, og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m² gólfplöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

127

27. okt.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru fram reiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sóttþreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælskápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° hita, unz þeirra er neytt.

65. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- og drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sóttþreinsa í hæfilega virkum sóttþreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreinir. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

66. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sóttþreinsa, áður en það er notað að nýju, nema heraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

67. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XIV. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

68. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

69. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sóttþreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

70. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af.

Ef uppvíst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hefur verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrirmæla héraðslæknis um sóttþreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

71. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

72. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XV. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

127

27. okt.

73. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

74. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XVI. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

75. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.—15. og 76.—91. gr.

A. Almenn ákvæði.

76. gr.

- Ekki má vera innangengt milli neyzlívörubúða eða neyzlívörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- Aldrei má handfjalla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, heldur nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur, sem til slíks er gert.
- Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappir eða annað jafngildi.

B. Um mjólk og mjólkurvöru.

77. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

78. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 75. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

127 Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veit-
27. okt. ingastöðum til neyztu þar.

Ekki má selja mjólk eða mjólkurvöru á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

C. Um rjómaís og mjólkurís.

79. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem heldur er til neyztu í bænum, má ekki vera minna en 15% og mjólkuríss ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

80. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 76. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

81. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

82. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

83. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

84. gr.

Brauðvöru má flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

85. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyztu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, síld, niðursuðuvöru, feitmeti, álag, osta, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flísunum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flíslagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljád, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum víði og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyztu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

127

27. okt.

86. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 85. og 87. gr., skal selja óunninn neyzlu-fisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá
- c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur, upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau græn máluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, græn málaðir utan, en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

87. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað eða á götum. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

88. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því er hann var deyður.

89. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

90. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til bæjarins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að.

G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

91. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörliki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

127

27. okt.

XVII. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði) og útileikvelli barna.

A. Um baðhús.

92. gr.

Gólf baðherbergja skulu vera flíslögð og veggir flíslagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

B. Um sundlaugar.

93. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmar skulu hærri en gólfið í kring. Með fram innanverðum börnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geta hrækt í.

94. gr.

Vatn, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns.

Gerlafjöldi í sundlaugarvatni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm³, og saurgerlar (B. coli) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm³. Taka skal sýni af vatni til rannsóknar ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa svo oft sem þurfa þykir.

95. gr.

Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komizt ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skyllt er að hafa björgunartæki í sundlaugum.

96. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvisir að slíku.

97. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k. 3 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

98. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem horizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgang að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

99. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóma, t. d. fótamyglu (epidermophytosis interdigitals plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

100. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóthreinsunarlög eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

101. gr.

127

Starfsfólk sundlauga skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir aðrir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm. 27. okt.

C. Um baðstaði.

102. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli húið, að sjórinn saurgist ekki af því.

103. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því aðeins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

104. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þrífalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Um aðgangsleyfi að baðstöðum gilda ákvæði 98. gr.

105. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki.

D. Um íþróttahús.

106. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en $\frac{1}{5}$ gólfplatnar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

107. gr.

Auk æfingasalar (-sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningssklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

108. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 53. gr.

E. Um íþróttavelli.

109. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningssklefar og böð.

F. Um útileikvelli barna.

110. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

127

27. okt.

111. gr.
Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr., eftir því sem við getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

XVIII. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

112. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 62. gr.

113. gr.

Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrir mæla héraðslæknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

114. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 13.—15. gr., eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslu.

115. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 116.—123. gr.

116. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görðunum vinna.

117. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

118. gr.

Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m séu frá kistuloki að grafarbarmi.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrir mælum hans.

119. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum skal vera rennandi vatn og handlaugar.

120. gr.

127

Líkhús skulu þrífín, svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík. 27. okt.

Leita skal fyrirmæla héraðslæknis um sóttþreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

121. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

122. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús, þegar að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

123. gr.

Ef sett verður á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sérstakar reglur um hana.

XX. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

124. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 125.—128. gr.

125. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

126. gr.

Ekki má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

127. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um upprætingu.

128. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bág við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

127

27. okt.

XXI. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

129. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins (sbr. VI.—VII. kafla), skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 130.—135. gr., að því er varðar peningshús, búrekstur og skepnuhald.

130. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, safnhús, safngryfjur né hefja búrekstur á sjálfri kaupstaðarlóðinni.

131. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaibúð. Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m, og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

132. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgöð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þriffin viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

133. gr.

Loðdýr (dýr, sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa á kaupstaðarlóðinni, nema gild ástæða þyki til og heilbrigðisnefnd samþykki.

134. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur bæjarstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur utan kaupstaðarlóðarinnar, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

135. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi. Undanþegin eru þó útflutningshross á leið til skips, enda skulu þau rekin undir stjórn lögreglu.

XXII. KAFLI

Lokaákvæði.

136. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

137. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr bæjarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki ef þörf gerist.

138. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

127

27. okt.

139. gr.

Mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin að hætti opinberra mála.

140. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 27. október 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

128

31. okt.

fyrir Veiðifélag Rangæinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er að Hvolsvelli.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu, og að leigja veiðisvæðið til stangarveiði.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hólsá, Ytri-Rangá, Þverá, Eystri-Rangá og allra lækja, sem í þær renna, og fiskur gengur í úr sjó, en þær eru:

Djúpárhreppur: Unuhóll I, Unuhóll II, Eystra-Tobbaðkot, Vestra-Tobbaðkot, Bali (með Gvendarkoti) I, Bali II, Húnakot, Hraukur, Litla-Rimakot, Stóra-Rimakot, Suður-Nýjabær, Vatnskot I, Vatnskot II, Háir-Rimi, Norður-Nýjabær, Melur, Miðkot, Jaðar, Háabær, Skinnar, Brekka, Búð I, Búð II, Hávarðarkot, Disukot með Hákotu, Vesturholt með Stöðulkoti, Oddspartur, Önnupartur, Skarð, Borgartún I, Borgartún II, Bjóluháleiga I, Bjóluháleiga II, Bjóla I, Bjóla II, Hrafntóftir I, Hrafntóftir II, Ægissíða I, Ægissíða II.

Holtahreppur: Árbæjarháleiga, Árbær, Árbæjarhellir.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grimsstaðir, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Hemla með Skeiði.

Rangárvallahreppur: Ártún með Ártúnskoti, Bakkakot, Fróðholt, Fróðholtshjáleiga, Uxahryggur I, Uxahryggur II, Rauðnefsstaðir, Hróarslækur, Ketilhúshagi, Vestri-Kirkjubær, Eystri-Kirkjubær, Gunnarsholt, Reyðarvatn, Keldur, Stokkalækur, Minna-Hof, Stóra-Hof, Lambhagi, Oddhóll, Kragi, Vindás, Sólvellir, Langekra, Oddi, Varmidalur, Helluvað, Gaddstaðir, Selalækur, Nes.

128 **Hvolhreppur:** Móeiðarhvolshjáleiga, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Djúpidalur, 31. okt. Duffpaksholt II, Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsálar, Stórólfs-
hvoll, Gata með Ormsvelli, Króktún, Þinghóll, Miðhús, Efri-Hvoll, Völlur I, Völlur
II, Bakkavöllur, Markarskarð, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II.

Fljótshlíðarhreppur: Fljótsdalur, Barkarstaðir, Háimúli, Árkvörn, Eyvindar-
múli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot,
Neðri-Þverá, Efri-Þverá, Deild, Heylækur I, Heylækur II, Teigur I, Teigur II, Butra,
Ámundakot, Miðkot, Bollakot, Hellishólar, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkju-
lækur III, Kirkjulækjarkot, Kollabær I, Kollabær II, Eystri-Torfastaðir I, Eystri-
Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagra-
hlið, Kotmúli, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, Bjargarkot, Aurasel, Breiða-
bólsstaður með Há koti, Flókastaðir, Núpur I, Núpur II, Vatnsdalur I, Vatnsdalur II.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi
félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með
hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum
eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmaður
fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til
umræðu. Óheimilt er stjórninni að leigja út veiði nema að ábúendur óski ekki eftir
að nota veiðina það ár.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir
kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að
formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir
þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt
undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið þrjú ár í
stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig
að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir
hitt árið.

7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún
fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum
tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og
hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Aðalfundur heldur félagið í maímánuði ár hvert. Skal hann boðaður skriflega og
minnst með viku fyrirvara, og sé fundarefnið getið í fundarboðinu. Á aðalfundi skýrir
stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi
þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og
úrskurðar fundurinn um þá. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um breytingar á
samþykktum félagsins og gjaldskrá, sbr. 11. og 13. gr. Ef jöfn eru atkvæði ræður
atkvæði formanns úrslitum, hvort sem er á aðalfundi eða stjórnarfundum.

9. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna
æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

128

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Eftir 5 ár frá því að fyrsta arðskrá félagsins öðlast gildi og síðan á 5 ára fresti, skal arðskráin endurskoðuð, ef meiri hluti félagsmanna samþykkir það á lög- mætum aðalfundi, ella gildir hún áfram. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt landslögum og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum á samþykktinni að hætti opinberra mála.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

129

3. nív.

um breyting á reglugerð nr. 15 20. febr. 1936, um framhaldsnám kandidata í læknisfræði til að geta öðlazzt ótakmarkað lækningaleyfi, og um sérmenntun lækna til að geta öðlazzt sérfræðingaleyfi.

1. gr.

Í stað niðurlagsmálsgreinar 1. gr. reglugerðarinnar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Kandidatar, sem ljúka almennu framhaldsnámi í Reykjavík, skulu vinna kandidatsvinnu um tveggja mánaða skeið á slysavarðstofu og sjúkradeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, og styttist sjúkrahúshjónustan samsvarandi, að jöfnu á lyf- lækninga- og handlækningadeild, þegar um slíka deildaskiptingu er að ræða.

Námskandidatar á Landsspítala skulu vinna kandidatsvinnu um tveggja mánaða skeið á fæðingardeild spítalans, og dregst annar mánuðurinn frá þjónustutíma á handlækningadeild.

129

2. gr.

3. n.óv. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47 1932, um lækningaleyfi o. fl.,
öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 3. nóvember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

130

9. n.óv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

139. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sá, er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við háspennuveitur, verður að:

1. Fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti 6 mánaða verklega reynslu við háspennuvirki; eða
 2. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti eins árs reynslu við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans um háspennuvirki, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild; eða
 3. hafa fengið sveinsbréf í rafvélavirkjun, enda hafi hann að prófefni haft verk við háspennuvirki, og hafa auk þess unnið að minnsta kosti í 4 ár við raflagnavirkjun og rafvélavirkjun við góðan orðstír. Af þeim tíma hafi hann verið eigi skemur en 2 ár við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, er það tekur gild.
- Þessi 3. töluliður fellur úr gildi 1. júní 1958.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

131
10. nóv.

um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupþúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík, Ólafsvík, Höfðakaupstað, Hvammstanga, Grafarnesi og Höfnum á Reykjanesi.

I. Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum kaupþúnanna Blönduóss, Dalvíkur, Hellissands, Hólmavíkur, Ólafsvíkur, Höfðakaupstaðar, Grafarness, Hvammstanga og Hafna á Reykjanesi. Orkuveitusvæði hvers þessara kaupþúna er það svæði, sem staðfestur skipulagsuppráttur kaupþúnsins nær yfir á hverjum tíma.

II. Heimtaugagjald.

Af hverri húsveitu á orkuveitusvæðinu, sem tengd er við héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við váttryggingarupphæð húsa og mannvirkja á þann hátt, er hér segir:

Grunngjald	
af loftlínuheimtaug	1000 kr.
af jarðlínuheimtaug	1500 —
og auk þess	
1.2% af váttryggingarupphæð upp að	500 000 kr. og
0.6% af váttryggingarupphæð umfram	500 000 —

Ef váttryggingarupphæð er augsýnilega of lág eða hús ómetin, getur rafmagnsveitustjóri innheimt heimtaugargjald til bráðabirgða samkvæmt áætluðu mati.

Fyrir ofangreint gjald fæst ein heimtaug, en óski húseigandi fleiri heimtauga, greiðist allur kostnaður af þeim, sem umfram eru, samkvæmt reikningi. Ef lengd jarðlínuheimtaugar er meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Rafmagnsveitustjóri ákveður, hvort lögð er loftlínu- eða jarðlínuheimtaug, og sé loftlínuheimtaug breytt í jarðlínu samkvæmt ákvörðun hans, skal húseigandi greiða mismun grunngjalds, 500 kr.

Nú hefur rafmagnsveitustjóri ákveðið loftlínuheimtaug, en húseigandi óskar eftir jarðlínuheimtaug, og er þá heimilt að verða við þeirri beiðni gegn því, að húseigandi greiði fyrir jarðlínuheimtaugina samkvæmt reikningi héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Heimtaugargjald skal greitt að hálfu áður en lagning heimtaugar er hafin og að fullu áður en straumi er hleypt á heimtaugina.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 15 2. febr. 1955, um heimtaugargjöld til rafmagnsveitna ríkisins í kaupþúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík og Ólafsvík.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

132

15. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

Stafliðirnir A., B. og C. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 130 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 70 aurum á mánuði á hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 85 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á 135 aura hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50 þús. kwst. ársnotkun á 60 aura hver kwst.		
Næstu	100	—————	55 ———
Næstu	100	—————	45 ———
Umfram	250	—————	40 ———

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á sömu gjaldskrá, nr. 30 25. febr. 1952.

Atvinnuálaráðuneytið, 15. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

133

17. nóv.

um að niður falli vegabréfaskylda og dvalarleyfa fyrir ríkisborgara Norðurlandanna.

Þar sem Ísland hefur gerzt aðili að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, um að leysa ríkisborgara þessara landa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu, þá er hér með ákveðið, samkvæmt heimild í lögum nr. 18 11. febrúar 1953, um íslensk vegabréf, að íslenskum ríkisborgurum skuli eigi skylt að hafa í höndum vegabréf eða önnur ferðaskilríki við för úr landi til dvalar í einhverju hinna Norðurlandanna eða við komu til landsins frá einhverju þessara landa.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í lögum nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum, að dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum skuli eigi skylt að hafa í höndum vegabréf eða önnur ferðaskilríki við komu frá eða brottför til þessara ríkja. Enn fremur skulu danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar leystir undan skyldu til að afla sér dvalarleyfis.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast gildi 1. desember 1955.

Dómsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

134

18. nóv.

um opinber reikningsskil.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu mánaðarlega gera ríkissjóði reikningsskil fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

Með sýslumönnum og bæjarfógetum er í reglugerð þessari enn fremur átt við lögreglustjóra, tollstjóra, borgarfógeta, borgardómara og sakadómara, og eru þeir í reglugerðinni einu orði nefndir reikningshaldarar.

Aðrir reikningshaldarar ríkissjóðs skulu hlíta almennum reglum reglugerðar þessarar og sérreglum um bókhald og skil, eftir því sem við á, en að öðru leyti sérstökum fyrirmælum ráðuneytisins til þeirra, sem gefin hafa verið eða gefin verða.

2. gr.

Reikningshaldarar skulu halda bækur þær, er nú skal greina:

1. Aðalsjóðbók með þessum undirsjóðbókum:
 - a. Manntalsgjaldasjóðbók
 - b. Tollabók
 - c. Aukatekjubók
 - d. Útflutningsgjaldabók
2. Tryggingasjóðbók
3. Manntalsgjaldabók

134
18. nív.

4. Skemmtanaskattsbók
5. Bifreiðaskattsbók
6. Viðskiptamannabækur
7. Birgðabækur

Bækur þessar skulu færðar eftir fyrirskipaðri fyrirmynd frá ríkisendurskoðuninni og skulu löggiltar af henni.

3. gr.

Í aðalsjóðbók skal færa þessa reikninga:

1. Sjóðreikningur
2. Bankareikningur
3. Ríkissjóður
4. Tryggingastofnun ríkisins
5. Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins
6. Viðskiptamenn
7. Ýmsar innheimtur
8. Kostnaður við embættið

Færa skal í lok hvers mánaðar úr undirsjóðbókum í aðalsjóðbók allt, sem samkvæmt þeim hefur innheimzt, á reikning ríkissjóðs það, sem honum á að skila, á reikning Tryggingastofnunarinnar það, sem henni á að skila, og á viðskiptareikning það, sem öðrum á að skila.

Á reikning umboðsins fyrir Tryggingastofnunina skal færa allar greiðslur til umboðsins eða frá því.

Á viðskiptamannareikning skal færa allar inn- og útborganir vegna dánar- og þrotabúa, ómyndugra fjár, sýslusjóða, sýsluvegasjóða, annarra sjóða í vörzlu embættisins, og aðrar inn- og útborganir vegna viðskiptamanna við embættið.

Á „Ýmsar innheimtur“ skal færa innheimt fé fyrir önnur embætti eða stofnanir og innheimtukröfur sendar öðrum, t. d. yfir kostnað í lögreglumálum, kostnað við skattanefndir o. s. frv.

4. gr.

Í manntalsgjaldasjóðbók skal færa innheimtu eftirtaldrá gjalda þannig sundurliðað:

1. Þinggjöld yfirstandandi árs
2. Eftirstöðvar þinggjalda
3. Söluskattur af smásölu og þjónustu
4. Bifreiðaskatt
5. Iðgjöld bifreiðastjóra samkv. 112. og 113. gr. 1. nr. 50/1946
6. Skoðunargjald bifreiða
7. Öryggiseftirlitsgjald
8. Skoðunargjald skipa
9. Rafstöðvagjald
10. Afgjöld þjóð- og kirkjujarða og lóðarleigur
11. Lestagjald
12. Útvarpsafnotagjald

Undir þinggjöldin heyra þessi gjöld:

- a. Fasteignaskattur
- b. Tekju- og eignarskattur og tekjuskattsviðauki
- c. Stríðsgróðaskattur
- d. Almenn tryggingariðgjald
- e. Slysstryggingariðgjöld samkv. 112. og 113. gr. 1. nr. 50/1946

- f. Námsbókagjald
- g. Hundaskattur
- h. Sýsluvegasjóðsgjald

134
18. nóv.

Þinggjald yfirstandandi árs skal færa ósundurliðað í manntalsgjaldasjóðbók þegar það greiðist. Þar sem þinggjöld þessi greiðast á manntalsþingum má færa þau öll í einu lagi í manntalsgjaldasjóðbók, sem í þingferð innheimtast. Eftir hvern mánuð sundurliðast heildarfjárhæð innheimtra þinggjalda yfirstandandi árs á ofanskráð gjöld, eftir fyrir fram ákveðinni hlutfallstölu, sem miðast við tilfallin gjöld. Þessi skipting þinggjaldanna skal höfð í mánaðarskilagreinum til ríkisbók-halds og endurskoðunar þangað til í lokaskilagrein. Í lok ársins skulu sundurliðaðar nákvæmlega eftirstöðvar þinggjalda þess árs og samkvæmt þeirri sundurliðun skal fundin raunveruleg sundurliðun innheimtra þinggjalda á árinu. Samkvæmt henni skal vera sundurliðun innheimtra þinggjalda í desemberskilagrein.

Hin mánaðarlega sundurliðun þinggjaldanna skal sýnd í manntalsgjaldasjóðbók-inni, aftan við niðurstöður mánaðarins.

Afgjöld í 8. lið skal sundurliða þannig mánaðarlega og sýna aftan við niðurstöðutölur mánaðarins í manntalsgjaldasjóðbókinni:

- a. Afgjöld þjóðjarða
- b. Afgjöld kirkjujarða
- c. Lóðarleigur og afgjöld jarða í kaupstöðum
- d. Afgjöld erfðaleigujarða

5. gr.

Í tollabók skal færa sundurliðað innheimt:

- 1. Vörumagnstoll
- 2. Verðtoll
- 3. Söluskatt af innfluttum vörum
- 4. Innflutningsgjald af benzíni
- 5. Rafmagnseftirlitsgjald
- 6. Matvælaeftirlitsgjald af innfluttum vörum
- 7. Gúmmígjald
- 8. Tryggingarfé fyrir tollgreiðslu.

6. gr.

Í aukatekjubók skal færa sundurliðað innheimt:

- 1. Stimpilgjald
- 2. Þinglýsingargjald
- 3. Skipagjöld
- 4. Iðgjöld sjómanna samkv. 112. og 113. gr. l. nr. 50/1946
- 5. Aðrar almennar aukatekjur
- 6. Skrásetningargjöld bifreiða
- 7. Erfðafjárskatt
- 8. Gjald af innlendum framleiðsluvörum
- 9. Skemmtanaskatt
- 10. Prófgjöld
- 11. Sektir
- 12. Ýmislegt
 - a. Matvælaeftirlitsgjald af innlendum framleiðsluvörum
 - b. Framleiðslugjald af sildarafurðum
 - c. Skipulagsgjald

134 Skipagjöld, prófgjöld og sektir skal sundurliða mánaðarlega aftan við niður-
18. n.év. stöður aukatekjubókarinnar.

Skipagjöldin sundurliðast þannig:

1. Afgreiðslugjald skipa
2. Vitagjald
3. Sóttvarnarsjóðsgjald
4. Tollskoðunargjald
5. Áritunargjald

Prófgjöldin sundurliðast þannig:

1. Prófgjald bifreiðarstjóra
2. Prófgjald iðnnema

Sektir sundurliðast þannig:

1. Ríkissjóðssektir
2. Menningarsjóðssektir
3. Landhelgissjóðssektir

7. gr.

Í útflutningsgjaldabók skal færa:

1. Útflutningsgjald
2. Útflutningsleyfisgjald
3. Fiskimálasjóðsgjald
4. Síldarsölugjald
5. Hlutatryggingarsjóðsgjald af fiskafurðum
6. Hlutatryggingarsjóðsgjald af síldarafurðum
7. Síldarmatsgjald

8. gr.

Í tryggingasjóðbók skal færa eftirtalda reikninga:

1. Sjóður
2. Bankareikningur
3. Embættissjóður
4. Framlag sveitarfélaga
5. Barnalífeyrir, endurkræfur
6. Barnalífeyrir, óendurkræfur
7. Ellilífeyrir
8. Örorkulífeyrir
9. Fjölskyldubætur
10. Fæðingarstyrkur
11. Ekkjubætur og lífeyrir
12. Makabætur
13. Mæðralaun
14. Útborgun á lífeyri

9. gr.

Í manntalsgjaldabókina skal innfæra sundurliðað gjöld þau, er greiða ber á manntalsþingum.

Greiðslur á manntalsbókargjöldum skal færa í greiðsludálka í manntalsgjaldabók jafnóðum sem þær eru færðar í manntalsgjaldasjóðbók.

Ríkisendurskoðunin setur nánari reglur um form manntalsgjaldabóka og færslur á eftirstöðvum manntalsbókargjalda.

10. gr.

134

Skemmtanaskattsbók skal færa í því formi, sem ríkisendurskoðunin ákveður. 18. nóv.

11. gr.

Í bifreiðaskattsbók skal innfæra sundurliðað gjöld þau, sem greiða ber við bifreiðaskoðun.

Greiðslur á bifreiðaskatti skal færa í greiðsludálk jafnóðum sem þær eru færðar í sjóðbók.

12. gr.

Færa skal 2 viðskiptamannabækur, aðra sem svarar til dálksins „Viðskiptamenn“ í aðalsjóðbók, en hina sem svarar til dálksins „Ýmsar innheimtur“.

13. gr.

Reikningshaldarar skulu halda birgðabækur yfir stimpilmerki og önnur verðmæti, sem í vörzlum þeirra eru, svo sem bifreiðamerki, ökuskirteini, viðskiptabækur sjómanna o. s. frv. Skilagrein fyrir verðmætum þessum skal árlega senda ríkisendurskoðuninni og andvirði þeirra skal skilað eftir því sem sérstaklega er fyrir mælt.

14. gr.

Um hver mánaðamót ber reikningshöldurum að senda ríkisbókhaldinu og ríkisendurskoðuninni sitt eintakið hvoru af skilagrein um innborgaðar tekjur, sem greiða á til ríkisféhirðis, og senda ríkisféhirði þá jafnframt andvirði þess, sem innheimt hefur verið í mánuðinum, að frádregnu því, sem þeir hafa haft heimild til eða fyrir-mæli um að leggja út fyrir ríkissjóð eða í þágu embættisins.

Skilagreinarnar, sem eiga að vera í því formi, sem ríkisendurskoðunin ákveður, skulu að undantekinni desemberskilagrein settar í póst ekki síðar en þremur virkum dögum eftir hver mánaðamót.

Innan sama frests skal senda ríkisbókhaldinu símskeyti um innheimtar tekjur í mánuðinum, sundurliðaðar eftir fyrirmælum þess.

15. gr.

Í árslok ber reikningshöldurum að semja aðalreikning og senda ríkisbókhaldinu og ríkisendurskoðuninni sitt eintakið hvoru af honum. Með aðalreikningi skulu reikningshaldarar senda skrár yfir eftirstöðvar allra tilfallinna tekna við embætti þeirra. Enn fremur skal senda ríkisendurskoðuninni með aðalreikningi embættisbækur þær og eyðublöð þau útfyllt, sem hún til tekur. Frumgögn, svo sem skattskrár, farmskrár o. fl., skal einnig senda ríkisendurskoðuninni með aðalreikningi, nema sérstaklega sé lagt fyrir að senda þau fyrir. Formið á aðalreikningi og eftirstöðvaskrár ákveður ríkisendurskoðunin.

Reikningum ber að loka 31. desember ár hvert. Í byrjun næsta almanaksárs skal byrjað á nýju reikningsári í sjóðbókum.

Þó er heimilt að taka innheimt manntalsbókargjöld til janúarloka með reikningskilum ársins á undan, og færist það þá með desemberskilagrein.

Aðalreikningur, eftirstöðvaskrár og desemberskilagrein skulu send fyrir 15. febrúar.

16. gr.

Reikningshaldara ber að geyma og ávaxta í banka fé embættisins, þar til er því er skilað. Ef ekki er banki eða bankaútibú í grennd við embættisskrifstofu en hins vegar önnur innlánsstofnun, svo sem sparisjóður, má reikningshaldari að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins geyma þar og ávaxta fé það, sem hann kann fljótlega að þurfa að grípa til.

134 Fé embættisins er allt það fé, sem reikningshaldari tekur við samkvæmt embættisskyldu, hvort sem það á að renna í ríkissjóð eða til annarra. Fé búa og sjóða skal vera á sérreikningi fyrir hvert bú og hvern sjóð.

Ekki má blanda fé embættisins saman við eigið fé reikningshaldara eða annarra nema það sé bókfært í embættisbókum.

Vexti af fé búa og sjóða ber að færa hverju þeirra til tekna þegar er þeir tilfalla.

Vexti af öðru embættisfé skal færa ríkissjóði til tekna og skila þeim í hann með öðrum tekjum.

17. gr.

Reikningshaldarar skulu heimta inn tekjur þær, sem þeim er falin innheimta á, svo fljótt sem auðið er eftir að þær falla í gjalddaga.

Þeim ber að neyta lögtafs eða annarra lögheimilaðra aðfarargerða áður en frestur til þeirra er liðinn.

18. gr.

Reikningshöldurum ber að veita starfsmönnum ríkisendurskoðunarinnar frjálsan og óhindraðan aðgang að öllum embættisbókum og skjölum og gefa þeim allar þær upplýsingar, sem þeir æskja, um fjárreiður embættisins.

Reikningshöldurum ber að framvísa sjóð embættisins hvenær sem endurskoðunin krefst þess, og skal hann á hverjum tíma vera sá, sem sjóðbækur sýna.

Þegar sjóðtalning fer fram á vegum ríkisendurskoðunarinnar ber reikningshaldara að sýna endurskoðendum allar fjárreiður, sem hann hefur undir höndum, einnig þær, sem ekki koma ríkissjóði við, til þess að gengið verði úr skugga um það, að ekkert fé fari á milli sjóða.

19. gr.

Ef reikningshaldarar greiða ekki tekjur þær, er þeir eiga að standa skil á til ríkissjóðs, eins og fyrir er mælt í 14. gr., eða gera ekki reikning í tæka tíð, eða standa í skuld eftir skilagrein þeirri, sem fram er komin, eða ef sjóðþurrð reynist hjá einhverjum reikningshaldara, verður farið eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

20. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. marz 1956. Með henni er úr gildi numin reglugerð um opinber reikningsskil, dags. 11. desember 1929, sem auglýst er í A-deild Stjórnartíðindanna, nr. 82 á því ári.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Selfoss.

135
19. nív.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1. Grunnjald	600.00 kr. á ári.
2. Aflgjald af notuðu afli	600.00 kr. á kw. á ári.
3. Orkugjald	18 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðaraflestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðamótum.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

1. Grunnjald	600.00 kr. á ári.
2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	444.00 kr á ári.
3. Orkugjald	18 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

4. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 - a. Á 60 aura hverja kwst.
 - b. Á 45 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegisdag og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

135

D. Hitun.

19. nóv.

1. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dísilolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða á 50 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 15 aura hverja kwst. frá kl. 8 til 22 og á kr. 1.20 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.50 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 8.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 12.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera **135** sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir 19. nóv. raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr. af hverjum þúsund kr. af brunabótamati húsa og mannvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverju þús. kr. þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miða gjaldið við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helming heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 13 5. febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1. gr.

Bátur eða skip, hverju nafni sem nefnist og skoðunarskylt er að lögum, skal jafnan hafa lyfjaskrín meðferðis, þannig búið að lyfjum, umbúðum og áhöldum og að öðru leyti svo úr garði gert, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

Lyfjaskrín skulu vera ferns konar og í hverju skríni lyf, umbúðir og áhöld, eins og greinir hér á eftir.

Notkunarfyrirsögn skal letra á hvert lyf, eins og greinir við hvert þeirra.

Lyfjaskrín I.

A. Lyf til útvortis notkunar.

1. Joðáburður (Spiritus jodi Ph. D.) 20 g: 1 glas.

Til sóttþreinsunar á hörundi. Áburður á bólgu.

2. Bruna- og sárasmýrslí (Unguentum aureomycini 3%) 30 g: 1 tinbelgur.

Við bruna, sárum og kaunum.

B. Umbúðir.

1. Heftiplástur 2 sm × 1 m: 1 spóla.
2. Skyndiplástur 4 sm × 1 m: 1 dós.
— 6 sm × 1 m: 1 dós.
3. Sáralín 15 sm × 15 sm: 5 böggjar.
— 30 sm × 30 sm: 5 böggjar.
4. Sáralínsbindi 5 sm × 5 m: 4 bindi.
— 8 sm × 5 m: 2 bindi.
5. Sjúkrabaðmull 10 g: 2 böggjar.
— 30 g: 2 böggjar.

C. Áhöld.

1. Skæri.
2. Flísatöng.

Lyfjaskrín II.

A. Lyf til innvortis notkunar.

1. Magnýltöflur (Tabletæ magnyli Ph. D.) × X: 4 glös.

1—2 töflur í senn 3—5 sinnum á dag við sóttþitaprautum, höfuðverk og gigt.

2. Hóstatöflur (Tabletæ codeipheni Ph. D.) × X: 2 glös.

1 tafla í senn 3 sinnum á dag við espum hósta.

3. Súlfatöflur (Tabletæ sulfacombini Ph. D.) × L: 1 glas.

8 töflur fyrst, síðan 2 töflur á 6 klukkustunda fresti við lungnabólgu, blóðeitrun og igerðum.

B. Lyf til útvortis notkunar.

1. Bensín (Benzinum medicinale Ph. D.) 100 g: 1 glas.

Til hörundshreinsunar.

2. Joðáburður (Spiritus jodi Ph. D.) 20 g: 1 glas.

Til sóttþreinsunar á hörundi. Áburður á bólgu.

3. Bruna- og sárasmýrsli (Unguentum aureomycini 3%) 30 g: 2 tinbelgir. **136**
Við bruna, sárum og kaunum. 28. nív.
4. Handáburður (Unguentum molle Ph. D.) 30 g: 2 tinbelgir.
Við sprungum og saxa.
5. Benzalkonlögur (Diluendum benzalkoni 10% Ph. D.) 50 g: 1 glas.
10 ml (1 barnaskeið) í 1 l vatns til hvers konar sóttþreinsunar, einnig matariláta. Má ekki nota með sápu.

C. Umbúðir.

1. Heftiplástur 2 sm × 1 m: 2 spólur.
— 5 sm × 1 m: 1 spóla.
2. Skyndiplástur 4 sm × 1 m: 2 dósir.
— 6 sm × 1 m: 2 dósir.
— 8 sm × 1 m: 1 dós.
3. Sáralín 15 sm × 15 sm: 10 böggjar.
— 30 sm × 30 sm: 10 böggjar.
4. Sáralínsbindi 5 sm × 5 m: 10 böggjar.
— 8 sm × 5 m: 10 böggjar.
— 12 sm × 5 m: 2 böggjar.
5. Sjúkrabaðmull 10 g: 4 böggjar.
— 30 g: 4 böggjar.
6. Lásnælur, ýmsar stærðir: 12 nælur.

D. Áhöld.

1. Sóttþitamælir.
2. Naglabursti.
3. Hnífur.
4. Skæri.
5. Flísatöng.

Lyfjaskrín III.

A. Lyf til innvortis notkunar.

1. Magnýltöflur (Tabletæ magnyli Ph. D.) × X: 20 glös.
1—2 töflur í senn 3—5 sinnum á dag við sóttþíprautum, höfuðverk og gigt.
2. Brjóstsaft (Liquor pectoralis benzoicus cum glycerino Ph. D.) 100 g: 5 glös.
1 teskeið í senn 3—5 sinnum á dag.
3. Hóstatöflur (Tabletæ codeipheni Ph. D.) × X: 4 glös.
1 tafla í senn 3 sinnum á dag við espum hósta.
4. Brjóstsviðatöflur (Trochisci magnesii silicatis Ph. D.) × X: 10 glös.
2—6 töflur í senn (tyggist).
5. Kveisudropar (Guttæ rhei opiatae Ph. D.) 30 g: 2 glös.
40 dropar í senn við innvortis verkjum og vindi.
6. Stoppandi töflur (Tabletæ phthalylsulfathiazoli Ph. D.) × L: 5 glös.
2—3 töflur í senn á 6 tíma fresti við svæsum niðurgangi.
7. Hægðapillur (Pilulæ frangulæ compositæ Ph. D.) × X: 2 glös.
1—2 pillur í senn.
8. Laxerólía (Oleum ricini Ph. D.) 50 g: 2 glös.
2—3 matskeiðar í senn.
9. Sefandi töflur (Tabletæ bromisovalí Ph. D.) × X: 2 glös.
1 tafla 3 sinnum á dag við taugaveiklun og óróleika. 2 töflur undir svefn við svefnleysi.

136

28. n.óv.

10. Svefntöflur (Tabletæe allypropymali Ph. D.) \times X: 1 glas.
1 tafla undir svefn við miklu svefnleysi.
11. Óþíumsdropar (Tinctura opii Ph. D.) 0,50 g: 10 glerhylki.
Innihald 1 hylkis til inntöku við miklum þrautum, einkum innvortis þrautum. Varlega!
12. Súlfatöflur (Tabletæe sulfacombini Ph. D.) \times L: 3 glös.
8 töflur fyrst, síðan 2 töflur á 6 klukkustunda fresti við lungnabólgu, blóðeitrun og igerðum.
13. Pensilínstungur: a) Benzýlpensilínprókain + benzýlpensilínatrium (Benzylpenicillinprocainum Ph. D. + Benzylpenicillinatrium Ph. D.) 300000 + 100000 a. e.: 20 glös. b) Lausnarvökvi (Solvens ad penicillinum Ph. D.) 2 ml: 20 glerhylki.
1 stunga í vöðva á sólarhring við lekanda. 1—2 stungur í vöðva á sólarhring við blóðeitrun og igerðum.
14. Niketamíðstungur (Injectabile nicethamidi Ph. D.): 5 glerhylki.
2 ml. stungið undir húð (eða í vöðva) við losti. 4—8 ml stungið í vöðva við meðvitundarleysi af völdum eitrunar.
15. Sjóveikistöflur (Tabletæe anautini eg 10 DAK) \times X: 3 glös.
1 tafla í senn, allt að 3 sinnum á dag.

B. Lyf til útvortis notkunar.

1. Bensín (Benzinum medicinale Ph. D.) 100 g: 2 glös.
Til hörundshreinsunar.
2. Joðáburður (Spiritus jodi Ph. D.) 20 g: 5 glös.
Til sóttgreinsunar á hörundi. Áburður á bólgu.
3. Súrvatn (Solutio hydrogenii peroxydi Ph. D.) 50 g: 2 glös.
Til að skola óhrein sár og þvo bólgið tannhold.
4. Bruna- og sárasmyrslí (Unguentum aureomycini 3%) 30 g: 5 tinbelgir.
Við bruna, sárum og kaunum.
5. Handáburður (Unguentum molle Ph. D.) 30 g: 4 tinbelgir.
Við sprungum og saxa.
6. Sinkvasilín (Vaselinum zincicum lanolinatum Ph. D.) 30 g: 10 tinbelgir.
Við afrifum.
7. Stráduft (Cutipulvis talci zincicus Ph. D.) 50 g: 1 strástaukur.
Til að strá á vessandi útbrot.
8. Gigtaráburður (Unguentum mentholi compositum Ph. D.) 30 g: 10 tinbelgir.
Núist vel inn í hörund.
9. Augnsmyrslí (Oculentum aureomycini 1%) 5 g: 3 tinbelgir.
Við augnangri og hvarmabólgu.
10. Tanddropar (Eugenolum Ph. D.) 5 g: 2 glös.
Í baðmull í hola tönn.
11. Hálstöflur (Tabletæe euflavini orales Ph. D.) \times X: 5 glös.
1 tafla í senn látin renna í munní við kverkabólgu.
12. Gyllinistautar (Suppositoria haemorrhoidalia Ph. D.) \times VI: 2 öskjur.
1 stautur í senn í endaþarm við gylliniæð.
13. Lúsaduft (Cutipulvis penticidi Ph. D.) 50 g: 2 strástaukar.
Sáldist í fatnað og rúmföt við lús.
14. Lúsalögur (Spiritus penticidi Ph. D.) 100 g: 2 glös.
Til að væta hársvörð 1 sinni í viku við lús.

15. Benzalkonlögur (Diluendum benzalkoni 10% Ph. D.) 50 g: 2 glös. **136**
10 ml (1 barnaskeið) í 1 l vatns til hvers konar sóttþreinsunar, einnig 28. nóv.
matariláta. Má ekki nota með sápu.

C. *Umbúðir.*

1. Heftiplástur 2 sm × 1 m: 10 spólur.
— 5 sm × 1 m: 5 spólur.
2. Skyndiplástur 4 sm × 1 m: 5 dósir.
— 6 sm × 1 m: 5 dósir.
— 8 sm × 1 m: 5 dósir.
3. Sáralín 15 sm × 15 sm: 20 böggjar.
— 30 sm × 30 sm: 20 böggjar.
4. Sáralínsbindi 5 sm × 5 m: 30 böggjar.
— 8 sm × 5 m: 20 böggjar.
— 12 sm × 5 m: 10 böggjar.
5. Sjúkrabaðmull 10 g: 10 böggjar.
— 30 g: 10 böggjar.
— 60 g: 5 böggjar.
6. Flónelsbindi 8 sm × 5 m: 2 bindi.
7. Léreftsdúkur 1 m × 1 m: 2 dúkar.
8. Pappaspelkur 6 sm × 4 mm × 50 sm: 2 spelkur.
— 10 sm × 4 mm × 50 sm: 2 spelkur.
9. Skinnneglur, misstórar: 6 neglur.
10. Lásnælur, ýmsar stærðir: 60 nælur.
11. Stórslysaböggull (um innihald sbr. 3 gr. D, 7).

D. *Áhöld.*

1. Sótthitamælar: 2 mælar.
2. Lyfjastaup úr gleri með mælistrikum, 15 ml.
3. Lyfjadæla, 2 ml.
— 5 ml.
4. Holnálar nr. 12: 6 nálar.
— nr. 15: 2 nálar.
5. Tunguspaðar úr tré: 10 spaðar.
6. Stútkanna.
7. Hrákakrús.
8. Hægðaskál.
9. Þvagglass.
10. Nelatons þvagleggur, stærð 18.
11. Gúmhitapoki, 1,5 l.
12. Naglaburstar: 2 burstar.
13. Skaftpottur til áhaldasuðu.
14. Hnifur.
15. Skæri.
16. Flísatöng.
17. Sáratöng (Listers).
18. Æðatöng (Kochers).
19. Saumnálar, stærðir 2—4: 4 nálar.
20. Silkigarn nr. 3: 5 m, sæft í sóttvarnarlegi, í glerhylki með gúmtappa og skrúfuðu loki: 2 glerhylki.

136 Lyfjaskrín IV.

28. nóv.

Eins og III, nema tvöfalt meira af öllum tegundum lyfja og áhalda (en af umbúðum jafnmikið).

3. gr.

Um gerð lyfja, umbúnað þeirra og áletrun, umbúðir og áhöld skal þessa gætt, umfram það sem getur í 2. gr.:

A. Gerð lyfja.

Skráð lyf skulu vera gerð samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár og önnur lyf í sem fyllstu samræmi við fyrirmæli hennar eða viðurkenndrar tegundar.

Nú verður síðar skráð lyf, er samsvarar óskráðu lyfi, sem mælt er fyrir um í 2. gr., og skal þá hið skráða lyf koma í stað hins óskráða lyfs, enda áletrast samkvæmt því.

Þess skal gætt um lyf, sem verður óvirkt við geymslu, að það sé við afhendingu svo nýgert sem tók eru á.

B. Umbúnaður lyfja.

Um lyfin skal búið samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár, en sérstaklega skal þessa gætt:

1. Fljótandi lyf skulu vera í ferstrendum glösum.
2. Töflur og pillur skulu vera í flötum glösum með skrúfuðu loki.
3. Joðáburður skal vera í glasi með þéttu, skrúfuðu loki og smurningsstautur úr gleri niður úr lokinu.

C. Áletrun lyfja.

Lyf skulu greinilega áletruð íslenzku og latnesku heiti, svo og notkunarfyrirsögn, eins og greinir hér að framan, og að öðru leyti í samræmi við gildandi reglur um áletrun lyfja. Þrykkja skal áletrun á tinbelgi, en ekki líma á þá miða. Á lyf, sem verður óvirkt við geymslu, skal letra greinilega, frá hvaða degi það teljist óvirkt.

D. Umbúðir.

Umbúðir skulu vera viðurkenndrar góðrar tegundar. Sérstaklega skal þessa gætt:

1. Sárálín og sárálínsbindi skulu vera úr bleiktri grisju, 32 þráða.
2. Sjúkrabaðmull skal vera þerrin.
3. Sárálín, sárálínsbindi og sjúkrabaðmull skal allt vera sæft og svo búið um sem tíðkast um sæfðar umbúðir í höggjum. Yztu umbúðir sárálíns skulu vera bláar, sárálínsbinda hvítar og sjúkrabaðmullar rauðar.
4. Flónelsbindi skulu vera hálfullarbindi.
5. Léreftsdúkar skulu vera úr sterku lérefti með fólðuðum eða heilum jöðrum.
6. Skinnneglur skulu vera úr voðfelldu skinni, er hrindir frá sér vætu.
7. Í stórslysaböggli (sbr. 2. gr. C, 11) skulu vera þessar umbúðir:
 - a. Sárálín 50 sm × 50 sm: 10 höggjar.
 - b. Sárálínsbindi 12 sm × 10 m: 10 höggjar.
 - c. Sjúkrabaðmull 500 g: 5 höggjar.

Um höggulinn skal búið í loftþéttum plastpoka með áþrykktri áletrun:

Stórslysaböggull.

[Innihald greint samkvæmt framansögðu.]

Notist, er stórslys ber að höndum!

E. Áhöld.

136

28. nóv.

1. Sótthitamælar skulu vera venjulegir Celsius-hámarksælar.
2. Dælur skulu vera samkvæmt fyrirmælum gildandi lyfjaskrár.
3. Stútkanna skal vera úr postulíni.
4. Hrákacrús og hægðaskál skulu vera úr gleruðu pjátri.
5. Í naglaburstum skulu vera burstir úr hári.
6. Skaftpottur til áhaldasuðu skal vera úr gleruðu pjátri, 20 sm \times 8 sm, með lausu skafti.
7. Hnífar, skæri, tengur, saumnálar og holnálar skulu vera úr krómstáli.
8. Hnífar, skæri, sáratengur og flísatengur skulu vera 15 sm á lengd, en æðatengur 12 sm; hnífar skulu vera oddhvassir og ekki bognir fyrir odd.
9. Saumnálar skulu vera hálfbognar.
10. Flísatöng skal vera oddhvöss og til þess löguð að taka flísar úr holdi og undan nögl.

4. gr.

Lyfjaskrín I skal vera hæfilega stór pjáturstokkur með loki á hjörum og svo búið um, að það, sem í því er, sé sem bezt varið fyrir vætu.

Lyfjaskrín II, III og IV skulu vera hæfilega stórir trékassar, hólfaðir í sundur þannig, að hver lyfjategund sé sér í hólfi, umbúðir sér og áhöld sér, og svo búið um, að sem minnst haggist við hreyfingu skips. Í stað lyfjaskrína II, III og IV má útbúa fasta skápa á hentugum stöðum í skipi, enda séu skáparnir hólfaðir sundur á svipaðan hátt og fyrir er mælt um kassana. Lyfjaskrín II, III og IV skulu vera læst með lykli og lykill í vörzlu skipstjóra eða stýrimanns, sem af skipstjóra er falið að hafa umsjón með lyfjaskrín.

Hvert lyfjaskrín skal tölumerkt sinni tölu.

5. gr.

Hverju lyfjaskrín II, III og IV skal fylgja eitt eintak lækningakvers fyrir farmenn, sem landlæknir lætur semja og gefur út.

6. gr.

Bátar og skip skulu hafa lyfjaskrín sem hér segir:

1. Róðrabátar, vélbátar og önnur skip skulu hafa lyfjaskrín I, nema þau falli undir ákvæði síðari töluliða þessarar greinar.
2. Skip, sem hafa yfir 8 skipverja eða eru að jafnaði lengur en sólarhring í senn úr höfn eða stunda farþegaflutning milli hafna, skulu hafa lyfjaskrín II, nema þau falli undir ákvæði síðari töluliða þessarar greinar.
3. Skip, sem hafa yfir 20 skipverja eða eru að jafnaði yfir viku í senn úr höfn eða flytja að jafnaði farþega svo að tugum skiptir milli hafna eða fara að jafnaði milli landa, skulu hafa lyfjaskrín III, nema þau falli undir ákvæði síðasta töluliðs þessarar greinar.
4. Farþegaskip, sem ganga að jafnaði milli landa, skulu hafa lyfjaskrín IV.

7. gr.

Þá er lögboðin skoðun skips fer fram, skal lyfjaskrín skipsins sérstaklega athugað af skoðunarmönnum, og skulu þeir gæta þess, að það sé búið lyfjum, umbúðum og áhöldum samkvæmt fyrirmælum þessarar reglugerðar. Þegar um lyfjaskrín III og IV er að ræða, skal héraðslæknir skoða skrínið og láta í té vottorð um, er lagt sé fyrir skoðunarmenn. Athugunar lyfjaskríns skal sérstaklega getið í skoðunarbók.

136

28. nóv.

8. gr.

Jafnan þegar eytt er til muna úr lyfjaskrini skips af einhverju lyfi eða umbúðum, skal skipstjóri sjá um, að viðbót sé fengin, þegar er því verður við komið, enda skal skipi ekki lagt úr höfn, þar sem er lyfjabúð eða læknir, nema þess sé gætt. Sérstaklega skal þess gætt um lyf, sem verður óvirkt við geymslu, að endurnýja það í tæka tíð.

9. gr.

Þegar um mjög stór farþegaskip er að ræða eða óvenjulegan farþegaflutning milli landa á öðrum skipum en farþegaskipum eða gera má ráð fyrir, að skipverði óvenjulega lengi úr höfn eða sigli til hitabeltislanda eða annarra staða, þar sem hætta er á sérstökum sóttum, skal taka meiri forða lyfja og umbúða í lyfjaskrín skips en annars er fyrir mælt og jafnvel bæta nauðsynlegum lyfjategundum við, hvort tveggja eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis, er þá skal jafnan kvaddur til.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, öðlast gildi 1. janúar 1956, og fellur jafnframt úr gildi tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, ásamt tilskipun nr. 85 7. september 1942, um breytingu á fyrrnefndri tilskipun.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1955.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

137

27. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 91/1955, um innheimtu ýmissa gjalda 1956 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 91/1955 og innheimta á árinu 1956 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum, samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

138

1. des.

um heimilishjálp í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Gnúpverjahreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum þriggja manna nefndar, sem er þannig skipuð, að stjórn sjúkrasamlags Gnúpverja kýs einn manninn, stjórn kvenfélags Gnúpverja einn og hreppsnefnd Gnúpverjahrepps einn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og hreppsnefndar.

Nefndin á rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu, og hafa nefndarmenn þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi, sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, sé þess kostur.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Nefndinni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpinu stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Sveitarsjóður Gnúpverjahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðunefndarinnar.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur og ráðherra staðfestir. Hreppsnefndin setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði en $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði Gnúpverjahrepps.

- 138** Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt
1. des. staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í við-
lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

- 139**
8. des.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnu-
akstur um eftirtaldar götur, sem hér segir:

*Samtún frá vestri til austurs.
Skúlatún frá norðri til suðurs.*

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. desember 1955.

Sigurjón Sigurðsson.

- 140**
16. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1956.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 77/1955 til þess að innheimta
skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum
með 20% álagi árið 1956.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar
á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 16. desember 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

141
21. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vélbátum, sem heima eiga í Neskaupstað, eða eru gerðir út þaðan og liggja við sérstök legugögn í höfninni, má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Enginn má leggja legufæri í höfnina, nema eftir tilvísun hafnarnefndar, enda samþykki hún frágang legufæra. Þeir, sem nú eiga legufæri í höfninni, skulu skyldir til að afla samþykkis hafnarnefndar fyrir legustað og útbúnaði. Telji hafnarnefnd nauðsyn til bera, að legugögnin séu flutt eða þau endurbætt, skal skylt að flytja þau þangað, sem hafnarnefnd til vísar og að bæta úr ágöllum, sem hafnarnefnd telur á þeim. Tregðist eigandi eða umráðamaður legugagna við að hlýðnast skipun hafnarnefndar, um flutning eða umbætur á legugögnum innan tiltekins tíma, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

Enginn má flytja legugögn báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

2. gr.

26. gr., staflidír B og C orðist svo:

- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum skulu greiða 30 aura af hverri nettósmálest, í hvert skipti sem þau leggjast í Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 60 aura af hverri nettósmálest.

3. gr.

28. gr., staflidúr A og fyrri málsgrein staflids B orðist svo:

- A. Af öllum aðkomuskipum greiðist 30 aurar af hverri nettósmálest fyrir fyrsta sólarhring og 20 aurar á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.
- B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, 10—30 smálestir að stærð, skulu greiða 3 krónur af hverri brúttósmálest á ári, en skip yfir 30 smálestir skulu greiða 4 krónur af hverri brúttó smálest.

Minni bátar greiði 15 krónur á ári.

4. gr.

Í 29. gr. reglugerðarinnar komi í stað orðanna: „2 aura“ og „5 krónur“: 5 aura og 15 krónur.

5. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá.

- 1. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, stál, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur.

- 2. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:

- 141
21. des. Garðavextir, freðfiskur, verkaður saltfiskur, lýsi, steinsteypar vörur, freðsild.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, fiskimjöl, sildarmjöl, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þakhellur.
 4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
Eldavélar og tilheyrandi, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör og tólg, fuelolía.
 5. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Bárujárn, kjöt, gufuvélar, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskumbúðir, tvistur, skreið.
 6. flokkur. Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
Brennsluolíur (aðrar en fuel-olía), benzín, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hrogn, strigapokar.
 7. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
Útgerðarvörur svo sem: linur, önglar, net og nætur, kítí, gætur, garnir, gashylki, jurtafeti, smurningsolíur, ull, ullarballar, akkeri, blý, krossviður, smjör, smjörlíki, skyr, ostar, mjólk, rjómi, vír, vírnet, þvottapottar með eldstó.
 8. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, skinn (hörð), svo og allar vörur ótaldar annars staðar.
 9. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 10 kg:
Veggfóður, hráefni til iðnaðar svo sem: sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., gúmmí og gúmmívörur, siglingatæki, svo sem áttavitar, dýptarmælar og hraðamælar, niðursuðuvörur, tin, zink, olíuofnar, verkfæri svo sem smíðatól, rekur og hakar, emalleraðar vörur, leirvörur algengar, smávélar svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur svo sem þvottaefni, sápur, sóði, gólf-, skó- og húsgagnaáburður og gólfklútar, glervörur algengar, eldhúsáhöld, járnkeðjur, meðalalýsi, kjötvörur svo sem pylsur.
 10. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:
Baðlyf, ljósaefni svo sem vax, carbíd o. þ. h., maccaroni, blikkvörur, bökunarvörur svo sem dropar og gerduft, vörur úr eir, messing, bronze o. þ. h., öl og ölgerðarvörur, gosdrykkir, hurstavörur, smá-járnvörur svo sem skrár, lamir o. þ. h., barnavagnar, dívanar og efni í þá, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir.
 11. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta.
 12. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:
Smáhljóðfæri, tónvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, klukkur, mælar, símaþögn, súkkulaði, kakaóduft, leikföng, sýnishorn o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður (ekki gúmmi).
 13. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spíritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmötn, dúnn, fiður.
 14. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert teningsfet.
Timbur og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

15. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
16. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
17. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsild.

141

21. des.

6. gr.

Inn í reglugerðina bætist nýr kafli svo hljóðandi, er verði XI. kafli, og breytist kafla- og greinatala reglugerðarinnar þessu til samræmis:

Ljósagjöld.

36. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu 1. ágúst—15. maí, skulu greiða ljósagjald þannig:

- A. Skip, sem um getur í 26. gr. A, skulu greiða 50 aura fyrir hverja brúttósmálest á ári, þó ekki minna en 10 krónur árlega.
- B. Skip, sem um getur í 26. gr. B, skulu greiða 10 aura fyrir hverja nettósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 50 krónur í hvert skipti. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða ljósagjald oftar en tvisvar í mánuði.
- C. Skip, sem um getur í 26. gr. C., skulu greiða 20 aura fyrir hverja nettó smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 75 krónur hverju sinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 24 15. febr. 1952, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944

Samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

142

22. des.

Frá og með 1. janúar 1956 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 20. desember 1955. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 1. marz 1954.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. desember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

143
27. des.

REGLUGERÐ

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1956, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1956, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnis-horna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Síldarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfa (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvin, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krít, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolia, óhreinsuð (hráolia).
	15	Flugvélabenzín.

Tollskrá:

143

Kafli. Nr.

27. des.

	17	Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
39 A	2	Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.
	11b	Netakúlur úr plasti.
	11c	Nótaflotholt úr plasti.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsniðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsniðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m ² .
	33	Vaxbornar pappaumbúðir, einnig tilsniðnar.
45	3	Dagblöð, vikublöð og tímarit.
	6	Frímerki íslenzk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf.
46 B	1	Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Óngultaumar.
	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gervipráðum.
	19a	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.
50	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.

143 Tollskrá:
27. des. Kafli. Nr.

52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl og sams konar pokar utan um netjagarn.
60	15	Netjakúlur úr gleri.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	26a	Fiskkörfur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	27	Virkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járni, ót. a.
	97	Netjakúlur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
64	13	Veifarfaralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur úr alúminíum eða alúminíumlegeringum.
	10	Fiskkassar úr alúminíum eða alúminíumlegeringum.
67	5	Blýlóð (sökku).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóbifreiðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífur og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðiskutlar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slik merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaптúnunum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleffirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

Söluskattur af sölu og annarri veltu.

5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.
 Innkaupastofnun ríkisins.
 Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.
 Landssmiðjan.
 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
 Ríkisútvarpið.
 Útgerð skipa.
 Viðgerðarstofa útvarpsins.
 Viðtækjasmiðjan.
 Viðtækjaverzlunin.

143
 27. des.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, ef varan er seld eða afhent aðila, sem er söluskattsskyldur af sölu eða afhendingu sams konar vara. Til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðs-sala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandverði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðspóknun hans samkvæmt b-lið 7. gr., og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja á sama hátt aðeins greiða af umboðspóknun (milliliðapóknun) sinni.

B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum, sala trékassa og pappaumbúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflytjenda og sala dagblaða, vikublaða og tímarita, sem gefin eru út í ágóðaskyni.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarfélaga.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

143
27. des.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.

13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á skipum og bátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framleiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.
20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

7. gr.

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sala eða afhending, vinna og þjónusta lätin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker rikisskattanevnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum

skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal 143 þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem 27. des. reiknað hefur verið með skattinum.

8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétt skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirséðar skattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefndar eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 35/1950, um verðlagseftirlit o. fl.

143

27. des.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112 1950 og lögum nr. 79/1955, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1955.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kjartan Ragnars.

144

23. des.

G J A L D S K R Á

fyrir rafmagnsstöðina í Vík í Mýrdal.

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 30 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

2. Um hemla á kr. 800.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heilum hundruðum watta.

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlið, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingu hemlanna almennt og synja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst. Hafi vélnar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 140.00.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fastengd.

2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á 70 aura hverja kwst. 144
3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23 eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 70 aura frá kl. 8.30 til 23. 23. des.
4. Til götulýsingar á 70 aura hverja kwst. og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum eins og hér segir:

Af kwst.mælum, 30 amper og minni kr. 2.00 á mánuði.
 — hemlum, 30 amper og minni — 2.00 — —

Af öðrum mælitækjum skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigi innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunn gjald kr. 500.00 og auk þess 5 kr. af hverju þúsundi króna brunabótamats húsa og mannvirkja allt að 300 þús. kr., en 3 kr. af hverju þúsundi króna þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miða heimtaugargjaldið við það mat.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalldaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 m og loftlínuheimtaugar meira en 60 m, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafmagnsstöðvarinnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru á þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

144 Gjaldskrá þess staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923
23. des. og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vik, nr. 23 5. febr. 1951 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 7 25. jan. 1952.

Atvinnuáráðuneytið, 23. desember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

145

REGLUGERÐ

28. des.

um breyting á reglugerð nr. 230 22. des. 1952, um breyting á reglugerð nr. 107 5. ágúst 1949, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. orðist svo:

Verðmæti vinninga verður samanlagt kr. 5 500 000.00.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Verð ársmiða verður kr. 240.00.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenžson.

146

AUGLÝSING

27. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum yrottegundum.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið að á árinu 1956 skuli fella niður verðtoll af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vöru-magnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenžson.

REGLUGERÐ

147

30. des.

um tekjuskatt og eignarskatt.

I. KAFLI

Um skattskyldu.

1. gr.

Orðaskýringar:

Gjaldár: Það ár, þegar skattur er á lagður.

Skattár: Næsta almanaksár á undan gjaldári eða það reikningsár, sem framtal miðast við, sbr. 20. gr.

Framtalsár: Það ár, þegar framtal skal gefið = gjaldár.

Reikningsár: Það ár, sem framtal eða rekstursreikningur miðast við = skattár.

Fardagaár: Tímabilið frá 1. júní til jafnlengdar næsta ár.

Brottfararár: Það ár, er gjaldandi fer af landi burt, hvort sem hann slítur lögheimili hér eða eigi.

Heimilisfang: Lögheimili manns samkv. allsherjar-spjaldskrá Hagstofu Íslands.

Aðsetur: Dvalarstaður manns samkv. allsherjar-spjaldskrá Hagstofu Íslands.

Lögheimili: = heimilisfang.

Heimilisfesti: = heimilisfang.

Búseta: = heimilisfang.

Heildartekjur: Allar tekjur, sem skattþegn aflar, og skatti eru viðkomandi, án frádráttar.

Brúttó tekjur: = heildartekjur.

Hreinar tekjur: Heildartekjur að frádrögnum lögleyfðum kostnaði og frádrætti samkv. 21.—40. gr.

Nettó tekjur: = hreinar tekjur.

Skattskyldar tekjur: Einstakir skattskyldir tekjuliðir eða tegundir tekna.

Skattgjaldstekjur: Hreinar tekjur einstaklinga að frádrögnum fjölskyldufrádrætti samkv. 41. og 42. gr., eða hreinar tekjur félaga að loknum frádrætti samkv. 44.—47. gr. Það er = tekjur til skattgjalds samkv. 6. gr. skattalaga.

Almennur frádráttur: Frádráttur frá heildartekjum samkv. 21.—40. gr. Það er = mismunur á heildartekjum og hreinum tekjum.

Persónufrádráttur: Frádráttur samkv. 41. og 42. gr. Það er = mismunur á hreinum tekjum og skattgjaldstekjum.

Ómagafrádráttur: Frádráttur vegna ómaga samkv. 41. og 42. gr.

Fjölskyldufrádráttur: Persónufrádráttur.

Félagafrádráttur: Frádráttur félaga samkv. 44.—48. gr.

Skattskyldar eignir: Allar eignir, sem skylt er að telja til skatts.

Skattgjaldseign: Eign sem gjalda ber skatt af samkv. 14. gr. skattalaga, þ. e. skuldlaus eign.

2. gr.

Skyldir að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum og eignum eru eftirtaldir aðilar, **Skattskyldir aðilar.**

1. Einstaklingar eða hjón, án tillits til ríkisfangs eða aldurs.

2. Félög, sjóðir og stofnanir.

- 147 3. Dánarbú og þrotabú. Eigi skiptir máli um skattskylduna, hvernig búi er skipt, 30. des. hvort skipti eru opinber (skiptaréttur, skiptaforstjórar, skilanefnd) eða einka-skipti.

3. gr.

Skattskyldan er tvenns konar:

- Ótak-
mörkuð
skatt-
skylda.**
1. Þeir, sem eru heimilisfastir hér á landi samkv. ákvæðum 4. gr., bera ótakmarkaða skattskyldu, það er, þeir skulu greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, hvar og hvaðan, sem tekna er aflað, eða eignir eru.
- Ótakmarkaða skattskyldu hafa enn fremur þeir erlendir ríkisborgarar, sem hérlendis hafa fengið atvinnuleyfi, (sbr. lög nr. 39/1951) og orðið hér heimilisfastir.
- Tak-
mörkuð
skatt-
skylda.**
2. Erlendis heimilisfastir aðilar verða skattskyldir, ef þeir hafa hér á landi þær tegundir tekna eða eigna, sem taldar eru í 5. gr. Þeir bera því takmarkaða skattskyldu.
- Takmarkaða skattskyldu bera enn fremur þeir erlendir ríkisborgarar, sem hérlendis hafa fengið atvinnuleyfi og dvalið um stundarsakir, en ekki orðið heimilisfastir. Sjá enn fremur síðustu málsg. 7. gr.

4. gr.

- Heimilis-
festi
ein-
staklinga.**
1. Telja ber þá menn heimilisfasta hér á landi, sem eiga lögheimili hér skv. allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. des. á viðkomandi skattári, sbr. lög nr. 73/1952, hvort sem þeir dvelja í landinu eða eigi.
- Eigi skiptir það máli um skattskyldu, þótt maður hafi brugðið heimilisfangi hér í lok skattárs eða þegar skattframtal er gefið, ef hann hefur verið talinn heimilisfastur hér á skattárinu. Eigi nægir heldur þótt maður sé hér heimilisfastur þegar talið er fram til skatts, ef hann hefur ekki verið það á skattárinu.
- Dvöl
erlendis.**
- Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann hefði dvalið hér á landinu. Það skiptir eigi máli, hversu löng dvölin er erlendis, (t. d. vegna kaupsýsluferðar, námsdvalar, skemmtiferðar o. s. frv.) ef maðurinn verður eigi talinn hafa brugðið heimilisfangi sínu.
- Heimilis-
festi fé-
laga, dánar-
og þrotabú.**
2. Félag (hvort sem er sjálfstætt félag eða útibú) telst vera innlent eða eiga hér heimili, ef það hefur hér skrásett heimilisfang, eða hefur hér aðsetur, hvort sem er lengur eða skemur á skattárinu. Sama gildir um sjóði og stofnanir.
- Dánarbú og þrotabú teljast heimilisföst hér á landi, ef hinn látni var heimilisfastur hér við dánardægur, og gjaldþroti, þegar gjaldþrotáurskurður er upp kveðinn.
- Sam-
sköttun
hjóna.**
- Tekjur og eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu taldar saman til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Telja ber hjón samvistum, þótt þau búi eigi saman, nema þau séu skilin lagaskilnaði eða að borði og sæng, eða vænta megi að skilnaður þeirra sé undirbúningur undir lögskilnað eða þau muni ekki aftur flytja saman.
- Ef til hjónabands hefur verið stofnað á skattárinu og konan haft tekjur fyrir giftingu, þá má skattleggja þær tekjur sérstaklega, sbr. 37. gr.

5. gr.

Erlendis heimilisfastir aðilar, einstaklingar eða hjón, félög eða stofnanir, dánarbú og þrotabú, verða skattskyldir hér á landi, ef þeir hafa hér eða héðan tekjur eða eignir, sem að neðan greinir:

A. Tekjur:

147

30. des.
Skatt-
skyldar
tekjur
erlendis
búsettra
aðila.

1. Tekjur af fasteignum, sem slíkir aðilar eiga hér á landi.
2. Tekjur af atvinnurekstri, sem hér eða héðan er rekinn. Skatturinn leggst einungis á þá atvinnu, sem er rekinn hér eða héðan, en önnur atvinna skiptir ekki máli.

Sama er hvort atvinnan er rekin af erlendis búsettum aðilum eingöngu eða í félagi eða í sambandi við innlendan mann eða fyrirtæki, hvort fyrirtækið er sjálfstætt firma eða útibú, eða hvort umboðsaðili hérlendis er heimilisfastur hér eða erlendis.

Sem dæmi um þá, er greiða skulu skatt eftir þessu ákvæði, eru erlendis búsettir menn, sem reka hér verzlun, fasta eða lausa, fiskiútveg, siglingar, iðnað o. s. frv. Sá, sem kaupir hér einn eða fleiri skipsfarma af fiski, verður ekki talinn reka hér atvinnu. En ef hann hefur hér atvinnustöð í því skyni eða mann að staðaldri til fiskkaupa, þá verður hann skattskyldur. Svipað er um siglingar.

Félög eða einstaklingar, sem heima eiga erlendis, en reka hér siglingar að staðaldri og hafa hér umboðsmann, verða skattskyld af þeirri atvinnu.

3. Arður af hlutaféi í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnféi í öðrum innlendum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, sbr. 4. gr. 2. tölul. (Ef einstakir menn reka fyrirtæki þá er það í þessu sambandi innlent, ef það er hér eða héðan rekið, sbr. 2. tölul. þessarar gr.). Með arði ber að telja ágóðahlut til stjórnenda eða fulltrúa, og hvers konar aðra arðsúthlutun, sem félög eða fyrirtæki kunna að greiða hluthöfum sínum eða meðlimum.
4. Laun, biðlaun eða styrkur úr ríkissjóði, eða tekjur frá opinberri stofnun innlendri. Eftir þessu ákvæði skal gjalda skatt af öllum embættislaunum eða sýslunar, eftirlaunum, biðlaunum, styrkjum til námsmanna og listamanna, sem greiddir eru til erlendis heimilisfastra manna. Í þessu sambandi skal þó athuga fyrirmæli 16. gr. B. 2. d. og 35. gr. reglugerðar þessarar.

Opinberar innlendar stofnanir eru sveitarfélög og stofnanir og sjóðir þeirra, stofnanir, sjóðir og félög, sem eru undir stjórn ríkisvaldsins, eða teljast mega almennings eign.

5. Starfslaun eða kaup, annað en talið er undir 4. tölul., þar með talin biðlaun og eftirlaun, þó eigi venjuleg umboðslaun greidd út úr landinu. Eigi skiptir máli, hvort starfið er leyst af hendi hér á landi eða annars staðar, eða hvort það er við atvinnurekstur eða aðra starfsemi, eða þótt fyrirtækið eða launagreiðandinn sé erlendis heimilisfastur, ef hann er hér skattskyldur.
6. Sérstök ákvæði samkv. lögum nr. 96 frá 1946 gilda um skattlagningu og greiðslu gagnvart útlendingum, sem fengið hafa hér landvistar- og atvinnuleyfi um tiltekinn tíma eða þeim mönnum, sem ástæða er til að ætla að dveljist hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, en hafa hér atvinnutekjur. Ákvæðum þessum skal beita þótt aðili teljist hér heimilisfastur, ef hann hefur ekki öðlzt hér ríkisborgararétt, og einnig í hinu tilfallinu, þegar aðili hefur hér ríkisborgararétt en ekki lögheimili. Ef annað hvort eða hvort tveggja skortir, ríkisborgararétt og lögheimili hér, telst aðili útlendingur samkv. ofangreindum lögum, sbr. þó ákvæði laga nr. 85 1946 um jafnréttisstöðu danskra ríkisborgara, sem búsettir voru á Íslandi 6. marz 1946.

Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur einn mánuð eða lengur eða ef hreinar tekjur hans hér á landi eru kr. 10000.00 eða þar yfir, enda þótt dvalartími hans hér sé skemmri en einn mánuður, skapar það honum skattskyldu.

147
30. des.

Um útlenda listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, gildir sú sérregla, að þeir skuli greiða tekjuskatt af $\frac{3}{8}$ hlutum þeirra tekna, er þeir þannig afla sér, að frá-dregnum beinum kostnaði við starfsemina.

Um skattlagningu og skattgreiðslu þeirra manna, sem þessi tölu-liður ræðir um, sjá 43., 65., 105. og 106. gr. þessarar reglugerðar.

Sérákvæði
um sjó-
menn.

7. Erlendis heimilisfastir sjómenn, sem vinna á íslenskum skipum, verða þó því aðeins skattskyldir hér af sjómanns-tekjum sínum, að þeir greiði ekki skatt af þeim annars staðar. En skatt skal leggja á þá nema þeir færi sönnur á það, að þeir greiði skatt af þeim í öðru ríki. Eru því t. d. skipstjórar og aðrir starfsmenn á skipum Eimskipafélags Íslands h.f., búsettir í Kaupmannahöfn, skattfrjálsir hér af launum sínum, ef þeir greiða skatt af þeim til danska ríkisins.

Um aðra atvinnu skiptir eigi máli, þótt launin séu skattlögð erlendis, samanber þó niðurlag þessarar greinar.

8. Tekjur af leigum á hvers konar vélum og tækjum til innlendra einstaklinga og fyrirtækja, svo og þóknanir fyrir tæknilega aðstoð.
- B. Eignir. Skattskyldan nær til allra þeirra aðila, sem um ræðir í A. 1.—8. hér að framan, og skattskyldar verða allar þær eignir, er gefa af sér tekjur þær, sem greinir í A. 1., 2., 3. og 8. tölu-lið, eða við þá tekjuöflun eru bundnar, það er:

Skatt-
skyldar
eignir
erlendis
búsettra
aðila.

1. Fasteignir.
2. Eign eða eignahlutdeild í atvinnufyrirtæki eða einhverjar eignir, sem bundnar eru við atvinnurekstur, sem hér eða héðan er rekinn, sbr. og lið A. 8. að framan.
3. Hlutfé í innlendu hlutafélagi eða stofnfé eða framlag í innlendu félagi. Skiptir eigi máli, hvort hlutabréfin eru geymd hér á landi eða annars staðar.

Það sem að framan er sagt um skattskyldu tekna af þessum eignum gildir einnig um eignarskatt, að því leyti sem við á.

Aðrar tekjur og eignir erlendis heimilisfastra manna en að ofan eru taldar, skipta eigi máli. Verða þeir því eigi skattskyldir af neinum tekjum, sem þeir hafa erlendis frá eða þótt þeir eigi t. d. innstæður í lánsstofnunum hér eða inneignir hjá innlendum fyrirtækjum, ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf eða önnur skulda-bréf, og hafi vaxtatekjur af þeim o. s. fr.v, nema eignir þessar séu bundnar við atvinnurekstur, sbr. lið B. 2. þessarar greinar. Sama gildir um annað lausafé.

Ákvæði þessarar greinar gildi þó því aðeins, að þau brjóti eigi í bága við samninga, sem íslensk stjórnarvöld gera við stjórnarvöld annarra ríkja til þess að koma í veg fyrir tvísköttun af sömu tekjum, sbr. auglýsingu nr. 4/1930, nr. 79/1931, nr. 36/1938 og nr. 4/1939.

6. gr.

Skatt-
skyld
félög.

Til skattskyldra félaga teljast:

1. Hlutafélög, samlagshlutafélög („kommandit“-hlutafélög), en þau eru þannig, að sumir félagsmenn greiða tillög sín í hlutabréfum, og ábyrgð þeirra bundin við þau, en aðrir félagsmenn, einn eða fleiri, bera ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins, svo og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem ekki eru talin í 2. tölul. hér á eftir.
2. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnu-félög, sbr. lög nr. 46/1937.
3. Önnur félög. Hér til teljast félög með ótakmarkaðri ábyrgð, önnur en 2. tölu-liður tekur til, þar á meðal útgerðarfélög („Partrederi“) og samlagsfélög („kommanditfélög“). Fellur hér undir t. d. verzlunarfélög tveggja manna eða fleiri, þar sem báðir eða allir ábyrgjast skyldur félagsins með öllum eignum

sínum. Einnig verður að telja undir þennan lið félög, þar sem sumir félagar 147
bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða, önnur en talin eru í tölulið 1. 30. des.

7. gr.

Eftirtaldir einstaklingar eru undanþegnir tekjuskatti:

1. Forseti Íslands.
2. Handhafar valds Forseta Íslands af þeim launum, er þeir fá fyrir það starf.
3. Þeir sem starfa erlendis í þjónustu íslenska ríkisins af þeim launum er þeir fá fyrir slík störf. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi, sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir, starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins, við sendiráð Íslands, eða fastir fulltrúar Íslands við alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að.
4. Embættismenn Sameinuðu þjóðanna samkv. V. kafla samnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 13/1948.
5. Erlendir þjóðhöfðingjar og erlendir starfsmenn þeirra.
6. Sendiherrar erlendra ríkja, sendiráðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð erlendra ríkja. Sendiherra tekur hér til allra sendimanna annarra ríkja, sem eftir reglum þjóðaréttar teljast til diplomata. Starfsmennirnir verða að vera í fastri þjónustu sendiráðanna og hafa starfið að einkastarfi. Íslenzkir starfsmenn sendiráðanna njóta engra ívilnana í skatti samkv. þessari grein.
7. Konsúlar annarra ríkja, sem ekki eru íslenzkir þegnar. Ef konsúllinn er íslenzkur þegn, hvort sem hann er sendikonsúll eða heimakonsúll, þá nýtur hann eigi skattfrelsis. Sama er um konsúla, sem að visu eru ekki íslenzkir þegnar, en eru þó ekki sendikonsúlar (consules missi), heldur eiga hér heinili af öðrum ástæðum, t. d. sem kaupskýslumenn, forstjórar stofnana eða fyrirtækja o. s. frv., þeir verða skattskyldir hér.
8. Menn úr liði Bandaríkjanna, sem dvelja hér á landi samkv. varnarsamningi frá 5. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951, skyldulið slíkra manna eða starfsmenn, sem ekki eru íslenzkir þegnar en ráðnir hafa verið til starfa vegna framkvæmda samkv. samningnum.

Skatt-
frjálsir
ein-
staklingar.

Þeir, sem taldir eru í 4.—8. tölulið, skulu þó gjalda hér skatt, ef þeir hafa hér tekjur samkv. 5. gr. A. 1.—5. og 8. tölulið eða eignir samkv. 5. gr. B. 1.—3. tölulið, það er, þeir hafa sams konar skattskyldu sem erlendis heimilisfastir aðilar, greiða skatt af sömu tekjum og eignum, að undanteknum tekjum af embætti sínu eða starfi, sem þeir fá frá viðkomandi erlendri ríkisstjórn eða stofnun er þeir starfa fyrir hér á landi. Þó gildir það sérákvæði hér, að því er snertir 5. gr. A. 1, að nægilegt er, að aðili hafi tekjur af fasteign, t. d. af framleigu sem ítakshafi o. s. frv., enda þótt hann eigi enga fasteign. Að öðru leyti gildir hér það, sem sagt er í 5. gr. um framangreinda liði, og skattur greiðist eingöngu af þar greindum tekjum og eignum, en engum öðrum.

Þessir
greiða
skatt.

8. gr.

Eftirtalin félög eru undanþegin tekjuskatti:

1. Félög, sem enga atvinnu reka, sbr. 12. gr. og verja þeim tekjum er þau afla sér til almennings þarfa, en eigi til hagsbóta meðlimum sínum, svo sem vísindafélög, hjúkrunar- og líknarfélög, bókmennta- og fræðslufélög, stjórnmalafélög, dýraverndunarfélög og búnaðarfélög. Ef slík félög reka atvinnu, eru þau skattskyld af tekjum af slíkri starfsemi.
2. Félög með takmarkaðri ábyrgð, þótt þau reki atvinnu, ef öllum tekjum þeirra er varið til almanna þarfa. Hins vegar verða slík félög skattskyld af öllum tekjum sínum þótt þau verji einhverjum hluta tekna sinna til menningar eða mannúðarmála.

Skatt-
frjáls félög.

- 147 3. Félög sem eru undanþegin skattgjaldi með sérstökum lögum. Er nú svo um
30. des. eftirgreind félög:
Útvegsbanki Íslands h/f., (lög nr. 7, 11. marz 1930).
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, (lög nr. 96, 23. júní 1936).
Mjólkursamsalan í Reykjavík, (lög nr. 96, 23. júní 1936).
Áburðarverksmiðjan h/f., (lög nr. 40, 23. maí 1949).
- Skipting 4. Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í sameignarfélagi, (t. d. verzlunarfélagi, útgerðar-
sameignar- félagi, húsfélagi) þá er skatturinn ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern
félags til einstakan félag.
skatts. a. Ef ósk um það kemur frá félaginu, um leið og tekjur þess eru taldar fram.
b. Ef beiðninni fylgja fullnægjandi skýrslur svo unnt sé að skipta tekjum og eignum.
Skipting þessi er heimil, þótt sumir félagsmenn ábyrgist aðeins með innskotsfé, enda séu félagar eigi fleiri en þrír.
Eigi er heimilt að skipta, nema skipt sé árlega, og skipta skal öllum tekjum og eignum í réttu hlutfalli við eignarhluta hvers félagsmanns.

9. gr.

Þessir sjóðir eru undanþegnir tekjuskatti:

- Skatt- 1. Ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Söfnunarsjóður, Kirkjujarðasjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og aðrir þeir sjóðir, er ríkisstjórnin á að hafa gætur á.
frjálsir 2. Íslenzkir kirkjusjóðir, hver sem kirkjueigandi er, (ríkissjóður, bóndi, söfnuður). Kirkjusjóður telst íslenzkur, ef hann er eign innlands safnaðar, enda hafi söfnuðurinn hlotið staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins.
sjóðir. 3. Sjóðir í eigu bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga.
4. Sparisjóðir, sem engan arð gefa stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum.
5. Sjóðir, sem veitt er undanþága með lögum.
6. Sjóðir, sem ekki reka atvinnu sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar stofnanir eru undanþegnar tekjuskatti:

- Skatt- 1. Stofnanir og fyrirlæki ríkis-, sýslu-, sveita- og bæjarfélaga, t. d. Landsbankinn, frjálsar Búnaðarbankinn, Tryggingarstofnun ríkisins, einkasölur og verksmiðjur ríkis stofnanir. og bæja, vatnsveitu- og raforkuver bæja og ríkis o. s. frv.
2. Stofnanir, sem veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.
3. Stofnanir, sem ekki reka atvinnu, sbr. 12. gr.

II. KAFLI

Um tekjur.

11. gr.

Skatt- Skatti skal svara af öllum tekjum, sem skattskyldur aðili aflar, hvers kyns sem
skyldar tekjurnar eru og hvar og hvernig sem þeirra er aflað, nema sérstakar undarþágur
tekjur. séu gerðar í reglugerð þessari.

Notkun Eigi skiptir máli til hvers tekjunum er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær
skatt- sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema
skyldra til atvinnurekstrar sé, eða hann ver tekjunum til þess að færa út bú sitt eða atvinnu-
tekna. veg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers

annars sem er. Tekjur, sem telja ber fram til skatts, eru því hvers konar arður, 147
laun eða gróði, sem gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði 30. des.
eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs.

Tegundir tekna verða eigi taldar svo að tæmandi sé, en hér á eftir verða taldar Ýmsar
þær helztu: tegundir
tekna.

1. Tekjur af atvinnurekstri, sjá 12. gr.
2. Launatekjur, sjá 13. gr.
3. Tekjur af eignum, sjá 14. gr.
4. Ágóði af eignasölu, sjá 15. gr.
5. Tekjur af öðrum atvikum, sjá 16. gr.
6. Tekjur af landbúnaði, sjá 17. gr.

Sérákvæði varðandi félag eru í 18. gr. og í 19. gr. er upp talið, hvað ekki telst til tekna.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar Hvenær
vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur skal telja
sé að ræða. og hvernig.

Tekjur skulu taldar fram í heild sinni, en frádráttur gerður skv. ákvæðum III.,
IV. og V. kafla.

12. gr.

Skattskyldar eru tekjur af hvers konar atvinnurekstri, svo sem af landbúnaði, Tekjur
sjávarútvegi, siglingum, flutningastarfsemi á landi eða í lofti, verzlun, námurekstri, af atvinnu-
iðju, iðnaði, hvort sem um er að ræða handiðnað eða verksmiðjuíðnað, tekjur af rekstri.
málfærslu, endurskoðun, fasteigna- eða verðbréfasölu, upplýsingaþjónustu, veit-
inga- og skemmtistarfsemi og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, hvort sem hann
er fölginn í framleiðslu- eða þjónustustarfsemi.

13. gr.

A. Til launa teljast allar greiðslur eða tekjur, sem launþegi fær fyrir að leysa eitt- Launa-
hvert starf af hendi í annars þágu eða honum hlotnast í sambandi við starf, sem tekjur.
hann er eða hefur verið ráðinn til. Sama er, hverju nafni laun kallast eða í
hvaða formi þau eru.

Falla hér undir meðal annars:

1. Föst laun og aukatekjur, þar með talin öll hlunnindi, hverju nafni sem nefnast.
2. Öll önnur starfslaun eða kaup, hvort sem það er miðað við vinnu ákveðinn tíma (árskaup, mánaðarlaun, vikukaup, daglaun, tímavinna o. s. frv.), tiltekið starf (ákvæðisvinna, nefndarstarf, eftirlit o. þ. h.), hlutdeild í framleiðslumagni, innkomnum tekjum eða greiðslum (hlutakaup, innheimtulaun o. fl.), eða á hvern hátt sem laun eru ákveðin.
3. Launauppbætur og þóknanir, svo sem aflaverðlaun eða hlutaruppbót (premia), björgunarlaun sjómanna, sbr. þó 39. gr. C., eða sérstakar þóknanir fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, orlofsfé eða greiðsla fyrir ónotað sumarfrí o. þ. h. Hér telst og til ágóðaþóknun, nema raunverulega sé um arðsúthlutun að ræða.

Risna og skrifstofufé að svo miklu leyti, sem það kann að nema meiru en útlögðum eðlilegum kostnaði að dómi skattyfirvalda.

4. Biðlaun, eftirlaun, lifeyrir, þar með taldar bótagreiðslur samkv. lögum um almannatryggingar nr. 50/1946, nema sérstaklega séu undanþegnar sbr. 19. gr. Enn fremur greiðslur fyrir áður unnin störf, þar með taldar launauppbætur frá fyrri árum.
5. Skaðabætur eða uppbót fyrir atvinnutap eða launamissi.
6. Gjafir, sem telja má kaupauka (t. d. jólagjafir til starfsfólks) og eftirgjöf lána, sem telja má, að komi í launa stað.

147 Sama er, hvaðan laun koma eða fyrir hvað þau eru greidd. Eigi skiptir máli, hvort menn taka laun hjá einum launaveitanda eða fleirum.

30. des.

Laun teljast að fullu til tekna, þótt hluti af þeim sé greiddur í lífeyris-, eftirlauna- eða sjúkrasjóði, eða haldið sé eftir af þeim til greiðslu á sköttum, iðgjöldum o. þ. h.

Laun B. Það skiptir eigi máli, í hverju laun eða endurgjald fyrir unnið verk er fólgið, ef það verður metið til peninga. Til launatekna teljast því hvers konar hlunnindi, veitt í launa skyni, og önnur form fyrir greiðslu.

greidd í hlunnindum.

Skal þar nefnt:

1. Fæði.
2. Húsnæði, ljós og hiti.
3. Einkennisbúningar og annar fatnaður.
4. Fatnaður, plögg, þjónusta og önnur aðhlyning vinnufólks í sveitum, skepnu-fóður, engjatak.
5. Heimatekjur presta (prestmata o. s. frv.).
6. Greiðslur í vörum úr verzlunum eða afurðum úr framleiðslufyrirtæki, og greiðsla í sérhverjum öðrum verðmætum eða eignum, t. d. hlutafjareign í hlutafélagi, innstæða í félagi eða fyrirtæki, hlutdeild í skipi eða húseign o. s. frv. Þann hluta launa, sem eigi er greiddur í peningum, hlunnindi og annað þess háttar, verða skattanefndir að meta til peningaverðs eftir gangverði á hverjum stað og tíma, og reikna skatt af með venjulegum hætti. Á sumum aukatekjum eða hlunnindum er lögskipað mat, svo sem á heimatekjum presta, og ber þá að fylgja því. Kvenmannsfæði skal meta til tekna sem næst 80% af fæði karlmanns.

14. gr.

Þessar tekjur af eignum koma aðallega til greina:

Tekjur af A. Tekjur af fasteignum, svo sem: landskuld af jörðum, leiga eftir hús, lóðir og aðrar lendur, arður af alls konar ítökum og hlunnindum, svo sem: beit, skógarhogg, reki, veiði, upprekstrargjald o. s. frv.

fasteignum.

Greina má milli tvenns konar leigutekna:

Greidd leiga. 1. Leiga frá öðrum, í hverju sem greidd er. Telja skal leigufjárhæðina að fullu til tekna, eins þótt óvist sé um greiðslu eða frádráttur verði á annan hátt. Sé leiga töpuð, ber að færa það á móti til frádráttar, og því aðeins að fullvist sé, að eigi verði greidd. Sé t. d. húsnæði leigt út með ljósi og hita, kemur sá kostnaður til gjalda, en húsaleigan fullu verði til tekna. Frádrátt vegna ljóss og hita í þarfir húseiganda sjálfs, má þó eigi færa nema til atvinnurekstrar sé.

Sé leigan greidd í einu lagi fyrir fram eða eftir á, fyrir afnot eignar um tiltekið árabíl eða eitt skipti fyrir öll fyrir óákveðinn tíma, má skipta leigufjárhæðinni á fleiri en eitt ár. Sama gildir ef maður t. d. leyfir, að reist sé hús eða mannvirki á landi hans eða lóð, gegn því að eignin falli í hlut hans endurgjaldslaust eftir ákveðinn tíma, eða t. d. ef settir eru auglýsingakassar á hús með svipuðum skilyrðum, og að ofan greinir.

Eigin leiga.

2. Ef maður notar fasteign sína sjálfur að einhverju leyti eða öllu, þá skal meta til tekna leigu eða afgjald eftir hana, þar með talda nýtingu jarðhita og hvers konar hlunninda. Sé eignin notuð til atvinnurekstrar, kemur þó leigufjárhæðin jafnframt til frádráttar. Þannig er um bújörð bónda, búð eða verzlunarhús kaupmanns o. s. frv. Sem hluti af einkahúsnæði manna telst það húsrúm, sem þeir láta í té skyldfólki sínu, venzlafólki eða vandamönnum, endurgjaldslaust eða með lægri leigu en vera myndi að réttu lagi. Skal það

metið á sama hátt sem eigin íbúð. En þá er mögulegt, að frádráttur verði **147**
veittur samkv. 50. gr.

30. des.

Leigu eftir eigin íbúð skal meta eins og ætla má, að hún yrði leigð fyrir, miðað við leigu á hverjum stað og tíma, gæði íbúðarinnar og stærð, þægindi sem henni fylgja o. s. frv. Séu leigðar út í sama húsi svipaðar íbúðir og sú, sem húseigandi notar, skal miðað við það, og yfirleitt kappkostað að hafa samanburð við leiguibúðir. Sé hús í smíðum, þannig að eigandi flytji í það áður en fullgengið er frá því, ber að taka tillit til þess. Rétt er ríkisskattanefnd að setja nánari reglur um mat á eigin húsaleigu.

B. Tekjur af lausafé. Hér er aðeins átt við lausafé, sem selt er á leigu. Hins vegar **Leiga af lausafé.**
koma tekjur af lausafé, er eigandi notar sjálfur, undir atvinnutekjur hans. Sá, sem tekur fénað á leigu, skal og telja tekjur af honum, t. d. innstæðukúgildum, en þær tekjur eru atvinnutekjur hans. En eigandi innstæðukúgilda, sem fylgja leiguþjórð, telur tekjur af þeim með eignatekjum sínum. Hvers konar lausafé, sem maður lætur annan fá til notkunar gegn endurgjaldi, er á leigu selt, og leigu-upphæðin skattskyldar tekjur.

C. Vextir og arður. Þar til telst:

1. Vextir af skuldabréfum, víxlum og öðrum útistandandi skuldum eða fjárkröfum á hendur öðrum, enda þótt bréf sé eigi fyrir. Afföll, sem tekin eru af lánum, teljast einnig til vaxtatekna. Skal færa afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert, eftir árafjölda afborgunartímans, þó eigi á lengri tíma en 5 árum, og í fyrsta sinn á því ári, þegar afföllin voru tekin, eða lán var veitt. Séu eigi gefnar fullnægjandi upplýsingar um afföll, skal færa þau til tekna í einu lagi. Þó vextir séu ógreiddir, ber að telja þá til tekna, ef telja má líklegt um greiðslu.
2. Vextir og afföll af verðbréfum (öðrum en hlutabréfum, sjá 4. tölul.). Þar tilheyra ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf, skuldabréf bæjar-, sýslu- og sveitar-sjóða, hafnarsjóða o. s. frv. Afföll af slíkum bréfum koma til tekna með sama hætti og afföll af venjulegum skuldabréfum.
3. Vextir af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu hjá lánsstofnunum og allar aðrar beinar og óbeinar leigur eftir fé, í hverju sem þær eru goldnar. Hér teljast til vextir af hinni ævinlegu erfðarentu við Söfnunarsjóð Íslands.

Undanskildir eru þó vextir af því sparifé, sem er skattfrjálst samkv. ákvæðum 55. gr. og 56. gr.

4. Arður af hlutabréfum. Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðs-úthlutunar, úthlutað frihlutabréf, og úthlutanir við félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur greiðsla til hluthafa eða önnur afhending verðmæta, sem hafa peningagildi og telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Einu gildir hvort úthlutað er í einu arði, sem safnast hefur á mörgum árum eða aðeins á síðasta ári.

Ef hlutafélag hefur endurkeypt eitthvað af sínum eigin hlutabréfum eða eignast á einhvern hátt, skal arður af þeim bréfum reiknast félaginu til tekna á sama hátt sem hjá einstökum hluthöfum.

Nú er hlutafélagi slitið og eignum þess skipt á milli hluthafa, í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, og telst þá það sem þeir kunna að fá umfram endurgreiðslu fyrir framlagt fé, til tekna þeirra, einnig þótt umframgreiðsla eða verðhækkun hlutarins stafi af öðru en rekstrartekjum félagsins t. d. sölu eigna, útborgun vátryggingar o. s. frv., og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið seld og keypt.

Þessi ákvæði ná þó aðeins til hlutafélaga og samlagshlutafélaga, ekki annarra félaga (samlagsfélaga, samvinnufélaga o. s. frv.). Úthlutanir úr þeim,

147
30. des.

hvort sem er árleg útborgun, innlausn hlutar eða greiðsla við félagsslit, teljast því eigi til tekna, enda sé aðeins um að ræða útborgun eða endurgreiðslu á eignarhluta meðlima í félaginu. Að sjálfsögðu nær þetta eigi til neinnar greiðslu vaxta af framlögðu fé, ágóðapóknana, vinnulauna, uppþóta á keyptum vörum til atvinnurekstrar eða sölu, eða seldum afurðum o. s. frv., eða neinna annarra greiðslna, sem dregnar eru frá skatttekjum félagsins.

15. gr.

Ágóði af sölu fasteigna og lausafjár (þar með verðbréf og kröfur) skal talinn til tekna, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur aðila, sbr. 12. gr. ef ætla má að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt (t. d. í makaskiptum) í því skyni að selja hana aftur með ágóða en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefur þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefur þurft að taka eignina upp í skuld, eða hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni o. s. frv.

Ágóði af
fasteigna-
sölu.

1. Ágóði af sölu á fasteign er alltaf skattskyldur ef fasteign hefur verið skemur í eigu gjaldanda en 5 ár, nema hann hafi eignast hana við arföku, sbr. 19. gr. 3, eða ef hann kaupir aðra fasteign innan árs, eða byggir annað hús innan tveggja ára frá söludegi að telja, enda sé hin keypta fasteign eða hið nýreista hús, eigi lægra að fasteignamati en hið selda. Sé það hins vegar lægra er sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega. Þessi síðarnefnda undantekning gildir þó því aðeins að salan falli eigi undir atvinnurekstur samkv. 12. gr. eða 1. málsgr. þessarar greinar. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum um skattgreiðslur, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú hefur seljandi eignast fasteign með fyrirframgreiðslu upp í arf, og reiknast þá 5 ára frestur, (sbr. næstu málsgr. á undan), frá þeim degi, er arfleiddandi eignaðist hið selda.

Ágóði af
sölu
lausafjár.

2. Um sölu lausafjár gildir hið sama og sölu fasteigna, að ef salan getur að einhverju leyti talizt til atvinnurekstrar seljandans, er allur hagnaður af sölnni skattskyldur. Enn fremur allur hagnaður af sölu lausafjár, sem hefur verið skemur en 3 ár í eigu seljandans, hvort sem sú sala telst til atvinnurekstrar eða ekki. Nú er lausafé, annað en skip eða flugvél, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur, og fyrning hefur verið reiknuð af, selt hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta þess og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikning skatts, jafnmörg ár aftur í timann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki fleiri en 10 ár, og greiðist þó skatturinn í einu lagi.

Dæmi: Fyrirtæki, einstaklingar eða félag kaupir vélar árið 1943 á kr. 100 000.00 og afskrifar þær árlega með 10% fyrningu. Eftir stendur óafskrifað eins árs fyrning kr. 10 000.00. Vélar þessar eru síðan seldar árið 1954 á kr. 120 000.00. Þá eru skattfrjálsar kr. 20 000.00, þ. e. mismunur á söliverði og kostnaðarverði. Hinar veittu afskriftir, að fjárhæð kr. 90 000.00, sem fást endurgreiddar í söliverðinu, það er kostnaðarverðið kr. 100 000.00, að frádregnum hinum óafskrifaða hluta eignarinnar, koma til tekna hjá fyrirtækinu á skattárin 1946—1954, að báðum meðtöldum kr. 10 000.00 á hvert ár.

Tekjuskattur fyrirtækisins er síðan reiknaður þannig, að fundin er sú skattþækkun, sem fram kemur með því, að hækka tekjur þess um kr. 10 000.00 hvert skattáranna 1946—1953. Síðan er kr. 10 000.00 bætt við tekjur ársins 1954, tekjuskattar reiknaðir fyrir skattárið 1954 og síðan hækkaðir um áðurgreindar skattþækkanir árána 1946—1953.

Ef söliverð vélanna í ofangreindu dæmi hefði verið aðeins kr. 40 000.00 þá

hefðu endurgreiddar fyrningar orðið kr. 30 000.00 og skipst jafnt til tekna á 147 sömu ár og nefnd eru í dæminu.

30. des.

Við útreikning skatthækkunarinnar fyrir liðin ár, ber að reikna skattinn eftir gildandi skattstigum á hverjum tíma, fyrir tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt.

Séu hinar seldu vélar keyptar á ýmsum tímum svo sem í hinu tiltekna dæmi á öllum árunum 1943—1954, kemur fyrst til greina, að af þeim hluta vélanna, sem keyptar eru síðustu 3 árin, verður söluhagnaður skattskyldur að fullu. Um hinn hlutann verður að gera sér grein fyrir hvað keypt er hvert ár fyrir sig, hve mikið búið er að fyrna hverja einstaka árlega vélaviðbót, og hve mikið stendur eftir óafskrifað. Fyrning sú, sem fæst endurgreidd í söluverðinu vegna hvernar einstakrar vélaviðbótar, kemur þá til tekna jafnmörg ár og fyrning hefur verið leyfð, eins og í dæminu hér að framan.

Hafi fyrning verið veitt fyrir hluta úr ári þegar eignin var keypt og aftur þegar sala fór fram, skal telja slíkar fyrningar sem heilsársafskriftir þegar ákveðinn er fjöldi afskriftarára.

Sölugróði er skattskyldur það ár, sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign.

Frá sölugróða má draga tap, sem orðið hefur á sams konar sölu á skattárinu. **Sölutap.**

Sams konar er salan aðeins, ef svo er ástatt sem í 1. og 2. tölul. að framan segir. Frá skattskyldum sölugróða má enn fremur draga þann kostnað, sem salan hefur haft í för með sér fyrir seljanda, söluáun o. þ. h., enn fremur útlagðan kostnað við endurbætur, sem kunna að hafa verið gerðar á eigninni, enda verði endurbæturnar eigi taldar til venjulegs viðhalds. Um viðhaldskostnað, greidd gjöld og fyrningu af keyptum og seldum eignum, fer eftir ákvæðum 25. gr., 27. gr. B og 28. gr.

Um sölu á „goodwill“ gildir hið sama sem um sölu annars lausafjár. Telst söluverð eigi til tekna, ef seljandi hefur rekið fyrirtækið í 3 ár eða lengur. Þess skal þó jafnan gætt, að í „goodwill“ séu ekki innifaldar tekjur af rekstri, t. d. með því að meta vörubirgðir, vélar og áhöld og útistandandi skuldir óeðlilega lágu verði, en „goodwill“ þeim mun hærra. **Sala á „goodwill“.**

16. gr.

Tekjur af öðrum atvikum eru þessar helztar:

- A. Gjafir. Til skattskyldra tekna teljast fyrst og fremst gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, og beinar gjafir í peningum eða öðru, sem meta má til peninga, ef það nemur nokkru verulegu. Þetta nær þó eigi til dánargjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda sé greiddur af þeim erfðafjárskattur. Tækifærisgjafir teljast og eigi sem tekjur í þessu sambandi, nema því aðeins að um arðberandi eignir sé að ræða, eða tæki til atvinnurekstrar, t. d. ef manni er gefin bifreið, sem hann notar í atvinnuskyni. Gjafir, sem ekki eru í peningum, skal skattanefnd meta til peningaverðs. Það telst einnig til gjafa, ef menn afhenda einhverjar eignir í hendur ættingja sinna, tengdamanna eða annarra, án þess að greiðsla komi í staðinn, eða ástæða sé til að ætla, að endurgreiðslan sé aðeins fyrir nokkrum hluta eignarinnar. Skal þá færa til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar seldu eignar. Sé um eignaskipti að ræða, verður að meta hvora tveggja eignina. Sem dæmi um slík skipti milli skyldra aðila má nefna, ef maður selur bróður sínum hús til muna undir eðlilegu söluverði, ellegar tekur sem greiðslu verðlítil hlutabréf eða önnur verðbréf með fullu nafnverði eða hærra verði, en eðlilegt má teljast. Verður þá að meta bréfin til sanngjarns greiðsluverðs og færa kaupandanum mismuninn til tekna. **Gjafir.**
- B. Styrktarfé. Til þess telst:
1. Styrkur veittur úr ríkissjóði, svo sem ellistyrkur, styrkur skálda, listamanna og fræðimanna, styrkir til verklegra framkvæmda, og allir aðrir **Styrkir.**

- 147
30. des.
- styrkir, sem ríkið veitir til eignar. Þó skal styrkur, sem veittur er úr ríkissjóði til greiðslu á stofnkostnaði eða hluta hans, eigi talinn til tekna. Sé um ferðastyrk að ræða, skal leyfa til frádráttar á móti hæfilegan ferðakostnað, þó eigi meira en styrknum nemur.
2. Styrkir frá öðrum stofnunum, frá einstökum mönnum eða félögum. Eigi skiptir máli, í hverju styrkur er fólgin, ef til peninga verður metið, og að meginreglunni til skiptir eigi heldur máli í hverju skyni styrkur er veittur, hver styrkþegi er eða hver styrkveitandi er eða hvernig samband er þeirra á milli. Frá þessu eru þó þessar undantekningar:
- Ekki skattskyldir styrkir o. fl.**
- a. Börn í foreldrahúsum, hvort sem þau sjálf eru skattgreiðendur eða eigi, greiða engan skatt af því framfæri, sem þau fá hjá heimilisföður. Sama er um aðra skylduómaga manns, sem engar aðrar tekjur hafa. Þeir losna allir við skattgreiðslu, enda þótt framfærslan, sem er þá einu tekjur þeirra, nemi meira en persónufrádrætti.
- Framansagt gildir þó því aðeins að framfæri sé ekki veitt sem endurgjald fyrir vinnu eða aðra þjónustu.
- b. Fátækrastryrkur, veittur úr bæjar- og sveitarsjóðum, telst eigi til skattskyldra tekna hvort sem styrkþegi hefur tekjur jafnframt honum eða ekki.
- c. Tillög manns til eiginkonu eða konu til manns, sem ekki eru samvistum, teljast eigi til tekna þess hjóna, er styrk fær, enda fær styrkgreiðandinn aðeins lögakveðinn persónufrádrátt þess vegna, þó styrkurinn nemi meiru. Eigi skerðir það frádráttinn þótt sá er styrkinn fær, hafi skattskyldar tekjur, enda sé um samningsbundna greiðslu að ræða. Þetta ákvæði gildir því aðeins, að um hreinan styrk sé að ræða, ekki endurgreiðslu á séreign, laun o. þ. h. Um hliðstæðar greiðslur eftir lögskilnað sjá 19. gr. 8. tl.
- d. Námsstyrkur, veittur úr ríkissjóði og öðrum opinberum sjóðum. Að því er snertir aðra námsstyrki, sjá um námskostnað 35. gr.
- e. Styrkir og samskotafé vegna veikinda eða slysa.
- Happdrættisvinningar.**
- C. Vinningar í veðmálum og happdrætti, þar með taldar hlutaveltur og því um líkt, nema sérstaklega séu undanþegnir skattskyldu, samanber lög: um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 44/1934,
— Vöruhappdrætti S. Í. B. S., nr. 76/1952,
— Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 71/1954,
— Happdrættislán ríkissjóðs, nr. 87/1948,
— Veðmálastarfsemi Íþróttasjóðs, nr. 69/1952.
- Sé vinningur í skattfrjálsu vöruhappdrætti seldur hærra verði en sem nemur eðlilegu kostnaðar eða innkaupsverði, þegar sala fer fram, er það sem umfram er, skattskyldar tekjur.
- Skaðabætur.**
- D. Skaðabætur fyrir samningsrof og önnur slík viðurlög eða bætur, þó ekki fyrir fjármunatjón sbr. 19. gr. 4. tölul. Skattskyldar tekjur eru einnig skaðabætur fyrir atvinnurög og meiðyrði. Hafi tjónið valdið tekjurýrnun, kemur það hins vegar fram á öðrum liðum.
- Slysa-bætur.**
- E. Dagpeningur vegna slysa eða veikinda, svo og árlegur eða mánaðarlegur örorkustyrkur eða lífeyrir. Hins vegar eru ekki skattskyldar slysa- eða örorkubætur, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll.
- Fjölskyldubætur.**
- F. Fjölskyldubætur samkv. lögum um almannatryggingar.
- Dagpeningar.**
- G. Ef vinnuveitandi endurgreiðir starfsmanni ferðakostnað á þann hátt, að greiða honum ákveðna fjárhæð fyrir hvern dag, teljast slíkir dagpeningar til skattskyldra tekna starfsmannsins, en til frádráttar skal leyfður beinn kostnaður vegna ferðarinnar, sbr. 19. gr. 7. tl.

17. gr.

147

Þeir, sem landbúnað stunda, skulu fylla út sérstaka skýrslu um tekjur sínar, landbúnaðarskýrslu, og þar með skýrslu um bústofn sinn í byrjun og lok hvers skattárs.

30. des.
Land-
búnaður.

Er hér á eftir gerð nokkur grein fyrir helztu tekjuliðum bænda og annarra, er landbúnað stunda.

1. Tekjur af mjólk.

Mjólkur-
afurðir.

Telja ber til tekna alla framleidda mjólk bæði til sölu og heimilisnota. Þar sem mjólkurskýrslur eru haldnar, skal telja fram hið raunverulega mjólkurmagn búanna. Ef engar mjólkurskýrslur eru færðar, verða skattanefndir að áætla nythæð kúnna. Meðal kýrnyt á landinu er talin 2600 lítrar, og ber skattanefndum að hafa það til hliðsjónar við áætlun nytar úr fullorðnum kúm, og gæta þess, hvort framtalið mjólkurmagn hvers bónda svarar til kúafjölda hans á skattárinu. Geitamjólk og sauðamjólk verða skattanefndir að áætla með hliðsjón af reynslu á hverjum stað.

Þar sem markaðsverð er á mjólk eða vitað um söluverð eða vinnsluverð mjólkur (mjólkursamsala, mjólkurbú o. s. frv.), ber að leggja það til grundvallar við verðlagningu hennar til skatts. Verði ekki við markaðsverð miðað, skal meta mjólkina með hliðsjón af matvöruverðlagi yfirleitt á hverjum stað. Geita- og einkum sauðamjólk ber venjulega að meta hærra verði heldur en kúamjólk.

Yfirsattanefnd skal í byrjun hvers árs ákveða lágmarksverð mjólkur til skatts í hverju skattumdæmi. Hún skal fylgjast með því, að samræmi sé í mati mjólkur innan hvers umdæmis, eftir því sem staðhættir og markaðsskilyrði gera mögulegt.

2. Tekjur af sauðfé.

Sauðfjár-
afurðir.

Til tekna skal telja allt, sem selt er af sauðfé, hvenær sem er á árinu, það af sauðfé, sem fargað er, jafnt í sláturtíð sem á öðrum árstímum, og nytjar þeirra kinda, sem farizt hafa af slysum eða vanhöldum.

Seldan fénað og afurðir ber að telja til tekna með raunverulegu söluverði. Seldar sláturfjárafurðir skal telja fram eftir reikningum verzlana (kaupfélaga, kaupmanna, sláturfélaga), ef þeir eru fyrir hendi þegar framtal er gert. Verði misbrestur á því og sé skattanefndum eða framteljendum eigi fullkunnugt um endanlegt verð fargaðs búfjár eða seldra afurða, verða skattanefndir að fá skýrslur um vörumagnið (innlagsskýrslur) og færa það til tekna með því verði, sem sennilegt þykir, að fyrir það fáist. Á næsta ári ber þá að telja til tekna eða gjalda eftir atvikum mismuninn, sem verða kann á hinu raunverulega verði, og því sem áætlað var. Verða skattanefndir að fylgjast rækilega með þeirri fullnaðarskilagreini, því að oftast nema verðuppbætur töluverðum hluta afurðaverðsins.

Fénað þann og sauðfjárafurðir, sem lagt er í bú (kjöt, mör, gærur o. s. frv.), skal meta sama verði og söluverð er í kaupstað. Nytjar af vanhaldaskepnunum skal tilfæra með áætlun verði.

Kindur látnar í landskuuld, í kaup verkafólks eða látnar í skiptum, ber að telja sem seldan fénað.

Ull kemur og öll til tekna, bæði seld og notuð til heimilisiðnaðar. Um verðlagningu hennar til skatts fer eftir sömu reglum sem um sláturfjárafurðir hér að framan.

3. Tekjur af öðru búfé.

Aðrar
búfjár-
afurðir.

Það sem sagt er um tekjur af seldu og förguðu sauðfé, gildir einnig um annað búfé, nautgripi, hross, geitfé, loðdýr, o. s. frv. Til tekna kemur hið raunverulega söluverð þess, sem selt er eða lógað, og það sem í bú er lagt, ber að

147

30. des.

Bústofnsauki og bústofnskerðing.

meta sama verði sem fæst fyrir tilsvarendi gripi eða afurðir, sem seldar eru eða lagðar í kaupstað.

4. Bústofnsauki eða bústofnskerðing.

Jafnframt því, sem fært er til tekna það, sem selt er eða fargað af búfé, verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á bústofninum á árinu til þess að rétt útkoma fái af tekjum bóndans af búfjárrækt.

Ef það, sem aukið er við bústofninn af framleiðslu ársins, gerir meira en svara til þess, sem stofninn hefur verið skertur vegna sölu og frálags, eða gengið úr sér vegna vanhalds og förgunar, kemur fram bústofnsaukning, og telst sá mismunur til tekna. Komi hins vegar fram bústofnskerðing, færast hún til gjalda, sbr. 27. gr. I. Hefur þá endurnýjun stofnsins ekki vegið á móti því, sem eyðt hefur.

Þennan mismun á bústofninum, bústofnsaukningu eða bústofnskerðingu, ber að sýna í bústofnsskýrslu þeirri, sem fylgir landbúnaðarskýrslunni, á þann hátt, sem skýrslan segir til um. Bústofn eða fjöldi gripa í ársbyrjun og árslok er reiknaður til verðs, hvort um sig með sama verði sem hann er metinn til eignarskatts af ríkisskattanevnd í lok skattársins. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok verður annaðhvort bústofnsaukning eða bústofnskerðing, og færast það til tekna eða gjalda samkv. framansögðu.

Þó skal eigi telja til tekna þá bústofnsaukningu, sem stafa kann af því, að keyptur hafi verið búfénaður á árinu. Skulu þeir gripir þá færðir á bústofnsskýrsluna, sama megin sem bústofn í byrjun skattárs, taldir með matsverði ríkisskattanevndar í lok skattársins.

Keypt og selt á sama árinu.

Séu gripir keyptir og seldir aftur á sama árinu kemur það eigi bústofnsbreytingum við, og kaupverð þeirra og söluverð kemur þá hvorki í landbúnaðar- eða bústofnsskýrslu. En hagnað af slíkri verzlun ber að telja fram sérstaklega á landbúnaðarskýrslu.

Til þess að fullt samræmi fái frá ári til árs um búfjártölur og eignahreyfingar hvers bónda, verða skattanevndir að sjá til þess, að bústofnsskýrslan sé fyllt út, eins og vera ber, tilfærð sé tala alls þess búfjár, sem selt er eða fargað og tilgreind tala vanhaldafjár (fjöldi og tegund gripanna, þótt engar nytjar hafi gefið, t. d. tala fjár, sem vantað hefur úr fjallgöngum).

Hlunnindi, garðrækt o. fl.

5. Tekjur af hlunnindum og itökum, garðrækt og aðrar tekjur af landi.

Hér teljast til hvers konar hlunnindi, sem jörð fylgja, svo sem dúnn og fuglatekja, eggjavarp, alls konar veiði (lax- og silungsveiði, selveiði, reki o. fl.). Þá skal og telja allar tekjur af garðrækt, kartöflur gulrófur og aðra garðuppskeru. Einnig telst til tekna öll slægjusala, beitar og mótaks, skógar og viðarsala, og tekjur af itökum í land annarra manna. Enn fremur mór og annar heimafenginn eldiviður, bæði það sem selt er og varið er til heimilisnota.

Skattanevndum ber að gæta þess, að framtaldar tekjur af hlunnindum og garðrækt svari til þess, sem aðilar hafa talið fram á búnaðarskýrslu til hreppstjóra.

Um verðlagningu garðávaxta, reka, dúns, veiðifanga og annarra hlunninda, gildir hið sama og sagt er hér að framan um mat á seldu og förguðu búfé. Það af framantöldum afurðum, sem lagt er í bú, skal meta eftir því söluverði, sem fæst fyrir tilsvarendi vöru á hverjum stað og tíma.

Heimilisiðnaður.

6. Heimilisiðnaður.

Hér telst tóvinna alls konar, fatnaðar- og plaggagerð handa fjölskyldu og vinnufólki. Ber skattanevndum að gæta þess, að taldar séu af þessum heimilisiðnaði hæfilegar tekjur. Sama er að segja um smíði alls konar.

Jarðabætur.

7. Jarðabætur.

Ef fastamenn, árshjú eða aðrir, sem vinna fyrir kaup, sem fært er til frádráttar tekjum af landbúnaði, vinna einnig við jarðabætur eða endurbætur á húsnum eða öðrum mannvirkjum jarðarinnar, þá skal til tekna telja þá vinnu, svo að vegi upp á móti því kaup, sem til gjalda er fært vegna nefndra starfa. Að öðru leyti koma eigi til tekna þær jarðabætur eða endurbætur, sem bóndi framkvæmir eða lætur gera á jörð sinni. Hins vegar má ekki færa til frádráttar tekjum þann kostnað, sem sýfar af jarðabótum, svo sem vinnukostnað, véla- vinnu, áburð til nýræktar, efniskaup, o. þ. h. nema um raunverulegt viðhald sé að ræða, eða kostnaðurinn sé innifalinn í kaup fastamanna samkv. framan- sögðu. Jarðræktarframlag ríkisins samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga nr. 45 17. maí 1950, telst eigi til tekna.

8. Aðrar tekjur af landbúnaði.

- a. Endurgjald fyrir fódrun og hirðingu kinda, hrossa, nautgripa o. s. frv. Hér skal telja fódur tekin í jarðarafgjald, auk þess sem tekið er af hjúum og öðrum.
- b. Seld vinna (vegavinna, útróður), hestlán, leiga fyrir verkfæri, áhöld eða vélar, sem lánað hefur verið (véla vinna) o. fl.
- c. Allar aðrar tekjur af landbúnaði, sem til falla, svo sem verðlaun gripa á sýningu, nautstollur, folatollur, veiðileyfi, lóðargjald, uppsátur, selt hey, húsmenskugjald o. s. frv.

Aðrar
tekjur af
land-
búnaði.

Um tekjur af fasteignum bænda, eigin húsaleiga, jarðarafgjöld o. fl., sjá 14. gr.

18. gr.

Um tekjuákvörðun félaga, sjóða eða stofnana, bæði innlendra og erlendra (sjá 6. gr.) gilda almennt sömu reglur sem um ákvörðun á hreinum tekjum einstaklinga. Tekjurnar verða yfirleitt skattskyldar, hvernig sem þeim er varið. Til skattskyldra tekna félaga, sjóða og stofnana reiknast því með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 44.—48. gr., þær tekjur, sem ráðstafað er með einhverjum neðangreindum hætti:

Sérreglur
félaga o. fl.

1. Úthlutað til félagsmanna eða hluthafa sem vextir eða arður af innborguðu fé (hlutafé, stofnfé, sameignarfé eða öðru innskotsfé). Nær þetta jafnt til félaga með takmarkaðri og ótakmarkaðri ábyrgð. Einu gildir, hvort arður eða vextir eru útborgaðir eða er bætt við hlut eða séreignarinnstæðu (t. d. fríhlutabréf í hlutafélagi, stofnfjárukning í samlagsfélagi). Hér fellur og undir ágóðahluti (tantieme) greiddur stjórn, framkvæmdarstjóra, fulltrúum eða öðrum hluthöfum af hreinum tekjum félags, ef telja má, að raunverulega sé um arðsúthlutun að ræða.

Afsláttur eða endurgreiddur hagnaður (tekjuafgangur), sbr. 27. gr. G., sem lagður hefur verið í stofnsjóð samvinnufélaga, reiknast ekki sem stofnfé í sam- bandi við það, sem sagt er í síðustu málsg. r.

Félög öll skulu gefa skattanefndum skýrslu um arðsúthlutun og aðrar vaxtagreiðslur af stofnfé og öðru innskotsfé.

2. Varið til að lækka matsverð eigna eða til annarra óvenjulegra fyrninga um- fram löglegar afskriftir til skatts, sem telja má til rekstrarkostnaðar.
3. Varið til myndunar eða aukningar sameignarsjóða (varasjóða, tryggingarsjóða o. s. frv.). Þó með þeim takmörkunum, sem um getur í 45.—47. gr. hér á eftir.
4. Yfirfært óráðstafað til næsta árs, hvort sem sú yfirfærsla kemur fram í aukn- um eignum eða lækkuðum skuldum eða hvoru tveggja.

Skattgjaldstekjur váttryggingarféлага, sem starfa hér á landi, teljast sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess bæði hér og erlendis.

Váttrygg-
ingarfélag.

147

Dæmi:

30. des.

Hreinar tekjur félags eru	kr. 50 000.00
Iðgjöld hér á landi eru	— 30 000.00
Allar iðgjaldatekjur þess eru	— 300 000.00
Þá verða skattgjaldstekjur	50 000 × 30 000
	<hr style="width: 100%;"/>
	= 5000
	300 000

Innlend váttryggingarfélag (ábyrgðarfélag) hafa heimild til að draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til tryggingar skuldbindingum sínum við þá, sem hjá þeim eru tryggðir. Þetta gildir einungis um skuldbindingar, sem fallnar eru á félagið, t. d. brunatrygging á húsi, sem er brunnið, líftrygging, sem greiða verður bráðlega, af því sá er látinn, sem tryggður var o. s. frv.

19. gr.

Til tekna telst ekki:

- Verðbreytingar.** 1. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Tekjur hans aukast ekki fyrir það eitt, heldur eykst eign hans. Annað mál er það, að leiga eða arður eftir eignina kann að aukast um leið, og verður það þá til hækkunar skattskyldum tekjum aðila. Í samræmi við regluna um verðhækkun fjármuna er það, að verðlækkun þeirra skiptir eigi máli um tekjur skattþegns nema óbeinlínis, ef lækkun arðs eða leigu er henni samferða.
- Eignasala.** 2. Tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, þ. e. afhendingu til eignar gegn endurgjaldi (eign tekur hér yfir verðbréf og fjármuni yfirleitt). Þótt maður selji eign herra verði en hann keypti hana, þá skoðast það ekki sem tekjuauki, heldur sem eignaauki, og tekjuskattur því eigi greiddur af neinum hluta söluverðsins.
- Til tekna telst þó sölugróði af eign:
- a. Ef salan fellur undir atvinnurekstur aðila, t. d. fasteignaverzlun, verðbréfa-verzlun o. s. frv.
- b. Ef salan fellur undir ákvæði 15. gr.
- Arfur, váttryggingar o. fl.** 3. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi gjaldandi lagt fram skilríki fyrir því, að erfðafjárskattur hafi verið greiddur. Sama gildir um eignaauka, sem stafar af stofnun hjúskapar, kaupmála, útborgun lífsábyrgðar og örorkubóta (nema að um sé að ræða árlegar eða mánaðarlegar greiðslur), brunabóta og annarar greiðslu váttryggingar yfirleitt, t. d. sjóváttryggingar, enn fremur endurgreiðslu úr lífeyrissjóðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., ef þeir, sem endurgreiðsluna fá, láta af starfi án eftirlauna. Hér telst og til próventukaup og fúlga með ómaga, sem ekki er skylduómagi aðila, nema fúlgan nemi meira en framfærinu. Ekki telst heldur til tekna bætur samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, séu bætturnar greiddar í eitt skipti fyrir öll, þar með telst fæðingarstyrkur.
- Skaðabætur.** 4. Skaðabætur fyrir eignatjón og spell á fjármunum, sbr. 16. gr. D.
- Lántaka o. fl.** 5. Lántaka eða eyðsla höfuðstóls.
- Eftirgjöf skulda.** 6. Eftirgjöf skulda, sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf telst þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
- Dagpeningar, ferðakostn.** 7. Endurgreiðsla, sem gjaldþegn fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir. Þetta nær fyrst og fremst til ferðakostnaðar, sem er endurgreiddur. Sé skattgreiðanda greiddir dagpeningar

- eða önnur slík þóknun fyrir störf sín, telst það sem tekjur, en heimilt er þó að færa til gjalda á móti þann kostnað, sem skattþegn verður að greiða vegna fjarveru frá heimili sínu. Dæmi um þetta eru nefndarstörf og þvilíkt. Fjarvist í þessu sambandi merkir þá fjarvist, er sviptir aðila getu til þess að annast sjálfur skyldustörf sín eða atvinnu. 147
30. des.
8. Styrkur (meðlag), sem maður greiðir eftir lögskilnað til fyrrverandi eiginkonu eða kona til fyrrverandi eiginmanns, telst eigi til tekna þess er styrk fær. Styrk-greiðandi fær engan frádrátt þess vegna. Um greiðslu á búshluta eða séreign fer hins vegar eins og um hverja aðra skuldagreiðslu. Meðlög
eftir lög-
skilnað.
9. Vextir af eignarskattsfrjálsu sparifé og bankavaxtabréfum samkv. lögum nr. 55 1955, sbr. 55. og 56. gr. reglugerðar þessarar. Vextir.
10. Hapdrættisvinningar, sem undanþegnir eru með sérstökum lögum, sbr. 16. gr. C. Hapdrættis-
vinningar.
11. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma, við húsbýggingu íbúða til eigin afnota. Aukavinna
við eigin
íbúð.

Skattfrelsi af eigin vinnu við íbúðarhús kemur ekki til greina að því leyti, sem hún er unnin í venjulegum vinnutíma, heldur eingöngu aukavinna, þ. e. eftirvinna, næturvinna og helgidagavinna eða vinna í sumarfríi.

Um þá, sem fara fram á skattfrelsi af eigin vinnu kemur til athugunar, að viðkomandi hafi unnið fullan vinnutíma við hið eiginlega eða fasta starf sitt eða skili eðlilegum árstekjum af því, nema um veikindi sé að ræða. Aðeins sú aukavinna, sem er umfram eðlilegar árstekjur framteljanda eða í eðlilegu hlutfalli við þær, getur talizt til hinnar skattfrjálsu aukavinnu.

Þegar búið er að ákveða, hve há upphæð teljist til aukavinnu við húsið, skal reikna út, hve mikill hluti hússins eða húshlutans, sem aðili á, muni notaður til íbúðar fyrir hann sjálfan og hve mikill hluti til útleigu eða sölu, og finna hlutfallið milli þess hvoru tveggja, eftir stærð og notagildi hvors um sig. Eftir þessu hlutfalli ákveðst, hve mikill hluti aukavinnunnar er skattfrjáls.

Dæmi um skattlagningu aukavinnu:

Árstekjur kr. 20 000.00 fyrir 10 mánuði. Vinna við eigið hús talin kr. 12 000.00, ráðgert til eigin nota helmingur húsnæðis.

Frá húsvinnu kr. 12 000.00 dregst 2ja mánaða kaup kr. 4000.00 (sbr. árskaupið), aukavinna við húsið því kr. 8000.00, helmingur húsnæðis ætlað til eigin nota og því helmingur aukavinnu skattfrjáls, eða kr. 4000.00.

Framteljandi skal láta fylgja framtali sínu upplýsingar um fjölda vinnustunda, er hann hefur varið til byggingar eigin íbúðar á árinu og glögga lýsingu á húsnæði því, sem í smíðum er, svo að séð verði, hve mikill hluti af hinu byggða er einkaíbúð.

Séu þessar upplýsingar með framtalinu ekki fullnægjandi, skal áætla um þessi atriði.

Nú á maður íbúð og byggir sér aðra stærri til eigin nota. Skal þá telja þann hluta eigin aukavinnu hans við nýju íbúðina skattfrjálsan, sem svarar til stærðarmunarins, þ. e. þann hluta aukavinnunnar, sem svarar til hlutfallsins milli rúmmetrafjölda stærri íbúðar, að frádregnum rúmmetrafjölda minni íbúðar, deilt með rúmmetrafjölda stærri íbúðarinnar. Ef til dæmis aukavinna er 12000.00 krónur, stærri íbúðin 300 rúmmetrar og minni íbúðin 200 rúmmetrar, verður $\frac{1}{3}$ hluti aukavinnunnar, eða kr. 4000.00 skattfrjáls. Eigi maður íbúð, sem hann notar til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, og byggir viðbót við þá sömu íbúð til eigin afnota, skal öll eigin aukavinna við stækkunina vera skattfrjáls.

Enginn skal njóta slíkrar ívilnunar nema einu sinni. Þó eru frá þeirri reglu þessar undantekningar:

a. Hafi maður byggt sér íbúð til eigin afnota og notið ívilnunar, en byggir við-

147
30. des.

- bót til eigin nota við þá sömu íbúð, skal öll eigin aukavinna við stækkunina teljast skattfrjáls.
- b. Selji maður íbúð, sem hann hefur átt í 5 ár eða lengur og skattfrjáls eigin aukavinna við íbúðina fæst endurgreidd við sölu, skal, ef hann byggir sér aðra íbúð stærri til eigin afnota, telja eigin aukavinnu vegna stækkunarinnar skattfrjálsa eftir sömu reglum og greinir í upphafi næstu málsgreinar hér á undan.
- c. Nú selur maður íbúð, sem hann hefur átt skemur en 5 ár, og skattfrjáls vinna fæst endurgreidd við sölu. Skal hann þá, ef hann byggir sér nýja íbúð til eigin afnota, njóta skattfrelsis af allri eigin aukavinnu við nýju íbúðina. Í öllum þeim tilvikum, sem greind eru í þessari málsgrein og þeirri næstu hér á undan, er skattfrelsi eigin aukavinnu bundið öllum þeim sömu skilyrðum og reglum, sem greinir í 1.—9. mgr. þessa tl.

Ef sá, sem notið hefur skattfrelsis vegna vinnu við eigin íbúð, selur íbúðina innan 5 ára og fær vinnu sína að einhverju eða öllu leyti endurgreidda í söluverðinu, skal hin skattfrjálsa vinna talin til skattskyldra tekna á því ári, sem sala fer fram, án tillits til þess, hvort keypt eða byggð er önnur íbúð í staðinn eða ekki. Undanþáguákvæði í 1. tölulið 15. gr. um skattfrjálsa sölu fasteigna, ef önnur fasteign er keypt eða byggð í staðinn, ná því ekki til skattfrjálsrar vinnu við eigin íbúð.

Nú óskar gjaldandi eftir því, að sú skattfrjálsa vinna, sem hann fær endurgreidda í söluverði samkvæmt framansögðu, verði ekki skattlögð á söluárinu, heldur verði hún skattlögð á þeim skattárum, þegar hún var lögð fram, og má þá umreikna skattinn fyrir þau ár, enda hafi gjaldandi gert fullnægjandi grein fyrir þessari vinnu á framtölum sínum fyrir viðkomandi skattár.

20. gr.

Skattár, gjaldár. Tekjuskatt ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan ákvörðun skattsins. Kallast það skattár, en hitt gjaldár, þegar fram er talið og skattur á lagður. T. d. er tekjuskattur á lagður á gjaldárinu 1955 miðaður við tekjur á skattárinu 1954.

Þó er skattanefnd heimilt að miða skattár við annan tíma en almanaksárið, t. d. fardagaár, ef aðili sýnir fram á, að hann noti annað reikningsár en hið venjulega og að honum séu mikil óþægindi gerð með því að hverfa frá þeirri tilhögun. Má skattanefnd eigi láta vika frá almanaksárinu, nema ríkar ástæður séu til.

Þegar notað er annað reikningsár en almanaksárið, þá verður að miða við tekjur þess skattárs, sem síðast endaði fyrir ákvörðun skattsins, t. d. í marz 1955 verður lagt á tekjurnar það fardagaár, sem endar vorið 1954, en eigi fardagaárið 1954—1955 þótt langt sé á það liðið. Ef síðar er breytt um og almanaksárið tekið, þá verður í fyrsta sinn eftir breytinguna að reikna tekjurnar frá lokum þess reikningsárs, sem síðast var miðað við. Skattur á lagður 1955 er t. d. miðaður við reikningsárið 1. júlí 1953 til 1. júlí 1954, en skatt á lagðan 1956 á að miða við almanaksár, og verður þá að skattleggja í einu lagi tekjurnar frá 1. júlí 1954 til 31. desember 1955.

III. KAFLI

Um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri.

21. gr.

Peir, sem atvinnu reka, mega draga frá tekjum sínum:

- Atvinnu-
rekstrar-
frádráttur. 1. Innkaupsverð vöru hjá vörusölufrirtækjum eftir því, sem nánar er skilgreint í 22. gr.

2. Kaupgreiðslur, samkvæmt nánari ákvæðum í 23. gr.
3. Leigugreiðslur, sbr. 24. gr.
4. Viðhald, sbr. 25. gr.
5. Vaxtagreiðslur, samkv. ákvæðum 26. gr.
6. Annan árlegan reksturskostnað, (þ. e. önnur þau útgjöld sem á skattárinu hafa gengið til þess að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, svo sem a) efnivörur til notkunar við reksturinn, b) tollar, skattar og skyldu-tryggingar, c) ólögboðnar tryggingar, d) iðgjöld til stéttarfélaga, e) matskostnaður og lögfræðileg aðstoð, f) ferðakostnaður, g) afsláttur eða endurgreiddur hagnaður, h) annar kostnaður og i) bústofnsskerðing) eftir því sem nánar er ákveðið í 27. gr.

147
30. des.

Til rekstrarkostnaðar á skattárinu teljast ekki aðeins þau útgjöld, sem greidd hafa verið á árinu, heldur einnig sérhver sá kostnaður, sem áfallið hefur vegna öflunar teknanna, t. d. ógreidd vinnulaun, ógreidd húsaleiga o. s. frv. Hinn áfallni ógreiddi kostnaður skal talinn til útgjalda á skattárinu, og til skulda í árslok.

7. Fyrningu eða afskrift þeirra eigna, sem notaðar hafa verið til öflunar teknanna, þar með talin afskrift af stofnkostnaði, sbr. 28. gr.
 8. Töpuð útlán, sbr. 29. gr.
 9. Töp frá fyrri árum, sbr. 30. gr.
 10. Tillag í nýbyggingarsjóð, sbr. 48. gr. B.
- Atvinnurekendur njóta einnig hinna almennu frádráttar samkv. IV. kafla, eftir því sem við á.

Loks njóta hlutafélög og samvinnufélög þess frádráttar, sem ákveðinn er í V. kafla.

22. gr.

Kostnaðarverð seldrar vöru, þar með taldar efnisvörur til iðnaðar eða hvers konar framleiðslu söluvarnings, er frádráttarhæft.

Kostnaðar-
verð seldrar
vöru.

Kostnaðarverð vöru telst kaupverð hennar, að viðbættum tollum, flutningsgjöldum og öðrum kostnaði, sem á vöruna fellur, unz hún er komin á sölustað eða í verksmiðju (á verkstæði) til úrvinnslu eða sölu. Keyptar vörur, sem óseldar eru í árslok teljast ekki til rekstrarkostnaðar á árinu, heldur til eignar í árslok.

Kostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld hefur verið á árinu, skal fundið þannig: Vörubirgðir í ársbyrjun + (plus) keyptar vörur á árinu ÷ (mínus) vörubirgðir í árslok = kostnaðarverð seldrar vöru.

Vörubirgðir skulu taldar með kostnaðarverði. Heimilt er þó að telja skemmdar vörur og gallaðar þeim mun lægra, sem skemmdum og göllum nemur.

Þegar um er að ræða iðnvarning þá skal framleiðslukostnaður talinn í verði hans (sundurliðað á rekstrarreikningi) en að öðru leyti skal kostnaðarverð hans reiknað með sama hætti og annarar vöru.

23. gr.

Kaupgreiðslur í peningum eða hlunnindum vegna mannahalds til öflunar teknanna skulu frádragnar. Framteljandi má þó ekki reikna sjálfum sér kaup eða skylduliði sínu, né heldur draga frá tekjum neitt það, er hann notar sjálfur eða skyldulið hans til eigin þarfa, nema því aðeins að sá, er vann, telji fram tekjur sér í lagi tilsvareandi við frádráttinn, enda skal þá sannanlegt, að hið reiknaða kaup sé ekki hærra en nauðsynlegt hefði verið að greiða öðrum fyrir jafn mikla aðstoð við öflun teknanna. (Skyldulið eru allir þeir, sem framteljanda er að lögum skylt að framfæra, en þeir eru: maki, foreldrar og börn, þar með talin kjörbörn, stjúpborn og fósturbörn).

Mannahald.
Kaup aðila
sjálfs og
skylduliðs.

147 Sé kaup goldið í fæði þá skal draga frá sem kostnaðarverði þess nemur. Vinnu 30. des. framteljanda og skylduliðs hans má þó ekki reikna með í kostnaðarverði fæðisins (nema talin sé til tekna á móti) og ekki má heldur reikna með vinnu hjúa (vinnu-**Kaup greitt í kvenna), sem starfa við innanhússtörf í þágu búrekstrar eða við hliðstæðar að- hlunn- indum.** stæður. Kaup hjúanna kemur til frádráttar sem slíkt og má því ekki reikna vinnu þeirra til frádráttar í annað sinn sem hluta af kostnaðarverði fæðisins. Búsafurðir eða aðrar framleiðsluvörur framteljanda, t. d. kjöt, mjólk, kartöflur, fiskur o. s. frv. skulu hins vegar taldar með í kostnaðarverði fæðisins, enda skal framteljandi jafnframt telja sér þær til tekna ásamt annari framleiðslu.

Hjá bændum og öðrum, sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað starfsfólks, verður að meta fæðið til frádráttar. Af því sem segir í síðustu málsg. leiðir að miða ber við efnis-, eldneysis- og áhaldakostnað en sleppa vinnukostnaði við fæðið. Með hliðsjón þar af skal ríkisskattanevnd meta fæði til frádráttar að fengnum tillögum yfirskattanevnda. Hins vegar skal meta fæðið að meðtöldum vinnukostnaði til tekna hjá starfsfólki, sjá 13. gr. B. 1.

Draga skal frá ef atvinnurekandi greiðir húsnæði vegna starfsfólks og einnig má reikna til frádráttar húsnæði, sem atvinnurekandi lætur starfsfólki í té í húsi sem hann á sjálfur, en þá skal hann jafnframt reikna sér tilsvarendi tekjur af húsinu. Í háðum tilvikum skal húsnæðið metið til tekna hjá starfsfólkinu.

Sé kaup greitt í fatnaði eða einhverjum öðrum hlunnindum, þá skal það dregið frá, þó ekki hærra en kostnaðarverði nemur. Ef um er að ræða búsafurðir eða aðrar framleiðsluvörur atvinnurekenda sjálfs, þá skulu þær verður, jafnframt því að vera taldar til frádráttar sem greitt kaup, vera taldar sem tekjur af atvinnurekstri hans. T. d. skal bóndi, sem greiðir vinnumanni kaup í skepnufóðrum jafnframt telja fóðrin sem tekjur af húi sínu og ef t. d. klæðskeri greiðir starfsmanni kaup(-upp-bót) í fatnaði, þá skal hann færa verð fatanna til tekna sem seldar vörur og jafnframt til gjalda sem greitt kaup.

Gjafir — kaupauki. Gjafir til starfsfólks má því aðeins leyfa til frádráttar, að þær séu gefnar upp með öðrum kaupgreiðslum og að um beinan kaupauka sé að ræða — ekki tækifærisgjafir. Taki atvinnurekandi að sér greiðslur á sérstökum kostnaði vegna starfsfólks síns umfram skyldu, t. d. vegna veikinda, kostnaðar við útför o. s. frv., telst það ekki til rekstrarkostnaðar. En þá er heimilt að veita ivilnun í skatti, samkv. 50. gr.

**Launa-
uppbót.** Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum, hvort sem hún er greidd í reiðufé eða hlutabréfum eða öðrum innistæðum hjá fyrirtækinu.

Ekki má draga frá:

1. Kaup vegna starfa í einkaþágu framteljanda, sjá þó 36. gr. (heimilisaðstoð).
2. Kaup vegna nýbygginga, húsa eða skipa, jarðabóta, eða annarra aukninga eða endurbóta á eignum gjaldanda.

24. gr.

Húsnæði Greiddar leigur vegna öflunar teknanna skal draga frá tekjum, þar á meðal o. fl. húsaleigu, ásamt ljósi og hita og ræstingu vegna atvinnurekstrar. Ef aðili notar sama húsnæði bæði til eigin íbúðar og atvinnurekstrar, verður að áætla hve mikið af kostnaðinum tilheyrir rekstrarkostnaði. Sé aðili sjálfur eigandi húsnæðis þess, sem hann notar til atvinnurekstrar, má sleppa leigunni, en réttara er þó að meta leiguna til gjalda við atvinnureksturinn og til tekna af húseigninni, þar sem því verður við komið.

Draga skal frá landskuld af leigujörðum og leigur eftir kúgildi eða annað lausafé, sem búrekstri tilheyrir.

Draga skal enn fremur frá skipaleigu, bifreiðaleigu eða leigu eftir hverjar þær eignir, sem á leigu hafa verið teknar til öflunar teknanna. 147

Sé leiga greidd fyrirfram, t. d. til 10 ára, þá skal skipta henni á árin og draga frá tekjum $\frac{1}{10}$ hluta árlega en telja eftirstöðvarnar til eigna unz lokið er. 30. des.

25. gr.

Viðhald á arðberandi eignum eða öðrum eignum, sem notaðar eru við atvinnureksturinn, skal draga frá tekjum. Viðhald telst það, sem gera þarf til þess að halda eignunum eða einstökum hlutum þeirra í svipuðu ástandi og þær voru í, þegar aðili eignaðist þær, hvort heldur þær voru þá gamlar eða nýjar. Viðhald.

Þó að eign gangi úr sér fyrir aldurs sakir, þ. e. fyrnist, þá skal hún samt talin í svipuðu ástandi að því er viðhald varðar. Fyrning hennar kemur hins vegar til frádráttar samkv. 28. gr.

Ef aðili lætur endurbæta eign, sem hann hefur keypt, ellegar er orðin úr sér gengin fyrir aldurs sakir, stækka eign eða breyta henni, þá skal það ekki talið til viðhalds.

Til viðhalds skal aftur á móti telja, að halda eigninni í svipuðu ástandi og hún varð að stækkun, breytingu eða endurbót lokinni.

Sé viðhald og endurbætur framkvæmt í einu lagi, þá verður að meta hvað telst til hvors um sig. T. d. ef lögð er miðstöð í hús í stað kolaofna, þá skal meta og telja til viðhalds áætlaðan kostnað við að setja nýja kolaofna í stað þeirra sem teknir voru, að frádregnu andvirði gömlu ofnanna. Sé húsnæði breytt, t. d. ef íbúð er gerð að verzlunarhúsnæði, þá telst ekki til viðhalds sá kostnaður, sem er sérstaklega tilkominn vegna breytingarinnar, heldur það eitt, sem þurft hefði til þess að halda íbúðinni í sama ástandi og hún var. Viðhald og endurbætur.

Ef eigendaskipti verða að húsi eða öðrum eignum, má eigi leyfa til frádráttar hærri fjárhæðir til viðhalds en teljast mega eðlilegar og venjulegar, hvorki hjá seljanda né kaupanda. Það sem í slíkum tilfellum er umfram venjulegt viðhald, skal talið endurgoldið með söluverði eignarinnar ellegar hluti af kaupverði, þ. e. kostnaðarverði hennar.

Ef eigandi vinnur sjálfur að viðhaldi eignar sinnar, þá skal sú vinna ekki talin til frádráttar, nema hún sé talin til tekna á móti, að öðrum kosti skal aðeins aðkeypt vinna og efni talin til frádráttar.

Ef endurnýjuð er eign, sem eyðt hefur vegna slysa eða af öðrum ástæðum, t. d. skip farizt, bryggja ónýtt, hús brunnið eða fokið o. s. frv., þá telst það ekki til viðhalds, en til álita getur komið að veita ívilnun í skatti samkv. 50. gr.

26. gr.

Frá tekjum skal draga vexti af öllum skuldum aðila föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir af lánnum og einnig sköttum og útsvörum. Enn fremur lántökukostnað og framlengingar- og]eða stimpilgjald af víxlum, sem teknir eru í sambandi við atvinnureksturinn. Vextir.

Afföll af lánnum skal draga frá. Skulu þau færð til gjalda samanber reglur í Afföll. 14. gr. C, 1. og 2. tölulið.

Draga má vextina frá, enda þótt þeir verði ekki beinlínis heimfærðir undir tilkostnað við öflun teknanna (rekstrarkostnað), þ. e. vexti af skuldum má draga frá, eins þótt skuldari hafi hvorki tekjur af eignum eða sjálfstæðum atvinnurekstri.

Til gjalda má þó eigi færa:

- a. Vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbýgginga ef áfallnir eru áður en húsinn er tekin í notkun.
- b. Vexti af ábyrgðarskuldum, sem áfallnir eru áður en lánið fellur á aðila.

Vextir, sem eigi má draga frá.

- 147 c. Ógreidda vexti, þótt fallnir séu í gjalddaga, ef efnahagur og aðrar ástæður
30. des. skuldara eru þannig, að fullkominn vafi geti leikið á því, hvort hann muni greiða vextina. Skal um það hafa til hliðsjónar hvort skuldareigandi telur sér vextina til tekna.
- d. Vexti af því fé, sem aðili hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Hlutfélög, samlagshlutfélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð (sjá 6. gr. 1), mega ekki heldur draga frá vexti af innborguðu hlutfé eða stofnfé, nema að sé samkv. ákvæðum 44. gr.

27. gr.

Frá tekjum skal draga:

- Efni og orka til framleiðslu. A. Keyptar vörur og orka til notkunar við reksturinn, svo sem kol, olía, salt, veiðarfæri og beita til útgerðar, áburður, fræ, fóðurefni o. fl. til landbúnaðar, raforka, eldsneyti, endingarlítill smáverkfæri, umbúðir o. fl. til framleiðslu iðnvarnings.
- Um slíkar eyðslu- og neytluvörur gildir hið sama og segir um sölu- og iðnaðarvörur í 22. gr. Til gjalda telst aðeins það, sem notað hefur verið á árinu, en það sem óeytt er, færast til eignar í árslok á kostnaðarverði.
- Áburð, fræ, girðingarefni, vélavinnu o. þ. h. til nýræktar eða jarðarbóta, skal ekki telja til rekstrarkostnaðar, sama er um aðrar áður taldar vörur, ef þær eru notaðar til endurbóta eða aukningar á eignum aðila.
- Tollar, skattar og skyldu-tryggingar. B. Tollar, skattar og skyldu-tryggingar, sem bundnar eru við sérstaka tegund atvinnu eða atvinnurekstrar ellegar sérstaklega ákveðnar eignir, skulu dregnar frá tekjum. Þar til telst meðal annars: Framleiðslutollur, útflutningsgjöld, skemmtanaskattur o. s. frv. (Innflutningstollur og gjöld teljast með kostnaðarverði vöru, sbr. A-lið), fasteignagjöld, fasteignaskattur og brunabóttagjöld af fasteignum, vátryggingar skipa, bifreiðaskattar, bifreiðatryggingar o. fl. Enn fremur teljast hér með iðgjaldagreiðslur atvinnurekanda samkv. 112. og 113. gr. laga nr. 50/1946 um almannatryggingar. Iðgjöld af ábyrgðartryggingu eru ekki frádráttarbær.
- Gjöld af fasteignum má ekki draga frá, nema eignirnar séu arðberandi, t. d. ekki gjöld af sumarbústöðum, nema útleigðir séu, enda skulu einkaafnot af þeim ekki reiknuð til tekna. Ekki má heldur draga frá skatta af bifreiðum, sem notaðar eru í einkaþágu. Sama er um gjöld af öðrum eignum, sem ekki eru notaðar til öflunar teknanna.
- Stimpilgjöld og þinglestrargjöld í sambandi við eignaskipti (kaupsamning og afsal), má eigi heldur draga frá nema um skattskyldan söluhagnað sé að ræða, sbr. 15. gr.
- Vátryggingar. C. Frá tekjum skal draga ólögboðnar tryggingar arðbærra eigna eða atvinnurekstrar. T. d. vátryggingar vörubirgða, rekstrarstöðvunartryggingar, jarðskjálftatryggingar, tryggingar gegn töpum af völdum þjófnaðar eða aðrar slíkar, sem gerðar eru til þess að tryggja tekjurnar og halda þeim við.
- Stéttarfélagsgjöld. D. Iðgjöld til stéttarféлага (t. d. iðnrekendaféлага, kaupmannaféлага, útgerðarmannaféлага og búnaðarféлага), enda sé tilgangur félagsins sá, að tryggja og auka tekjur félagsmanna og það starfi í þágu þeirrar atvinnugreinar, sem viðkomandi hefur tekjur af. Tillag til annarra féлага má ekki draga frá.
- Frádráttur samkv. þessum lið að viðbættum frádrætti samkv. 33. gr. B (sjúkrasamlagsgjald), má þó samanlagt ekki vera hærra en 5% af nettótekjum aðila.
- Málskostnaður o. fl. E. Málskostnaður og lögfræðileg aðstoð við öflun teknanna er frádráttarbær. Lögfræðilega aðstoð við stofnun fyrirtækis má þó ekki draga frá. Hún tilheyrir stofnkostnaði, sem afskrifa má samkv. 28. gr. C. Lögfræðilega aðstoð við kaup

og sölur fasteigna eða annarra eigna má ekki heldur draga frá, nema um skattskyldan söluhagnað sé að ræða í því sambandi, sbr. 15. gr. 147
30. des.

Sektir má ekki draga frá. Lögtakskostnaður er ekki heldur frádráttar- bær. Hafi ólöglegur ágóði verið sannanlega talinn til tekna, en síðar gerður upptækur, má draga hann frá tekjum þess skattárs er hann var framtalinn. Sektir.

F. Ferðakostnaður í þágu atvinnurekstrar skal dreginn frá tekjum, t. d. kostnaður vegna söluferða eða til innkaupa, einnig ef greidd eru fargjöld vegna starfsmanna til og frá vinnustað. Ekki má þó draga frá herra en raunverulegum ferðakostnaði nemur. Ef herra er greitt, þá ber að skoða það sem kaupauka og er hann óheimill til frádráttar, nema að upp sé gefinn með greiddum launum, sbr. 23. gr. (gjafir og kaupauki). Ferðakostnaður.

G. Afslátt og verðuppbætur á vörur eða þjónustu má draga frá tekjum, enda sé næg grein gerð fyrir því að ekki sé verið að úthluta neinum viðskiptamanni ágóða af viðskiptum við þriðja mann eða úthluta arði sbr. 14. gr. C. 4. tl. Afsláttur og verðuppbætur.

Einnig er samvinnufélögum heimilt að draga frá tekjum sínum þann hluta tekjuafgangs, sem þau endurgreiða félagsmönnum sínum í samræmi við lög nr. 46/1937.

Endurgreiðslur þessar og úthlutanir skulu taldar til tekna hjá þeim, sem þær fær, ef endurgreiðslurnar eru viðkomandi tekjuöflun hlutaðeigandi. Hins vegar skulu þær ekki taldar til tekna, ef um er að ræða endurgreiðslu á persónulegum útgjöldum, nema ef þau sömu útgjöld eru leyfð til frádráttar. T. d. skal telja til tekna afslátt af benzíni, sem notað er á atvinnubifreið, en ekki afslátt af benzíni, sem notað er á einkabifreið. Enn fremur skal „bónus“ af lífsábyrgð dreginn frá iðgjöldum, þ. e. talinn til tekna, ef iðgjaldið að frá-dregnum „bónus“ er ekki yfir kr. 2000.00 (sbr. 34. gr. C.) Uppbætur á landbúnaðar- og sjávarafurðir, aðrar framleiðsluvörur og þjónustu, ber einnig að telja sem tekjur. Tekjuafgangur.

Þeir sem endurgreiða, skulu draga endurgreiðsluna frá á því ári, er viðskiptin urðu, sem við er miðað, eða þær tekjur falla til, sem endurgreiðsla byggist á, enda fari endurgreiðslan fram á því ári, sem ákveðið er að greiða hana.

Þeir, sem endurgreiðslurnar fá, skulu hins vegar ekki telja þær til tekna fyrir en á því ári, sem endurgreiðslurnar fara fram, eða þær eru færðar á viðskiptareikning viðkomandi. Meðan endurgreiðslum er ekki lokið skulu endurgreiðs- endur telja sér þær til eignar.

H. Póstgjöld, símakostnað, auglýsingar, pappír, ritföng eða annan skrifstofu- kostnað vegna atvinnurekstrar, skal draga frá. Þá má og draga frá risnu vegna atvinnurekstrar eftir mati skattanefnda og skattstjóra, enda verði hún talin sem skyldukvöð eða óhjákvæmileg til öflunar teknanna. Ýmis gjöld.

I. Þeir sem landbúnað stunda, mega draga frá bústofnsskerðingu, sbr. ákvæði 4. töluliðs 17. gr.

28. gr.

A. Frá tekjum skal draga fyrningu eða afskrift þeirra eigna, sem notaðar eru við öflun teknanna. Almenna reglan um afskrift er sú, að miða skal við kostnaðarverð að frá dregnu áætluðu niðurlagsverði og skal mismuninum deilt með þeirri áratölu, sem ætla má að hluturinn endist. Ef kostnaðarverð hlutar er nefnt a, áætlað niðurlagsverð c, og tala þeirra ára, sem ætla má, að hluturinn

endist b, skal árlega fyrning teljast $\frac{a-c}{b}$ Til kostnaðarverðs í þessu sam- bandi telst ekki sá hluti andvirðis er greiddur kann að vera með opinberum styrk.

147
30. des.

Verði hlutur ónýtur áður en afskrift hans er lokið, skal færa eftirstöðvarnar til gjalda á því ári. Sé hlutur seldur hærra verði en hann var fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur, nema hluturinn hafi verið í eigu gjaldanda 3 ár eða lengur, þá fer um skattlagningu eftir því sem segir í 15. gr.

Undantekningar frá hinni almennu reglu eru meðal annars þær, að fyrningu húsa, annarra en verksmiðju- og gróðurhúsa, skal reikna af fasteignamati. Einnig heimilast hærri fyrningarprósenta heldur en samkv. greindri reglu af allmörgum eignum. Eru því sumir eftirtaldir hámarkshundraðshlutar hærri af þeirri ástæðu. Þá er og samkv. B-lið þessarar greinar heimilt að afskrifa ýmsar eignir, sem þar eru upp taldar, samkv. þar greindum reglum, þ. e. um 20% af kostnaðarverði árlega þrjú fyrstu árin eftir að þær voru teknar í fyrstu notkun. Þar á eftir má fyrna þær eignir um hámarkshundraðshluti þá, sem hér eru greindir í A-lið þessarar greinar eftir því, sem við á um hverja einstaka tegund eigna. T. d. dieselmótorskip úr stáli með vél, sem fyrstu þrjú árin má fyrna um 20% á ári samkv. ákvæðum B-liðs þessarar greinar, má á fjórða ári fyrna um 12% o. s. frv. þar til áætluðu niðurlagsverði er náð.

Hámarksafskrift af eftirtöldum eignum má leyfa sem hér segir:

Bifreiðir.

Leigubifreiðir (drossiur)	20%
Læknabifreiðir	15%
Strætisvagna og áætlunarbifreiðir til langferða	20—25%
Vörubifreiðir	20%

Byggingar.

Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	10%
Bryggjur úr timbri (eftir staðháttum)	8—10%
Gróðurhús	10%
Loðdýrabúr og tilheyrandi girðingar	15%
Stálgeymar (tankar)	4%
Steinsteyptir geymar (tankar)	3%
Steinhús (af fasteignamati)	3%
Timburhús (af fasteignamati)	6%
Torfhús (af fasteignamati)	4%
Verksmiðjuhús má fyrna eftir því sem ástæða þykir til að mati skattnefndar, þó ekki meira en	4%
Verksmiðjuhús fyrir síldar- og fiskiðnað, allt að	4%
Verksmiðjuhús, sem notuð eru til fisk- og kjötfrystingar eingöngu, allt að	10%

Efna- og matvöruíðnaðarvélar.

Brauðgerðarvélar	9%
Brjóstsykurgerðarvélar	9%
Bökunarofnar	7½%
Fóðurblöndunarvélar	12%
Kaffibrennsluvélar	12%
Kaffibætisgerðarvélar	12%
Kexgerðarvélar	9%
Kjötmetisgerðarvélar	12%
Kornmylluvélar	12%
Málningarverksmiðjuvélar	9%
Mjólkurbúsvélar	12%

Niðursuðuverksmiðjuvélur	12%	147
Sápugerðarvélur	9%	30. des.
Smjörlíkisgerðarvélur	12%	
Súkkulaði- og konfektgerðarvélur	9%	
Þvotta- og tauhreinsunarvélur	12%	

Fiskiðnaðarvélur.

Fiskimjölsværksmiðjuvélur	18%
Lifrarbræðsluvélur	18%
Fiskþurrkunarvélur (með aflvél)	18%
Síldarverksmiðjuvélur	18%

Frystivélur.

Frystivélur	20%
Hraðfrystivélur	20%

Glergerðarvélur.

Bræðsluofnar og mótunarvélur og tæki	18%
Kæliofnar og aðrar glergerðarvélur	10%

Landvinnuvélur.

Dráttarvélur (traktor) og skurðgröfur	20—25%
Landbúnaðarvélur	10—15%

Leðuriðnaðarvélur.

Skógerðir	15%
Sútunarverksmiðjuvélur	18%

Málmiðnaðarvélur.

Bifreiðaverkstæðisvélur	15%
Blikksmiðjuvélur	12%
Dósaverksmiðjuvélur	12%
Farandþrýstiloftstæki	20%
Loftþjökkur og þrýstiloftstæki	15%
Málmbæðsluofnar	15%
Mótorverkstæðisvélur	15%
Plötusmiðjuvélur	15%
Stáltunnugerðarvélur	12%
Vélsmiðjuvélur	15%

Prentsmiðju- og bókbandsvélur.

Áhöld (inventar)	7½%
Bókbandsvélur	10½%
Prentletur	20%
Prentvélur	15%

Rafstöðvar.

Olíuhreyfilsstöðvar	8%
Vatnsaflsstöðvar	4%

Siglingatæki.

Asdictæki	10%
Dýptarmælar	8%

147
30. des.

Gyroáttavitar	8%
Loftskeytateki	10%
Ratsjár	10%

Skip.

Dieselmótorskip úr stáli með vél	12%
Farþegaskip úr stáli með vél	8%
Fiskiskip úr stáli með vél	12%
Mótorvélar í fiskiskip	20%
Opnir bátar	15%
Seglskip	7%
Skip úr eik án vélar	12%
Skip úr furu án vélar	15%
Tankskip með vél	10%
Vöruflutningaskip úr stáli með vél	8%

Skipasmíðastöðvar.

Dráttarbraut	15—18%
Járnsmiðjur við skipasmíði	15%
Svitakistur	20%
Trésmíðavélar	15%

Tóvinnuvélar.

Fatagerðir, saumavélar	15%
Hampvinnsluvélar	12%
Prjónavélar	15%
Ullarverksmiðjuvélar	18%
Veifarfaragerðarvélar	15%

Tréiðnaðarvélar.

Húsgagnasmíðavélar	15%
Kassagerðarvélar	15%
Skiðasmíðavélar	12%
Trésmíðavélar alls konar	15%
Tunnugerðarvélar	12%

Ýmsar vélar og tæki.

Fólkslyftur	6%
Hárgreiðslustofuvélar	15%
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	5%
Kranastell úr stáli	5%
Kvikmyndasýningavélar	10%
Lækningatæki	8%
Pipugerðarvélar og áhöld	12%
Röntgentæki	10%
Skrifstofuvélar og áhöld	8%
Steypuvélar	18%
Vöruhyftur	8%

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá þessum almennu reglum um fyrningarhundraðshlutann, og sker ríkisskattanevndin úr um réttmæti þeirra undantekninga.

Ef eignaréttur til einhvers hlutar er takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan ákveðins tíma, endurgjaldslaust eða án þess að fullar bætur komi fyrir, má miða fyrningu hlutarins við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda.

Hafi eign verið aðeins nokkurn hluta af ári í eigu gjaldanda, skal reikna fyrningu frá þeim tíma er eignin var tekin í notkun.

Þegar gömul tæki eru keypt, skal sérfróður maður meta endingarmöguleika þeirra og skal afskrifin miðuð við það mat. Þegar svo stendur á, má ákveða fyrningarhundraðstölu aðra en þá, sem ákveðin er fyrir sömu tæki ný.

Skip, sem eingöngu eru notuð til sildveiða, og önnur skip, sem eru í notkun aðeins 2—3 mánuði á ári hverju, skulu afskrifast með 90% af venjulegri ársfyrningu. Ef tréskipi er lagt upp, þannig að það standi á landi ónotað árlangt eða lengur, skal það afskrifast með 75% af venjulegri ársfyrningu.

Eigi skal afskrifa stærri tæki eða vélar lengra niður en svo, að ætla megi að niðurlagsverði sé náð, meðan tækin eða vélarnar eru notuð í rekstri. Smærri vélar og tæki, skrifstofuhúsgögn og bifreiðar, skal eigi afskrifa lengra niður en svo, að eftir standi venjuleg eins árs afskrift meðan hlutir þessir eru notaðir í rekstri, og kemur því síðasta ársafskrift fyrst til frádráttar tekjum, þegar hlutirnir eru teknir úr notkun.

Afskrift skal því aðeins telja til frádráttar tekjum að fært sé svo fullnægjandi bókhald, að séð verði, hvornig hún er reiknuð og bókfærð, þannig að á hverjum tíma sé auðvelt að sannprófa hana.

Ef skattanevnd telur eignir, sem fallið geta undir ýmsa fyrningarflokka eigi nægilega aðgreindar í bókhaldi skal hún reikna fyrningarhundraðshlutann svo sem öll eignin kæmi í þann fyrningarflokk, sem lægstan hefur fyrningarhundraðshlutann.

Fyrning á eignum skal reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

- B. Í staðinn fyrir hinar venjulegu fyrningarafskriftir samkv. A-lið þessarar greinar, má eða eftir atvikum mátti afskrifa um 20% á ári í 3 ár eftirtaldir eignir, sem teknar voru eða teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1944—1956: fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, sildarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Heimild þessi nær einnig til farþega- og vöruflutningaflugvéla, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956 (sjá lög nr. 59/1946, sbr. lög nr. 15/1949, 103/1950 og 44/1954). Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa þessar eignir þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nema 20% á ári í 3 ár.

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkv. 1. málsg. skulu skattayfirvöld ákveða heildarafskriftarupphæð hvernar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins í Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkv. þessari grein, er afskrifin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

147

30. des.

Ýmis
ákvæði um
fyrningu.

Sérstakar
afskriftir.

147
30. des.

Tap það, sem kann að orsakast af aukaafskriftum þessum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Eftir að lokið er afskriftum samkv. ákvæðum þessum, þá skulu eignirnar, eða það sem eftir stendur af kostnaðarverði þeirra, afskrifaðar samkv. ákvæðum A-liðs þessarar greinar, þ. e. þar leyfð fyrningarpósentna af upphaflegu verði dregin frá því, sem eftir stendur af kostnaðarverði, unz áætluðu niðurlagsverði er náð. Frá tekjum skal draga afskrift af stofnkostnaði. Hámarksafskrift sem leyfa má er 20% á ári hverju, þannig að stofnkostnaðurinn verði að fullu afskrifaður á 5 árum.

Afskrift C.
af stofn-
kostnaði.

Til stofnkostnaðar telst t. d. stofngjald af sima, stimplun hlutabréfa, skráning fyrirtækja, svo og sérhverjar aðrar greiðslur, sem greiða þarf í eitt skipti fyrir öll, vegna stofnunar eða undirbúnings að starfrækslu fyrirtækis, þó ekki greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

Ekki má D.
afskrifa.

Eigi má afskrifa:

1. Eignir sem tilheyra ekki atvinnurekstri, t. d. innanstokksmuni á heimili atvinnurekanda, einkabifreið o. s. frv. Sé bifreið notuð bæði í þarfir atvinnurekstrar og í einkaþágu atvinnurekanda sjálfs, verður að ætlast á um, hve mikið af notkuninni tilheyrir rekstrinum og miða fyrningu við það. Á húseignum öllum má þó tilfæra fyrningu til hvers sem notaðar eru.
2. Lönd og lóðir eða aðrar slíkar eignir, sem eigi rýrna eða ganga úr sér við notkun. Rýrnun á bústofni kemur fram í bústofnsskerðingu (sjá 27. gr. I) og rýrnun vörubirgða kemur fram í mati þeirra, og verður þá fyrning eigi reiknuð á annan hátt.
3. „Goodwill“. Hann telst hluti af kaupverði því, sem fyrir fyrirtæki er gefið, og er því ekki frádráttarbær. Þess er að gæta, að „goodwill“ getur verið innifalinn í kaupverði fyrirtækis, þótt hann sé ekki tilfærður sérstaklega, t. d. í keyptum vörubirgðum, útistandandi skuldum, og verða skattanefndir þá að gjalda varhug við afskrift eða matslækkun þeirra eigna.
4. Afskriftir af hlutum vegna verðlækkunar teljast eigi til frádráttar.
5. Verði töp á eignum, t. d. stórfelldar bryggjuskemmdir, tap á vörfarmi, bátstapi o. s. frv., má eigi afskrifa það til tekjuskatts, það heyrir undir ívilnun samkv. 50. gr.

29. gr.

Töpuð út-
lán vegna
atvinnu-
rekstrar.

Töpuð útlán, þ. e. tapaðar útistandandi skuldir, skulu dregnar frá tekjum, enda sé eftirgreindum skilyrðum fullnægt:

- A. Að skuldin stafi beinlínis af atvinnurekstri aðila, t. d. töpuð vörulán frá verzlunum eða húsaleiga frá húseigendum og beinn útlagður kostnaður í því sambandi, sem eigi fæst endurgreiddur (flutningskostnaður á vörum, ljós og hiti til leigjenda, innheimtukostnaður o. s. frv.). Hér koma því eigi til greina vangoldin peningalán, tap á hlutabréfum eða öðrum slíkum framlögum til félaga, töp vegna ábyrgða o. þ. h. Þótt atvinnurekandi hafi gengið í ábyrgð, veitt peningalán eða veitt einhverja slíka aðstoð til stofnunar eða rekstrar fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi, teljast þau töp, sem þannig kunna að vera tilkomin, eigi frádráttarbær. Eigi heldur þótt t. d. tvö fyrirtæki hafi gengið í ábyrgð hvort fyrir annað á víxlum og skuldbindingum.

Til frádráttar koma eigi heldur afskriftir sem telja má gjöf, þótt upphaflega sé veitt sem lán að forminu til en síðan afskrifuð. (Vörulán og leiga til venzlafólks o. fl.).

Þjófnaðartöp eru frádráttarbær, enn fremur sjóðþurrðir hjá gjaldkera fyrirtækis, enda sannað við réttarrannsókn.

- B. Að sönnur séu fyrir því, að fjárhæð skuldarinnar hafi áður verið talin til tekna

hjá aðila. Hjá þeim sölu- eða leigufyrirtækjum, sem aðeins færa til tekna innborganir, verður því yfirleitt ekki um afskriftartöp að ræða. Fjöldi fyrirtækja hefur svo breytilegar venjur um bókfærslu lánsviðskipta, að skattanefndir verða að hafa vakandi auga með hversu bókhaldi þeirra er háttað í þessu efni. 147 30. des.

C. Að vitanlegt sé, að skuldin sé töpuð og að það hafi orðið vitanlegt á því ári, sem frádrátturinn kemur á. Skuld telst vitanlega töpuð:

1. Ef skuld er fyrnd eða sannast á fullnægjandi hátt, að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o. þ. h.
2. Ef telja má fullvíst, að skuldin fái eigi greidd, enda þótt atvik þau, er um ræðir í 1. tölulið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll rök að liggja til þess, að skuldin sé að fullu töpuð. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, að aðili sé ófær til greiðslu, að hvorki fái af skuldinni afborganir og vextir né veð fyrir henni, og efnahagur hans og afkoma sé þannig, að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hálfu skuldunauts.

Nú tapast hluti af skuld, t. d. við gjaldþrot eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst aðeins fyrir nokkrum hluta skuldar, ellegar á annan hátt fengin vissa fyrir því, að hluti af skuldinni fái eigi greiddur, og er þá leyfilegt að afskrifa þann hluta, enda hafi gjaldandi fullnægjandi reikningshald. Ef skuld er afskrifuð er skuldunaut eigi leyfilegt að telja hana til skuldar, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, er skattanefnd tekur gildar.

Sé eitthvað innborgað af skuld, sem afskrifuð hefur verið, telst það til tekna gjaldanda það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Senda ber skattanefnd sundurliðaða skrá yfir þær skuldir, sem taldar eru tapaðar, með tilgreindu nafni og heimilisfangi hvers einstaks skuldunauts ásamt skuldafjárhæð og þeim upplýsingum, sem þurfa þykir. Enn fremur lista yfir innborganir af áður afskrifuðum skuldum, ef einhverjar eru.

Skattanefndir verða að fylgjast rækilega með skuldaafskriftum fyrirtækja og yfirleitt gera sér grein fyrir réttmæti hvernar einstakrar afskriftar. Sé afskrifað á skuldunaut utan umdæmis skattanefndar, verður hún að afla upplýsinga um ástæður hlutaðeiganda frá öðrum skattanefndum eða frá öðrum, sem hafa aðstöðu til að vita um hagi hans. Verður skattanefndum að vera það ljóst, að í skuldaafskriftum eru fólgirnir möguleikar til þess að jafna tekjur milli ára, og jafnt þarf að vera á verði gegn því, að fyrirtæki geti í gróðarárum lækkað tekjur sínar eða hliðrað sér hjá skattgreiðslu með frádrætti skulda, sem ekki eru raunverulega tapaðar, sem hindra það, að fyrirtæki, fresti að afskrifa tapaðar skuldir í tapsárum og geyma þær, þar til um rekstrarhagnað er að ræða.

30. gr.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félagum eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til tapið er að fullu greitt. Tap færnt milli ára.

T. d. má á árinu 1955 draga frá töp, sem orðið hafa á árunum 1953 og 1954, en ekki eldri töp. Hrökkvi tekjur ársins 1955 ekki á móti tapinu 1953 og 1954, má draga það, sem eftir stendur af tapinu 1954, frá tekjum á árinu 1956.

Þessi skilyrði verða að vera fyrir hendi:

- A. Fullnægjandi grein fyrir tapinu sé gerð á framtali fyrir það ár, sem tapið varð.
 - B. Ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili fyrr en félagið hefur unnið upp tapið. Á sama hátt mega eigi félagar í öðrum félögum en hlutafélögum hafa tekið neitt út, sem samsvarar arði.
- Ef tap eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir

- 147 fyrir ráðstafanir þess opinbera, er ekki leyfilegt að færa slíkt tap milli ára að því leyti, sem tapið hefur fengið eftirgefið.
30. des. Töpuð útlán vegna skuldaskila bótaútvægsins.
- Samkvæmt lögum nr. 21/1952 um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bótaútvægsins, er heimilað, að skuldatöp skattþegna samkvæmt II. kafla laganna nr. 120/1950 megi draga frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.
- Tap það, sem kann að orsakast af hinum sérstöku afskriftum samkvæmt lögum nr. 59/1946 um sérstakar fyrningarafskriftir, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz tapinu hefur verið náð upp (sbr. 28. gr. B.).

IV. KAFLI

Um almennan frádrátt frá tekjum.

31. gr.
- Vextir af skuldum almennt.
- Kostnaður vegna fasteigna.
- A. Allir skattskyldir aðilar, sem heimilisfastir eru hér á landi, mega draga frá vexti af skuldum samkvæmt þeim reglum, er segir í 26. gr.
- B. Hver sá, er hérlendis á arðberandi húseign eða aðra fasteign, má draga frá tekjum af eigninni viðhald samkvæmt 25. gr., fasteignagjöld samkvæmt 27. gr. B. og fyrningu samkvæmt 28. gr.

32. gr.

- Skrifstofukostnaður embættismanna.
- Langferðakostnaður.
- A. Frá embættistekjum skal draga lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla, t. d. vexti af prestakallalánnum. Kostnaður, sem leiðir af frádvölum embættismanns frá embættisstörfum, telst ekki til embættiskostnaðar í þessu sambandi, nema sé vegna starfa í almenningsþágu. Flutningskostnaður milli embætta, það er þegar embættismaður flytur alfarinn til þess að taka við öðru embætti, er eigi heldur frádráttarbær eða annar slíkur kostnaður, sem eigi snertir heinlínis embættisreksturinn sjálfan.
- B. Þeir, sem langferðir fara vegna atvinnu sinnar mega draga ferðakostnaðinn frá tekjum sínum, enda sé ferðakostnaðurinn ekki endurgreiddur af atvinnuveitanda.

Það telst því aðeins langferð, að ferðakostnaður milli heimilis og atvinnustaðar nemi að minnsta kosti kr. 250 fram og til baka, enda sé miðað við venjuleg og óhjákvæmileg útgjöld. Auk fargjalds má taka tillit til fæðis á ferðalaginu og gistingarkostnaðar. Framteljanda ber að gera fulla grein fyrir kostnaðinum og skal þess gætt, að engum sé veittur hærri frádráttur en skattanefnd telur að nauðsynlegur hafi verið vegna ferðarinnar. Frádráttur hjá hverjum skattgreiðanda kemur að jafnaði til greina aðeins vegna einnar slíkrar langferðar á ári.

Kostnað vegna búferlaflutninga má ekki draga frá.

33. gr.

- Stéttarfélagsgjöld o. fl.
- Sjúkrasamlagsgjöld.
- A. Launþegar mega draga frá tekjum sínum iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysisjóða, enda sé félagsskapurinn myndaður um þá starfsgrein, sem viðkomandi hefur tekjur af og tilgangur félagsskaparins sá að tryggja og auka tekjur félagsmanna. Tillög til annarra félaga má ekki draga frá.
- B. Sjúkrasamlagsgjöld samkvæmt III. kafla laga nr. 104/1943 má draga frá tekjum. Frádráttur samkvæmt þessari grein má þó samanlagt ekki nema meiru en 5% af nettó tekjum aðila.

34. gr.

147

Iðgjöld af lífeyristryggingum má draga frá tekjum samkvæmt eftirgreindum reglum: 30. des.

A. Draga skal frá öll iðgjöld af lífeyri, sem gjaldþegn er lögum samkvæmt skyldur til að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Þar til teljast iðgjöld í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóð barnakennara, lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóð ljósmæðra. Og enn fremur gjald samkvæmt 107. gr. laga um almannatryggingar. Lífeyristrygging lögboðin.

B. Frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, skal draga iðgjöld af slíkum lífeyri, ef greidd eru, enda hafi iðgjöldin sannanlega verið greidd á skattárinu. Draga má frá allt að 10% af launum eða nettó tekjum aðila. Þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Lífeyristrygging lögboðin.

Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarbæru iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrarútgjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, enda minnkar þá réttur launþega til frádráttar sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár.

Nú greiðir atvinnufyrirtæki stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma og getur þá ráðherra veitt leyfi til, að stofnframlag komi til frádráttar skattskyldum tekjum fyrirtækisins, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að sá hluti þess, sem kemur til frádráttar tekjum ár hvert sé ekki hærri en sem nemur 75% af frádráttarhæfum iðgjöldum fyrir ólögboðnar lífeyristryggingar, sem atvinnufyrirtækið og starfsmenn þess greiða samkvæmt þessari grein á því ári, sem fyrsti hluti stofnframlagsins er greiddur, og aldrei skiptist framlagið á færri ár en 5. Ekki má frádráttarhæft stofnframlag vera svo hátt í heild, að það veiti meiri lífeyrisréttindi vegna liðins starfstíma en árleg frádráttarhæf iðgjöld veita starfsmönnum fyrirtækisins vegna síðari starfstíma. Heimild þessi verður þó því aðeins veitt, að fullnægt sé öllum sömu reglum og gilda um tryggingar annarra aðila og uppfyllt þau skilyrði, sem í reglugerð þessari eru sett varðandi skattfrádrátt vegna iðgjalda af ólögboðnum lífeyristryggingum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld af ólögboðnum lífeyristryggingum megi draga frá tekjum eru, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir.

Fé sjóðanna skal ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941, svo og í innlánsdeildum samkvæmt lögum um samvinnufélög.
4. Í skuldabréfum með veði í fasteignum, allt að 30% af brunabótamati.

Fjármálaráðherra getur ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að sjóðirnir verji allt að 50% af árstekjum sínum, þar með taldir vextir og afborganir af útistandandi skuldum, til kaupa á tilteknum skuldabréfum þeirra tegunda, sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið næstu málsg. hér á undan.

Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda, sem fjármálaráðherra tilnefnir.

C. Draga skal enn fremur frá iðgjöld af lífsábyrgð gjaldanda sjálfs og konu hans, en ekki barna þeirra, nema dregið sé frá tekjum barnanna sjálfra. Frádráttur Lífsábyrgð.

147 samkv. þessum lið má þó ekki nema meiru en kr. 2000.00 fyrir hvern einstakan
30. des. og ekki heldur samanlagt fyrir hjón.

35. gr.

Náms- Frá tekjum þeirra, sem nám stunda í framhaldsskólum, skal draga námskostnað
kostnaður. eftir mati skattstjóra eða skattanefndar. Skal í því sambandi höfð hliðsjón af því,
hve löng skólagangan er, hve dýrt skólanámið er og hve miklu nemandinn kostar
til þess sjálfur.

Gjafir. Gjafir má ekki draga frá, nema gefnar séu sem kaupauki, sjá 23. gr., ellegar
leyft sé með sérstökum lögum (sbr. 1. 2/1955).

36. gr.

Heimilis- Ef giftar konur, sem afla skattskyldra tekna eða einstæðar mæður, ekklar
aðstoð. eða ógiftir menn, sem hafa ómaga á framfæri sínu á heimilum sínum, kaupa að-
stoð við heimilisverk, þá skal draga frá samkv. eftirfarandi reglum.

Frádráttur vegna aðstoðar við heimilisverk má aldrei fara fram úr raunveru-
legum greiddum kostnaði. Til þessa kostnaðar telst kaup og hlunnindi ráðskonu
eða vinnukonu, enn fremur greiðslur fyrir börn á dagheimilum.

Annar kostnaður í þessu sambandi er eigi frádráttarbær.

Frekari takmarkanir á frádrætti þessum eru:

1. Frádráttur má aldrei nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ hlutum þeirra tekna, er konan
aflar með vinnu sinni.
2. Ef um barnlaus hjón er að ræða, má frádráttur aldrei nema hærri fjárhæð en
persónufrádrætti fyrir giftar konur, eins þótt greiddur kostnaður nemi hærri
fjárhæð.
3. Hafi hjón börn á framfæri sínu má frádráttur ekki nema meiru en persónu-
frádrætti fyrir giftar konur að viðbættum $\frac{1}{3}$ af lögleyfðum persónufrádrætti
fyrir hvert barn (eða skylduómaga), sem þau hafa á framfæri á heimili sínu.
4. Sama regla og í 3. tölul. hér að framan greinir gildir um ekkla og ógifta menn,
sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og kaupa heimilis-
aðstoð þess vegna, og einnig um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín,
eða aðra ómaga á heimili sínu og kaupa heimilisaðstoð vegna öflunar skatt-
skyldra tekna.

Sambýlis- Ef um er að ræða sambýlisfólk, sem á börn saman, þá skulu börnin talin
fólk. hjá föðurnum og hann fá ráðskonufrádrátt jafnan frádrætti fyrir eiginkonu.
Sé t. d. um eitt barn að ræða, þá fái barnsfaðir kr. 4500.00 fyrir barnið og
aук þess kr. 6000.00 fyrir sambýliskonuna, miðað við vísitölu árið 1953.

Sambýliskonunni skal hins vegar reiknað faði hennar til tekna samkv.
skattmati

37. gr.

Giftingar- Frá tekjum hjóna, sem gengið hafa í lögmaett hjónaband á skattárinu skal
frádráttur. draga aukalega vegna giftingarinnar upphæð, er sé jöfn fjölskyldufrádrætti fyrir
barnlaus hjón, það er kr. 12000.00 miðað við meðaltal kaupgjaldsvísitölu á árinu
1953, sbr. 41. gr.

Hafi konan haft tekjur á skattárinu áður en hún giftist má skattleggja þær tekjur
sérstaklega og skipta persónufrádrætti konunnar hlutfallslega miðað við tíma. Um-
ræddur frádráttur vegna giftingarinnar skal dreginn frá tekjum á sameiginlegu
framtali hjóna.

38. gr.

Húsa- Greidda leigu fyrir íbúðarhúsnæði má draga frá samkvæmt eftirfarandi reglum:
leigu- a. Frádráttur þessi nær eingöngu til leigu eftir íbúðarhúsnæði. Nú er einhver,
frádráttur. sem greiðir leigu eftir húsnæði, sem notað er bæði til íbúðar og atvinnurekstrar,

skal þá skattanefnd meta, hve mikill hluti heildarleigunnar teljist til hvors um sig. **147**
30. des.

- b. Frádráttarheimild þessi tekur ekki til leigu eftir húsnæði einhleyps fólks, heldur einvörðungu leiguíbúða þeirra, sem hafa skylduómaga á framfæri sínu, enda dvelji ómagarnir að jafnaði á heimili leigutaka. Þessi heimild nær því t. d. ekki til ómagalausra manna, þótt þeir hafi ráðskonu.
- c. Frádráttur vegna greiddrar húsaleigu kemur til greina aðeins að því leyti sem greidd leiga er hærri en leiga eftir íbúðina væri metin til tekna til skatts samkv. gildandi reglum á hverjum stað og tíma, og kemur þó til greina sem frádráttur aðeins helmingur mismunarins á þessu tvennu, annars vegar raunverulega greiddri leigu og hins vegar matsleigu til skatts.
- d. Leigufrádrátturinn í heild hjá hverjum leigutaka má þó aldrei nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur á framfæri og dvelur á heimili hans.

Dæmi: Leigutaki greiðir fyrir húsnæði sitt kr. 12000.00 á ári. Leigan eftir íbúðina yrði metin til tekna til skatts, ef um eigin íbúð væri að ræða, kr. 6000.00 á ári. Hálfur mismunurinn kr. 3000.00 kemur þá til greina sem frádráttur, og sé um hjón með 3 börn að ræða, það er 5 fjölskyldumeðlimir, fæst þessi frádráttur allur, þar eð þessar 3000.00 kr. samsvara 600.00 kr. á hvern fjölskyldumeðlim. Séu börnin hins vegar aðeins 2, lækkar frádrátturinn um kr. 600.00 eða í kr. 2400.00 alls. Þó hins vegar að börnin séu 4 eða fleiri hækkar það ekki frádráttinn, því hann má aldrei fara fram úr helmingi framangreinds mismunar.

Skattanefndir verða alltaf að hafa hugfast, að frádrátturinn fari aldrei fram úr hvorugu þessara framangreindu hámarka. Skattanefndum og skattstjórum ber að sannprófa hjá öllum, sem fara fram á umræddan leigufrádrátt, að um raunverulega greidda húsaleigu sé að ræða og gæta þess um leið, að leigan komi öll til tekna hjá leigusala.

Þá ber að gæta þess, að leigutaka sé ekki veittur frádráttur vegna fleiri ómaga (barna, gamalmenna og sjúklinga) en koma til greina við ákvörðun fjölskyldufrádráttar. Skal þá miða við fjölskylduástaður, eins og þær eru í lok skattársins, en hins vegar ekki vegna unglings, sem náð hefur 16 ára aldri fyrir þann tíma, fremur en annarra barna leigutaka, sem komin eru á eða yfir þann aldur. Hins vegar fellur ekki frádrátturinn niður vegna barns yngra en 16 ára, þótt það hafi tekjur.

Nú hefur leigutaki íbúð á leigu aðeins hluta úr ári og lækkar þá húsaleigufrádráttur hlutfallslega fyrir hvern fjölskyldumeðlim.

Þótt leigan kunni að vera greidd fyrir fram, t. d. fyrir tvö ár, skal við ákvörðun leigufrádráttarins aðeins taka tillit til þess hluta, sem greiddur er vegna viðkomandi skattárs.

39. gr.

- A. Sjómenn á fiskiskipum, sem sjálfir greiða fæði sitt, skulu fá frádrátt þess vegna jafnan þeirri upphæð, er skattyfirvöld meta fæðishlunnindi til tekna, sjá 13. gr. B. 1., sbr. þriðju málsg. 23. greinar. Það skiptir því ekki máli, hver hin raunverulegi fæðiskostnaður er. **Fæðisfrádráttur sjómanna.**

Frádráttur þessi skal veittur öllum sjómönnum á fiskiskipum, hvort sem skipið er stærra eða minna og hvert sem starf þeirra á skipinu er. Á skipum undir 12 smálestir skal miðað við róðrardagafjölda, en á stærri skipum við þann dagafjölda, sem lögskráð er.

- B. Flestir sjómenn á fiskiskipum skulu fá frádrátt vegna hlífðarfatakostnaðar og gildir sín reglan um hvora, togarsjómenn og sjómenn á öðrum fiskiskipum. **Hlífðarfatafrádráttur sjómanna.**

Um togarasjómenn. Frádráttarinn njóta aðeins hásetar, bátsmaður og 2.

147
30. des.

stýrimaður. Aftur á móti fá hvorki skipstjóri á togara, 1. stýrimaður, loftskeytamaður, matsveinar, kyndarar, vélstjórar né aðstoðarmenn í vél (smyrjarar) neinn slíkan frádrátt. Upphæð frádráttarins skal vera kr. 300.00 fyrir hvern mánuð, sem skipverji er tryggður (lögskráður) á togara, eða hlutfallslega minna fyrir brot úr mánuði.

Á öðrum fiskiskipum njóta allir skipverjar frádráttarins, hvaða störf sem þeir inna af hendi á skipinu. Hins vegar er upphæð frádráttarins kr. 200.00 fyrir hvern mánuð, sem skipverji er tryggður (lögskráður) á skip, eða sé um að ræða skip undir 12 smálestir brúttó, skal miðað við þann vikufjölda, sem skipverji er slysatryggður í skiprúmi.

Til að tryggja rétta framkvæmd þessa frádráttar er nauðsynlegt, að skattanefndir og skattstjórar krefjist þess af lögskráningaryfirvaldi, hver í sínu umdæmi, að það láti í té skrá yfir alla, sem lögskráðir hafa verið í umdæminu, og hve lengi hver sjómaður hafi verið skráður á hvert skip.

Björgunar-
laun.

C. Draga skal frá helming af björgunarlaunum sem kynnu að hafa fallið í hlut skipverja samkv. X. kafla laga nr. 56/1914 — Siglingalög.

Undanþága þessi gildir þó ekki fyrir skipverja á skipum, sem eingöngu teljast björgunarskip, en þau eru eins og nú er engin hérlendis, meðan björgunarskipin eru einnig notuð til landhelgisgæzlu. Undanþágan nær ekki heldur til hluta skipseigenda af björgunarlaunum.

40. gr.

Þinggjöld
og útsvar.

Draga skal frá eignarskatt, sem greiddur hefur verið á skattárinu. Hins vegar eru tekjuskattur og útsvör ekki frádráttarbær, og ekki heldur kirkju- og kirkjugarðsgjald.

V. KAFLI

Um persónufrádrátt og félagafrádrátt.

41. gr.

Persónu-
frádráttur
hérleindra
manna.

Frá nettótekjum þeirra, sem heimilisfastir eru hérlendis, annarra en útlendinga, sem hér hafa fengið landvistar- og atvinnuleyfi, sbr. 3. gr. 1. tölul. síðari málsg. skal draga:

1. Fyrir einstaklinga kr. 6 500.00.
2. — hjón kr. 12 000.00 (6 þús. fyrir hvort).
3. — hvert barn kr. 4 500.00. Sama gildir um aðra skylduómaga.

Upphæðirnar eru miðaðar við kaupgjaldsvisitölu árið 1953. Ef vísitalan breytist til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, þá skal framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, þar með talin stjúpborn, kjörborn og fósturborn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatiur er álagður.

Frádráttur
vegna
barna og
annarra
skyldu-
ómaga.

Tekjur barna innan 16 ára, ásamt meðlagi eða barnalífeyri með barninu teljist með tekjum framfæranda. Sé meðlag eða barnalífeyrir hærra en hálfur frádráttur vegna barnsins telst þó ekki með tekjum framfæranda það, sem umfram er. Séu tekjur barns að viðbættum þeim hluta meðlags eða barnalífeyris, sem reikna ber til tekna, hærri en frádráttur vegna barnsins, telst ekki til tekna framfæranda það sem umfram er, en barnið verður sjálfstæður skattgreiðandi þegar vissri tekjuhæð er náð, sbr. næstu málsg. hér á eftir. Fyrir aðra skylduómaga, sem gjaldandi hefur á sínu framfæri, þ. e. foreldra eða kjörforeldra (sjá lög nr. 80/1947) veitist sami frádráttur

og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem því nemur og fellur burt, **147** ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meir. Heimilt er að telja 30. des. tekjur skylduómaga með tekjum framfæranda, enda séu þær ekki hærri en ómagafrádrætti nemur, en þá skal framfæranda jafnframt veittur fullur frádráttur vegna ómagans.

Tekjur ómaga, þar með barna, geta verið ýmiss konar, svo sem tekjur af eign Skattskylda (t. d. arfi) eftirlaun, ellistyrkur og alls konar vinnulaun eða kaup. Ef tekjur ómagans barna. ná skattskyldri upphæð, miðað við að hann fái einstaklingsfrádrátt, kr. 6500.00 (sjá tölul. 1 í þessari grein), þá verður hann sjálfstæður skattgreiðandi.

Börn og aðrir skylduómagar, sem eiga eignir svo miklar, að skatt beri að greiða þar af, verða einnig sjálfstæðir skattgreiðendur. Þó að ómaga eigi eignir, skal samt veita framfæranda fullan ómagafrádrátt, nema ef tekjur af eignunum, að viðbættum öðrum tekjum ómagans, nema meiru en lögleyfðum ómagafrádrætti, en þá verður hann sjálfstæður skattgreiðandi eins og áður segir.

Nú hefur maður ekki ómaga sinn hjá sér, en greiðir meðlag með honum, þá skal Frádráttur hann fá frádrátt sem meðlagi svarar, þó eigi yfir lögleyfðan ómagafrádrátt, enda vegna þótt kostnaður kunni að vera meiri. Annað foreldri skal þó aldrei fá til frádráttar meðlaga. meira en nemur hálfum frádrætti vegna barns, ef hitt annast framfærslu þess að sínum hluta. Ef um er að ræða eiginkonu gjaldanda, skal hann fá frádragnar allt að kr. 6000.00.

Ef fleiri en einn aðili leggja með sama ómaga og krefjast frádráttar þess vegna, verður að taka hlutfallið milli framlags hvors eða hvers þeirra og skipta frádrættinum samkvæmt því.

Persónufrádráttur skal ætíð miðaður við fjölskyldustærð í árslok. Kvæntur maður fær því fullan frádrátt fyrir eiginkonu, þótt hann hafi ekki kvænt fyr en í lok skattársins, sbr. þó síðari málsg. 37. gr., og einnig fyrir barn, þótt ekki sé fætt fyr en rétt fyrir árslok.

Um frádrátt vegna þeirra, sem látizt hafa á skattárinu, sjá 42. gr.

42. gr.

Dánarbú fær ekki persónufrádrátt vegna hins látna, heldur aðeins þeirra ómaga, Persónu- frádráttur sem búið hefur haft á framfæri og lífs eru í árslok, en framtölum þeim, er hér skipta dánarbúa. máli, skal skattanefnd vísa til yfirskattanefndar.

Vegna þeirra er látizt hafa á árinu má hins vegar veita frádrátt samkv. 50. gr.

Sitji ekkja í óskiptu búi teljast allar tekjur búsinns með hennar tekjum og fær þá ekkjan persónufrádrátt í samræmi við áðursagt um dánarbú.

43. gr.

Erlendis heimilisfastir aðilar mega aðeins draga frá tekjum sínum þau gjöld, Frádráttur sem beinlínis viðkoma tekjum þeim, sem skattskyldar eru hér, eða við þá tekju- erlendra aðila. öflun eru bundin.

Útlendingar, sem hér hafa fengið landvistar- og atvinnuleyfi, sbr. 3. gr. tölul. 1 og 2 síðari málsg. fá ekki persónufrádrátt eða neinn annan frádrátt en þann er hér segir í 1. málsg. Erlendir listamenn mega þó draga frá $\frac{1}{3}$ af tekjum sínum auk kostnaðar, sem beinlínis er bundinn við öflun teknanna.

Útlendingur, sem hefur dvalið hér og stundað atvinnu samfleytt í 2 ár og verið skattlagður af þeim tekjum, skal þó njóta persónufrádráttar frá tekjum næsta ár á eftir, þ. e. í 3. sinn, sem hann er skattlagður af heils árs tekjum, enda sé ætlun hans að dvelja áfram í landinu.

44. gr.

Frá tekjum hlutafélaga, samlagshlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri Frádráttur vegna hlutafjár og ábyrgð, sem talin eru í 6. gr. 1. tölul., skal draga 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfjár.

147 stofnfé. Frádrátturinn miðast aðeins við innborgað fé, ekki ógreitt, t. d. hlutafé
30. des. talið hluthöfum til skuldar. Frihlytabréf teljast með innborguðu fé, sömuleiðis hluta-
bréf, sem félag kann að hafa endurkeypt af hluthöfum.

Gagnkvæm ábyrgðarfélög og önnur félög, sem talin eru í 6. gr. 2. tölul. mega draga frá vexti af stofnsjóði allt að 1½% hærri en innlánsvexti í bönkum, sbr. 7. tölul. 3. gr. laga nr. 46/1937.

45. gr.

Varasjóðs-
frádráttur
hlutafé-
laga o. fl.

Ef hlutafélög, samlagshlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð leggja eitthvað af ársarði sínum í varasjóð, er sú fjárhæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna, þó eigi hærri upphæð en sem nemur ⅓ — einum fimmta hluta — af hreinum tekjum félags, áður en tekju-skattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, hefur verið dregið frá tekjum — sjá þó 47. grein.

Um varasjóði, sem myndaðir eru með framanskráðum hætti, gilda eftirfarandi fyrirmæli og kvaðir:

1. Ekki má telja sem varasjóði í þessu sambandi arðjöfnunarsjóði, eftirlauna- og starfsmannasjóði eða aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs.
2. Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhallla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra tekna á því ári, sem slík ráðstöfun átti sér stað.
3. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1. jan. 1941, varið á þann hátt er í tölul. 2 greinir, og skal þá telja ⅓ hluta þeirrar fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári.
4. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkv. því sem í 2. og 3. tölul. greinir, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins. Undanskilið er þó ef félag kaupir verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð veitt einhver þau lán, sem hér greinir, og falla þau þá til skattgreiðslu þannig að miða skal við þá lánsfjár-
upphæð, sem útistandandi er í árslok af lánum, er veitt voru á árinu, að við-
bættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu, og kemur
sú upphæð til skattskyldra tekna hjá félaginu, þó eigi hærri fjárhæð en nemur
varasjóði í lok skattársins.

5. Það telst með sama hætti ráðstöfun á fé varasjóðs, ef félag veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur friðindi, beint eða óbeint, umfram arðs-
úthlutun og venjulegar eða eðlilegar kaupgreiðslur. Skal þá telja heildarupp-
hæð slíkra veittra hlunninda á skattárinu til skattskyldra tekna félagsins, þó
ekki hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.
6. Það telst og ráðstöfun á varasjóði samkv. framangreindu, ef félag kaupir eign
óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta hvað tal-
izt geti hæfilegt söluverð. Mismunurinn, þ. e. það sem hið raunverulega sölu-
verð nemur meiru en matsverð skattanefndar, telst ráðstöfun á varasjóði, og
skal bæta þeirri fjárhæð við skattskyldar tekjur félagsins það ár, er salan fór
fram, þó eigi hærri upphæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Sé eignin
keypt af hluthafa er umræddur mismunur úthlutun arðs úr félaginu, og kemur
einnig til skattskyldra tekna hjá hluthafanum.

7. Nú rýrnar varasjóðseign félags og skal þá telja að sá hluti varasjóðs, sem til 147
var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist. 30. des.
8. Ef hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á um-
fram varasjóð og hlutafé, hrekkur eigi fyrir skatti og útsvarsgreiðslum og því
varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. reglugerð þessari, þá
er hlutaðeigandi félagi heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

46. gr.

Samvinnufélög og önnur slík félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað vara- Varasjóðs-
sjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. laga nr. 46/1937, mega draga frá tekjum frádráttur
sínum varasjóðstillag, sem nemur $\frac{1}{3}$ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, samvinnu-
áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt félaga o. fl.
hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Ef eitthvert umrætt félag fullnægir ekki ákvæðum framangreindra laga um
varasjóð, fellur þessi frádráttarheimild niður.

Um samvinnufélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög gilda, eftir því sem við á, ákvæði
45. gr. og 49. gr.

47. gr.

Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem Varasjóðs-
hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá tekjum sínum varasjóðs- frádráttur
tillag, sem nemur $\frac{1}{3}$ — einum þriðja hluta — af hreinum tekjum félags, áður en útgerðar-
tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið félaga með
frá tekjum. takmarkaðri
ábyrgð.

Um ráðstöfun á varasjóðum þeirra félaga, sem hér um ræðir, gilda ákvæði 1.—8.
tölul. 45. gr., þó með þeirri undantekningu, að fyrirmæli 4., 5. og 6. tölul. gr. ná ekki
til þeirra upphæða, sem íslensk útgerðarfélög áitu í varasjóði samkv. efnahagsreikn-
ingi 31. des. 1939, að því leyti sem þessi fyrirmæli ganga lengra en þær takmark-
anir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkv. lögum nr. 6/1935 og lögum
nr. 39/1940.

48. gr.

A. Hvert það félag, er nýtur varasjóðshlunninda samkv. ákvæðum 47. gr., skal Um ný-
ráðstafa 50% af því fé er það leggur í varasjóð á þann hátt, að það sé lagt á byggingar-
sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin sjóði.
banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda
um hann eftirfarandi reglur:

1. Hinn áskildi hluti af varasjóðstillaginu, þ. e. 50%, skal lagður í nýbygg-
ingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er ákveðið, en séu van-
efndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af
þeirri fjárhæð, er til vantar.
2. Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en $\frac{3}{5}$ hlutar vera innstæða á bið-
reikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82/1941, nema með sérstöku leyfi
ríkisskattanefndar. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan
greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á að hann geti ekki lagt féð
fram á annan hátt vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að
greiða skuldir fyrirtækisins.
3. Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð,
en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslu-
tækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða
með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingar-
sjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því,
en áður en það er gert, skal það tilkynnt ríkisskattanefnd, og lætur hún

147

30. des.

þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við reglugerð þessa. Enn fremur er þeim bátaúvegsmönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25 000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar inneign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafn háan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskilt.

4. Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutað-eigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði og yfirlit um þær breytingar, er kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur votiorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.
5. Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkv. fyrirmælum laga, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.
6. Ríkisskattanevnd skal hafa eftirlit með því að fylgt sé fyrirmælum reglugerðar þessarar um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs. Skattanevndir skulu senda ríkisskattanevnd skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum. Nú telur ríkisskattanevnd vafa á því, hvort fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið lögum samkvæmt, og skal þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. 3.-lið þessarar greinar, og tilkynna það skattanevnd og eiganda sjóðsins.
7. Framanrituð fyrirmæli gilda bæði um það fé er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941 og það fé, sem síðar er í hann lagt.

Nýbygg-
ingarsjóðs-
frádráttur
einstaklinga
og sam-
eignar-
félaga.

- B. Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárhæðir, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærrí fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekjuskattur, stríðsgróða-skattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

49. gr.

Um tapsfrádrátt árið 1940. Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum J-liðar (64. gr.) 4. greinar laga nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla félags, að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskilt.

50. gr.

Ívilnun vegna veikinda o. fl. Þegar ákveða skal skattgjaldstekjur og skattgjaldseign gjaldanda, skipta einkahagir hans eða heimilisástæður eigi máli, framar en mælt er í 21.—48. gr. og 53. gr., þar sem talinn er lögleyfður frádráttur frá tekjum og eignum til skatts.

Hins vegar er yfirskattanefndum heimilt að veita linun eða ívilnun í skatti, **147**
þ. e. fjárhæð skatts, ef neðangreindar ástæður eru fyrir hendi: **30. des.**

- A. Ef alvarleg, þ. e. kostnaðarsöm veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol skattþegns. Með slysum er hér átt við meiðsli og óhöpp á mönnum og enn fremur eyðingu eða óvenjulegar skemmdir fjármuna. Þetta nær þó ekki til þess kostnaðar, sem bættur hefur verið samkv. lögum um almannatryggingar (sbr. 2. lið C.).

Um skattlækkun af þessum ástæðum er eigi unnt að gefa fastar reglur, enda eigi til þess ætlað. En við ákvörðun um þessi atriði, ber einkum að hafa í huga:

1. Gjaldþol skattþegns, þ. e. eignir hans og tekjur á árinu og fjárhagsástæður hans að öðru leyti. Sé hann þannig efnuð búinn, að ofanefndar ástæður skaði eigi til muna greiðslugetu hans, ber honum engin ívilnun í skatti. Séu hins vegar ástæður gjaldanda á þann veg, að veikindi, slys eða mannlát (sbr. 2. og 3. lið) hafi veruleg áhrif á efnahag hans, tekjur eða möguleika til tekjuöflunar, og geri honum erfiðara um greiðslu, ber að lækka skatt hans, sbr. að neðan. **Gjaldþol.**
2. Kostnað þann, sem veikindi, slys eða mannlát hefur í för með sér (lyf og læknishjálp, sjúkrahúsvist, aðkeypt hjúkrun, útfararkostnaður o. s. frv.) eða það eignartjón, sem af slysi hefur hlotizt. Sjúkrahúskostnaður kemur þó því aðeins til greina: **Veikinda-
kostnaður.**
 - a. Að hann sé vegna gjaldanda sjálfs eða skylduliðs hans, þ. e. þeirra, sem honum ber frádráttur fyrir, samkv. 41. gr., eða ívilnun vegna þess, sem talið er í B-lið hér á eftir eða vegna hjúa og nemenda, sem honum er skylt að kosta að lögum. Annar sjúkrakostnaður kemur ekki til álita í þessu sambandi.
 - b. Að kostnaður hafi verið greiddur á skattárinu, nema fullvist sé, að hann hafi verið eða verði greiddur síðar, enda sé þess þá gætt, að eigi verði tekið tillit til þess sama kostnaðar aftur á næsta ári.
 - c. Að kostnaðurinn hafi eigi verið eða fáið endurgreiddur eða verði greiddur af öðrum, t. d. úr sjúkrasamlagi, slysatryggingu (dagpeningar, slysbætur), starfsmannasjóðum eða ríkissjóði (berklasjúklingar), bæjar- eða sveitarsjóði o. s. frv.
 - d. Að kostnaðurinn hafi numið einhverju verulegu, eða meira en almennt eða venjulegt má teljast.
3. Undir öllum venjulegum kringumstæðum má skattlækkun vegna veikinda og þess konar ástæðna eigi vera meiri en sem svarar því, að *þriðjungur til helmingur af beinum kostnaði sé dreginn frá* skattskyldum tekjum, og skattur reiknaður samkv. því. Eignarskattur skal að öllum jafnaði eigi lækka af þessum ástæðum. **Eignartjón.**

Um slys, sem eignartjóni valda, svo sem tjón af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis, skipaskaða o. s. frv., gildir yfirleitt það, sem að framan er sagt um veikindi. Tjónið kemur því eigi til greina:

 - a. ef það snertir eigi beinlínis hag gjaldanda sjálfs eða hefur eigi átt sér stað á skattárinu;
 - b. ef bætur hafa komið fyrir (greiðsla váttryggingarfjár, skaðabætur, styrktarfé o. s. frv.);
 - c. að því leyti sem tjónið eða tapið hefur þegar komið til frádráttar tekjum í rekstri aðila, t. d. ef gripir eða annar fénaður ferst, kemur það fram í bústofnsskerðingu;
 - d. ef aðila sjálfum verður gefin sök á tjóninu.
4. Þær afleiðingar, sem kunna að verða af veikindum, slysum eða mannláti, **Afleiðingar
af veikind-
um o. fl.**

147

30. des.

auk hins útlagða kostnaðar, svo sem ef gjaldandi missir atvinnu sína eða laun vegna veikinda, eða verður eigi fullfær til starfs vegna veikinda eða slysa (einnig þótt hann fái eftirlaun, örorkubætur o. s. frv.), heimilisfaðir eða fyrirvinna fellur frá eða öflunarhæfni gjaldanda eða fjölskyldu hans rýrnar á annan hátt. Lækkanir vegna þessara ástæðna verða að fara eftir því, hvernig á stendur í hvert skipti. Hafi aðili um líkt leyti orðið fyrir einhverjum hættum ástæðum, svo sem unnið í happdrætti, fengið greiddan arf, líftryggingarfjárhæð o. s. frv. má taka tillit til þess. Lækka má bæði tekjuskatt og eignarskatt.

Ívilnun
vegna
vandafólks.

B. Ef skattþegn hefur haft á framfæri sínu ættingja eða vandamenn, auk þeirra, sem honum ber frádráttur fyrir samkv. 41. gr. og það bakað honum tilfinnanlegan kostnað. Hér teljast m. a. systkini, afi og amma, fósturforeldrar og tengdafólk. Lækkun á skattinum vegna slíkra ómaga má þó eigi vera meiri en samsvarar persónufrádrætti, sbr. 41. og 42. gr. Hér ber að taka tillit til efnahags og tekna framfæranda á sama hátt sem þegar um linun á skatti vegna veikinda eða slysa er að ræða. Einnig verður að ganga úr skugga um, að ættingjar þessir eða vandamenn hafi ekki tekjur eða vinni fyrir sér á einhvern annan hátt, t. d. við heimilisstörf, og að gjaldandi hafi eigi styrk með þeim annars staðar frá.

Yfirskatta-
nefnd
úrskurði.

Skattanefnd skortir vald til að lækka skatt af þessum sökum, þ. e. ástæðum tilfærðum í A. og B. hér að framan, en hún getur bæði tekið við umsókn um linun eða eftirgjöf eða gert tillögu um hana af eigin hvötum. Sendir skattanefnd yfirskattanefnd umsókn og tillögur sínar, og úrskurðar yfirskattanefnd, hvort skattur skuli lækkaður eða eftir gefinn. Beiðni um lækkun verður þó að vera komin til yfirskattanefndar áður en kærufrestur er út runninn, ella verður henni eigi sinnt.

VI. KAFLI

Um eignir og skuldir.

51. gr.

Skatt-
skyldar
eignir.

Til skattskyldra eigna teljast meðal annars:

1. Fasteignir, svo sem jarðir, lóðir, lendur og hús ásamt þeim ítökum og hlunnindum, sem þeim fylgja og mannvirkjum og endurbótum, sem á þeim hafa verið gerðar (rafstöð á sveitabæ, nýrækt ómetin o. s. frv.) Erfðafestulönd teljast eigi til eigna þeirra, sem tekið hafa þau á erfðafestu. En ræktun og mannvirki, sem leigjandi kann að hafa gert á slíku landi, teljast eign hans. Eins er um leigulóðir. En um þær gildir sú regla, að hluti af verði hvernar lóðar, sem fundinn er eftir afgjaldskvöðinni með því að fimmtánfalda hana, er eign landeiganda, en það sem fasteignamatið er herra en þetta, það er fimmtánföld afgjaldskvöðin, telst eign leigjanda.
2. Skip og bátar.
3. Flugvélar.
4. Bústofn, þar með talin leigukúgildi (nautgripir, hross, sauðfé, alifuglar, loðdyr og annar búpeningur).
5. Vélar, verkfæri og önnur áhöld (búsáhöld, verzlunaráhöld, smíðatæki o. þ. h.).
6. Veiðarfæri hvers konar.
7. Bifreiðar og önnur flutningatæki á landi.
8. Vörubirgðir, jafnt verzlana sem framleiðslufyrirtækja, bókaforlög, fiskbirgðir o. s. frv., þar með taldar vörur í umboðssölu. Enn fremur birgðir atvinnufyrirtækja af óeyddum efnivörum og vörum til notkunar við rekstur, svo sem birgðir skipa af salti, kolum og olíu o. s. frv.

9. Hvers konar verðbréf, skuldabréf og hlutabréf innlend og erlend. Enn fremur sameignarinnstæður í félögum og fyrirtækjum. 147
30. des.
10. Útistandandi skuldir, þar með taldar ýmsar fyrirframgreiðslur, svo sem fyrirfram greidd húsaleiga, fyrirfram greiddir vextir o. s. frv.
11. Inneignir í bönkum, sparisjóðum og öðrum lánsstofnunum og peningar, sbr. þó 55. gr.
12. Húsgögn og aðrir innanstokksmunir, þar með taldir skartgripir.
13. Ólíkamlæg verðmæti, sem metin verða til fjár, svo sem almenn kröfuréttindi og yfir höfuð allar eignir og eignarréttindi, sem metin verða til peninga og eigi eru sérstaklega undanskilin.

52. gr.

Tekjur manna á skattári eru eigi eign í þessu sambandi, nema það sem óeytt kann að vera af þeim (lagt við eign til næsta árs) þegar eignir eru taldar fram eða í árslok. Af því verður að gjalda eignarskatt sem öðrum eignum. Um skattskyldu eignar og hvernig telja skul.

Eignir eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

Eignir skal jafnan telja með fullu verði til skatts og skuldir á móti, en eigi aðeins mismuninn, eða það sem greitt hefur verið af eigninni. T. d. ef innanstokksmunir eru keyptir með afborgunum, þá skal færa þá til eignar með fullu matsverði, og það sem ógreitt er til skuldar. Eins er um framlag til húsaagerðar, t. d. framlag í byggingarfélag, þar skal telja húsið, eða þann hluta sem gjaldanda tilheyrir til eignar, en áhvilandi skuldir á móti.

Skattanefndir verða að hafa rækilegt eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, hvort eignir eru réttilega framtaldar. Ber þeim að fullvissa sig um, að fasteignir allar komi fram til skatts. Einkum er nauðsynlegt í kaupstöðum að þær fylgist vel með eigendaskiptum að húsum og hvers konar eignum. Einnig ber þeim að fá hluthafaskrá þeirra hlutafélaga, sem heimili eiga í umdæmi þeirra, og ganga úr skugga um, að eigendur hlutabréfanna telji þau fram og arð af þeim, einnig skulu þær, eftir því sem ástæða þykir til, fá upplýsingar frá lánsstofnunum um inneignir gjaldanda í þeim, sbr. 81. gr., og yfirlit að hafa sem fyllst yfirlit yfir þær eignir í umdæminu, sem mestu máli skipta. Verði skattanefndir varar við, að menn úr öðrum skattumdæmum eigi útistandandi skuldir hjá gjaldendum umdæmisins eða aðrar eignir í umdæminu, svo að máli skipti, er nefndum skylt að tilkynna það skattanefnd heimilissveitar aðila. Ef eigi fást nægilega glöggar upplýsingar um eignarrétt að einstökum eignum, þá ber skattanefndum að komast fyrir um það. Ef fasteign er eða önnur skrásett eign, leggur nefndin skatt á þann, sem skráður er eigandi, nema annar telji til eignar á framtali sínu. Ella verður hún að leggja skatt á vörzlu-mann eignanna, ef hann lætur ekki fullnægjandi upplýsingar í té. Eftirlit skattanefnda.

53. gr.

Til frádráttar eignum skal telja allar skuldir, er á gjaldanda hvíla, veðskuldir og aðrar skuldir við lánsstofnanir, fyrirtæki og einstaka menn, innanlands og utan (sbr. þó 59. gr.). Skuldir skal telja eins og þær eru í lok hvers skattárs. Séu vextir ógreiddir, bætast þeir við skuldina, svo framarlega sem þess er að vænta, að þeir verði greiddir. Frádráttur skulda.

Ítök og kvaðir á jörð eða annari fasteign metast eigi til skuldar, heldur er jörðin sjálf metin sem heild, með itakinu eða kvöðinni, sem rýra verðmæti hennar. Með sama hætti auka ítök o. s. frv. verðmæti þeirra fasteigna, er þau fylgja. Til skulda telst eigi aðeins það, er svara skal í peningum, heldur einnig það, sem greiða ber eða greiða má í öðrum munum. En þá verður að meta það til peninga. Skuld telst ítök, kvaðir.

147 einungis einhliða greiðsluskylda, en eigi t. d. skylda samkv. verksamningi, þar sem 30. des. báðir eiga ófnt.

Veðleyfi. Þótt veðleyfi sé gefið í eign fyrir skuld annars manns, telst hún eigi til skuldar Ábyrgð. Þess, sem veðleyfið gefur. Ábyrgð á skuldum annarra verður og eigi talin til skuldar á ábyrgðarmann, fyrr en hann hefur verið dæmdur eða hefur undirgengizt að borga þær, eða aðalskuldari er orðinn gjaldþrota. Ef fleiri eru ábyrgðarmenn, skal skuld skipt að jöfnu með þeim, nema öðru vísi sé um samið. Ef sumir mega teljast ófærir að greiða, þá skiptist skuld á hina að jöfnu, nema sýnt sé, að því sé öðru vísi hagað.

Skuldir við konu, börn o. fl. Nú eru menn samskuldarar, og skal þá skipta skuld jafnt milli þeirra, nema samningar séu um annað. Eigi má maður telja skuld við konu sína eða kona við mann, nema tilsvarendi eignaliðir komi á móti, enda skal telja fram sameiginlega eignir hjóna, enda þótt kona eigi séreign. Sé taldar fram skuldir við ófjárráða börn framteljanda, skal telja þær til eigna á þeirra framtölum, enda sé gerð full grein fyrir, hvernig sú eign barna er tilkomin.

Óvissar skuldir. Eigi skulu taldar til skuldar fjárhæðir, sem telja má nokkurn veginn víst eða sennilegt, að aldrei verði greiddar. T. d. mega þeir, sem þegið hafa fátækra- eða sjúkrastyrk úr bæjar- eða sveitarsjóði eigi telja þann styrk til skuldar, nema þess verði vænt, að styrkurinn verði endurgreiddur, enda þótt hann hafi eigi verið formlega eftir gefinn af bæjar- eða sveitarstjórn. Fyrndar skuldir má og eigi telja, né skuldir eftirgefnar við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan hátt. Nú hefur skuldareiganda verið leyft að afskrifa skuld, og má þá eigi leyfa hana til frádráttar eignum hjá skuldara, sbr. þó 26. gr. c. Framteljendum ber að gera fulla grein fyrir því, hverjum þeir skulda. Skal tilgreina nöfn og heimili, eiganda og fjárhæð hvernar skuldar, ásamt vaxtakjörum. Þeir sem senda efnahagsreikning með framtali sínu, skulu láta fylgja skuldalista.

Upplýsinga-skylda og viðurlög. Ef framteljendur gera ekki grein fyrir skuldareigendum (og vaxtakjörum) á framtölum sínum, skal skattaneftnd gefa þeim kost á að bæta úr því. Ef framteljendur gera samt sem áður eigi grein fyrir skuldareigendum eða viðtakendum vaxta og afborgana, þá ber skattaneftndum að synja um frádrátt skuldanna og vaxta af þeim. Að fengnum upplýsingum um skuldareigendur, ber nefndum að athuga, hvort þeir, sem taldir eru eigendur, telja skuldina fram meðal eigna sinna, og vexti af þeim með tekjum. Ef sá sem talinn er skuldareigandi eða lánveitandi, kveðst aðeins vera milligöngumaður um lánið en gefur samt ekki upp eiganda þess, ber að telja hann vörzlumann eignarinnar og færa honum skuldina til eignar og vextina honum til tekna. Í þessu sambandi skulu skattaneftndir fá upplýsingar um öll handhafa-skuldabréf og önnur skuldabréf, sem þinglesin hafa verið á árinu.

Þegar lagður er skattur á eignir þeirra, sem takmarkaða skattskyldu hafa, má aðeins draga frá þær skuldir sem hvíla á þeim eignum, sem skattskyldar eru, sbr. 59. gr.

54. gr.

Undanþegið er eignarskatti:

- Undanbágur.** 1. Ef skuldlaus eign gjaldanda nemur ekki yfir 10000.00 krónur, greiðist ekki skattur af henni. Nemi hún hins vegar yfir 10000.00 krónum, greiðist skattur af allri eigninni, sbr. 69. gr. Þess ber að gæta, að enda þótt eign manna nemi eigi þessari fjárhæð, er mönnum eigi að síður skylt, að telja hana fram til skatts og greina eignir sínar nákvæmlega á framtali.
- Skilorðsbundin fjárréttindi.** 2. Skilorðsbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem eigi er fallið til útborgunar. Hér undir verður einungis að telja ófengin eða ótekin skilorðsbundin fjárréttindi en eigi þau, sem fengin eru og sleppa verður aftur, þegar tiltekinn tími er kominn eða tiltekið atvik ber að höndum, t. d. verðbréf, er maður skal eiga og njóta vaxta af, meðan hann er ógiftur. Síðast nefnd

- réttindi verða talin til eignar, þess er þeirra nýtur, sbr. 57. gr. J. Þegar ófengin 147 skilorðsbundin fjárréttindi verða skilyrðislaus (lífsábyrgðarfé fallið til útborgunar), þá er það annað hvort orðið útistandandi krafa eða eign runnin í bú aðila, og því skattskýlt í báðum dæmum.
3. Réttur til eftirlauna, lífeyris, eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn. Réttur til eftirlauna eða lífeyris, þar með talin próventa, verður aldrei skattskyld eign, þótt byrjað sé að borga út eftirlaun eða lífeyri. Sem dæmi um réttindi til áframhaldandi greiðslu, sem skattfrjáls eru, má nefna framfærslurétt konu á hendur fyrrverandi bónda sínum eftir samningi eða yfirvaldsúrskurði, barnsmóður á hendur barnsföður til meðlags með barni eftir meðlagsúrskurði, og framfærslurétt yfir höfuð. Hér telst einnig til hin ævinlega erfingjarenta í Söfnunarsjóði Íslands. Hins vegar ber að telja vexti af henni til tekna þegar þeir byrja að falla til útborgunar. Það skilyrði er sett, að rétturinn sé bundinn við einstakan mann, það er, að aðrir geti eigi notið hans, hvort sem framsal hans er lögbannað eða aðrir geta eigi notið hans eftir eðli sínu.
4. Réttur til leigulauss bústaðar og önnur afnotaréttindi. „Afnotaréttindi“ nær bæði til láns og leigu á föstum eignum og lausum og eru því hvorki láns- né leiguréttindi skattskyld. Bóndi skal því t. d. eigi meta það til skatts, hvers virði honum eru ábúðarréttindi á jörð sinni. Framsal á afnotarétti, sem gæfi árlegar tekjur t. d., mundi þar á móti vera uppspretta árlegs tekjustofns (sjá 57. gr. J.). Ítaksréttur og afgjaldskvöð, sem maður á persónulega, verður og skattskyld eign.
5. Birgðir af fóðurvörum, matvælum og eldsneyti til heimilisparfa, skal eigi telja til skatts.
6. Bækur og fatnaður til einkaafnota.
7. Ýmiss réttindi, sem bundin eru við eiganda sjálfan og eigi falla undir 2. og 3. tölul., en hann hefur eigi enn komið í peninga. Þar tilheyrir handrit, sem eigi er gefið út (hins vegar er skattskýlt bókarupplag eða útgáfuréttur seldur af höfundu), listaverk, sem enn eru eign höfundar og eigi eru til sölu, vörumerki firma, „goodwill“, ónotuð uppgötvun og óseldur einkaréttur að henni, önnur réttindi, sem bundin eru við eiganda, en óvíst er, hvort verði notuð o. s. frv.
8. Innlend hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignarupphæðinni, áður en skattur er á lagður. Samvinnufélögum, kaupfélögum og gagnkvæmum ábyrgðarfélögum er heimilað að draga stofnfé sitt eða stofnsjóði frá eignum til skatts. Telst hlutafé og hluti í stofnfé og stofnsjóðum til eignar hjá einstökum hlut höfum og félagsmönnum.
- Þessi frádráttarheimild nær þó eigi til erlendra félaga, og ekki heldur til sjóða eða stofnana eða samlagsfélaga, þar sem allir eigendur bera ótakmarkaða ábyrgð.

55. gr.

Viss hluti af sparifjäreign er undanþeginn framtalsskyldu og eignarskatti og vextir af henni undanþegnir tekjuskatti og framtalsskyldu, sbr. einnig 56. gr.

Eigi skiptir máli, hvort innstæða er í sparisjóðsbók, hlaupareikningi, eða innlánsskirteini. Hins vegar verður stofnun sú, er geymir spariféð, að vera: banki, Söfnunarsjóður Íslands, sparisjóður, samkv. lögum nr. 69/1941, eða lögleg innlánsdeild, sbr. lög nr. 46/1937, 28. gr.

Frekari skilyrði skattfrelsisins eru:

Hjá öllum skattgreiðendum, sem eiga sparifé samkv. ofangreindu, er samtals nemur hærri fjárhæð en hlutaðeigandi skattgreiðandi skuldar samtals, er sá hluti sparifjárins, sem er umfram skuldir, undanþeginn skatti og framtalsskyldu. Skattgreiðandi, sem ekkert skuldar, þarf enga innstæðu að tíunda.

Um skattfrelsi sparifjár og skilyrði fyrir því.

147
30. des. Hjá þeim, sem eitthvað skulda, verður að gera upp nákvæmlega allar skuldir hinn 31. desember ár hvert, þar með talin ógreidd opinber gjöld, áfallna ógreidda vexti um áramót, svo og hverja aðra skuld, hverju nafni sem nefnist. Hjá félögum telst til skuldar í þessu sambandi innborgað hlutafé og stofnfé, þar með taldir stofnsjóðir samvinnufélaga.

Þegar þannig hafa verið taldar heildarskuldir gjaldanda í árslok, er þar með fundið hámark sparifjárinnstæðu, sem gjaldanda er skylt að telja á framtali sínu, og gjalda skatt af. Hinu sem umfram kann að vera, má gjaldandi sleppa. Nú hefur gjaldandi talið fram einhverja ákveðna skuldarupphæð og jafnframt talið til eignar jafnháa innstæðu í sparifé, en síðan kemur í ljós við athugun skattanefndar eða skattstjóra, að skuldir eru vantaldar. Skal þá láta skattgreiðandann gera grein fyrir því hvort hann hafi eigi átt meira sparifé en það sem hann tilgreindi á framtali.

Þegar fundin hefur verið skattskyld innstæða samkv. framansögðu, skal reikna út vexti af henni og færa þá vexti til tekna. Vexti af skattfrjálstri innstæðu er hins vegar ekki skylt að færa á framtal, og teljast þeir ekki til tekna.

Þótt skattfrjálst sparifé, samkv. framansögðu sé ekki framtalsskylt, skal það þó fært til eignar og vextir af því til tekna í bækur og ársreikninga allra bókhalds- skyldra aðila.

Skattgreiðendum er skylt að gera fulla grein fyrir óframtöldu sparifé sínu, ef í ljós kemur ósamræmi í framtölum gjaldanda, er stafað gæti af því, að spariféð var ekki talið fram til skatts vegna framangreindrar undanþágu. Einnig geta skattyfirvöld krafist innlánsstofnanir um allar upplýsingar, sem þau telja sér þörf á í þessu sambandi.

Þetta þýðir, að í hvert sinn, er gjaldendur nota hinar óframtöldu innstæður til fjárfestingar eða breyta innstæðu sinni á einhvern hátt í aðra eign en skattfrjálst sparifé, hlýtur að koma fram ósamræmi í framtölum viðkomandi aðila, og þarf þá ætíð að krefja þá um áðurgreindar upplýsingar.

Skattgreiðendur munu því spara sér ómök og eftirgrennslanir, ef þeir tilgreindu jafnan á framtali sínu skattfrjálsta sparifjäreign sína.

Skattfrjálss
banka-
vaxtabréf. Bankavaxtabréf samkv. lögum nr. 55/1955 og vextir af þeim njóta skattfrelsis og undanþágu frá framtalsskyldu eftir sömu reglum og með sömu skilyrðum og sparifé og vextir af því samkv. þessari grein og næstu hér á eftir.

56. gr.

Nánari skil-
yrði fyrir
skattfrelsi
sparifjár. Frá ákvæðum 55. gr. er sú undantekning, að þótt sparifjäreigandi skuldi fast- eignaveðlán, sem eigi nema hærri fjárhæð en kr. 120 000.00, er sparifé hans eigi að síður skattfrjálst.

Þetta er þó bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að sparifjäreigandi sé einstaklingur en ekki félag eða stofnun. Þótt eignum sameignarfélags sé skipt við skattálagningu milli einstakra félagsmanna, telst sparifjárinnstæða, sem félagið kann að eiga, eign félags í þessu sambandi og nýtur það því eigi skattfrelsis, ef skuldir eru á móti innstæðu, hvort sem skuld- irnar eru veðtryggðar eða ekki.
2. Umrædd fasteignaveðlán verða að hafa verið tekin upphaflega til 10 ára eða lengri tíma, eða síðar breytt í að minnsta kosti 10 ára lán. Skiptir því ekki máli, þótt lánin séu nú að eftirstöðvum til skemmri tíma en 10 ára. Ef t. d. maður kaupir eða yfirtekur fasteign með áhvilandi veðlánnum og skemmra en 10 ár er eftir af lánstímanum, nýtur hann skattfrelsisins eigi að síður, ef lánið hefur upphaflega verið tekið til 10 ára. Sé hins vegar láni breytt og lánstími stytur í skemmri tíma en 10 ár, nýtur lántakandi ekki lengur skattfrelsisins.

Um fasteignaveðlán, sem eru til skemmri tíma en 10 ára, fer eins og segir hér að framan í 55. gr. um almennar skuldir.

3. Fasteignaveðlán þessi verða sannanlega að hafa verið tekin til þess að afla 147
fasteignar eða fasteigna sparifjäreigandans eða endurbæta þær. 30. des.

57. gr.

Um virðingu á eignum til eignarskatts fer sem hér segir:

- A. Fasteignir (lendur og lóðir og mannvirki á þeim), eru metnar samkv. lögum Skattmat
um fasteignamat (nr. 70/1945) og er eignarskattur af fasteignum miðaður við fasteigna.
það mat eins og það er á hverjum tíma.
Nú er fasteignamat eigi fyrir hendi á lóð eða fullbyggðu mannvirki. Skal
þá skattanefnd áætla matsverð með hliðsjón af kostnaðar- eða kaupverði.
Mannvirki, sem enn eru í byggingu og ófullgerð, skal telja á kostnaðarverði.
Skattanefndum ber að fylgjast með þeim endurbótum á húsum og jörðum,
sem gerðar eru — nýrækt, nýbyggingar — og hlutast til um, að millimót fari
fram, ef slíkt hefur verið vanrækt. Um jarðeignir ber sérstaklega að athuga,
hvort eigendur leigujarða telja fram kúgildi þau, er jörðum fylgja og álag það,
er þeir kunna að eiga og eigi eru innifalin í fasteignamati jarðanna. Að því
leyti sem rafmagnsstöðvar eru eigi innifaldar í fasteignamati, teljast þær sér-
staklega til eignar. Við skattmat á þeim má hafa til hliðsjónar mat það, sem
fram hefur farið á flestum þeirra vegna lántöku.
Ef seldur hefur verið einhver hluti af jörð eða löðareign, skal þó telja
eignina til skatts með fullu fasteignamatsverði þar til nýtt mat hefur farið
fram, nema svo mikill hluti hafi verið seldur, að eignarverði geti orðið skipt á
2 eigendur, og sýnd fyrir því næg gögn.
Ef eign liður undir lok, t. d. hús brennur eða fýkur, þá er skattanefnd þó
rétt að leggja skatt einungis á verð löðarinnar, eins og hún er metin í fast-
eignamatinu, en telja skal þá til eignar andvirði eignarinnar, ef eigandi á
heimtingu á því, t. d. brunabótafé.
- B. Verðlag á skipum, flugvélum og öðru lausafé, þar sem ekki er nánara fyrir Skattmat
mælt hér að neðan, skal miðað við áætlað söluverð, eins og ætla má, að eignin skipa og
hefði selzt í lok skattársins. Skal meðal annars hafa hliðsjón af váttryggingar- lausafjár.
verði, ef eignin er váttryggð, en jafnframt hinu upphaflega kostnaðarverði að
frádræginni hæfilegri fyrningu, þá skal og athuga, hvernig eigninni hefur verið
við haldið, hvort nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á henni o. s. frv.
- C. Búpening skal telja til eignar eins og hann væri framgenginn í fardögum næst Skattmat
á eftir með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður að fengnum tillögum yfir- búpenings.
skattanefnda til 5 ára í senn.
- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað Skattmat
í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum. á vöru.
Þess verður að gæta að vörubirgðir séu metnar á sama hátt eða með sams
konar matsverði frá ári til árs. Ef maður hefur vörur í umboðssölu í vörzlum
sínnum eða vörur til geymslu frá erlendum mönnum eða firmum, ber einnig
að telja þær fram. Skal reikna þær vörur sérstaklega með kostnaðarverði. Af-
birgðir skal telja með áætluðu söluverði. Séu birgðirnar, eða eitthvað af þeim
selt eftir áramót, áður en talið er fram til skatts, er rétt að taka tillit til þess
við matið. Hafi fiskur eða önnur vara verið seld í umboðssölu og búizt við
verðuppbót, skal hún áætluð og tilfærð sérstaklega.
Birgðir af vörum, sem ætlaðar eru til notkunar við atvinnurekstur, t. d.
kol, salt og olía í skipum og aðrar rekstrarvörur til véla, efnisvöru til fram-
leiðslu o. s. frv., skal telja til eignar með kostnaðarverði.
- E. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði, ef hlutafé er óskert en annars með Skattmat
hlutfallslegri upphæð miðað við upphaflegt verð. verðbréfa.
- F. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar

147
30. des. ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

Erlend rikisskuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja með nafnverði, nema vitað sé um verðskráningu í heimalandi þeirra.

G. Önnur verðbréf og skuldabréf skal telja með nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau séu ótrygg. Ef ógreiddir eru vextir af skuldabréfi skal enn fremur telja þá til eigna, svo fremi sem þess má vænta, að þeir fáiast greiddir.

Skattmat
útlána og
innstæðna.

H. Útistandandi skuldir, aðrar en G.-liður tekur til, skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, enn fremur vextir, sem ógreiddir kunna að vera, nema óvissir séu. Ef kröfu á að greiða í öðru en peningum, verður að virða það til peninga.

Ef skuld er umþráttuð eða torséð þykir hvort lögskytt er að greiða skuld, skal telja hluta hennar til eignar eða sleppa að fullu eftir atvikum.

Sé vitanlegt að skuld greiðist eigi að fullu, eða skuld sé töpuð að einhverju leyti, skal færa hana niður eftir ástæðum, í samráði við skattanefnd, og sleppa, ef skuld telst með öllu töpuð.

Ógreidd húsaleiga skal talin til eignar, nema fullreynt þyki, að hún sé töpuð.

Um mat á útistandandi skuldum atvinnufyrirtækis, skal fara eftir því, sem segir um skuldaafskriftir í 29. gr.

I. Innstæður í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum skulu taldar eins og þær eru 31. des. ár hvert og alltaf að viðbættum vöxtum á árinu, enda hafi þeir ekki verið útteknir fyrir 31. des.

Hluti af sparifjáreign getur þó verið undanþeginn framtalsskyldu og eignarskatti, sbr. 55. og 56. gr.

Skattmat
réttinda.

J. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Hér er eigi átt við verðbréf eða útistandandi skuldir, sem stöðugar tekjur gefa af sér, né heldur afnotaréttindi, sem einnig geta gefið af sér stöðugar tekjur. Mörg önnur réttindi til áframhaldandi tekna eru undanþegin eignarskatti samkv. 54. gr., og oft erfitt að greina þau frá, sem skattskyld eru. Réttindi, sem hér falla undir, eru eigi bundin við einstakan mann, og geta því skipt um eiganda, t. d. réttur til árlegrar borgunar fyrir erfðafestu lands, veiðiréttur, sala á afnotarétti, sem yrði stöðugt tekjulind seljanda o. s. frv. einkaleyfi (patent), selt þannig, að seljandi eða sá, sem hann setur í sinn stað, fái árlega peningagreiðslu fyrir. Meta skal réttindin þannig, ef eigi eru gögn til annars, að margfalda ársgreiðsluna með 15, og er útkoman sú upphæð, sem skatta skal gjalda af.

58. gr.

Eignar-
skatts-
frjálsir
aðilar. Undanþegnir eignarskatti eru eftirtaldir aðilar:

1. Forseti Íslands.
2. Þeir, sem taldir eru í 4.—8. tölul. 7. gr., af þeim eignum sínum, sem ekki falla undir ákvæði B.-liðar 5. gr., sbr. síðari málsgrein 7. gr.
3. Félög sem undanþegin eru tekjuskatti og talin eru í 8. gr.
4. Sjóðir sem taldir eru í 9. gr.
5. Stofnanir sem taldar eru í 10. gr.

59. gr.

Eignar-
skatts-
skylda
erlendra
aðila. Þeir, sem héra takmarkaða skattskyldu samkv. 3. gr. 2. tölulið, skulu greiða eignarskatt af þeim eignum sínum, sem um ræðir í B.-lið 5. greinar, sbr. einnig síðustu málsgrein 7. greinar. Þessir aðilar mega aðeins draga frá þær veðskuldir, er aðila. hvíla á þeim eignum, sem skattskyldar eru.

60. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem hafa annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar eins og þær eru í lok þess reikningsárs, sem næst er á undan skattálagningunni.

Ef maður hefur fardagaárið að reikningsári, þá telur hann fram í janúar eða febrúar 1955, eignir þær, sem hann átti í fardögum (síðasta fardag) 1954. Ef framteljandi breytir um reikningsár, þá miðast eign hans í næsta framtali og næst, þegar eign hans er ákveðin, við lok hins nýja reikningsárs, sbr. 20. gr.

147

30. des.
Við hvaða tíma skal miða eignarskatt.

VII. KAFLI

Um skattstiga.

61. gr.

Þegar allur lögleyfður frádráttur skv. 21.—48. gr. hefur verið dreginn frá tekjum, eftir því sem við á, skal fjárhæð sú, sem þá verður eftir, lækkuð ef með þarf, svo að hún standi á næsta hálfu eða heilu hundraði, en því sleppt sem umfram verður. Tekjurnar þannig ákvarðaðar kallast skattgjaldstekjur. Dæmi:

Ef tekjur, eftir að allur frádráttur hefur verið veittur, nema kr. 18 990.00, lækka þær í kr. 18 950.00. Ef þær aftur á móti standa á hálfu eða heilu hundraði, verða þær óbreyttar.

Ef tekjur félaga nema ekki fullum kr. 100.00, eftir allan lögákveðinn frádrátt, þá greiðist enginn skattur af þeim.

Einstaklingar skulu engan tekjuskatt greiða ef skattgjaldstekjur þeirra eru undir kr. 1100.00 og hjón skulu ekki heldur greiða skatt séu skattgjaldstekjur þeirra undir kr. 2100.00.

Af hvaða fjárhæðum skattur reiknast.

62. gr.

Tekjuskatt þeirra einstaklinga, sem falla undir ákvæði 3. gr. 1. tölul. fyrri málsg. (þ. e. innlendra einstaklinga) skal reikna þannig, sbr. þó vísitöluákvæði 64. gr.:

Skattstigi einstaklinga.

Ef skattgjaldstekjur eru undir kr. 1000.00, greiðist enginn skattur.

Af 1— 2 þús. kr.	greiðist 1 %.				
Af 2— 5 þús. kr.	greiðist	10 kr. af	2 þús. og	2 %	af afg.
— 5— 9 — — —	— — —	70 — —	5 — —	3 %	— —
— 9— 20 — — —	— — —	190 — —	9 — —	4 %	— —
— 20— 30 — — —	— — —	630 — —	20 — —	6 %	— —
— 30— 40 — — —	— — —	1230 — —	30 — —	10 %	— —
— 40— 50 — — —	— — —	2230 — —	40 — —	15 %	— —
— 50— 60 — — —	— — —	3730 — —	50 — —	20 %	— —
— 60— 70 — — —	— — —	5730 — —	60 — —	25 %	— —
— 70—100 — — —	— — —	8230 — —	70 — —	30 %	— —
— 100—130 — — —	— — —	17230 — —	100 — —	35 %	— —
— 130 þús. og yfir	— — —	27730 — —	130 — —	40 %	— —

Þeir gjaldendur, sem hér um ræðir, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkv. lögum nr. 21 20. maí 1942.

Nú ætlar innlendir einstaklingur af landi brott alfarinn eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má að dómi skattayfirvalda, og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landinu skatta samkv. eftirfarandi reglum:

1. Hafi almenn álagning eigi farið fram fyrir næstliðið skattár, skal ákveða skatta hans samkvæmt almennum ákvæðum reglugerðar þessarar, sem gilda um álagningu á innlenda einstaklinga fyrir viðkomandi skattár.

- 147 2. Skattar fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, ákvarðast
30. des. samkvæmt reglum 65. greinar C.-lið, þó þannig, að fjölskyldufrádráttur skal veittur og ákvæði þeirrar greinar um lágmark tekjuskatts (5%) gildir eigi hér.

63. gr.

- Skattstigi Tekjuskatt þeirra hjóna, sem falla undir ákvæði 3. gr. 1. tölul. fyrri málgr.
hjóna. (þ. e. innlendra hjóna) skal reikna þannig, sbr. þó vísitöluákvæði 64. gr.:

Ef skattgjaldstekjur eru undir kr. 2000.00, greiðist enginn skattur.

Af	2—	3 þús. kr.	greiðist	1 %.					
Af	3—	6 þús. kr.	greiðist	10 kr. af	3 þús. og	2 %	af afg.		
—	6—	13 — —	— —	70 — —	6 — —	3 %	— —		
—	13—	20 — —	— —	280 — —	13 — —	4 %	— —		
—	20—	25 — —	— —	560 — —	20 — —	5 %	— —		
—	25—	30 — —	— —	810 — —	25 — —	6 %	— —		
—	30—	35 — —	— —	1110 — —	30 — —	7 %	— —		
—	35—	45 — —	— —	1460 — —	35 — —	10 %	— —		
—	45—	50 — —	— —	2460 — —	45 — —	15 %	— —		
—	50—	60 — —	— —	3210 — —	50 — —	20 %	— —		
—	60—	70 — —	— —	5210 — —	60 — —	25 %	— —		
—	70—	100 — —	— —	7710 — —	70 — —	30 %	— —		
—	100—	130 — —	— —	16710 — —	100 — —	35 %	— —		
—	130 þús.	og yfir	—	27210 — —	130 — —	40 %	— —		

Þeir gjaldendur, sem hér um ræðir, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkv. lögum nr. 21 20. maí 1942.

Um innlend hjón, sem fara af landi brott, gilda hliðstæðar reglur og um innlenda einstaklinga, sem fara af landi brott, sjá síðari hluta 62. greinar.

64. gr.

- Vísitölu- Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún
breytingar. var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum í skattstigum þeim, sem greindir eru í 62. og 63. gr., breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skattstíganna breytast ekki, þótt vísitala raskist.

65. gr.

- Erlendis- A. Tekjuskatt þeirra einstaklinga, sem falla undir ákvæði 3. gr. 2. tölul. fyrri
búsettir. málgr., þ. e. erlendis heimilisfastra einstaklinga, sem þarlendis dvelja, skal reikna samkv. skattstiganum í 62. gr.
- B. Tekjuskatt þeirra hjóna, sem falla undir ákvæði 3. gr. 2. tölul. fyrri málgr., þ. e. erlendis heimilisfastra hjóna, sem þarlendis dvelja, skal reikna samkv. skattstiganum í 63. grein.
- Ef ókunnugt er hvort gjaldandi búsettur erlendis er giftur eða ekki, þá skal reikna tekjuskatt hans sem ógiftur væri samkv. A.-lið þessarar greinar.
- Útlendingar C. Tekjuskatt þeirra, sem um ræðir í 3. gr. 1. og 2. tölul., síðari málgr. beggja
hérlendis. tölul., þ. e. útlendinga, sem hér hafa fengið landvistar- og atvinnuleyfi, skal reikna þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda deilanlegar með 50, margfaldast með tölunni 12 og deilast síðan með fjölda þeirra mánaða, er hann dvaldist hér á árinu. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

Þegar tekjufjárhæð hefur verið hækkuð samkvæmt ofangreindu hlutfalli,

skal tekjuskattur reiknaður eftir skattstiganum í 62. gr. ef um einhleypan er 147 að ræða, en eftir skattstiganum í 63. gr. ef gjaldandi er giftur. Útlendingar, 30. des. aðrir en þeir sem um getur í 43. gr. 3. mgr., fá þó engan persónufrádrátt.

Tekjuskatturinn reiknaður samkv. framansögðu, deilist með tölunni 12 og margfaldist með fjölda þeirra mánaða, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á árinu. Gjaldendur þeir, sem um ræðir í þessari grein, skulu þó aldrei greiða lægri skatt en 5% skattgjaldstekjum.

Þeir, sem um ræðir í þessari grein, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkv. lögum nr. 21 20. maí 1942.

66. gr.

- A. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 6. gr., 1. og 3. tölul., þ. e. innlendra félaga (annarra en samvinnufélaga og gagnkvæmra ábyrgðarfélaga), stofnana, sjóða, svo og dánarbúa og þrotabúa sem eigi njóta fjölskyldufrádráttar, enn fremur þeirra erlendra félaga og stofnana, sem um ræðir í 5. gr., reiknast þannig: Tekjuskattstigi félaga.

Ef skattgjaldstekjur eru undir kr. 9000 greiðist af þeim 5%. Þó greiðist enginn skattur ef skattgjaldstekjur eru undir kr. 100.00.

Af	9000—10000 kr. greiðist	450 kr.	af	9000 kr. og 10 %	af afgangi.
—	10000—12000 — —	550	— —	10000 — —	11½ % — —
—	12000—14000 — —	780	— —	12000 — —	13 % — —
—	14000—17000 — —	1040	— —	14000 — —	15 % — —
—	17000—20000 — —	1490	— —	17000 — —	17 % — —
—	20000—25000 — —	2000	— —	20000 — —	18 % — —
—	25000—30000 — —	2900	— —	25000 — —	19 % — —
—	30000—40000 — —	3850	— —	30000 — —	20 % — —
—	40000—50000 — —	5850	— —	40000 — —	21 % — —
—	50000—60000 — —	7950	— —	50000 — —	22 % — —

- B. Félög þau, sem um ræðir í 2. tölulið 6. gr. (gagnkvæm ábyrgðarfélög og samvinnufélög) skulu greiða í tekjuskatt 8% (átta af hundraði) af skattgjaldstekjum sínum.

67. gr.

Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 66. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 6. gr., þ. e. öll innlend félög, og enn fremur erlend félög, sbr. 5. gr., svo og þrotabú og dánarbú, sem ekki njóta fjölskyldufrádráttar, greiða skattauka samkv. eftirfarandi reglum: Tekjuskattsviðauka-skattstigi félaga.

Af skattgjaldstekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattgjaldstekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—10 þús. kr. greiðist	20 kr.	af	9 þús. kr. og 4 %	af afgangi.
—	10—12 — — — —	60	— —	10 — — — —	5 % — —
—	12—14 — — — —	160	— —	12 — — — —	6 % — —
—	14—17 — — — —	280	— —	14 — — — —	7 % — —
—	17—20 — — — —	490	— —	17 — — — —	8 % — —
—	20—25 — — — —	730	— —	20 — — — —	9 % — —
—	25—30 — — — —	1180	— —	25 — — — —	10 % — —
—	30—40 — — — —	1680	— —	30 — — — —	11 % — —
—	40—100 — — — —	2780	— —	40 — — — —	12 % — —
—	100—125 — — — —	9980	— —	100 — — — —	10 % — —
—	125—150 — — — —	12480	— —	125 — — — —	7 % — —
—	150—200 — — — —	14230	— —	150 — — — —	5 % — —
—	200 — — — —	16730	— —	200 — — — —	— — — —

147

68. gr.

30. des. Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 66. gr. og 67. gr., skal leggja á og inn-
 Stríðs- heimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:
 gróðaskatt- Ef skattgjaldstekjur nema 45000—60000 kr., greiðist 3% af því, sem er umfram
 stigi félaga. 45000 kr.

Af 60000—75000 kr. greiðist	450 kr. af 60000 kr. og 6 % af afgangi.
— 75000—100000 — —	1350 — — 75000 — — 10 % — —
— 100000—125000 — —	3850 — — 100000 — — 20 % — —
— 125000—150000 — —	8850 — — 125000 — — 30 % — —
— 150000—175000 — —	16350 — — 150000 — — 42 % — —
— 175000—200000 — —	26850 — — 175000 — — 55 % — —
— 200000 og þar yfir —	40600 — — 200000 — — 68 % — —

Stríðsgróðaskatt samkv. ofanskráðu skulu greiða þeir, sem upp eru taldir í 6. gr., þ. e. öll innlend félög og enn fremur erlend félög og stofnanir, sbr. 5. gr., svo og protabú og dánarbú, sem ekki njóta fjölskyldufrádráttar.

Skipting Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram
 stríðsgróða- 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda er greiðir stríðsgróðaskatt.
 skatts o. fl.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

Ríkissjóður greiðir 5% (fimm af hundraði) af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir reglugerð þessari, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt næstu málsg. hér á undan. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekju- skatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

69. gr.

Eignar- Fjárhæð sú, sem eignarskattur greiðist af, skal vera deilanleg með 100, og af-
 skattstigi. gangi sleppt. Sé skuldlaus eign t. d. kr. 88 670.00 verður skattgjaldseign kr. 88 600.00.
 Eignarskattur reiknast þannig:

Ef eignin er yfir 10000 kr. en undir 15000 kr. greiðist af henni 1‰.

Af 15000—30000 kr. greiðist	15 kr. af 15000 og 2 ‰ af afgangi.
— 30000—40000 — —	45 — — 30000 — 3 ‰ — —
— 40000—50000 — —	75 — — 40000 — 4 ‰ — —
— 50000—75000 — —	115 — — 50000 — 5 ‰ — —
— 75000—100000 — —	240 — — 75000 — 6 ‰ — —
— 100000—250000 — —	390 — — 100000 — 7 ‰ — —
— 250000—500000 — —	1440 — — 250000 — 8 ‰ — —
— 500000—1000000 — —	3440 — — 500000 — 9 ‰ — —
— 1000000 og þar yfir —	7940 — — 1000000 — 10 ‰ — —

Af eign, sem ekki nemur yfir 10000 kr., greiðist enginn skattur.

Þeir sem hafa takmarkaða skattskyldu, — erlendis heimilisfastir menn, erlend félög og stofnanir, — greiða þó aldrei lægri eignarskatt en 4‰ af skattgjalds- eign sinni, enda nemi hún kr. 10000.00 eða meira. Reiknast því eignarskattur þessara aðila 4‰ af allri skattgjaldseign þeirra, sem er undir kr. 103 400.00.

70. gr.

Skattlækk- Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur samkv. 66. gr., skattauki samkv. 67. gr.
 un félaga. og stríðsgróðaskattur samkv. 68. gr., skal skattupphæð hvers einstaks gjaldanda
 Hækkun lækkuð um 20% (tuttugu af hundraði).
 eignar- Eignarskattur reiknaður samkvæmt 69. gr., skal innheimtur með 50% álagi.
 skatts.

VIII. KAFLI

Um skattanefndir og skattstjóra.

147

30. des.

71. gr.

Í hreppum og kaupstöðum þar sem eigi eru skattstjórar, skulu skattar skv. reglugerð þessari lagðir á af skattanefndum. Skattanefndir skulu skipaðar þremur mönnum, þannig:

- A. Í kaupstöðum er bæjarstjóri sjálfkjörinn í nefndina. Bæjarfógeti tilnefnir einn og bæjarstjórn kýs hinn þriðja. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í skattanefnd, en hinn þriðji er kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarstjóri í nefndinni, skal hann vera formaður hentar. Ella ákveður bæjarfógeti, hvor þeirra tveggja, sem hann tilnefnir, skuli vera formaður. Enn fremur skal skipa tvo varamenn, tilnefnir bæjarfógeti annan, en bæjarstjórn hinn.
- B. Í hreppum er hreppstjóri sjálfkjörinn formaður skattanefndar, eða sá, er að lögum gegnir starfi hans (sbr. t. d. lög nr. 14/1934). Annan samnefndarmann hans tilnefnir sýslumaður, en hinn hreppsnefnd. Varamenn skulu og vera tveir, annar tilnefndur af sýslumanni, en hinn af hreppsnefnd. Varamenn taka sæti í nefnd, ef:

Skattanefndir í kaupstöðum.

Skattanefndir í sveitum.

1. Aðalmaður er óhæfur að taka þátt í meðferð máls (sjá 76. gr.).

2. Aðalmaður forfallast.

3. Aðalmaður deyr eða fer alfarinn úr nefnd. Eigi gegnir varamaður þó starfanum nema til bráðabirgða, því að skipa skal mann í stað hins dána eða hurtfarna þann tíma, sem hann átti eftir að vera í nefndinni. Sá kýs eða tilnefnir nýja nefndarmanninn, sem kaus eða tilnefndi hinn burifarna.

Í forföllum formanns kýs skattanefnd sér sjálf formann um stundarsakir.

Ef eigi eru nægilega margir aðalmenn og varamenn til samans hæfir til að fara með mál, þá verður sá eða þeir, sem hæfir eru, að biðja hreppsnefnd, ef hennar maður er vanhæfur, en ella sýslumann eða bæjarfógeta, að nefna mann eða menn til að fara með það mál.

Ályktunarfær er skattanefnd aðeins, ef allir þeir nefndarmenn eru á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda er þeim öllum skylt að greiða atkvæði. Meiri hluti ræður.

72. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra, og enn fremur varaskattstjóra til að gegna starfinu í forföllum hans.

Skattstjórar.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

Skattstjórar hafa sama vald og sömu skyldur sem skattanefndir eða eftir atvikum formenn skattanefnda.

Ákvæði 76. gr., um hvenær skattanefndarmenn skuli vikja sæti, gilda einnig um skattstjóra, og þar sem í þessari reglugerð er talað um skattanefndir, skyldur og réttindi þeirra, á það einnig við um skattstjóra, að því leyti sem við á.

73. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi (sýslu, kaupstað) skal vera yfirskattanefnd, skipuð þremur mönnum. Þó skal vera ein yfirskattanefnd fyrir sýslu og kaupstað, þar sem sami maður er sýslumaður og bæjarfógeti fyrir bæði lögsagnarumdæmin.

Yfirskattanefndir.

Utan Reykjavíkur eru bæjarfógetar og sýslumenn sjálfkjörnir formenn yfirskattanefnda, en fjármálaráðherra skipar báða hina. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd og 3 varamenn, og ákveður hver þeirra skuli

147 vera formaður. Hann kveður og til 2 varamenn í allar aðrar yfirsattanefndir, og 30. des. taka þeir sæti eftir því sem formaður ákveður. Ef formaður er óhæfur til meðferðar máls, setur fjármálaráðherra formann í hans stað til að fara með það mál.

74. gr.

Ríkisskattane- Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattane- og ákveður, hver skuli nefnd. vera formaður hennar. Hann skipar jafnmarga varamenn. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattane- skal hafa skrifstofu í Reykjavík.

Um 1.) hvenær varamenn taki sæti í yfirsattanefnd eða ríkisskattane- ef eigi eru til nógu margir hæfir, 2.) um kjör í stað látins eða burtfarins nefndar- manns, 3.) um hvenær yfirsattanefnd eða ríkisskattane- sé álykiunarfar og 4.) um afl atkvæða, gilda hliðstæð ákvæði og um skattane- sbr. 71. gr. B.

75. gr.

Skilyrði Enginn má eiga sæti í skattane- (yfirsattanefnd eða ríkisskattane-) nema fyrir setu í hann: skattane-.

- a. Hafi óflekkað mannorð, þ. e. hafi ekki verið sviptur kosningarétti og kjör- gengi til opinberra starfa með dómi.
- b. Sé fjárráður.
- c. Hafi nauðsynlegt vit og heilbrigði.
- d. Eigi heimili í skattumdæminu. Ríkisskattane- skulu eiga heimili í Reykjavík.
- e. Hafi náð lögaldri, þ. e. sé 21 árs gamall.
- f. Eigi má sami maður eiga á sama tíma sæti nema í einni skattane-, t. d. getur ekki sami maður átt sæti bæði í skattane- og yfirsattanefnd.
- g. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, systkini, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn mega ekki sitja saman hvorki sem aðalmenn eða varamenn í skattane-, yfirsattanefnd eða ríkisskattane-.

76. gr.

Skilyrði Enginn má taka þátt í meðferð máls í skattane-, yfirsattanefnd eða ríkis- fyrir skattane-, hvorki skattákvörðun né kærur, ef:

- a. Málið varðar hann sjálfan (tekjur hans eða annað, sem lýtur að ákvörðun á skatti hans). Því verður skattane-fermaður að vikja sæti, ef kæra varðar hann sem ákæranda eða kærðan.
- b. Málið varðar með sama hætti, þá sem honum eru svo nánir sem í g.-lið 75. gr. segir.

Auk þess er það rétt, að nefndarmaður viki af öðrum ástæðum, ef hætta er á að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu.

Nefndin úrskurðar öll, hvort nefndarmaður skuli vikja sæti.

77. gr.

Kjörtíma- Skattane-fermenn, bæði í skattane-, yfirsattanefnd og ríkisskattane- bil. (aðrir en hreppstjórar, bæjarstjórar og lögreglustjórar, sem sjálfkjörnir eru for- menn) skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðne-fermaður fer frá á vixl á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Tekur þetta einnig til varamanna. Þeir nefndarformenn, sem eigi eru sjálfkjörnir (formaður ríkisskattane-ferndar, for- maður yfirsattanefndar í Reykjavík og formenn yfirsattanefndar þar sem ekki er sérstakur bæjarstjóri), eru allir skipaðir til 6 ára, og fara eigi frá fyrr en að þeim tíma liðnum. Skattstjórar skulu og skipaðir til 6 ára. Nefndarman, sem

gengur úr, má skipa að nýju, og er rétt að endurkjósa menn, svo oft sem þeir gefa kost á því. 147
30. des.

Ef nefndarmaður deyr eða fer frá áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í hans stað fyrir þann tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Skattanefndir og yfirskattanefndir skulu jafnan fullskipaðar fyrir hver áramót.

Það er almenn borgaraskylda öllum þar til hæfum mönnum að taka sæti í skattanefnd, yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd. Undanþeginn er þó, að taka við kjöri eða tilnefningu:

Skylda til setu í skattanefnd.

1. Sá, sem er sextugur að aldri á kjördegi. Ef hann verður sextugur áður en kjörtímabil hans er á enda, þá á hann rétt á að fara úr nefnd. Hins vegar er honum skylt að sitja í nefnd kjörtímabil út, ef hann hefur tekið endurskipun eftir að hann varð sextugur, nema aðrar ástæður komi til, t. d. ellilasleiki.
2. Sá, sem hefur verið samfleytt 6 ár í nefnd, er ekki skyldur að taka sæti í henni fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann gekk úr nefndinni.
3. Sá, sem er öðrum háður sem hjú. Á bekk með hjúum má setja alla þá, sem ráðstafað hafa fyrir fram um langan tíma starfskröftum sínum í þarfir annarra, t. d. búðarmenn, skrifstofumenn ýmsa, o. s. frv.

78. gr.

Skattanefndir, yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd halda gerðabók. Í hana skal rita: Gerðabækur.

1. Stutta skýrslu um fundarefni og allt það helzta, sem fram fer á fundi.
2. Skattskrá. Þetta gildir þó aðeins um gerðabækur skattanefnda.
3. Heit nefndarmanna. Það heit skulu allir skattanefndarmenn, skattstjóri, yfirskattanefndarmenn og ríkisskattanefndarmenn vinna (þar með taldir varamenn), þeir, er eigi hafa áður unnið eið eða heit sýslunar- eða embættismanna. Heitið skulu þeir vinna á fyrsta fundi, sem þeir sitja á, og undirrita það í gerðabók nefndarinnar. Er það heit svo hljóðandi:

„Ég, N. N., skattanefndarmaður (yfirskattanefndarmaður, varaskattanefndarmaður o. s. frv.) í N.-hreppi (kaupstað, sýslu), lofa því hér með og legg við drengskap minn og heiður, að ég skal gegna starfi mínu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta lögmæltrar þagnarskyldu minnar um öll þau atriði, er varða hagi gjaldþegna og ég kemst að vegna starfs míns.“

Heit nefndarmanna.

Formönnum nefndanna ber að geyma vandlega og halda í reglu skjölum öllum og bréfum, sem þeim berast, svo og uppköstum eða eftirritum að bréfum, sem þeir láta frá sér fara.

Fjármálaráðuneytið lætur gera þessar bækur á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

79. gr.

Þóknun til skattanefnda, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Kaupskattanefnda.

80. gr.

Um laun skattstjóra og starfsliðs embætta þeirra og ríkisskattanefndar fer samkv. launalögum. Launskattstjóra.

Fjármálaráðherra úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

147

30. des.

IX. KAFLI

Um framtöl, endurskoðun og ákvörðun tekna og eigna.

81. gr.

Skylda til skýrslu-ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þeir beiðast og hægt er að láta þeim í té.

A. Hagstofa Íslands skal í desember ár hvert senda hverri skattanevnd eða skattstjóra skrá um alla þá menn, sem lögheimili eiga í viðkomandi umdæmi, enn fremur þá er þar hafa aðsetur.

B. Embættismenn og aðrir, sem störf hafa á hendi í almenningsþarfir, skulu afhenda:

1. Skýrslur um dánarbú og þrotabú, arfgreiðslur og fyrirframgreiðslur upp í arf, úthlutanir úr þrotabúum, þinglestur á afsölum, skuldabréfum og alls konar samningum, kaupmálum alls konar, matsgerðir, eftirrit af uppkveðnum dómum og úrskurðum (hrepptjórar, lögreglustjórar, borgardómari, borgarfégeti og sakadómari í Reykjavík).

2. Skýrslur um breytingar á firmaskrá, bifreiðaskrá og skipaskrá, seld verzlunarleyfi og iðnleyfi, gripaeign í kaupstöðum og kaupunum, skrár á launamiðum í tvíriti yfir lögskráningartíma sjómanna og vikufjölda slysa-trygginga sjómanna á bátum undir 12 smálestum brúttó, sbr. 39. gr. B. síðari mgr. (sýslumenn og bæjarfégetar, lögreglustjórar, skipaskráningarstjóri, bifreiðaeftirlit og borgarfégeti í Reykjavík).

3. Skrá yfir greiddan skatt (lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) og útsvör (bæjar- og sveitarsjóðir) enn fremur skemmtanaskatt og framleiðslutoll.

4. Breytingar á fasteignamatí fasteigna (hrepptjórar, sýslumenn og bæjarfégetar eða bæjarstjórar, í Reykjavík fasteignamatsnevnd).

5. Skýrslu um jarðabætur og jarðræktarframlag (búnaðarfélag, jarðabótafélag), skýrslu frá innflutningsskrifstofu um veittan innflutning o. s. frv.

C. Stjórnendum banka og sparisjóða og annarra lánsstofnana er skylt að gefa skattanevndum (skattstjóra) upplýsingar um allar innstæður gjaldenda í þessum stofnunum, svo og skuldir manna við þær, bæði almennt og um nafngreinda menn. Sé slíkum fyrirspurnum beint til banka eða sparisjóða af skattanevndum utan hrepps þess eða kaupstaðar, sem bankinn eða sparisjóðurinn hefur aðsetur í, er þó nauðsynlegt, að spurt sé um nafngreinda menn.

D. Stjórnendur hlutafélaga eru skyldir að gefa skattanevndum (skattstjóra) skrá yfir hluthafa félagsins og hlutfjáreign hvers þeirra um sig, ásamt úthlutuðum arði, hafi hann einhver verið, þar með talin frihlutabréf og annað, sem til arðgreiðslu getur talizt.

E. Allir sem hafa menn í þjónustu sinni, hvort sem þeir reka atvinnu eða ekki, eru skyldir að gefa skýrslu um, hvað þeir greiða hverjum manni, þar til teljast stjórnarlaun og ágóðapóknun, gjafir o. fl., enn fremur öll hlunnindi, sem veitt eru starfsmönnum, og allar kaupgreiðslur, bæði greiddar í peningum og peningavirði. Þetta tekur til allra fastra starfsmanna, svo sem hjúa, skrifstofumanna, búðarmanna, utan og innan búðar, og enn fremur daglaunamanna og annarra, sem eigi eru að staðaldri í þjónustu aðila. Skylt er að gefa skýrslu um kaup starfsmanna, þótt í beiðni um hana sé ekki sundurliðað um hverja starfsmenn sé spurt.

Fjármálaráðherra úrskurðar ágreining um skyldu manna til að láta af hendi skýrslur þær, sem umræddar eru í þessari grein. Skattanevnd ber því að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef henni er neitað um þær, eða dregið er um þörf fram að láta þessar upplýsingar í té.

82. gr.

147

30. des.

- Skylda til að telja fram tekjur og eignir hvílir á:
- A. Hverjum einstökum skattþegni fyrir sjálfan sig og konu sína, ef hjón eru samvistum. Hver fjárráða manneskja, heimilisföst eða til dvalar (ef skattskylda kann að vera) á Íslandi, er skyld að telja tekjur sínar og eignir.
- B. Fjárhaldsmönnum ber að telja fram fyrir þá sem ófjárráða eru eða sjá um að að það sé gert. Feður telja því fram fyrir börn sín, kjörbörn og fósturbörn.
- C. Fyrir bú (dánarbú, þrotabú), sem eru undir opinberum skiptum, hvílir framtalsskylda á skiptarétti, skiptaforstjórum eða skiptanefnd („in solidum“, ef fleiri eru). Ef erfingjar skipta sjálfir, þá hvílir skyldan á þeim „in solidum“. Enn fremur skal skýrsla gefin um tekjur og eignir bús, þegar lokið er uppgerð, enda nemi skuldlausar eignir 10 000.00 kr.
- D. Stjórn félags, sjóðs eða stofnunar skal telja fram eignir og tekjur þessara skattgreiðenda. Ef félag er heimilisfast erlendis (sjá 5. gr.), hvílir skyldan á aðalumboðsmanni þessi hér.
- E. Ef erlendis heimilisfastur maður á hér skattskyldar eignir, rekur hér atvinnu (verzlun, verksmiðju, útgerð, flutninga o. s. frv.) eða hefur hér eða héðan skaitskyldar tekjur (sjá 3. gr. 2. tölulið), þá hvílir skyldan á þeim, sem veitir atvinnufyrirtæki forstöðu, varðveitir eignirnar eða hefur tekjurnar undir höndum eða greiðir þær, nema aðili dveljist hér sjálfur eða hafi hér aðra umboðsmenn, sem annist framtal hans.

83. gr.

Setja skal mann á skattskrá ár hvert, þar sem hann á lögheimili samkvæmt allsherjarsþjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Þótt maður eigi eignir eða hafi tekjur víðar en í þeim hrepp eða kaupstað, sem hann er búsettur í, þá skulu allar þær eignir og tekjur taldar fram og skattur á þær lagður, þar sem heimilisfang hans er. Því skulu einnig innlend félög og stofnanir aðeins sett þar á skattskrá, sem heimilisfang þeirra er, enda skal þar og telja eignir og tekjur útibúa þeirra.

Hvar setja skal mann á skattskrá.

Setja skal á skattskrá utan heimils:

1. Erlend félög og stofnanir. Skal setja þau á skattskrá, þar sem aðalumboðsmaður þeirra er búsettur. Gildir þetta einnig, ef eignir eða tekjur eru víðar en þar, sem aðalumboðsmaður er. Ef enginn er aðalumboðsmaður þá ákveður fjármálaráðherra, hvar setja skuli félag á skattskrá.
2. Erlendis heimilisfastir menn, sem hér skulu skatt greiða, eru settir þar á skattskrá, sem eign þeirra er, eða þar sem þeir hafa tekjur. Útlendingur, sem á hlut í atvinnufyrirtæki, skal settur á skattskrá, þar sem það er. Þeir, sem taka laun eða styrklarfé úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum, sem ríkið á, skulu settir á skattskrá í Reykjavík. Ef þeir fá styrk úr öðrum sjóðum eða stofnunum, eða laun eða tekjur úr öðrum fyrirtækjum, þá skal setja þá í skatt, þar sem sá sjóður, stofnun eða fyrirtæki er, enda hafi fjármálaráðherra eigi ákveðið öðruvísi.
3. Séu menn hvergi heimilisfastir, skal skattleggja þá í Reykjavík.

Ef fram er talið fyrir þessa aðila, þá ber framteljanda að telja fram allar eignir þeirra og tekjur hér á landi, hvar sem þær eru, því að skatti skal svara af þeim öllum í einu lagi. Ef eigi er talið fram, þá skal skattanefnd bera það undir fjármálaráðherra til úrskurðar, hvar setja skuli aðila á skattskrá, ef nokkur vafi getur verið um það atriði.

Fjármálaráðuneytið sker úr öllum vafaatriðum og ágreiningi um það, hvar gjaldandi (innlendir eða útlendir, einstakur maður eða félag), skuli vera settur á skattskrá. Séu menn skattlagðir á tveimur stöðum, skal fella niður skattinn á öðrum staðnum eftir ákvörðun ríkisskattanefndar.

147

30. des.
Útsending
eyðublaða.

Skattanefndir og skattstjórar skulu senda eyðublöð undir framtalsskýrslur til allra þeirra, sem ætla má, að skattskyldir séu í umdæminu, og skal útsendingu lokið í kaupstöðum fyrir 10. janúar, en annars staðar á landinu fyrir 1. febrúar. Þeim, sem landbúnað stunda, skal send landbúnaðarskýrsla, útvegsmönnum, sem ekki eru bókhaldsskyldir, sjávarútvegsskýrsla, húsbyggingarskýrsla til þeirra, sem byggt hafa hús á skattárinu o. s. frv.

Framtalseyðublöð lætur fjármálaráðherra gera og sendir skattanefndum eftir þörfum, allt á kostnað ríkissjóðs, svo og önnur eyðublöð, sem til þurfa.

Jafnframt útsendingu framtalseyðublaða skulu skattanefndir (skattstjóri) senda öllum atvinnurekendum í umdæminu og öðrum, sem laun greiða, skýrsluform til útfyllingar um kaupgreiðslur þeirra á skattárinu, jafnt til innan- og utansveitarmanna. Einnig skal senda öllum hlutafélögum skrá til útfyllingar um hlutabréfaeign og arðsúthlutun á árinu. Eyðublöð til erlendis búsettra manna, ófjárráða manna, barna eða unglinga, dánar- og þrotabúa, skal senda þeim, sem skylt er að telja fram fyrir þessa aðila, sbr. 82. gr.

Þá sendir skattanefnd út önnur þau skýrsluform og beiðnir um upplýsingar, sem með þarf og mælt kann að vera fyrir um, svo sem þær upplýsingar, sem krafizt er í 81. gr. B.

85. gr.

Gera skal ráð fyrir, að þeir hafi fengið eyðublað, sem skattanefnd hefur sent það í pósti eða með boðbera. Sá, sem eigi fær eyðublað á tilsettum tíma, skal þá gera skattanefnd aðvart um það eða vitja þess til hennar. Enda þótt menn fái eigi eyðublað í hendur, leysir það þá eigi undan þeirri skyldu að telja fram eða gefa aðrar þær skýrslur, sem þeim má vera vitanlegt, að lögskylt sé að gefa.

Um hvernig
og hvenær
fram skuli
talið.

Hver sá, sem framtalsskyldur er sbr. 82. gr., skal fylla út framtalseyðublað eftir beztu vitund og skrá þar í tekjur sínar síðastl. ár (sbr. 11.—20. gr.), frádrátt (sbr. 21.—40. gr.), eignir og skuldir (sbr. 51.—60. gr.) og aðrar þær upplýsingar, er máli skipta eftir því, sem framtalsformið segir til um. Staðfestir hann síðan framtalið með undirskrift sinni (dagsetning, óskammstafað nafn og heimilisfang) og vottar að viðlögðum drengskap, að skýrslan sé gerð eftir beztu vitund. Þeir, sem láta fylgja framtali rekstrar- og efnahagsreikninga, skulu og staðfesta þá með undirskrift sinni eða þess, sem reikningana hefur samið. Reikningar félaga skulu og staðfestir af endurskoðendum þeirra ásamt framkvæmdarstjóra.

Framtalsskýrslur (ásamt tilheyrandi reikningum, landbúnaðarskýrslu, sjávarútvegsskýrslu o. s. frv.) skulu komnar:

a. Til skattstofu Reykjavíkur og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar.

b. Í hendur skattanefndar eða formanns skattanefndar annars staðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

Skattstjóri eða skattanefnd geta þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til að skila framtali til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa þó ekki að skila framtali fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annars staðar á landinu.

Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtölum fyrr en 30. júní.

86. gr.

Framtals-
aðstoð.

Skattanefndir (skattstjóri) eru skyldar til að veita skattþegnum aðstoð við að telja fram til skatts, þegar þess er talin þörf, enda eru og þeir skyldir til að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf til að framtal þeirra verði sem réttast. Eigi er þó skattanefndum skylt að aðstoða við framtöl til skatts eftir að framtalsfrestur er liðinn.

Allir þeir, sem eru bókhaldsskyldir, eru skyldir að láta fylgja framtali sínu **147**
 nákvæman rekstrar- og efnahagsreikning. Sama gildir yfirleitt um alla þá, sem **30. des.**
 hafa nokkurn verulegan atvinnurekstur með höndum. Þeir, sem landbúnað stunda, **Rekstrar-**
 gefi landbúnaðarskýrslu (sjá fylgiskjal) og útvegsmenn, sem ekki eru bókhalds- **og efnahagsreikn-**
 skyldir, útfylli sjávarútvegsskýrslu (sjá fylgiskjal). Enda þótt menn séu eigi bók- **ingur fylgi**
 haldsskyldir og reki atvinnurekstur í smáum stíl, ber skattaneftnd að gera þá kröfu, **framtali.**
 að þeir geri fulla grein fyrir brúttótekjum sínum og sundurliði rekstrarútgjöld
 sín eins og þurfa þykir.

Þeir, sem senda með framtali sínu rekstrarreikning og efnahagsreikning eins
 og að framan segir, skulu færa inn á framtalið aðeins lokaniðurstöðu reikning-
 anna, það er hreinar tekjur eða tap, hreina eign eða eignarhalla, en enga af þeim
 tekju-, gjalda-, eignar- og skuldaliðum, sem á reikningana eru færðir, skal færa
 inn á framtalseyðublaðið sjálfst.

87. gr.

Þegar lokið er framtalsfresti skulu skattaneftndir þegar hefja rannsókn og **Endur-**
 endurskoðun á framtölum. Verða þær þá að hafa aflað sér þeirra gagna, sem í **schoðun**
 81. gr. segir, eftir því, sem þörf krefur á hverjum stað, til samanburðar og hlið- **framtala.**
 sjónar við framtölin. Sumt af þessum upplýsingum er einfaldast að færa inn á
 framtölin, svo sem fasteignamat, greiddan skatt og útsvar og önnur slík gjöld.
 Skýrslur frá atvinnurekendum um greidd starfslaun skulu gefnar á þar til gerðum
 eyðublöðum — launaseðlum — sem eru þannig, að kaupgreiðslur til hvers einstaks
 starfsmanns eru tilfærðar á sérstökum miða, sem hægt er að festa við framtal hlutað-
 eigandi gjaldanda. Sama er að segja um skýrslur um arðsúthlutunar úr félögum.
 Þegar skattaneftnd er búin að telja saman uppgefnar launagreiðslur á launa-
 miðum og votta á samtalingarblöð launagreiðanda að rétt sé talið saman, eða
 geta um óuppgefin laun á samtalingarblöðunum, skulu þau ávallt límd við framtöl
 viðkomandi launagreiðanda. Yfirleitt eiga allar upplýsingar, sem aflað hefur verið
 viðvíkjandi hverju framtali, að fylgja því. Ef upplýsingar um framtöl eru þess eðlis
 að skila beri þeim aftur til framteljenda, svo sem afsalsbréf og bókhaldsfylgi-
 skjöl, ber skattaneftndum að skrifa það sem máli skiptir úr þeim á framtölin, eða
 láta afrit fylgja. Áritanir skattaneftndar á framtöl skulu vera með öðrum lit en
 skrift framteljenda. Upplýsingar, er skattaneftnd hefur aflað sér og varðar marga
 gjaldendur, svo sem um innlegg gjaldanda hjá verzlunum o. fl., skulu, ef þær eru
 ekki í því formi að fylgt geti framtali hvers gjaldanda fyrir sig, fylgja skattskrám
 til yfirskaðaneftnda og ríkisskattaneftndar.

Önnur undirbúningsstörf skattaneftnda á hverju skattári eru m. a. að ákveða
 verð á ýmsum hlunnindum, svo sem húsnæði, einkennisfatnaði og öðru, sem telst
 til launagreiðslu, einnig að meta til peningaverðs búsafurðir hjá þeim, sem land-
 búnað stunda, jarðabótadagsverk og aðra slíka tekjuliði, sbr. þó 17. gr. 1. tölulið.
 Enn fremur að gera tillögur til viðkomandi yfirskaðaneftndar um matsverð á mjólk
 og fæði til tekna og gjalda, sbr. 95. gr. 4. tölulið.

Um einstaka liði í skattaframtölum, ákvörðun tekna og frádráttar, eigna og
 skulda, vísast til þess, sem sagt er hér að framan í 11.—60. gr. Hér skal þó enn
 fremur dregið á nokkur atriði, sem skattaneftndum ber einkum að hafa í huga
 við athugun framtala.

A. Tekjur.

Um laun og aðrar framtaldar vinnutekjur ber að athuga, að þær komi **Tekjur.**
 heim við það, sem vinnuveitandi hefur gefið upp, og fá fullar skýringar, ef
 þar er eitthvert ósamræmi á milli eða ef vinnutekjur virðast óeðlilega lágar.
 Ef menn hafa haft atvinnu á fleiri stöðum en einum, er nauðsynlegt að til-

147
30. des.

greind séu nöfn launveitenda allra og sá tími, sem gjaldandi hefur unnið hjá þeim. Sérstakan vara þarf að hafa á því, að fram séu taldar launauppbætur og þóknanir ýmiss konar, sem oft eru ákveðnar eftir á, og aðrar aukatekjur. Sama er og um hlunnindi öll, að skattanefndir verða að fylgjast vel með, hverjir þau hafa, og meta þau til tekna. Húsaleigur og aðrar leigutekjur ber og að sundurliða eftir fögum og fá sem fyllstar upplýsingar um íbúðir þeirra, sem búa í eigin húsi. Gæta ber þess, hvort samræmi er í leigutekjum frá ári til árs og hvort þær mega teljast eðlilegar miðað við fasteignamat eða verðmæti eignarinnar og húsaleigu almennt á staðnum. Sé leiga talin töpuð, ber að nafngreina þann eða þá leigjendur, sem tapast hefur á, og færa sönnur fyrir tapinu.

Um vaxtatekjur ber að athuga, að þær svari til eignanna (bankainnstæður, verðbréf, útistandandi skuldir o. s. frv.), og verður í því sambandi að gæta þess, hvornig slíkar eignir kunna að hafa breytt á árinu. Verða skattanefndir að fá fullar upplýsingar um vaxtakjör. Þá verða og skattanefndir að fylgjast vel með öllum arðsúthlutunum úr félögum, sbr. 81. gr., og kaupum og sölum skuldabréfa og handhafabréfa til þess að ganga úr skugga um, hvort um affallatekjur er að ræða. Sömuleiðis um útdregin bankavaxtabréf. Sé eigi gefinn upp eigandi skulda- eða handhafabréfs, greiðir móttakandi vaxta tekjuskatt af þeim.

B. Frádráttur.

Frádráttur.

Mannahald kemur til frádráttar aðeins hjá þeim, sem atvinnu reka, nema ef ráðskonufrádráttur er samkvæmt 36. gr., eða menn hafa greitt af launum sínum fyrir aðstoð. Sama er um leigu, nema veittur sé frádráttur vegna skrifstofuhalds, sbr. 32. gr., ellegar hluta af leigu vegna íbúðar, sbr. 38. gr. Um framtaldar vaxtagreiðslur athugist fyrst og fremst, hvort þær eru í réttu hlutfalli við skuldir, hvort afföll eru innifalin og hvort nafngreindir eru skuldareigjendur. Sé það eigi og ekki úr því bætt, ber að strika út vexti af þeim skuldum. Séu vextir ógreiddir, ber að gera sér grein fyrir því, hvort þeir munu greiddir verða.

Viðhald skal sundurliða og gerð grein fyrir í hverju það er fólgið, ef um verulegar upphæðir er að ræða. Fyrning fasteigna reiknuð samkvæmt fasteignamati. Greiddir skattar og slík gjöld skulu sannprófuð eftir þeim skýrslum, sem skattanefnd ber að hafa þar að lútandi, og athugað um greidd iðgjöld og félagsgjöld, að þau fari ekki yfir lögákveðið hámark.

Um ómagafrádrátt allan skal þess gætt, að fullar upplýsingar séu fyrir hendi: nafn ómaga, aldur og heimili og gengið úr skugga um, að þær upplýsingar séu í samræmi við manntal umdæmisins og að gjaldandi eigi rétt á frádrætti hans vegna.

C. Eignaframtal.

Eignir.

Um fasteignir skal þess gætt, að þær séu taldar með fasteignamati. Mannvirki í smíðum skulu þó talin fram á kostnaðarverði. Búpeningur skal metinn samkvæmt því mati, sem ríkisskattanefnd hefur sett. Hlutabréf og önnur verðbréf skulu sundurliðast í framtali með tilgreindu nafnverði þeirra. Sundurliðun ber og að fá yfir útistandandi skuldir ásamt vaxtakjörum. Skattanefnd ber að athuga rækilega allar upplýsingar um kaup og sölu fasteigna og annarra eigna á árinu, kostnaðarverð nýrra eigna o. s. frv., bera þær upplýsingar saman við framtölin og athuga um sölugróða í því sambandi.

Skattanefnd ber að sjá um, að taldir séu eigendur að öllum skuldum og gæta þess, að skuldafjárhæðir komi heim við það, sem skuldheimtumaður telur fram, svo og vaxtagreiðslur.

D. Athugun á framtölum atvinnurekenda.

Skattanefnd ber að rannsaka vandlega framtöl atvinnurekenda og rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra. Enda þótt atvinnurekandi sé eigi bókhaldsskyldur, verður skattanefnd að gera kröfu til þess, að hann gefi yfirlitsreikninga um tekjur sínar og gjöld, eignir og skuldir, eins sundurliðað og nákvæmt og kostur er á. Gildir þetta um alla þá, sem einhvern atvinnurekstur stunda, sbr. 12. gr. Einkum verður að ganga ríkt eftir því, að gerð sé grein fyrir „brúttó“ tekjum í hverju einstöku tilfelli og frádráttur allur sundurliðaður.

Ef rekstur framteljandans er margþættur, þurfa að fylgja aðalrekstursreikningi sérrekstursreikningar fyrir hvern þátt rekstursins, svo sem reikningur fyrir hvert skip, ef um útgerð fleiri en eins skips er að ræða, sérreikningar fyrir bíla- verkstæði, síldarsöltun o. s. frv. Það er ekki nægilegt, að aðeins komi fram á rekstrarreikningi hreinar tekjur (eða tap gjaldamegin) á hinum einstöku þáttum atvinnurekstursins. Rekstrarreikningur verzlunar þarf að sýna, auk vörusölu og vörukaupa á árinu, vörubirgðir í ársbyrjun og í árslok, eða vörureikningar, sem sýna þessi atriði, þurfa að fylgja aðalrekstursreikningi. Séu vörubirgðir ekki taldar fram á raunverulegu kostnaðarverði, þarf að sýna hvernig þær eru metnar og hve miklu afskrift þeirra nemur að hundraðstölu, svo unnt sé að gæta þess að vörubirgðir séu afskrifaðar jafnt frá ári til árs. Gæta þarf þess, að allar tekjur komi fram á rekstrarreikningi, einnig þær, sem varið er til aukningar sjóða. Vaxtatekjur þurfa að koma fram sérstaklega, og vextir til gjalda, en ekki aðeins vaxtamismunur. Þess þarf að gæta, að birgðir í árslok af kostnaðarvörum (svo sem kolum, tunnum, efnivörum til iðnaðar, sem ætlaðar eru til notkunar hjá atvinnurekanda sjálfum) séu dregnar frá gjöldum á rekstursreikningi og að þær séu taldar til eigna á kostnaðarverði. Þarf því rekstursreikningur, eða sérstakir kostnaðarvörureikningar, að sýna birgðir frá fyrra ári, keyptar kostnaðarvörur á árinu og birgðir til næsta árs, auk vörunotkunar á árinu.

Gæta þarf þess að efnahagsreikningar séu vel sundurliðaðir, þannig að unnt sé að fylgjast með hverri eign fyrir sig frá ári til árs. Þeir eiga að sýna hvernig bókfært verð er reiknað, þ. e. kostnaðarverð eigna, afskriftir fyrri ára og afskrift reikningsársins. Hjá stærri fyrirtækjum getur verið hentugra að krefjast þess, að sérstakar fyrningarskýrslur fylgi efnahagsreikningi, svo sem ef sumar fasteignir þeirra eiga að fyrnast af kostnaðarverði, en aðrar af fasteignamati, eða ef fyrirtækið á marga bíla eða vélar. Skattanefnd ber að leitast við að fá sem beztan samiburð á milli hliðstæðra atvinnurekenda eða gjaldenda í sömu starfsgreinum, t. d. um álagningu verzlunar- og framleiðslufyrirtækja, helztu kostnaðarliði og rekstrarútkomu yfirleitt.

Sérstakar gætur verður að hafa á því, einkum þegar einstakir menn eiga í hlut, að öll viðskipti þeirra við eigið fyrirtæki séu réttilega bókfærð, t. d. vöruúttekt úr verzlunar- og framleiðslufyrirtæki, og að engin einkaútgjöld hans séu færð rekstrinum til gjalda.

Hjá félögum verður sérstaklega að fylgjast með breytingum á sjóðum þeirra (varasjóðir, byggingasjóðir, fyrningarsjóðir o. s. frv.) og ráðstöfun tekna, arðsúthlutunum, vaxtagreiðslum af sameignarfé o. s. frv.

E. Hvenær sem er getur skattanefnd krafizt þess að framteljendur leggi bókhaldsgögn sín fyrir hana, einstaka nefndarmenn eða reikningsfróða menn utan nefndarinnar, enda séu þeir ekki keppinautar framteljenda. Á sama hátt getur skattanefnd krafizt að þeir, sem stunda sjálfstæða atvinnu og eru ekki bókhaldsskyldir, láti í té gögn þau, er framtal var samið eftir.

Til þessara rannsókna skal aðeins velja reikningsfróða og valinkunna menn, er úrskurða mættu mál þess, er þeir eiga að skoða hjá, ef þeir væru sjálfir í skatta-

147

30. des.
Framtöl
atvinnu-
rekenda.Bókhalds-
skoðun.

147
30. des.

nefnd. Þóknun endurskoðenda greiðist samkv. reikningi, er formaður yfirskattaneftndar úrskurðar og greiðir með sama hætti sem reikninga skattaneftndar. — Skattaneftndum ber sjálfum að skoða bækur og reikninga, nema að sérstaklega standi á (margbrotin eða vafasöm reikningsfærsla, tímaskortur skattaneftndar o. s. frv.), enda skipti rannsóknnin verulegu máli um skatthæð.

Þeir, sem skattaneftnd felur rannsókn þessa skulu vinna nefndinni drengskaparheit um að gæta þagnar um það, sem þeir verða áskynja um varðandi hagi gjaldenda, svo og að vinna starfann með trúmennsku og samvirkusemi.

Eigna-
hreyfing,
lífeyrir.

F. Við athugun á framtölum gjaldenda, bæði einstaklinga og atvinnufyrirtækja, er nauðsynlegt að hafa til samanburðar framtöl þeirra frá næsta ári á undan.

Auk þess, sem nefndunum er skylt að gefa gaum að hverju einstöku atriði framtals, ber þeim að huga sérstaklega að, hvort samræmi er á milli efnahags gjaldþegns í ársbyrjun og í árslok samkvæmt framtölum miðað við framtaldar hreinar tekjur eða tap og sennilega eigin eyðslu. Er sá samanburður oft bezt leiðarvisir skattaneftnda um það, hvort tekjur eru rétt fram taldar. Það er því fyrsta skilyrði fyrir framkvæmd skattalaganna, að eignir og skuldir séu rétt fram taldar hjá öllum gjaldendum, hvort sem þeir ná skatti eða ekki. Efnahagsbreytingar manna eru síðan notaðar sem bendingar um það, hvort tekjur eru rétt fram taldar.

Komi það í ljós t. d., að gjaldþegn eykur hreinar eignir sínar um hærri fjárhæð en sem svarar hreinum tekjum að frádreginni sennilegri eigin eyðslu, þá verður af því dregin sú ályktun, að hann hafi haft meiri tekjur en fram eru taldar.

Þegar reiknaðar eru út hreinar tekjur í þessu sambandi, ber að miða við hreinar peningatekjur. Þá ber að athuga, að húsaleiga í eigin húsi er ekki peningatekjur og fyrning af fasteignum ekki peningaútgjöld, og eins getur verið um fleiri tekju- og gjaldaliði. Við samanburð þennan ber að sjálfsgöðu að fara eftir hreinum breytingum á efnahag manna og verður því að taka tillit til þess, ef eignir hafa aukizt eða lækkað af ástæðum sem eru tekjum gjaldanda óviðkomandi. Má þar nefna:

1. Breytingar á mati eigna, t. d. fasteignamati, matsverði verðbréfa eða útistandandi skulda, sem ekki snerta rekstur, mat búpenings, mat innanstokksmuna o. fl.
2. Eignir hafa aukizt eða skuldir lækkað vegna atvika, sem eigi koma tekjum við, t. d. sala fasteignar, sem hefur verið í eigu gjaldþegns meira en 5 ár eða sala lausafjár, t. d. hlutabréf, kaup og sala innanstokksmuna (t. d. keyptir og metnir minna) skuldir verið eftirgefna, arftaka eða fyrir framgreiðsla upp í arf, séreign konu fengin við giftingu, afföll tekin eða gefin, skipt á 5 ár, áfallnar ábyrgðir, seldur „goodwill“ o. s. frv., auk þess sem verið getur að eignir eða skuldir hafi ekki verið rétt tilfærðar.

Ef áætla þarf eigin notkun, ber að taka tillit til fjölskyldustærðar, greiddrar húsaleigu, veikindakostnaðar, ómagafjölda nokkur undanfarin ár og annarra ástæðna, sem fyrir hendi eru, og skattaneftnd eru kunnar. Hjá einstaklingum t. d. hvort þeir hafa sameiginlegt húshald við fjölskyldu sína.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fá sem fyllstar upplýsingar um kaupverð eða kostnaðarverð eigna, einkum fasteigna. Hafi t. d. bílstjóri keypt og selt bíl á árinu, verður að vita um kaup- og söluverð. Þegar hús er keypt eða selt, ber að athuga, hvort það er greitt að einhverju leyti með verðbréfum, sem hafa getað verið keypt með afföllum. Ef gjaldandi hefur byggt hús á árinu, ber að fá uppgefið kostnaðarverð þess sundurliðað, þar sem talin afföll á lánnum. Kostnaðarverð er venjulega svipað og brunabótamatsverð. Sé hús byggt á tveimur árum eða fleirum, verður að athuga árin sameigin-

lega. Sé kostnaðarverð eigi gefið upp eða verði eigi um það vitað, verður að áætla það. 147

30. des.

Í sambandi við eignabreytingar þeirra, sem landbúnað stunda, ber að athuga, að hjá þeim er fæðiskostnaður fólks reiknaður út eftir föstum reglum, og ekki hægt að reikna hann út raunverulega, og getur það haft áhrif á eignabreytingar þeirra. Sama er um aðra atvinnurekendur, sem hafa starfsfólk í fæði á heimili sínu.

Hjá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, á eignahreyfingin að vera sýnd nákvæmlega í höfuðstólsreikningum þeirra, og ber að sjá um, að það sé gert.

Það skal tekið fram, að þótt fyrirtæki séu rekin með tapi, er eigi að síður nauðsynlegt að rannsaka framtöl þeirra og eignabreytingar, enda getur farið svo, að tapið verði síðar dregið frá tekjum, sbr. 30. gr.

Ef tekjur standast eigi miðað við eignaaukningu, ber að leita skýringa á því, og fáist þær ekki fullnægjandi verður að áætla tekjur, sbr. 89. gr.

88. gr.

Skattanefnd leiðréttir framtöl og fullgerir þau í samræmi við gildandi lög og fyriræmi og eftir þeim heimildum og upplýsingum, sem henni berast. Breytingar
án tilkynningar eða
fyrirspurnar.

Eftirfarandi atriðum er skattanefnd heimilt að breyta, án þess að tilkynna gjaldendum sérstaklega.

1. Ef framteljandi hefur talið sér til tekna tekjuliði, sem tvímælalaust heyra eigi undir tekjur til skatts, eða fært til frádráttar greiðslu eða gjaldaliði, sem eigi snerta skatttekjur hans, er skattanefnd heimilt að fella niður þá liði úr framtalinu. Af slíkum tekjuliðum má nefna:

Vinning í skattfrjálsu happdrætti, seldar eignir eða muni, sem eigi teljast til ágóða af seldum eignum, tekjur barna, sem eru sjálfstæðir framteljendur, greiðslur vegna arfs, o. s. frv. Af gjaldaliðum má nefna: Kaup og fæði vinnukonu, eigin húsaleigu, greiðslu fyrir fæði og slík persónuleg útgjöld, afborganir skulda o. s. frv., sbr. þó 36., 38. og 39. gr. A.

2. Ef framteljandi hefur talið sér til eignar eign, sem honum er óviðkomandi, t. d. séreign barna eða eign, sem eigi er skattskyld, svo sem bókasafn. Enn fremur ef taldar eru til skuldar fjárhæðir, sem eigi má draga frá, t. d. skuld við eigin konu, áfallnar ábyrgðir, veðleyfi o. þ. h.
3. Ef gjaldandi hefur sleppt að færa einhvern lið í framtali sínu, þannig að það stafi auðsjáanlega annaðhvort af óaðgæzlu eða gleymsku, ellegar hann ætlast til, að sá liður sé færður af skattanefnd (skattstofu), eftir þeim gögnum, sem henni berast, enda leiki eigi vafi á um þau atriði.

Má þar nefna:

- a. Í tekjum: Uppgefin laun og hlunnindi fastra starfsmanna (t. d. vísað í uppgjöf atvinnurekenda), eigin húsaleigu, þegar framteljandi notar allt hús sitt sjálfur, greiddan arð frá hlutafélagi o. þ. h.
 - b. Í gjöldum: Frádráttur vegna heimilisaðstoðar, húsaleigufrádráttur, fyrning fasteignar, tryggingariðgjald o. þ. h.
 - c. Eignir: Fasteignamat fasteignar, hlutabréfaeign (skv. hlutafjáruppgjöf), innanstokksmunir o. þ. h.
 - d. Önnur atriði: Þar má nefna, ef gjaldandi t. d. getur eigi um konu sína og ómagafjölda eða þ. h.
4. Ef þeir liðir framtals, sem um ræðir í 3. tölul. a—d., hafa verið tilfærðir á framtalinu, en eru í ósamræmi við gildandi ákvæði eða við þær heimildir, sem skattstofan hefur í höndum, t. d. fyrning af steinhúsi sett 2% í staðinn fyrir 3%, greiddur skattur tilfærður t. d. kr. 500.00 í staðinn fyrir kr. 400.00

147
30. des.

o. s. frv., má lagfæra það án tilkynningar. Hér fellur einnig undir, ef frádráttur fyrir heimilisaðstoð, iðgjöld og félagsgjöld fer yfir löglegt hámark.

Ef verulegur munur er frá því, sem fram er talið og upp er gefið, ber skattanevnd að fullvissa sig um hið rétta eða tilkynna gjaldanda. Og ef nokkur vafi getur leikið á um framangreind atriði, ber að leita upplýsinga um það hjá aðilum.

Nú reynast þær heimildir, er skattanevnd (skattstjóri) hefur farið eftir við leiðréttingu framtals rangar, og skal hún þá leiðrétta það af sjálfsdáðum eða við kærú, þótt hún komi eigi fram fyrr en kærufrestur er liðinn.

5. Mat á hlunnindum, svo sem fæðisdögum, fatnaði, húsnæði o. þ. h. Enn fremur mat búpenings, og opinberra verðbréfa, enda sé það metið samkv. settum reglum.
6. Ef skattanevnd, yfirsattanevnd eða rikisskattanevnd hafa fellt fullnaðarúrskurð um eitthvert atriði í sambandi við tekjur eða eign gjaldanda, er skattanevnd eigi skylt að tilkynna á næsta ári, ef hún fylgir þeim úrskurði t. d. um mat á eigin húsaleigu, leyfðan frádrátt fyrir húsaleigu heima, frádrátt fyrir þingmennsku, mat hlunninda og hlutabréfa, enda ástæður óbreyttar.
7. Ef framtöl eru of seint fram komin eða eftir þann frest, sem leyfður hefur verið, er ekki skylt að tilkynna þær breytingar, sem á framtali eru gerðar.
8. Ef gjaldanda hefur verið send viðtalsboðun eða fyrirspurn um eitthvert atriði viðvikjandi framtali, og hann mætir eigi til andsvara né sendir fullnægjandi skýringar, sbr. 89. gr.
9. Ef framtalið er aðeins til málamyndar eða í rauninni sama sem ekkert framtal, sbr. 90. gr.
10. Ef nefnd er eigi kunnugt um dvalarstað gjaldanda, eða hann er erlendis og hefur eigi umboðsmann hér.

Tilkynningar má gefa í viðtali, bréflega eða simleiðis. Nægilegt er að tilkynna þeim, sem í umboði framteljanda, mæta fyrir skattanevnd til viðtals eða endurskoðanda, sem framtal hefur gert.

Enda þótt skattanevnd séu gefnar nokkuð rúmar hendur um breytingar framtala, er henni þó skylt að gæta þess að brjóta eigi rétt á skattþegnum, og gera þeim aðvart um leiðréttingar, ef hún er eigi viss í sinni sök, og að sjálfsögðu er gjaldendum heimilt að athuga framtöl sín, hvenær sem er.

89. gr.

Tilkynningar- skylda. Skattanevnd er skylt að boða gjaldendur til fundar við sig eða senda þeim skriflegar fyrirspurnir, og krefjast fullra skýringa:

1. Ef framtal er ófullnægjandi, t. d. ef rekstrarreikning vantar frá þeim, sem þá eru skyldir að gefa, eða aðrar lögboðnar fylgiskýrslur með framtali, ef upplýsingar er þörf viðvikjandi einstökum liðum í framtali eða vafi þykir leika á um einhver atriði, sem snerta ákvörðun skattskyldra eigna og tekna.
2. Ef framtal er tortryggilegt, t. d. óeðlileg rekstrarútkoma fyrir tækis, tekjur standast eigi, miðað við eignaraukningu, eða eignarrýrnun er óeðlileg o. s. frv., (enda þótt einstakir liðir framtalsins séu eða virðist vera í lagi), eða nefndin telur þörf nánari skýringar á einhverju, sem snertir hag gjaldanda.
3. Ef framtal er rangt í einhverjum atriðum, svo að um tilraun virðist vera að ræða til þess að draga undan tekjuskatti eða eignarskatti. Viðtalsáskorun og fyrirspurnir skulu skriflega gerðar og með þeim fyrirvara, sem skattanevnd telur nauðsynlegan á hverjum stað, þó eigi lengra en svo, að skattskrá verði lokið á lögætum tíma. Getur aðili látið hvern sem er mæta fyrir sína hönd, er hann gefur umboð til þess.

Skattþegnum er skylt að svara fyrirspurnum skattanevndar eins rækilega

og þeim er unnt, og láta henni í té allar upplýsingar og skýringar, sem um 147 er beðið og þeim er unnt að gefa. 30. des.

90. gr.

Nú fullnægir gjaldandi ekki skyldum sínum samkv. 82. gr. og 85. gr., eða bætir 0full-
eigi úr göllum á framtali þrátt fyrir áskorun skattanefndar, sbr. 89. gr. og skal þá nægjandi
ákvarða tekjur hans og eignir samkv. því, sem segir í 109. gr. eða röng
framtöl,
breytingar
eftir á.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá einhverju er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt og skal þá beita ákvæðum 110. gr. Komi í ljós eftir á að tekjur eða eign hefur verið of lágt áætluð, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengur en 5 ár aftur í tímann.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti og öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um skattskrár, kærur, fresti, úrskurði, störf yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, eftirlit o. fl.

91. gr.

Skattanefnd skal gera skrá um alla þá í umdæmi hennar, sem svara eiga tekju- Hvað
skatti eða eignarskatti eða hvoru tveggja. Kallist hún skattskrá, og lætur fjármála- greina skuli
ráðuneytið gera sérstök eyðublöð fyrir hana. í skattskrá.

Skattskrá skal greina:

1. Nafn, stöðu og heimilisfang gjaldanda.
2. Heildartekjur samkv. 11.—20. gr., almennan frádrátt samkv. 21.—40. gr.
3. Hreinar tekjur.
4. Frádrátt samkv. 41.—48. gr.
5. Skattgjaldstekjur.
6. Skattgjaldseign.
7. Tekjuskatta.
8. Eignarskatt.
9. Skatta samtals.

Á skattskrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina þau atriði, sem talin eru í 1., 7., 8. og 9. töluliðum.

Enn fremur gerir skattanefnd skrá yfir tekjur og eignir þeirra framteljenda, er eigi ná tekju- og eignarskatti, og heitir það skrá um skattlausu.

92. gr.

Skattanefnd skal hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og gengið að fullu frá Fram-
skattskrá fyrir lok marz mánaðar ár hvert, og skráin lögð fram eigi síðar en 1. dag lagning
aprilmánaðar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó eigi að vera lögð fram fyrir en 25. dag skattskrár.
maímánaðar. Skrána skal leggja fram: Í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í bæjarþingstofu eða skattstofu. Ber skattanefnd þegar að auglýsa fram- Auglýsing.
lagningu skattskrár, á götum, bæjarþingstofu og skrifstofu bæjarfógeta í kaup-
stöðum og í hreppum með auglýsingu festri á þinghúsið. Enn fremur með götu-
auglýsingum í kaптúnum og birtingu á samkomum í sveitum eftir hentugleikum.
Skráin skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur.

147

30. des. Sérhver gjaldandi getur snúið sér til skattanefndar eða skattstjóra og fengið vitneskju um, eftir hverju hefur verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna. Ef eignir og tekjur hafa verið settar samkvæmt framtali skattþegns að öllu, þá er engra upplýsinga þörf í þessu skyni. Annars kostar verður formaður skattanefndar að skýra aðila stuttlega frá þessu, og er eigi skylt að gera það skriflega.

93. gr.

Kærun til skattanefnda og skattstjóra. Rétt er skattgreiðanda að kæra til skattanefndar, ef hann er óánægður með gerðir hennar. Kæra skal vera skrifleg og komin í hendur formanni nefndarinnar, eða á þann stað, sem hún tiltekur, í síðasta lagi 15. apríl, kl. 12 á miðnætti. Í Reykjavík skulu kærun vera komnar í bréfastofu skattstofunnar innan 14 daga, frá því að skráin er lögð fram, það er í síðasta lagi kl. 12 á miðnætti að kvöldi þess dags, er skráin liggur síðast frammi. Ella verður kæra eigi tekin til greina af skattanefnd. Rita skal á kærun, hvenær þær eru móttæknar.

Heimilt er þó skattanefnd að taka til greina munnlegar kærun, ef um augljósar reikningsskekkjur eða þess konar er að ræða.

Kæra má gjaldandi:

- Um heimild gjaldanda að kæra.
1. Ákvörðun um tekjur hans sjálfs eða eignir, þar á meðal um frádrátt allan og um viðurlög eftir 89. og 90. gr., að honum séu ranglega taldar tekjur eða eignir, um útreikning skatts, t. d. eftir ákvæðunum um félög, um heimilisfestu og skattskyldu, svo og um sérhvert atriði á skattskránni, sem varðað getur hagsmuni hans.
 2. Að skattskyldum manni sé sleppt af skattskrá eða eignir annars manns eða tekjur, annaðhvort eða hvort tveggja, sé of lágt talið, og skattur ákveðinn of lágt af þeim sökum eða öðrum.
- Enginn getur kært, nema hann sé gjaldandi (þ. e. á skattskrá), en það nægir, að hann sé annaðhvort greiðandi tekjuskatts eða eignarskatts.

Kærandi skal, í sem stytztu máli, gera grein fyrir, hvað hann telur rangt í skattskrá, og hvers vegna hann gerir það.

Úrskurðir. Jafnskjótt sem kærufrestur er liðinn, kveður formaður nefndarmenn á fund til að úrskurða kærun, og enn fremur kærendur eða þá, sem kært er yfir, ef ástæða þykir til eða frekari skýringa þarf við, enda séu þeir búsettir í skattumdæminu eða hafi þar umboðsmenn, sem nefndinni er kunnugt um. Skattanefnd á að hafa úrskurðað allar kærun í síðasta lagi 30. dag aprílmánaðar, í Reykjavík 15. dag júnímánaðar, og skal aðilum þegar skýrt skriflega frá úrslitum.

Leiðrétting skattskrár. Skattanefnd skal síðan leiðrétta skattskrána samkvæmt þeim úrskurðum, sem hún hefur fellt. Skal tilfæra breytingarnar við nöfn þeirra í skránni, sem skattur hefur breytt hjá, og auk þess skal setja alla, sem skatti hefur verið breytt hjá eða bætt við, á aukaskrá. Skattanefnd skal síðan tafarlaust senda yfirskattanefnd skattskrána, ásamt framtalsskýrslum, aukaskattskrá, skrá um skattlausu, gerðabók og öðrum gögnum.

94. gr.

Störf yfirskattanefnda eru þessi:

- Störf yfirskattanefnda. Skattkærun.
1. Að úrskurða skattkærun. Þeir, sem kært hafa fyrir skattanefnd, og þeir, sem kært er yfir (sbr. 94. gr.), geta skotið málinu til yfirskattanefndar, ef þeir una ekki við úrskurð skattanefndar. Kæra skal vera bréfleg og færð rök fyrir henni, en eigi þarf kærandi að láta fylgja kærú gögn þau, sem skattanefnd hefur haft, því að hún skal afhenda þau yfirskattanefnd. Kærun verða að vera komnar í hendur formanni yfirskattanefndar utan Reykjavíkur fyrir kl. 12 á miðnætti 14. dag maímánaðar, en í Reykjavík 29. dag júnímánaðar. Ella verða þær ekki

teknar til greina, nema þess sé þörf samkvæmt 2. tölul. að neðan, þó er yfirskattanevnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram: 147

30. des.

- a. ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi eigi haft tók á að kæra, áður en kærufrestur var úti, vegna fjarveru eða annarra forfalla;
- b. ef um er að ræða leiðréttingar á augljósum reiknings skekkjum við ákvörðun skatts.

Nefndin skal þó leita álits skattanevndar eða skattstjóra um kærur þessar.

Úrskurðum yfirskattanevndar á kærur skal lokið utan Reykjavíkur fyrir lok maímánaðar og í Reykjavík fyrir 15. júlí.

2. Að úrskurða, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir um línun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er um ræðir í 50. gr. Ívilnun sbr. 50. gr.
3. Að úrskurða kærur yfir úrskurðum niðurjöfnunarnevnda á útsvörum, samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör. Útsvars-kærur.
4. Að ákveða verð á fæði, mjólk o. fl. til skatts fyrir hver áramót, eftir tillögum skattanevnda. Mat.
5. Að hafa eftirlit og umsjón með störfum skattanevnda, skulu þær endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu, rannsaka framtalsskýrslur og ganga ríkt eftir því, að skattanevndir gegni skyldum sínum og framkvæmi rétt ákvæði skattalaga og reglugerðar þessarar. Eftirlit.

Sérstaklega skal það brýnt fyrir yfirskattanevndum að gæta samræmis milli framtals manna og ákvörðunar eigna, tekna og frádráttar innan skatthéraðsins.

Ef yfirskattanevnd virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskrá, að einhver sé vantalinnt eða tvítalinn á skrá o. s. frv., þá getur hún krafizt nánari skýringar. Er skattanevndum skylt að veita henni alla þá aðstoð og þær upplýsingar, sem þær geta. Enn fremur hefur yfirskattanevnd sama vald sem skattanevndir til að krefjast skýrslna af einstaklingum, félögum og stofnunum. Yfirskattanevnd lagfærir og leiðréttr skattskrárnar eins og henni þykir rétt vera. Jafnan skal hún þó gefa þeim, sem breyting varðar, kost á að láta í té umsögn sína um atriðið.

Breytingar á skattskrá.

96. gr.

Yfirskattanevnd tilkynnir gjaldendum bréflaga, strax og hún hefur lokið störfum: Til-

- a. Úrskurði á kærur, sbr. 95. gr., tölul. 1. kynningar-
- b. Ívilnun í skatti samkv. 50. gr. skylda.
- c. Aðrar breytingar, sem hún kann að gera á skattgreiðslum eða skattskrá, sbr. 95. gr., tölul. 5.

Einnig skal hún tilkynna hlutaðeigandi skattanevnd allar ofantaldar breytingar.

Yfirskattanevndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og annars staðar á landinu fyrir lok maímánaðar, þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanevndum frest til að ljúka störfum, ef um er að ræða stórfelldar breytingar á skattskrá.

Yfirskattanevnd sendir innheimtumanni skattsins skattskrá, ásamt aukaskrá til innheimtu. Þá endursendir hún skattanevndum gerðabækur þeirra, ásamt athugasemdum. Enn fremur sendir hún rikisskattanevnd afrit af skattskrá, aukaskrá skattanevnda, aukaskrá niðurjöfnunarnevnda og skrá um skattlausu, ásamt framtalsskýrslum og öðrum meðfylgjandi gögnum.

97. gr.

Starfssvið rikisskattanevndar er:

- A. Að úrskurða skattkærur. Úrskurðum yfirskattanevnda á kærur má áfrýja til rikisskattanevndar. Störf rikisskattanevndar. Úrskurðir á skattkærur.
- Kæra skal vera skrifleg og komin til nefndarinnar fyrir júlilok. Berist kæra eigi til nefndarinnar fyrir lögmætan tíma eða hafi eigi verið kært til skattkærur.

147
30. des.

skattanefndar og yfirskattanefndar, verður kæru eigi sinnt. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið við að úrskurða kærur úr Reykjavík fyrir lok septembermánaðar og kærur annars staðar að fyrir lok nóvembermánaðar.

Eftirlit. B. Að hafa eftirlit með störfum skattanefnda og yfirskattanefnda og fylgjast með því, hvort þær gegna skyldum sínum og framfylgja settum reglum. Enn fremur skal nefndin leiðbeina skattanefndum og yfirskattanefndum um starf þeirra og yfirleitt allt, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur.

Nefndin fær send skattframtöl úr öllum skattumdæmum samkvæmt 96. gr., ásamt skattskrám og öðrum gögnum. Skal nefndin eða starfsmenn hennar endurskoða skattskrár og rannsaka framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd skal og vinna að því að samræma skattframtöl og skattákvörðun í hinum einstöku umdæmum. Getur hún af eigin hvötum rannsakað og úrskurðað um hvert það atriði, er varðar framkvæmd skattalaganna og reglugerðar þessarar og breytt af sjálfsdáðum ályktun skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt eigi hafi verið kært yfir. Jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart, áður en hún breytir skattgjaldi þeirra, hafi þeir eigi kært.

Skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum er skylt að veita ríkisskattanefnd allar þær upplýsingar, sem hún beiðist. Sama er um einstaka gjaldendur, lánsstofnanir og aðra þá, er um ræðir í 81. gr. Hins vegar geta skattanefndir allar snúið sér til ríkisskattanefndar með fyrirspurnir um hvers konar vafaatriði.

Einnig skulu nefndarmenn, eða aðrir sérfróðir menn í umboði þeirra, ferðast á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, þegar við verður komið, leiðbeina þeim og starfa í samráði við þær. Skattstjórar skulu og annast þetta eftirlit og leiðbeiningastarfsemi í umboði fjármálaráðuneytis og ríkisskattanefndar, eftir því sem nánar verður ákveðið.

Mat. C. Ríkisskattanefnd skal á 5 ára fresti meta búþening til eigna sbr. 57. gr. C.
Útsvarskærur. D. Enn fremur skal ríkisskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirskattanefnda um útsvör samkv. fyrirmælum útsvarslaga.

98. gr.

Tilkynningar. Ríkisskattanefnd sendir hlutaðeigandi innheimtumanni skrá yfir þær breytingar, sem hún gerir á skattgreiðslum, og skal innheimtumaður tafarlaust tilkynna þær gjaldendum. Enn fremur skal hún tjá skattanefndum og yfirskattanefndum bréflaga allt það, sem leiðrétt kann að hafa verið og henni þykir ábótavant við störf þeirra. Að loknu starfi sendir nefndin framtöl fyrir síðasta skattár til yfirskattanefndar. En öll eldri framtöl geymir hún áfram í sínum vörzlum.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Þó úrskurðar fjármálaráðherra, hvar menn skuli settir í skatt (sbr. 83. gr.) og um skyldu til að gefa skýrslur og upplýsingar (sbr. 81. gr.).

Áfrýjun. Enn fremur má áfrýja til dómstóla ágreiningi um öll atriði, sem varða skattskyldu, og einnig getur fjármálaráðherra leitað álits dómstóla um önnur ágreiningsatriði.

99. gr.

Eftirlit fjármálaráðuneytis. Fjármálaráðuneytið hefur eða lætur hafa eftirlit með því, að skattanefndir, skattstjórar, yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Í því skyni hefur ráðuneytið rétt til að fá sendar framtalsskýrslur, og eru ofangreindir aðilar skyldir til að gefa því allar upplýsingar og skýringar, sem það beiðist og þeim er unnt að gefa.

Kæruheimild. Einnig er fjármálaráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti. Ákvæði þessarar greinar gilda um alla ríkisskatta, er skattanefndir fjalla um.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um getur í þessum kafla. 147

30. des.

Frestir.

100. gr.

Formaður skattanefndar (skattstjóri) skal árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té endurrit af skattskráum umdæmisins, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Í sveitum skal það gert ókeypis, en í kaupstöðum gegn endurgjaldi eftir því, sem um semur.

Aðstoð skattanefnda við niðurjöfnunarnefndir.

Í Reykjavík fer um endurgjald til skattstofunnar fyrir kostnað vegna álagningar útsvara eftir samningi milli fjármálaráðherra og Reykjavíkurbæjar.

Árlega skulu formenn skattanefnda gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skattálagninguna í því formi, sem hún fyrirskipar. Skýrsla þessi skal vera komin til Hagstofunnar eigi síðar en 1. október næst á eftir ákvörðun skattsins.

Skýrslugjafir.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu, hver í sínu umdæmi, gefa Hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um hefyng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda fellur þá niður skylda til skýrslugerðar um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895 gerir ráð fyrir.

Ef útfyllingu á landbúnaðarskýrslu er ábótavant, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

XI. KAFLI

Um ábyrgð og innheimtu.

101. gr.

Það er aðalreglan, að hver ábyrgist og greiði einungis skatt af tekjum sínum og eignum. Undantekningar eru þessar:

1. Maður greiðir tekjuskatt og eignaskatt af tekjum og eignum konu sinnar, ef þau eru samvistum, sjá 4. gr., en bæði hjónin ábyrgjast greiðslu með öllum tekjum sínum og eignum. Þetta gildir jafnt hvort sem þau eiga séreign eða hafa sératvinnu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast eða erfingjum þess, að krefjast engurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna er eigi innti af hendi skattgreiðslu. Ábyrgð á skattgreiðslu:
Hjóna.
2. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, greiða skatt þeirra og bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra (faðir eða foreldrar fyrir börn, stjúpbörn og fósturbörn, skiptaráðendur fyrir dánar- og þrotabú o. s. frv.). Ómyndugra.
3. Aðalumboðsmenn erlendra félaga eða stofnana, sem hér eiga að greiða tekjuskatt eða eignar, bera ábyrgð á greiðslu skattsins fyrir þessa gjaldendur. Erlendis búsettra aðila.
4. Stjórnendur hlutafélaga, sem greiða erlendis heimilisföstum aðilum arð af hlutafé í félögum eða fyrirtækjum hér á landi, skulu við greiðslu halda eftir sem svarar skatti af arðinum og tilsvareandi hlutafjáreign eða stofnfé (lágmark 5% af tekjum og 4% af eign, sbr. VII. kafla). Ef hlutaðeigandi aðilar vanrækja þetta, og greiða eigi skattinn, bera þeir sjálfir ábyrgð á greiðslu hans.
5. Við greiðslu út úr landinu á launum, biðlaunum eða styrk úr ríkissjóði eða frá opinberri stofnun innlendri, skal halda tekjuskattinum eftir, þ. e. greiða fjárhæðirnar að frádregnum skatti.
6. Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins. Við félagslit.
7. Um ábyrgð kaupgreiðanda á sköttum starfsmanna fer skv. 104. gr. Útlendinga, sem hér
8. Sá sem hefur í þjónustu sinni erlenda menn, sem hér dvelja um stundarsakir dvelja. dvelja.

147
30. des.

eða samkvæmt atvinnuleyfi um tiltekinn tíma, ber fulla ábyrgð á greiðslu skatta þessara manna, svo sem um hans eigin skatt væri að ræða. Nú eru kaupgreiðendur aðila fleiri en einn á hinu sama ári og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þá fjárhæð, sem þeir hafa greitt honum í kaup.

Til tryggingar ábyrgð þeirri er að framan getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupum útsvars- eða skattgreiðanda, allt að 20% af launum. Ef kaup aðila er hærra en sem svarar 3000.00 kr. grunnkaups á mánuði, skal kaupgreiðanda þó heimilt að halda eftir allt að 35% af kaupinu.

- Nú er far látið í té án þess að gætt sé fyrir mæla í 106. og 107. gr. og ábyrgist þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ógreidd gjöld farþega sem eigin skuld. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur eða meðsekur að því, að einhver komist úr landi án þess að greiða gjaldkræfa skatta, ber einnig sams konar ábyrgð á hinum vangöldnu ríkis- eða sveitarsköttum.

102. gr.

**Innheimtu-
menn.** Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

**Fyrir fram
inneimta.** Í þeim umdæmum, þar sem henta þykir að dómi ráðherra, skal innheimta fyrir manntalsþing með gjalddaga, sem ráðherra ákveður, upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

**Dráttar-
vextir.** Sé skattur eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðslan dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Taka má skattinn lögtaki ásamt dráttarvöxtum.

**Kæra frestar
ekki
inneimtu.** Það frestar eigi greiðsluskyldu eða innheimtu skatts, þótt skattákvörðun sé kærð, en ef skatti er breytt svo seint að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, skal hann innheimta eða endurgreiða þann mismun, sem um er að ræða. Dráttarvexti má þá einnig endurgreiða.

103. gr.

**Ábyrgð
kaupgreið-
enda og
skyldur.** Kaupgreiðendur bera ábyrgð á greiðslu þinggjalda þeirra manna, sem þeir greiða kaup á þann hátt, sem hér segir:

- Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður þinggjalda krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar um nöfn launþega, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu gjalda af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar látnar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu, ef þess er krafizt af innheimtumanni, skyldir til að senda honum kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslu á þinggjöldum þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

- Nú hefur launþegi ekki greitt þinggjöld sín að fullu á réttum gjalddaga og skal kaupgreiðanda hans þá skylt, skv. kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupum

launþega nægilegri fjárhæð til greiðslu gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og **147**
kostnaði.

30. des.

Orðið kaup í reglugerð þessari, tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. effirlauna og styrktarfjár, og það jafnt, hvort greiðslan er samkv. vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar, en launþegi sá, sem rétt á til þeirra greiðslna.

3. Til lúknungar greiðslum þeim, sem um ræðir í 2. tölul. skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma, ef í hlut á launþegi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talin með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.
4. Nú skuldar maður þinggjöld eldri en frá síðasta manntalsþingi, og getur innheimtumaður þá ákveðið, að hærri hlutfallstölu skuli haldið eftir af kaupi hans upp í gjöldin.
5. Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 2. og 3. tölul., að halda eftir af kaupi, skal við næstu útborgun (þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup) og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld með vöxtum og kostnaði eru að fullu greidd, draga af kaupi gjaldanda þann hluta þess, sem skylt er að halda eftir samkvæmt 2., 3. og 4. tölul. og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan sex virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir gjaldandann.
6. Nú hættir launþegi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, sem krafinn hefur verið um greiðslur upp í gjöld hans og gjöldin eru ekki að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá án tafar tilkynna innheimtumanni brottför launþegans, svo og hvenær hann hafi farið og hvert, ef vitað er.

Gjaldandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið að gjöld skulu greidd af kaupi gjaldanda.

104. gr.

Ef kaupgreiðandi:

- a. Vanrækir að láta innheimtumanni í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um launþega innan tiltekens frests;
- b. Greiðir kaup, án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. reglugerð þessari;
- c. Skilar eigi til innheimtumans svo sem segir í 5. tl. 103. gr.;
- d. Tilkynnir ekki innheimtumanni, svo sem segir í 6. tl. 103. gr., brottför gjaldanda; þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem haldið hefur verið eftir hjá gjaldanda, en sem eigin þinggjöld það sem halda hefði mátt eftir hjá honum, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkv. reglugerð þessari. Fé þetta má taka lögtaki hjá kaupgreiðanda sem hans eigin þinggjöld væru.

Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöld launþega, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum samkv. ákvæðum reglugerðar þessarar og varðar það þá sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður, nema þyngri refsing sé við lögð að lögum.

**Viðurlög
kaup-
greiðanda.**

147

Um skyldu kaupgreiðanda til að skila innheimtufé.

30. des. Kaupgreiðandi skal tilkynna skattstjóra eða skattanefnd mánaðarlega kaupgreiðslu til manna þeirra, sem um ræðir í 8. tölul. 101. gr. og skila tryggingarfénu, sem haldið er eftir af kaupi þeirra, til viðkomandi innheimtumanna innan sex virkra daga frá útborgunardegi.

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir til að fullnægja skatt- og útsvars-skyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtumanni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið greitt honum af kaupi gjaldársins eða útsvarsársins.

Taka má áðurnefnd gjöld lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og hjá þeim, er ábyrgð bera á þeim.

106. gr.

Tilkynningarskylda um brottför o. fl.

Nú er einhver þeirra gjaldanda, sem um ræðir í 8. tölul. 101. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattstofu eða skattanefnd um það með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðilum. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofu eða skattanefnd skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

Hlutaðeigandi skattayfirvöld ákveða skatta og útsvar gjaldanda af tekjum hans frá komudegi til brottfarardags og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni skatta og útsvars um álagningu þegar í stað.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á ríkissköttum og sveitargjöldum hjá þessum aðilum skuli sameinuð á eina hönd í hverju umdæmi, eftir því, sem henta þykir.

Óheimilt er að selja þeim gjaldendum, er um ræðir í 8. tölul. 101. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns, að annazt hafi verið um greiðslu opinberra gjalda eða full trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Lögreglustjóra eða útlendingaeftirliti er heimilt að banna farþegum að fara úr landi, hafi þeir aflað sér fars án þess að gætt hafi verið ákvæða í næstu málsg. hér á undan. Einnig getur lögreglustjóri bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má að þeir eigi ólokið skatt- og útsvarsgreiðslum hér á landi.

107. gr.

Um bann við að láta í té far til útlanda, nema gjöld séu greidd.

Enginn má selja innlendum manni eða láta honum á annan hátt í té far til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns að annazt hafi verið um greiðslu opinberra gjalda hans eða um hana samið.

Lögreglustjóri skal ekki gefa út eða árita vegabréf til utanfarar nema með samþykki innheimtumanna opinberra gjalda.

Nú ætlar maður af landi brott alfarinn eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má að dómi skattayfirvalda, og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags samkv. eftirfarandi reglum.

1. Skatta og útsvör undanfarinnna skattára (útsvarsára) skal hann greiða að

- fullu, og skulu gjöld þess fyrir síðast liðið skattár ákveðin með sérstakri 147
 álagningu fyrir brottför hans, hafi almenn álagning þá ekki farið fram. 30. des.
2. Skatt og útsvar fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann greiða að fullu miðað við þær tekjur, er hann hefur haft til brottfarardags, og ákveðast skattarnir samkv. 65. gr. C, þó þannig, að persónufrádráttur sé veittur, sbr. síðari hluta 62. og 63. greinar. Þau gjöld, sem ekki eru miðuð við tekjur, en bundin eru við dvöl í landinu við upphaf gjaldársins, skal hann greiða að fullu fyrir allt árið.

108. gr.

Nú ætlar maður af landi brott, en þó ekki til langdvalar, og skal honum þá skylt 147
 að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eða 30. des.
 tryggja greiðslu á þeim sem hér segir: Um að setja
 tryggingu
 fyrir
 greiðslum.

1. Skatta og útsvör vegna undanfarinna skattára (útsvarsára) skal honum skylt að greiða að fullu, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — að setja fyrir þeim tryggingu.
2. Skatta og útsvör fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann tryggja með greiðslu inn á biðreikning hjá innheimtumönnum, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim aðra tryggingu. Sé krafizt greiðslu inn á biðreikning, skal upphæð greiðslunnar ákveðin hlutfallslega eftir dvöl gjaldanda í landinu á brottfararárinu og gjöldum hans fyrir síðastliðið skattár, nema ástæðu þyki til að ákveða greiðsluna hærrí eða lægri vegna breytinga á hag gjaldanda.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar, telji innheimtumenn eigi þörf sérstakrar tryggingar, eða sérstaklega stendur á.

XII. KAFLI

Um viðurlög.

109. gr.

Nú telur gjaldandi eigi fram til skatts og skal þá skattanefnd áætla hreinar 147
 tekjur hans og eignir en svo ríflaga að ekki sé hætt við að upphæðin sé sett lægri en 30. des.
 hún á að vera í raun réttari, aldrei þó lægri en þær voru næsta ár á undan, og bæta Vanræksla
 skatt-
 greiðanda.
 síðan 25% við hina áætluðu upphæð. Sama gildir ef framtal er aðeins til málamynda.

Nú telur maður eigi fram fyrr en framtalsfrestur er liðinn og skal þá, ef framtal hans er ófullnægjandi eða tortryggilegt, áætla tekjur hans og eignir eins og segir í 1. málsg. og beita þar greindum viðurlögum. Sé framtalið hins vegar fullnægjandi að dómi skattanefndar má hún taka það til greina, en beita skal hún fullum viðurlögum samkv. 1. málsg., nema ástæða þyki til að lækka þau eða fella niður vegna þess að gildar ástæður lágu til þess að gjaldandi skilaði eigi framtali á tilsettum tíma.

Nú svarar gjaldandi eigi fyrirspurnum skattanefndar, sbr. 89. gr., mætir eigi til viðtals, eða neitar að leggja fram umbeðin gögn. Skal þá áætla tekjur hans og eignir og beita viðurlögum eins og fyrir er mælt í fyrstu málsg. þessarar greinar, en heimilt er að lækka viðurlögin eða fella þau niður ef um smávægilegan galla á framtali var að ræða. Svári gjaldandi hins vegar fyrirspurn skattanefndar, en svör þau og skýringar er hann gefur eru ófullnægjandi eða tortryggileg að álitum skattanefndar, skal hún áætla tekjur hans og eignir eins og fyrir er mælt í 1. málsg.

Það, sem sagt er um gjaldanda í grein þessari, gildir einnig þótt sökkin sé eigi hans heldur umboðsmanns hans.

Nú hefur viðurlögum samkv. grein þessari verið beitt og skal þá eigi færa niður

147 skatt gjaldanda þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið 30. des. áætluð meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn $\frac{1}{4}$ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum, að viðbættum $\frac{1}{4}$. Ákvæðum þessarar málsgreinar þarf þó ekki að beita ef gjaldandi færir gildar ástæður sér til afsökunar.

110. gr.

Vísitandi rangar skýrslur gjaldanda. Nú skýrir gjaldandi vísitandi eða af óafsakanlegu gáleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal þá svo með fara, sbr. 112. grein.

1. Hinn seki skal greiða sekt, sem sé allt að því tíföld skattfjárhæð sú, sem undan var dregin, þó má aldrei miða við lengri tíma en 10 ár. Ef maður hefur dregið undan af skatti 500 kr. árlega í 15 ár, skal hann gjalda mest kr. $500 \times 10 \times 10 = 50000$ kr. í sekt.

Ef uppvíst verður við meðferð dánarbús, að hinn látni eða forráðamaður búsins hefur haft skatt af ríkissjóði með vísitandi röngum skýrslum, þá skal að eins gjalda tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar, án tillits til þess, hve lengi brotið hefur verið framið, og hversu stórfelld yfirsjónin kann að hafa verið.

2. Auk sektar skal sá, er sekur verður um brot samkv. 1. tölulið fyrri málsg., greiða eftir á skatthæð þá, sem undan var dregin.

111. gr.

Rangar skýrslur af misgáningi. Ef maður gefur ranga skýrslu um eignir sínar eða tekjur af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi, þá skal eigi sekta hann eftir 110. gr., en gjalda skal hann þá fjárhæð, sem skatturinn hefur verið vanreiknaður um vegna skýrslu hans.

112. gr.

Um meðferð skattsvika. Fjármálaráðherra úrskurðar skattsektir samkv. 110. gr. nema hann eða hinn seki óski að málinu sé vísað til dómstólanna.

Ef skattanefnd, skattstjóri, yfirs kattanefnd eða Ríkisskattanefnd telur að skattur hafi verið undandreginn á þann hátt er í 110. gr. segir, skal hún tafarlaust láta fjármálaráðuneytinu í té vitneskju um það og senda því öll gögn í málinu ásamt greinargerð sinni. Einnig skal hún láta viðkomandi gjaldanda vita um að máli hans hafi verið vísað til fjármálaráðuneytisins, svo hann geti sent skýringar og gert kröfu til þess að máli hans verði vísað til aðgerða dómstólanna.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkv. úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna.

113. gr.

Skrás. 1945, nr. 8. Renown Stone Company, Owosso, Michigan, U. S. A., frá 26. febrúar 1955.

Skrás. 1945, nr. 11. Gustaf Ruben Nordfelt, Stokkhólmi, Svíþjóð, frá 26. febr. 1955.

Skrás. 1945, nr. 15. Herts Parmacuticals Limited, Welvyn Garden City, Hertfordshire, Englandi, frá 18. apríl 1955.

Skrás. 1945, nr. 21. Thomas Kerfood & Co., Limited, Bardsley, Lancashire, Englandi, frá 14. maí 1955.

Skrás. 1945, nr. 23. Bulova Watch Company, Inc., New York, U. S. A., frá 18. maí 1955.

Skrás. 1945, nr. 32. Mojud Hosiery Co., Inc., New York, U. S. A., frá 20. júní 1955.

Skrás. 1945, nr. 36. R. C. Williams & Co., Inc., New York, U. S. A., frá 27. júní 1955.

- 193 Skrás. 1945, nr. 37. Lektrolite Corporation, New York, U. S. A., frá 27. júní 1955.
 Skrás. 1945, nr. 38 og 39. Minnesota Valley Canning Company, Le Sueur, Minnesota, U. S. A., frá 27. júní 1955.
 Skrás. 1945, nr. 42. The Chiswick Polish Company (Overseas) Limited, London, Englandi, frá 7. júlí 1955.
 Skrás. 1945, nr. 49—51. A. Stein & Company, Chicago, Illinois, U. S. A., frá 31. júlí 1955.
 Skrás. 1945, nr. 59. The Stamford Foundry Company, Stamford, Fairfield, Connecticut, U. S. A., frá 27. ágúst 1955.
 Skrás. 1945, nr. 60. Henny Motor Company, Inc., New York, U. S. A., frá 27. ágúst 1955.
 Skrás. 1945, nr. 61—64. Moffats Limited, Weston, Ontario, U. S. A., frá 5. september 1955.
 Skrás. 1945, nr. 65. Treet Safety Razor Corporation, New York, U. S. A., frá 5. september 1955.
 Skrás. 1945, nr. 70. Öl og Gosdrykkir h.f., Akureyri, frá 26. september 1955.
 Skrás. 1945, nr. 71. Niðursuðuverksmiðjan á Bildudal h.f., Bildudal, frá 26. september 1955.
 Skrás. 1945, nr. 88. Cresta Blanca Wine Company, Inc., Livermore, Alameda County, California, U. S. A., frá 12. nóvember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 89. Continental Motors Corporation, Detroit og Muskegon, U. S. A., frá 12. nóvember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 92. Three Feathers Distributors, Inc., New York, U. S. A., frá 14. nóvember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 93. Schenley Import Corporation, New York, U. S. A., frá 14. nóvember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 104. Berkshire Knitting Mills, Wyomissing, Pennsylvania, U. S. A., frá 26. nóvember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 105—112. United Aircraft Corporation, East Hartford, Connecticut, U. S. A., frá 7. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 114. United Aircraft Corporation, East Hartford, Connecticut, U. S. A., frá 7. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 118. Rumford Chemical Works, Rumford, Rhode Island, U. S. A., frá 12. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 123. Aktiebolaget Gustaf Erikson Metalfabrik, Eskiltuna, Svíþjóð, frá 13. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 124—125. Thomas Kerfoot & Co., Limited, Bradsey, Lancashire, Englandi, frá 17. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 126. Julius Schmidt, Inc., New York, U. S. A., frá 18. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 128. Selincourt & Sons, Limited, London, Englandi, frá 18. desember 1955.
 Skrás. 1945, nr. 133. Reckitt & Colman, Limited, Hull, Yorkshire, Englandi, frá 20. desember 1955.
 Skrás. 1949, nr. 9. British Beusberg, Ltd., Doncaster, Englandi, frá 10. maí 1955.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1955.

Páll Pálmason.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

4. janúar var Ingólfur Þórðarson skipaður kennari í siglingafræði við Stýri-
mannaskólann í Reykjavík frá 1. s. m.

20. janúar var Hannes Guðmundsson, cand. jur., skipaður til þess að vera full-
trúi 1. flokks í utanríkisráðuneytinu frá 1. s. m.

1. febrúar var séra Ragnar Fjalar Lárusson skipaður sóknarprestur í Siglu-
fjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

8. febrúar var Páli Ólafssyni, samkv. eigin ósk, veitt lausn frá embætti sem
ræðismaður Íslands í Þórshöfn, Færeyjum.

12. febrúar var Friðjón Þórðarson, lögreglustjórafulltrúi í Reykjavík, skipaður
til þess að vera sýslumaður í Dalasýslu frá 1. marz.

S. d. var Knut Björge skipaður vararæðismaður Íslands í Sarpsborg, Noregi.

15. febrúar var Garðari Þ. Guðjónssyni, héraðslækni í Flateyjarhéraði, veitt
lausn frá embætti frá 1. marz.

S. d. var Guðjóni Guðnasyni veitt lausn frá héraðslæknisembættinu í Höfða-
héraði frá 10. s. m., en hann hafði veitingu fyrir embættinu frá 1. apríl 1955.

25. febrúar var Björn Ingvarsson, cand. jur., skipaður lögreglustjóri á Kefla-
víkurflugvelli.

28. febrúar var Margrét Guðnadóttir, stud. med. & chir., sett til þess að vera
héraðslæknir í Flateyjarhéraði frá 1. marz.

8. marz var Hans Edward Evensen skipaður vararæðismaður Íslands í Hammer-
fest, Noregi.

29. marz var Lárus Jónsson, læknir á Sauðárkróki, settur til þess að vera héraðs-
læknir í Höfðahéraði frá 1. apríl.

1. apríl var Brynjúlfur Árnason, cand. jur., skipaður deildarstjóri í félagsmála-
ráðuneytinu.

4. apríl var Hrafnkell Helgason, stud. med. & chir., settur til þess að gegna
héraðslæknisembættinu í Flateyjarhéraði frá 15. s. m.

12. apríl var Guðmundur Óli Ólafsson, cand. theol., skipaður sóknarprestur í
Skálholtsprestakalli í Árnesprófastsdæmi frá 1. júní.

27. apríl var séra Gunnar Jóhannesson, sóknarprestur í Skarði, skipaður til
þess að vera prófastur í Árnesprófastsdæmi frá 1. júní.

2. maí var Einar Jóhannesson, stud. med. & chir., settur til þess að vera stað-
göngumaður héraðslæknisins í Stórólshvolshéraði, vegna veikindaforfalla hans, frá
1. marz.

5. maí var gefið út leyfisbréf handa Alicia Zofia Skarzyuska-Markússon til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

11. maí var séra Þorsteini Jóhannessyni, sóknarpresti í Vatnsfjarðarprestakalli og prófasti í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí.

11. maí var séra Sigurði Norland, sóknarpresti í Tjarnarprestakalli í Húnavatns-prófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. júní.

12. maí var Knúti Kristinssyni, héraðslækni í Laugaráshéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí.

26. maí var Rögnvaldur Jónsson, cand. theol., settur til þess að þjóna Ögurþinga-prestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. júlí.

S. d. var séra Sigurður Kristjánsson, sóknarprestur á Ísafirði, frá 1. júlí settur til þess að gegna prófastsstörfum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

Vegna utanfarar Ólafs Thors, forsætisráðherra, í embættiserindum, hefur Bjarna Benediktssyni, dóms- og menntamálaráðherra, verið falið að gegna forsætisráðherrastörfum um stundarsakir.

28. maí var Þorleifur Kristmundsson, cand. theol., skipaður sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi frá 1. júní.

31. maí var séra Þórði Oddgeirssyni, sóknarpresti í Sauðanesprestakalli og prófasti í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. júní. — Jafnframt hefur hann verið settur til þess að þjóna prestakallinu áfram frá þeim tíma og þar til öðruvísi verður ákveðið.

S. d. var séra Grímur Grímsson skipaður sóknarprestur í Sauðlauksdalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi frá 1. júní.

3. júní var Sigurður Haukur Guðjónsson, cand. theol., skipaður sóknarprestur í Hálsprestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. júní.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Rósari V. Eggertssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Magnúsi R. Gíslasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

Ólafur Thors, forsætisráðherra, kom hinn 7. júní s. l. úr för sinni til útlanda og tók þá þegar við forsætisráðherrastörfum, er falin höfðu verið Bjarna Benediktssyni, dóms- og menntamálaráðherra, í fjarveru hans.

7. júní var staðfest ráðning Ólafs Sveinssonar, cand. med. & chir., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins á Sauðárkróki frá 1. þ. m.

S. d. var staðfest ráðning Þorgils Benediktssonar, cand. med. & chir., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Borgarnesi frá 1. s. m.

16. júní var Brynjúlfur Dagsson, héraðslæknir á Hvammstanga, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Kópavogshéraði frá 1. janúar 1956.

20. júní var Hannes Jónsson, félagsfræðingur, skipaður til þess að vera fulltrúi 1. flokks í utanríkisráðuneytinu frá 1. marz.

21. júní var Tryggvi Þorfinnsson, bryti, skipaður skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans í Reykjavík frá 1. júlí.

22. júní var séra Þórir Stephensen skipaður sóknarprestur í Staðarhólsþingum í Dalaprófastsdæmi frá 1. júní.

22. júní var Knútur Kristinsson, læknir, settur til þess að vera héraðslæknir í Laugaráshéraði frá 1. júlí.

23. júní var Walter R. Koltonski skipaður aðalræðismaður Íslands í Montevideo, Uruguay.

30. júní var séra Árni Sigurðsson skipaður sóknarprestur í Hofsósprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. júlí.

1. júlí var Snorri Jónsson, læknir, Reykjavík, ráðinn aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Eyrarbakkaþénaði.

S. d. var dr. Helga P. Briem, sendiherra, veitt lausn frá embætti sem sendiherra Íslands í Finnlandi, frá 1. júlí.

Frá 1. júlí hefur Vilhjálmur Finsen, sendiherra, verið veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir sem sendiherra Íslands í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

4. júlí var gefið út leyfisbréf handa Kolbeini Kristóferssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í geislalækningum

6. júlí var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Arinbjarnar, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

10. júlí var Hannes Guðmundsson, cand. theol., skipaður sóknarprestur í Fells múlaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi.

22. júlí var Ferdinando Spinelli, vararæðismaður Íslands í Torino, skipaður ræðismaður Íslands þar í borg.

23. júlí var Aksel Kristensen, cand. pharm., veitt lyfsöluleyfi í Kópavogskaupstað.

28. júlí var Pétur Thorsteinsson, sendiherra Íslands í Moskvu, jafnframt skipaður sendiherra Íslands í Ungverjalandi.

10. ágúst var Sigurgeir Jónsson skipaður bæjarfógeti í Kópavogskaupstað frá 15. ágúst.

22. ágúst var Helga Jónassyni, héraðslækni í Stórolfshvolshéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1956.

S. d. var Ólafur Björnsson, héraðslæknir í Súðavík, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Helluhéraði frá 1. janúar 1956.

3. september var séra Ingimar Ingimarsson skipaður sóknarprestur í Sauðanessprestakalli í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. september.

S. d. var séra Robert Jack skipaður sóknarprestur í Tjarnarprestakalli á Vatnsnesi í Húnavatnsprófastsdæmi frá 1. september.

5. september var Þorgils Benediktsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Hafnarhéraði frá 1. s. m.

7. september var Jakob Mellegård veitt viðurkenning sem aðalræðismaður Íslands í Teheran.

8. september var ungrú Valgerður Vilhjálmisdóttir skipuð símastúlka í stjórnarráðinu frá 1. s. m.

12. september var staðfest ráðning Ólafs Jenssonar, cand. med. & chir., sem aðstoðarlæknis héraðslæknisins á Hvammstanga frá 1. ágúst s. l. til loka mánaðarins, en síðan Kristjáns Sigurðssonar, cand. med. & chir., frá 1. þ. m. til ársloka.

14. september var Kjartan Árnason, héraðslæknir í Hafnarhéraði, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Laugaráshéraði frá 1. september.

20. september voru eftirtaldir menn skipaðir til næstu sex ára í Öryggisráð samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1955: Júlíus Sigurjónsson, prófessor, formaður ráðsins, Guðmundur J. Guðmundsson, Sveinn B. Valfells, forstjóri, Eggert G. Þorsteinsson, múrari, og Benedikt Gröndal, verkfræðingur.

30. september var Katrín Thoroddsen, læknir, skipuð til þess að vera yfirlæknir við barnavernd Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá 1. október.

Frá 1. október hefur héraðslæknirinn í Reykhólahéraði verið settur til þess fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, ásamt héraðslækninum í Stykkishólmsheéraði, að gegna Flateyjarhéraði.

10. október var Thor Thors, sendiherra, skipaður til þess að vera ambassador Íslands í Bandaríkjunum Ameríku.

12. október var John Kent Lutey, sem gegnt hefur ræðismannsstörfum fyrir Ísland í Rio de Janeiro, skipaður aðalræðismaður Íslands þar í borg.

Frá 15. október hefur séra Stefán Lárusson verið skipaður sóknarprestur í Vatnsendaprestakalli í S.-Þingeyjarprófastsdæmi.

19. október var gefið út leyfisbréf handa Páli Gíslasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í handlækningum.

24. október var Árna Árnasyni, héraðslækni í Akraneshéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1956.

S. d. var Víkingi H. Arnórssyni, héraðslækni í Hólmavíkurhéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. febrúar 1956.

25. október var Bjarni Ásgeirsson, sendiherra, skipaður til þess að vera ambassador Íslands í Noregi.

S. d. var dr. Sigurður Nordal, sendiherra, skipaður til þess að vera ambassador Íslands í Danmörku.

26. október var Erlendi Konráðssyni, héraðslækni í Kópaskershéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1956.

28. október var Knútur Hallsson, cand. jur., skipaður fulltrúi í menntamálaráðuneytinu frá 1. september.

31. október var Tómas Á. Tómasson, hagfræðingur, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. október 1955 að telja, til þess að starfa fyrst um sinn við sendiráð Íslands í Moskva.

7. nóvember var Kjartani Árnasyni, héraðslækni í Laugaráshéraði, veitt héraðslæknisembættið í Hafnarhéraði frá 1. desember.

15. nóvember var Victor Prost skipaður aðalræðismaður Íslands í Luxembourg.

S. d. var Henrik Linnet, héraðslækni í Bolungarvík, veitt héraðslæknisembættið í Stórolfshvolshéraði frá 1. janúar 1956.

24. nóvember var dr. med. Sigurður Samúelsson skipaður prófessor í lyflæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. desember.

28. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Kjartani Magnússyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

30. nóvember var Pétri Benediktssyni veitt lausn frá embætti samkv. eigin ósk, sem sendiherra Íslands í Frakklandi, Belgíu, Ítalíu, Sviss, Portúgal, Spáni og Írlandi, frá 1. febrúar 1956.

1. desember var Hannes Jónsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, skipaður sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Bonn.

2. desember var Þorgils Benediktsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Laugaráshéraði frá 1. s. m.

5. desember löggilti atvinnumálaráðuneytið Björn Helgason, lögfræðing, til þess að annast niðurjöfnun sjótjóns.

7. desember var Þorgils Benediktsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Kópaskershéraði frá 1. janúar n. á.

S. d. var Torfi Bjarnason, héraðslæknir á Sauðárkróki, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Akraneshéraði frá 1. janúar 1956.

13. desember var Jón G. Hallgrímsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Laugaráshéraði frá 1. janúar 1956.

S. d. var héraðslæknirinn í Hólmavíkurhéraði settur til þess að gegna, ásamt sínu héraði, Djúpvíkurhéraði (áður Árneshéraði) frá 1. janúar 1956.

14. desember var gefið út leyfisbréf handa Þórði Möller, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum.

16. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. & chir. Garðari P. Jóns-
syni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

19. desember var Kristján Sigurðsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna
héraðslæknisembættinu í Hvammstangahéraði frá 1. janúar 1956.

23. desember var Guðmundur Jóhannesson, cand. med. & chir., settur til þess
að gegna héraðslæknisembættinu í Bolungarvíkurhéraði frá 1. janúar 1956.

S. d. var Arnbjörn Ólafsson, cand. med. & chir., settur til þess að vera héraðs-
læknir í Hólmavíkurhéraði frá 1. febrúar 1956.

S. d. var Ólafur Sveinsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðs-
læknisembættinu í Súðavíkurhéraði frá 1. janúar 1956.

24. desember var Friðrik Friðriksson, læknir, settur til þess að gegna héraðs-
læknisembættinu í Sauðárkrókhéraði frá 1. janúar 1956.

28. desember var Kristján Thorlacius, stjórnarráðsfulltrúi, skipaður deildar-
stjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1. janúar 1956.

29. desember var gefið út leyfisbréf handa Snorra P. Snorrasyni, lækni, til þess
að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum og sérstaklega í hjartasjúkdómum.

30. desember var Baldur Möller, stjórnarráðsfulltrúi, skipaður deildarstjóri í
dómsmálaráðuneytinu frá 1. janúar 1956.

S. d. var dr. Helgi P. Briem skipaður ambassador Íslands með umboði í Sam-
bandslýðveldinu Þýskalandi.

S. d. var Agnar Kl. Jónsson skipaður ambassador Íslands með umboði í Hollandi.

S. d. var Pétur Thorsteinsson skipaður ambassador Íslands með umboði í Ráð-
stjórnarríkjunum.

S. d. var Johannes Obermann veitt lausn frá embætti sem aðalræðismanni Ís-
lands í Amsterdam, samkv. eigin ósk.

31. desember var Sigurður Jóhannsson, verkfræðingur, skipaður til þess að vera
vegamálastjóri frá 1. febrúar 1956.

ERLENDIR SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

20. janúar 1955 var William H. Witt veitt viðurkenning sem ræðismanni Banda-
ríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna hefur Donald E. Nuechter-
lein tekið við störfum sem aðstoðar-attaché við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá þýzka sendiráðinu, dags. 29. janúar 1955, hefur dr.
Herwig Effenberg látið af störfum sem verzlunarráðunautur við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá þýzka sendiráðinu, dags. 1. febrúar 1955, hefur dr.
Hans C. Cassens tekið við störfum sem verzlunarráðunautur við sendiráðið.

12. febrúar 1955 var Hjaltá Björnssyni, stórkaupmanni, veitt viðurkenning sem ræðismanni Uruguay í Reykjavík.

Samkv. tilkynningu frá brezka sendiráðinu er sendiherrann, J. Thyne Henderson, kominn til landsins aftur og hefur á ný tekið við forstöðu brezka sendiráðsins.

3. marz 1955 var Benedikt Jónassyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands með aðsetri á Seyðisfirði. Nær umdæmi hans yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjana, dags. 18. marz 1955, hefur William C. Simenson tekið við störfum í sendiráðinu sem aðstoðar-attaché.

Samkvæmt tilkynningu frá sænska sendiráðinu, dags. 25. marz 1955, verður sænski sendiherrann, Leif Öhrvall, fjarverandi um skamma stund í embættiserindum og veitir Gunnar Rocksén, vararæðismaður, sendiráðinu forstöðu á meðan.

Samkv. tilkynningu frá þýzka sendiráðinu, dags. 9. apríl 1955, verður dr. Kurt Oppler, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, fjarverandi um tveggja mánaða skeið, og veitir dr. Herbert Kuhle, sendiráðsritari, sendiráðinu forstöðu í fjarveru sendiherrans.

Samkv. tilkynningu frá sænska sendiráðinu, dags. 12. apríl, er sænski sendiherrann, Leif Öhrvall, kominn aftur til Reykjavíkur eftir stutta fjarveru og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjana hefur William Edward Knight tekið við störfum sem 2. sendiráðsritari og ræðismaður við sendiráð Bandaríkjana í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Ráðstjórnarríkjana, dags. 27. apríl, hefur Vassili Ivanov, annar sendiráðsritari, látið af störfum við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjana, dags. 3. maí, verður J. J. Muccio, sendiherra, fjarverandi um tíma. Í fjarveru hans mun Thomas P. Dillon veita sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Norðmanna, dags. s. d., fór Thorgeir Andersen-Rysst, sendiherra Norðmanna, sama dag til útlanda. Í fjarveru hans mun Thorbjörn Christiansen, attaché, veita sendiráðinu forstöðu sem chargé d'affaires a. i.

Sendiherra Svía, Leif Öhrvall, verður fjarverandi um nokkra vikna skeið og veitir Gunnar Rocksén, vararæðismaður, sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjana hefur Forrest Shivers tekið við störfum sem attaché við sendiráð Bandaríkjana í Reykjavík.

14. maí 1955 afhenti Glauco Ferreira de Souza forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Brazíliu á Íslandi, með aðsetri í Osló.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjana, dags. s. d., hefur J. J. Muccio sendiherra tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkv. tilkynningu aðalræðismannsskrifstofu Hollands, 20. maí, verður aðalræðismaðurinn, Arent Claessen, fjarverandi 27. apríl til 19. maí n. k., og mun Jean E. Claessen gegna aðalræðismannsstörfum í fjarveru hans.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu mun Viggo Christensen veita sendiráðinu forstöðu um nokkurra vikna skeið í fjarveru frú Bodil Begtrup.

Samkvæmt tilkynningu frá sænska sendiráðinu, dags. 25. maí 1955, er sænski sendiherrann, Leif Öhrvall, kominn aftur til Reykjavíkur eftir stutta fjarveru og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá hollenzku aðalræðismannsskrifstofunni er aðalræðismaðurinn, A. Claessen, kominn aftur til landsins og hefur tekið við aðalræðismannsstörfum.

Samkvæmt tilkynningu frá þýzka sendiráðinu, dags. 1. júní 1955, er Dr. Kurt Oppler, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, kominn heim úr utanför sinni og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu er frú Bodil Begtrup, sendiherra, komin aftur til landsins frá Danmörku og hefur nú tekið við forustu sendiráðsins frá 2. júní að telja.

Hinn 23. júní 1955 var William E. Knight veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 8. júlí 1955, verður J. J. Muccio, sendiherra, fjarverandi um tíma. Thomas P. Dillon veitir sendiráðinu forstöðu í fjarveru sendiherrans.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 15. júlí, er J. J. Muccio, sendiherra, kominn aftur til landsins og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

26. júlí 1955 afhenti dr. Luiz de Castro e Almeida Mendes Norton de Natos forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgals á Íslandi, með aðsetri í Osló.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 27. júlí 1955, er P. K. Ermochine, sendiherra, farinn í sumarleyfi til Rússlands og mun V. M. Ivanov, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans.

4. ágúst 1955 var Theodór S. Georgssyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Bretlands með aðsetri í Vestmannaeyjum.

9. ágúst 1955 afhenti Makso Bace forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Júgóslavíu á Íslandi, með aðsetri í Stokkhólmi.

29. ágúst 1955 var William M. Gibson veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkjanna í Reykjavík.

30. ágúst 1955 var E. G. Harman, fyrsta sendiráðsritara við brezka sendiráðið, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni Stóra Bretlands í Reykjavík.

31. ágúst 1955 afhenti Fernando Garcia Olano forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Argentínu á Íslandi, með aðsetri í Osló.

9. september 1955 afhenti Sten Hansson von Eulen-Chelpin forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna verður ameríski sendiherrann, J. J. Muccio, fjarverandi um nokkurt skeið. Í fjarveru hans veitir William M. Gibson sendiráðinu forstöðu.

Aðalræðismaður Belgíu, Carl Olsen, verður fjarverandi um eins mánaðar skeið og mun í fjarveru hans Hilmar Fenger, Öldugötu 19, gegna störfum sem belgiskur ræðismaður.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu mun Viggo Christensen veita sendiráðinu forstöðu um nokkurra vikna skeið í fjarveru frú Bodil Begtrup.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Sovétríkjanna 19. september er P. K. Ermochine kominn til baka úr orlofi sínu og hefur hann aftur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu verður brezki sendiherrann, J. Thyne Henderson, fjarverandi um stundarsakir. Í fjarveru hans veitir fyrsti sendiráðsritari, E. G. Harman, sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu aðalræðismannsskrifstofu Hollands 21. september 1955 verður Arent Claessen, aðalræðismaður, fjarverandi frá 23. september um tveggja mánaða skeið, og mun Jean E. Claessen gegna aðalræðismannsstörfum í fjarveru hans.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu, dags. 28. september 1955, kom J. Thyne Henderson, sendiherra, þann sama dag frá Bretlandi og tók við forstöðu sendiráðsins á ný.

29. september 1955 afhenti Iason Urban forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

Hinn 11. október 1955 afhenti Thorgeir Anderssen-Rysst forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Noregs á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Norðmanna fór ambassador Thorgeir Anderssen-Rysst í leyfi af landi burt hinn 15. október. Í fjarveru hans veitir attaché Torbjörn Christiansen sendiráðinu forstöðu sem chargé d'affaires a. i.

Hinn 18. október 1955 afhenti Paolo Vita Finzi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

Hinn 19. október 1955 afhenti frú Bodil Begtrup forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Danmerkur á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna er ameríski sendiherrann, J. J. Muccio, kominn aftur til landsins og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðs Bandaríkjanna.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu er frú Bodil Begtrup, sendiherra, komin aftur til landsins og hefur nú tekið við forustu sendiráðsins á ný.

1. nóvember 1955 afhenti József Hajdu forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

3. nóvember 1955 afhenti John J. Muccio forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Bandaríkja Ameríku á Íslandi.

8. nóvember 1955 var Jakob Óskari Ólafssyni veitt viðurkenning sem vararæðis-
manni Sambandslýðveldisins Þýskalands í Vestmannaeyjum.

S. d. var Vladimir I. Toumanoff veitt viðurkenning sem vararæðis-
manni Bandaríkja í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá aðalræðis-
manni Belgíu er hann kominn aftur til
landsins og hefur á ný tekið við forstöðu ræðismannsskrifstofunnar.

22. nóvember 1955 var Björgvini Jónssyni veitt viðurkenning sem vararæðis-
manni Noregs á Seyðisfirði.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu lætur Viggo Christensen af störf-
um sem sendiráðsritari frá 1. desember 1955 að telja, en við störfum hans tekur
Gunnar Blæhr, cand. jur.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands verður
dr. Kurt Oppler, sendiherra, fjarverandi um tveggja vikna skeið, en í fjarveru hans
veitir dr. Herbert Kuhle, sendiráðsritari, sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Ráðstjórnarríkja hefur Alexei G.
Shcelokov, verzlunarfulltrúi, verið skipaður verzlunarráðunautur við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá þýzka sendiráðinu, dags. 20. desember 1955, er Dr.
Kurt Oppler, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, kominn heim úr utan-
för sinni og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu verður brezki sendiherrann J.
Thyne Henderson, fjarverandi um stundarsakir. Í fjarveru hans veitir E. G. Harman,
fyrsti sendiráðsritari, sendiráðinu forstöðu.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Þessa Dani hefur herra forsetinn sæmt heiðursmerkjum fólkaorðunnar árið
1954 í sambandi við hina opinberu heimsókn sína til Danmerkur:

Sigurd Christensen, utanríkisráð, stjarna stórriddara.

Ernst Meinstorp, fulltrúi, riddarakross.

Hans Severin Müller, fulltrúi, riddarakross.

Hinn 21. desember 1954 voru þau

Walter Línadal, dómari, Winnipeg,

ungfrú Margrét Pétursdóttir, ritari, Winnipeg, og

Lárus A. Sigurðsson, læknir, Winnipeg,

sæmd riddarakrossi fálkaorðunnar.

Herra forsetinn hefur á árinu 1955 sæmt þessa menn heiðursmerki fálkaorðunnar:

Íslendingar:

1. janúar. Davíð Stefánsson, skáld, stórriddarakross.
 S. d. Frú Guðrún Pétursdóttir, Reykjavík, stórriddarakross.
 S. d. Helgi Arason, Fagurhólsmýri, riddarakross.
 S. d. Ólafur Bjarnason, bóndi í Brautarholti, riddarakross.
 S. d. Ólafur Thorarensen, bankastjóri, Akureyri, riddarakross.
 S. d. Páll Ísólfsson, tónskáld, stórriddarakross.
 S. d. Sigtryggur Klemenzson, skrifstofustjóri, riddarakross.
27. janúar. Páll V. G. Kolka, héraðslæknir, riddarakross.
 S. d. Birgir Thorlacius, skrifstofustjóri, stórriddarakross.
8. febr. Magnús V. Magnússon, skrifstofustjóri, stórriddarakross.
 S. d. Eiríkur Benedikz, sendiráðunautur, riddarakross.
 S. d. Hans G. Andersen, fastafulltrúi hjá NATO, riddarakross.
26. febr. Jón Ásbjörnsson, hæstaréttardómari, stjórn stórriddara.
 S. d. Jón Pálmason, alþingismaður, stórriddarakross með stjórn.
 S. d. Jörundur Brynjólfsson, forseti sameinaðs Alþingis, stórriddarakross með stjórn.
 S. d. Bernharð Stefánsson, alþingismaður, stórriddarakross.
 S. d. Gísli Jónsson, forseti efri deildar Alþingis, stórriddarakross.
 S. d. Sigurður Bjarnason, forseti neðri deildar Alþingis, stórriddarakross.
28. febr. Frú Guðrún Jónasson, formaður kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands, stórriddarakross.
17. júní. Alexander Jóhannesson, prófessor, dr. phil., stórkross.
 S. d. Jakob Möller, fv. sendiherra, stórkross.
 S. d. Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri í Reykjavík, stórriddarakross.
 S. d. Ásgeir Þorsteinsson, verkfræðingur, riddarakross.
 S. d. Helga Sigurðardóttir, skólastjóri, riddarakross.
 S. d. Þórarinn K. Eldjárn, bóndi, Tjörn, riddarakross.
 S. d. Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri, Eiðum, riddarakross.
- ### Erlendir ríkisborgarar:
17. janúar. Friedrich, friherra von Lupin, deildarstjóri, Bonn, stórriddarakross.
 S. d. Gerard Meseck, deildarstjóri, dr., Bonn, stórriddarakross.
 S. d. Hans Nelson, fv. ministeraldirigent, Bonn, stórriddarakross.
27. janúar. Ole Widding, dr. phil., lektor, Kaupmannahöfn, riddarakross.
29. janúar. Herra Theodor Heuss, forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, stórkross með keðju.
 S. d. Dr. Konrad Adenauer, forsætisráðherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, stórkross.
 S. d. Dr. Manfred Kaiber, ríkisritari (staatssekretär), stórkross.
 S. d. Prófessor Dr. Walter Hallstein, ríkisritari, stórkross.

29. jan. Dr. Kurt Oppler, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýzkalands á Íslandi, stórkross.

S. d. Hans Heinrich v. Bittenfeld, þýzkur sendiherra, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Felix v. Eckardt, upplýsingastjóri sambandsstjórnar, Bonn, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Dr. Hans Kilb, skrifstofustjóri, Bonn, stórriddarakross.

S. d. Heinz Weber, túlkur, Bonn, riddarakross.

S. d. Otto Ratkje, fulltrúi, Bonn, riddarakross.

S. d. Dr. Rolf Friedmann-Pants, sendiráðunautur, Bonn, riddarakross.

10. febr. Francisco Suarez, ræðismaður Íslands, Havana, Kúba, riddarakross.

S. d. Vilhelm Borchenius, hæstaréttarlögmaður, Oslo, riddarakross.

S. d. Finn Hartmann, forstjóri, Oslo, riddarakross.

S. d. Hother Dupont-Nielsen, pósteftirlitsmaður, Árósum, riddarakross.

22. febr. Anders Skásheim, rithöfundur, Bergen, stórriddarakross.

7. maí. J. W. M. Snouck Hurgronje, fv. sendiherra Hollands á Íslandi, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Chr. H. Olesen, forstjóri, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

S. d. Jussi Jalas, hljómsveitarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.

S. d. Armas Maasalo, prófessor, Helsinki, stórriddarakross.

S. d. Olle Herold, framkvstj., Helsinki, riddarakross.

S. d. John Sundberg, hljómsveitarstjóri, Helsinki, riddarakross.

S. d. Gunnar Wilkens Sørensen, vélstjóri, Reykjavík, riddarakross.

S. d. Sebastio Gomes Barroso, forstjóri, Lissabon, riddarakross.

18. maí. Joseph Beck, forsætisráðherra Luxembourg, stórkross.

S. d. Victor Bodson, samgöngumálaráðherra, Luxembourg, stórkross.

S. d. Arne Skaup, viðskiptamálaráðherra, Oslo, stórkross.

S. d. Dr. Pierre Hamer, flugmálastjóri, Luxembourg, stórriddarakross.

S. d. Andrés Fjeldsted Oddstad, læknir, San Fransisco, riddarakross.

S. d. John Y. Bearnson, Utah, riddarakross.

S. d. Kate B. Carter, frú, Utah, riddarakross.

16. júní. Hans K. Madsen, vélaumsjónarmaður, Kaupmannahöfn, riddarakross.

17. júní. Valdimar J. Eylands, prestur, Winnipeg, stórriddarakross.

17. júlí. Charles Vierset, fv. sendiherra Belgíu á Íslandi, stórkross

S. d. Peter Skovgaard, Viborg, riddarakross.

S. d. Erik Brüel, ritstjóri, dr. juris, Kaupmannahöfn, riddarakross.

S. d. Hakon Stangerup, ritstjóri, dr. phil., Kaupmannahöfn, riddarakross.

S. d. Birgir Rasmussen, fiskifræðingur, Bergen, riddarakross.

5. ágúst. Donald R. Hutchinson, hershöfðingi, Bandaríkjunum, fv. yfirmaður varnarliðsins á Íslandi, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Knud Haraldsson Krabbe, dr. med., Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

S. d. Björn Björnsson, ræðismaður Íslands í Minneapolis, riddarakross.

26. ágúst. Emilius Bangert, prófessor, Roskilde, stórriddarakross.

S. d. David Áhlén, hljómsveitarstjóri, Stokkhólmi, stórriddarakross.

S. d. Viggo Christensen, sendiráðsritari við danska sendiráðið í Reykjavík, riddarakross.

28. sept. Hans Adolf Hansen, framkvstj., Kaupmannahöfn, riddarakross.

1. okt. Johan Sigfrid Sirén, prófessor, Helsinki, stórriddarakross.

16. nóv. Dr. Hans Kuhn, forstjóri Nordische Institut við háskólann í Kiel, stórriddarakross.

S. d. Dr. H. Grothues, yfirbókavörður í Kiel, stórriddarakross.

5. des. Peter Hallberg, docent, Gautaborg, riddarakross.

S. d. Joseph H. Rogatnick, fv. starfsm. sendiráðs Bandaríkjanna, riddarakross.

Í sambandi við hina opinberu heimsókn forseta Íslands til Noregs vorið 1955, voru þessir menn sæmdir heiðursmerkjum fálaorðunnar, sem hér segir:

25. maí. Hans konunglega tign Harald, Noregsprins, stórkross.

S. d. Ingv. Smith-Kielland, hirðstallari Noregskonungs, stórkross.

S. d. Arne Vincent Bommen, konungsritari, stórkross.

S. d. Richard Andvord, kammerherra, stórkross.

S. d. Nicolai Ramm Östgaard, ofursti, stórkross.

S. d. Trygve Sandvik, hershöfðingi, stórkross.

S. d. Rasmus Ingvald Skylstad, utanríkisráð, stórkross.

S. d. Johannes Brun, ofursti, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Ottar Birting Engvik, ofursti, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Magne Braadland, kommandör, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Egil Andreas Nygaard, deildarstjóri í norska utanríkisráðuneytinu, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Thore Albert Boye, deildarstjóri í norska utanríkisráðuneytinu, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Bredo Stabell, deildarstjóri í norska utanríkisráðuneytinu, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Christian Mohr, protokollsjeff, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Frede Castberg, háskólarektor, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Kristian Welhaven, fv. lögreglustjóri, stórriddarakross með stjörnu.

S. d. Leif Sunde, ofursti, stórriddarakross.

S. d. A. J. T. Petersson, undirofursti, stórriddarakross.

S. d. Svein Skalmrud, lögreglustjóri, stórriddarakross.

S. d. Gustav Heiberg, skrifstofustjóri, stórriddarakross.

S. d. Arnt-Jakob Jakobsen, skrifstofustjóri, stórriddarakross.

S. d. Reidar Omang, skjalavörður, stórriddarakross.

S. d. Lars Geelumyden Onsager, soussjef, stórriddarakross.

S. d. Sven Brun, rithöfundur, stórriddarakross.

S. d. Ivar Giæver Krogh, aðalræðismaður Íslands í Osló, stórriddarakross.

S. d. F. K. Siegwarth, skipherra, riddarakross.

S. d. J. A. Örner, kapteinlautinant, riddarakross.

S. d. Sverre Oskar Knutsen, major, riddarakross.

S. d. Jens Gram Dunker, hallarstjóri, riddarakross.

S. d. Arne J. Röed, hallarintendant, riddarakross.

S. d. Narve Nordbö, höfuðsmaður, riddarakross.

S. d. Odd Grönvold, höfuðsmaður, riddarakross.

S. d. G. B. Falsen, ráðhússtjóri, riddarakross.

S. d. E. K. Johanssen, framkvstj., riddarakross.

S. d. Alfred Maurstad, leikari, riddarakross.

S. d. Einar Sissener, leikari, riddarakross.

25. maí Arvid Fladmo, hljómsveitarstjóri, riddarakross.
 S. d. Thomas Jacobsen, hafnarstjóri, riddarakross.
 S. d. Sverre Julius Gjellum, fulltrúi, riddarakross.
 S. d. Olav Lydvo, fulltrúi, riddarakross.
 S. d. Egil Winsnes, fulltrúi, riddarakross.
 S. d. Ella Hval, leikkona, riddarakross.
 S. d. Frank M. Falch, forstjóri, riddarakross.
 S. d. Arild Sandvold, dómorganisti, riddarakross.
 S. d. Ivar Orgland, sendikennari, riddarakross.
 S. d. Oscar Larsen, ræðismaður Íslands í Álasundi, riddarakross.
 S. d. Ragnar Nösen, ræðismaður Íslands í Haugasundi, riddarakross.
 S. d. Otto Christiansen, ræðismaður Íslands í Kristianssand, riddarakross.
 S. d. Christoffer Sörensen, ræðismaður Íslands í Stavanger, riddarakross.
 S. d. Erling Hövik, ræðismaður Íslands í Trondheim, riddarakross.
 S. d. Ásta Jónsdóttir, sendiherrafrú, riddarakross.

ERLEND HEIÐURSMERKI

Á árinu 1955 hafa þessir menn fengið leyfi forseta Íslands til að bera erlend heiðursmerki:

Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóri, kommandörkross Eikarkórónu-orðu Luxembourg.

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, stórkross Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Bjarni Guðmundsson, blaðafulltrúi, riddarakross, 1. stig Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland; kommandörkross St. Olavsorðunnar.

Birgir Thorlacius, skrifstofustjóri, stórriddarakross með stjörnu og axlarborða Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Dr. Einar Ólafur Sveinsson, prófessor, riddarakross hinnar konunglegu sænsku Norðstjörnuorðu.

Eiríkur Kristófersson, skipherra, riddarakross 1. stigs Dannebrogсорðunnar.

Guðmundur Hlíðdal, póst- og símamálastjóri, stórriddarakross með stjörnu og axlarborða Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Gunnar Gíslason, skipstjóri, riddarakross Dannebrogсорðunnar.

Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri, riddarakross 1. stigs Dannebrogсорðunnar.

Henrik Sv. Björnsson, forsetaritari, stórriddarakross með stjörnu og axlarborða Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, stórriddarakross Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Ingólfur Jónsson, viðskiptamálaráðherra, stórkross Eikarkórónuorðu Luxembourg.

Jón Magnússon, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, riddarakross Dannebrogssorðunnar.

Dr. Kristinn Guðmundsson, utanríkisráðherra, stórkross St. Olavsorðunnar; stórkross Eikarkórónuorðu Luxembourg; stórkross Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Magnús V. Magnússon, skrifstofustjóri, stórriddarakross með stjörnu og axlarborða Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Niels Sigurðsson, stjórnarráðsfulltrúi, riddarakross 1. stigs Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Ólafur Bjarnason, bóndi í Brautarholti, riddarakross Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Ólafur Thors, forsætisráðherra, stórkross Eikarkórónuorðu Luxembourg, stórkross Verdienstorden der Bundesrepublik Deutschland.

Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, kommandörkross Dannebrogssorðunnar.

Þorleifur Thorlacius, sendiráðsritari, riddarakross 1. stigs St. Olavsorðunnar.

EINKALEYFI

Hinn 8. janúar 1955 var British Glues and Chemicale Limited, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 300, á vinnslu á fitu úr efnunum sem innihalda fitu.

Hinn 1. febrúar 1955 var The Sharples Corporation, Philadelphia, Pennsylvania, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 301, á endurbótum á eða varðandi meðferð á hvallímvatni.

Hinn 4. febrúar 1955 var Pieter Kees Steem, Borgerhout við Antwerpen, Belgíu, veitt einkaleyfi nr. 302, á flutningstæki.

Hinn 19. febrúar 1955 var frú Hildur Kyrre, Wallaceburg, Ontario, Canada, veitt einkaleyfi nr. 303, á flotholti fyrir fiskitæki, sérstaklega net og nætur.

Hinn 16. marz 1955 var American Trust Company, San Francisco, California, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 304, á hylki, tæki og aðferð til að búa það til.

Hinn 4. apríl 1955 var Sören Johannes Højsgaard, verkfræðingi, Hundested, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 305, á útbúnaði til að verjast ofhitun á brennslumótorum.

Hinn 28. apríl 1955 var Knut Hår Tenfjord, verkfræðingi, Tenfjord pr. Ålesund, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 306, á vökvastýrisútbúnaði fyrir skipsstýri.

Hinn 6. maí 1955 var Wilts United Dairies Limited og verkfræðingi Gerald Taunton, Towbridge, Wiltshire, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 307, á aðferð og áhaldi til að minka með sögi súrefnisinnihald í pökkum í beygjanlegum loftþéttum umbúðum.

Hinn 6. maí 1955 var Hjalmar Minde, verksmiðjueiganda, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 308, á aðferð og tæki til framleiðslu á saltfiski og svipuðum fiskafurðum.

Hinn 7. maí 1955 var Parker, Davis & Company, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 309, á aðferð til að framleiða antibiotísk efni.

Hinn 10. júní 1955 var Commisariat a Lénergie Atomique, París, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 310, á tæki til orkuframleiðslu með því að kljúfa úrankjarna eða kjarna svipaðra frumefna.

Hinn 6. júlí 1955 var Hydranlik AS., Brattvåg, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 311, á vökvaprystipili.

Hinn 25. júlí 1955 var Etablissements Neyrpic, Grenoble, Isère, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 312, á sérstaklega tilbúnum steini úr steinsteypu eða úr náttúrlegum steini, til að gera úr þess háttar mannvirki úr upphlöðnum steinum, sem verða fyrir áhrifum af vatni á hreyfingu.

Hinn 25. júlí 1955 var Etablissements Neyrpic, Grenoble, Isère, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 313, á mannvirki til þess að verjast eyðileggingaráhrifum af vatnsbylgjum

Hinn 3. ágúst 1955 var Parke, Davis & Company, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 314, á aðferð til framleiðslu á N-Acylamido Doilum.

Hinn 10. september 1955 var Etablissements Neyrpic, Grenoble, Isère, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 315, á varnargarði úr sérstaklega tilbúnum steinum.

Hinn 10. september 1955 var Dr. ing. Öyvind Helgerud, Oslo, og dr. ing. Alf Olsen, Drammen, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 316, á aðferð við geymslu á matvælum.

Hinn 10. september 1955 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Lübeck, Þýzkalandi, veitt einkaleyfi nr. 317, á aðferð og útbúnaði til þess að ná beinum úr fiski án þess að skipta fiskinum í tvö flök.

Hinn 14. desember 1955 var The Union Stock Yard and Transit Company of Chicago, Chicago, Illenois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 318, á aðferð til kælingar og frystingar á óvaranlegum afurðum.

Hinn 15. desember 1955 var verkfræðingi Gerald Taunton og Wilts United Dairies Limited, Trowbridge, Wiltshire, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 319, á aðferð við framleiðslu á beygjanlegum loftþéttum umbúðum úr blaðefni, sem stentz áhrif súrefnis, ásamt poka og efni til notkunar við heitingu aðferðarinnar.

Hinn 15. desember 1955 var John William Phillips, verkfræðingi, Hill House Farm, Osgodby, nálægt Lincoln, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 320, á endurbótum á eða varðandi botnvörpurúllur.

